

Svanbjörg Helga Haraldsdóttir

## Snjóflóðasaga Flateyrar og Önundarfjarðar

## EFNISYFIRLIT

Inngangur.....	7
Gagnasöfnun.....	7
Snjóflóðasagan í fyrri samantektum.....	7
Aðrar heimildir.....	8
Viðtöl og heimildaöflun frá 1996.....	8
Staðhættir og snjóflóðaveður.....	9
Landfræðilegar aðstæður og örnefni.....	9
Þróun byggðar á Flateyri.....	12
Snjóflóðavarnargarðar.....	14
Snjósöfnunaraðstæður.....	15
Skollahvilft.....	15
Innra-Bæjargil.....	16
Snjóflóðaveður.....	16
Skráning snjóflóða og flokkun.....	16
Stærðarflokkun snjóflóða.....	17
Skráning snjóflóða, gagnagrunnur og kortagerð.....	17
Yfirlit um skráð snjóflóð.....	20
Skollahvilft.....	20
Innra-Bæjargil.....	24
Flateyri.....	27
Önnur snjóflóð í Öfundarfirði.....	36
Snjóflóð á Flateyri lýsingar á einstökum flóðum.....	50
Snjóflóð til 31.07.1950, kort 3.....	50
Snjóflóð 01.08.1950 – 31.07.1975, kort 4.....	57
Snjóflóð 01.08.1975 – 31.07.1987, kort 5.....	67
Snjóflóð 01.08.1987 – 31.07.1992, kort 6.....	74
Snjóflóð 01.08.1992 – 31.07.1997, kort 7.....	79
Snjóflóð 01.08.1997 – 31.07.1999, kort 8.....	90
Snjóflóð 01.08.1999 – 31.07.2000, kort 9.....	99
Snjóflóð 01.08.2000 – 31.07.2001, kort 10.....	110
Snjóflóð 01.08.2001 – 31.07.2002, kort 11.....	118

Snjóflóð í Önundarfirði .....	124
Snjóflóð á Breiðadalsheiði .....	201
Athugasemd.....	203
Þakkir .....	203
Lokaorð .....	203
Heimildir .....	204

## Töflur

Tafla 1. Stærðarkvarði snjóflóða.....	17
Tafla 2. Snjóflóð úr Skollahvilft, raðað eftir stærð.....	24
Tafla 3. Snjóflóð úr Innra–Bæjargili, raðað eftir stærð.....	27
Tafla 4. Snjóflóð á Flateyri í tímaröð.....	36
Tafla 5. Snjóflóð í Önundarfirði í tímaröð.....	49
Tafla 6. Breiðadalsheiði, yfirlit frá Vegagerðinni, KJJ (1997) og úr Jökli.....	201
Tafla 7. Skriðuföll við Flateyri.....	208
Tafla 8. Skriður í Önundarfirði.....	209

## Viðaukar

Viðauki 1. Skriðuföll við Flateyri og í Önundarfirði .....	208
Viðauki 2. Úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sjöunda bindi .....	222
Viðauki 3. Viðtöl 1996–2002 við Önfirðinga og önnur gagnaöflun í Önundarfirði .....	225
Viðauki 4. Nánar um örnefni í Önundarfirði.....	264
Viðauki 5. Stuttir kaflar úr Þrepunum þrettán eftir Gunnar M. Magnúss .....	265
Viðauki 6. Uppdrættir af Flateyri .....	267

## Myndir

Mynd 1. Yfirlitskort af Önundarfirði og nágrenni. (©Landmælingar Íslands, f.h. íslenska ríkisins).....	9
Mynd 2. Flateyri 1995 og kennileiti sem koma við sögu. (Ljósmynd: ©Mats Wibe Lund). ...	10
Mynd 3. Önundarfjörður, nokkur örnefni norðan fjarðar, utar en mynd 4. Innra–Bæjargil – Veðrarárfjall. (Ljósmynd: SHH).....	11
Mynd 4. Önundarfjörður, nokkur örnefni norðan fjarðar, innar en mynd 3. Urðarhvilft – Korpudalur. (Ljósmynd: SHH).....	11
Mynd 5. Botn Önundarfjarðar, innan við mynd 4. Veðrarárfjall – Bjarnardalur. (Ljósmynd: SHH).....	11
Mynd 6. Flateyri um 1935. (Ljósmynd úr Fréttabréfi Önfirðingafélagsins 17(4), desember 1995).....	13

Mynd 7. Flateyri í lok ágúst 1995, fyrir Skollahvilftarflóðið 26. október 1995. (Ljósmynd: SHH).....	13
Mynd 8. Lokið var gerð snjóflóðavarnargarða ofan við Flateyri haustið 1998. (Ljósmynd: ©Mats Wibe Lund). .....	15
Mynd 9. Langsnið af farvegi snjóflóðs með skýringu á helstu stærðum sem koma við sögu við skráningu flóða. ....	18
Mynd 10. Stærð og tími skráðra flóða úr Skollahvilft. ....	21
Mynd 11. Fjöldi flóða af hverri stærð úr Skollahvilft. ....	21
Mynd 12. Stærð og tími skráðra flóða úr Innra–Bæjargili. ....	25
Mynd 13. Fjöldi flóða af hverri stærð úr Innra–Bæjargili. ....	25
Mynd 14. Ris hússins fór með flóðinu. Fjölskylda var í risinu og sakaði ekki. (Ljósmynd: SHH).....	84
Mynd 15. Sólarhringsúrkoma í grennd við Flateyri fyrir flóðið. Mælirinn á Flateyri fór með flóðinu, svo engin mæling er þar 26.10.1995.....	84
Mynd 16. Uppsöfnuð úrkoma í grennd við Flateyri fyrir flóðið. Mælirinn á Flateyri fór með flóðinu, svo mæling þar er til 25.10.1995. ....	84
Mynd 17. Uppdráttur af Flateyri líklega frá því um 1930. Sjá má Lómatjörn og Bótarlæk ofan við miðja mynd til vinstri. (Skipulagsstofnun).....	267
Mynd 18. Skipulag af Flateyri frá 1933. (Skipulagsstofnun). ....	268
Mynd 19. Byggingartími húsa á Flateyri. Kort unnið 1996 fyrir Veðurstofuna af Guðmundi Ámundasyni og Jóhanni Má Hektorssyni (Verknr. 9602. Teikn. nr. 01). ....	269

## Kort

Kort 1.	Flateyri. Örnefnakort.
Kort 2.	Flateyri, Önundarfjörður. Örnefnakort.
Kort 3.	Flateyri. Snjóflóð til 31.07.1950.
Kort 4.	Flateyri. Snjóflóð frá 01.08.1950 til 31.07.1975.
Kort 5.	Flateyri. Snjóflóð frá 01.08.1975 til 31.07.1987.
Kort 6.	Flateyri. Snjóflóð frá 01.08.1987 til 31.08.1992.
Kort 7.	Flateyri. Snjóflóð frá 01.08.1992 til 31.07.1997.
Kort 8.	Flateyri. Snjóflóð frá 01.08.1997 til 31.07.1999.
Kort 9.	Flateyri. Snjóflóð frá 01.08.1999 til 31.07.2000.
Kort 10.	Flateyri. Snjóflóð frá 01.08.2000 til 31.07.2001.
Kort 11.	Flateyri. Snjóflóð frá 01.08.2001 til 31.07.2002.
Kort 12.	Önundarfjörður. Snjóflóð til 31.07.1998.
Kort 13.	Önundarfjörður. Snjóflóð frá 01.08.1998 til 31.07.1999.
Kort 14.	Önundarfjörður. Snjóflóð frá 01.08.1999 til 31.07.2002.
Kort 15.	Flateyri – Önundarfjörður. Snjóflóð til 31.07.2002.



## INNGANGUR

Í þessari greinargerð birtist samantekt upplýsinga um snjóflóð, sem fallið hafa á Flateyri og í Önundarfirði, og skráð hafa verið fram til vors 2002. Þó snjóflóðasaga Flateyrrar hafi verið gefin út fyrr er hér ítarlegri samantekt um eldri flóð, því fengist hafa nýjar upplýsingar um þau eftir Flateyrarslysið 26. október 1995.

Áður fyrr voru snjóflóð yfirleitt ekki skráð nema þau hefðu valdið tjóni eða slysum á fólki. Hér kemur því aðeins fram gróft yfirlit snjóflóða, og þá aðallega stórra flóða, sem fallið hafa eftir 1900 fram til þess að farið var að skrá flóð reglulega.

Eftir hamfarirnar 26. október 1995 má segja að Flateyringar sjálfir hafi komið af stað söfnun upplýsinga um eldri snjóflóð, og vísaði maður á mann. Yfir 50 viðtöl hafa verið tekin, þau fyrstu vorið 1996 og þau síðustu sumarið 2002 (Viðauki 3). Vorið 1996 var sendur pistill frá Veðurstofunni í Fréttabréf Önfirðingafélagsins, þar sem var birtur listi yfir þau snjóflóð, sem þekkt voru, og óskað eftir nánari upplýsingum.

Á eftir inngangi er fjallað er um gagnasöfnun, staðhætti, þróun byggðar, snjósöfnunaraðstæður og snjóflóðaveður. Gilin ofan við Flateyri sem byggðinni hefur stafað mest hætta af eru Skollahvilft og Innra–Bæjargil og eru yfirlit í töflum 2–3 um snjóflóð úr þeim, raðað eftir stærð. Í töflu 4 er yfirlit yfir öll skráð snjóflóð á Flateyri og næsta nágrenni þar sem flóðin eru í tímaröð, og snjóflóð annars staðar í Önundarfirði eru í tímaröð í töflu 5. Í meginkafla eru síðan ítarlegar upplýsingar um hvert snjóflóð á Flateyri og annars staðar í Önundarfirði, auk korta, mynda og viðauka. Myndir, örnefnakort og snjóflóðakort sýna staðhætti og gefa yfirlit um snjóflóð.

Í viðaukum eru upplýsingar um skriðuföll, útdráttur úr *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII (1940), glefsur úr viðtölum árin 1996–2002, framhald örnefnalýsingar í Önundarfirði, sem er að hluta í inngangi og útdráttur úr *Prepunum þrettán* (Gunnar M. Magnúss 1978), þar sem snjóflóð koma við sögu.

Upplýsingar um snjóflóð eru stopular svo ekki má oftúlka þessi gögn. Fram kom í viðtölum við Flateyringa að snjóflóð úr Skollahvilft hafa verið tíð niður á gamla þjóðveginn. Íbúar höfðu þó talið meiri hættu stafa af flóðum úr Innra–Bæjargili en Skollahvilft á árunum fyrir 1995, sem skýrist e.t.v. best af byggðasögunni.

## GAGNASÖFNUN

### Snjóflóðasagan í fyrri samantektum

Í upphafi þessa verkefnis var megináhersla lögð á að taka saman og fá upplýsingar um snjóflóð, en ekki um önnur ofanflóð, svo sem grjóthrun og skriður. Það sem kom fram í viðtölum um skriður er skráð í Viðauka 1.

Kristjana G. Eyþórsdóttir samdi prófritgerð árið 1981, Snjóflóð á Flateyri – Veður í snjóflóðum, við jarðfræðiskor Háskóla Íslands. Síðan vann hún áfangaskýrslu, Snjóflóð á Flateyri, snjóflóðaskrá og farvegakort (1988) og ári síðar var gefið út á Veðurstofu Íslands ritið Snjóflóð á Flateyri – Snjóflóðaskrá – Snjóflóðakort (1989) eftir þau Kristjönu og Jón Gunnar Egilsson. Þar voru skráð 18 snjóflóð, sem féllu á árunum 1936 til 1989.

Jón Gunnar endurskoðaði og bætti við snjóflóðasöguna sumarið 1995 fyrir Almannavarnir ríkisins vegna endurskoðunar snjóflóðahættumats. Hér er byggt á vinnuútgáfu hans frá 14. ágúst 1995. Í henni voru skráð snjóflóð orðin 34.

## Aðrar heimildir

Auk ofangreindra samantekta þeirra Kristjönu G. Eyþórsdóttur og Jóns Gunnars Egilssonar var farið yfir snjóflóðaskýrslur Veðurstofunnar, og leitað í öðrum heimildum. Fyrst skal þar nefna *Skriðuföll og snjóflóð III* (Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992), skýrslur frá Vegagerðinni á Ísafirði um snjóflóð á árunum 1980–1990 og samantekt á þeim í *Snjóflóð í Ísafjarðarsýslum 1976–1995, fyrri og seinni hluti*, (Kristinn J. Jónsson 1997). Einnig voru upplýsingar skráðar úr ritinu *Vestfirskir slysdagar 1880–1940* (Eyjólfur Jónsson 1996). Í *Jarðabókinni* eru snjóflóð og snjóflóðahætta víða nefnd í kaflanum um Önundarfjörð. Fram kemur að viðtöl voru tekin í ágúst 1710, og var ekki hægt að tímasetja þessar upplýsingar nákvæmlega, og þær því skráðar hér með dagsetningu „fyrir 1710“.

Ekki hefur verið unnin jafn tæmandi gagnasöfnun um skriðuföll og um snjóflóð, vegna þess að í upphafi þessa verkefnis var einungis um að ræða samantekt snjóflóðasögunnar. Upplýsingar um skriðuföll voru síðar teknar saman úr *Skriðuföllum og snjóflóðum II, Vestfirskum slysdögum 1880–1940* og *Jarðabókinni* jafnframt því sem kom fram í viðtölum, og skráðar í Viðauka 1. Halldór G. Pétursson og samstarfsmenn hans á Náttúrufræðistofnun Íslands hafa á síðustu árum tekið saman upplýsingar um skriðuföll (1991, 1992, 1993, 1995, 1996, 2000 og 2001). Samantektir þeirra voru loks yfirfarnar.

Í 3. bindi bókarinnar *Ferðin til Brekku* eftir Snorra Sigfússon (1972) og í *Prepunum þrettán* eftir Gunnar M. Magnúss (1978), sem skrifaðar voru af Önfirðingum, kemur lítið fram um snjóflóð í Önundarfirði. Þó er getið snjóflóða í Prepunum þrettán og eru þær upplýsingar í útdrætti í Viðauka 5.

## Viðtöl og heimildaöflun frá 1996

Með viðtölum og annarri gagnaöflun hafa fengist upplýsingar um fleiri snjóflóð frá því fyrir 1995, en koma fram í fyrri samantektum snjóflóðasögunnar. Þótt í upphafi væri fyrst og fremst spurt um snjóflóð á og við Flateyri, voru einnig skráðar upplýsingar, sem fengust um flóð annars staðar.

Skráning snjóflóða á Flateyri var áður fyrr, eins og víðast hvar á landinu, ekki markviss. Vegagerðin sá um skráningu um tíma. Nefndarmenn í almannavarnanefnd staðarins tóku síðan við og hafa sett á blað útlínur flóða, sem komið hafa nærri byggð. Þó hafa ekki verið skráð nein snjóflóð suma vetur.

Veðurstofa Íslands tók við umsjón og skipulagi á snjóathugunum og rýmingum húsnæðis vegna snjóflóðahættu samkvæmt lögum sem sett voru 28. desember 1995. Snjóathugunarmenn voru ráðnir og þeir sem starfað höfðu áður sem snjóathugunarmenn fyrir sveitarfélögin urðu starfsmenn Veðurstofunnar. Oddur Pétursson hefur verið snjóathugunarmaður á Ísafirði frá því 1983, í upphafi eingöngu í hjáverkum. Hann hefur verið starfsmaður Veðurstofunnar í fullu starfi eftir skipulagsbreytingarnar. Eftir sameiningu sveitarfélaga í nágrenninu hefur hann einnig haft yfirumsjón með Flateyri, auk Hnífsdals og Súðavíkur, og hefur hann skráð upplýsingar um snjóflóð og mælt þau.

## Staðhættir og snjóflóðaveður



Mynd 1. Yfirlitskort af Öndarfirði og nágrenni. (©Landmælingar Íslands, f.h. íslenska ríkisins).

### Landfræðilegar aðstæður og örnefni

Flateyri stendur á samnefndri eyri við norðanverðan Öndarfjörð (mynd 1, kort 1 og 2). Hlíðin ofan eyrarinnar hefur sem næst stefnuna NV–SA. Byggðin hefur á síðustu áratugum teygst sig upp eftir eyrinni og þokast nær hlíðinni. Eyrarbærinn var ofar og utar en núverandi hesthús, sem eru utarlega ofan eyrarinnar (mynd 2). Fjórbylt var þar um tíma og hafa því bæjarhús verið víðar. Í viðtali kom fram að eitt þeirra hafi að öllum líkindum verið þar sem sjór hefur nú brotið land í Eyrarbót. Ekki bar heimildarmönnum saman um hvar Eyrarbót og Bótin eru. *Aldarfar og örnefni* (Óskar Einarsson 1951) hljóta að taka af allan vafa, en þar er náma fróðleiks um staðhætti og mannlíf í Öndarfirði. Flest örnefni, sem hér koma fram, er þar að finna, og flettu sumir heimildarmenn upp þar til að staðfesta minni sitt. Þar er ritað: „Skipaklettur nær fram í sjó. Hann er undan túnfætinum á Eyri utanverðum. ... Ytri–Eyrarbót eða aðeins Eyrarbót, heitir bugurinn frá Skipakletti að Flateyri. ... Eyrarbót þar sem Flateyri byrjar að skaga fram að utanverðu. Í Eyrarbót hefur verið allmikið landbrot undanfarin ár. Bót



eða Innri-Bót er innan við Flateyri. Goðahóll, hár hóll niður á Flateyri, við Eyrarbót.“ Þar kemur fram að Eyrartún sé umhverfis tóftir Eyrarbæjar og Eyrargil allmikið gil innan við Sólbakka, Eyrarengjar innan við Eyrargil og Sólvellir innan við Eyrargil.

Upp af eyrinni utanverðri eru malargryfjur og ofan þeirra Eyrarhjallar. Utan eyrarinnar liggur vegurinn út í Klofning. Þar er fjallshlíðin skorin af giljum og eru heimildir um snjóflóð þar sem náð hafa í sjó fram. Ytra-Bæjargil er utan Innra-Bæjargils og teljast í snjóflóðaskráningunum um 3 gilskorur ofarlega í fjallinu til þess, sem allar hafa sama farveg er neðar dregur. Utan þeirra eru gil sem í snjóflóðaskráningunum eru nefnd „Fyrsta gil utan Ytra-Bæjargils“ o.s.frv.



Mynd 2. Flateyri 1995 og kennileiti sem koma við sögu. (Ljósmynd: ©Mats Wibe Lund).

Á mynd 2 sjást gilin ofan Flateyrar og helstu örnefni sem nefnd eru í og við þéttbýlið í tengslum við snjóflóðasöguna. Í *Aldarfari og örnefnum* segir: „Lómatjörn heitir tjörn ein ofarlega á eyrinni. Úr henni rennur Bótarlækur (kort 1) í Innri-Bótina.“ Tjörnin var nærri þar sem Tjarnargata er nú (kort 1).

Ofan byggðarinnar á Flateyri rís Eyrarfjall, bratt og gilskorið, hömrum girt efst, en neðar er það skriðurunnið (mynd 2). Áður fyrr var nafnið einungis notað um fjallið utan við Skollahvilt, en nú er það notað um allt fjallið. Framburður með snjóflóðum og aurskriðum hefur myndað aurkeilur neðan giljanna. Að ofan eru fjöllin við norðanverðan Öfundarfjörð fremur flöt, eins og algengt er með fjöll á norðanverðum Vestfjörðum, og mynda því stór adsóps-svæði fyrir snjósöfnun hlémegin fjalla. Fjallsbrúin er í um 660 metra hæð yfir sjó ofan við Flateyri.



Mynd 3. Öndarfjörður, nokkur örnefni norðan fjarðar, utar en mynd 4. Innra-Bæjargil – Veðrarárfjall. (Ljósmynd: SHH).



Mynd 4. Öndarfjörður, nokkur örnefni norðan fjarðar, innar en mynd 3. Urðarhvílft – Korpudalur. (Ljósmynd: SHH).



Mynd 5. Botn Öndarfjarðar, innan við mynd 4. Veðrarárfjall – Bjarnardalur. (Ljósmynd: SHH).

Fjöllin í Önundarfirði eru hlaðin upp af blágrýtislögum frá tertíer, með millilögum frá hlýskeyðum. Bergið er ekki gamalt í jarðsögulegu samhengi, en það er gamalt miðað við annað berg á Íslandi. Á Vestfjörðum og Austfjörðum er elsta berg á Íslandi, en á virku eldgosabeltunum er bergið yngst. Jöklar, frost og þíða, vatn og vindar hafa mótað landið og hafa skálarjökklar skilið eftir greinileg ummerki í Önundarfirði, myndað hvilftir og hangandi dali.

Snjóflóð úr giljunum tveimur, Innra–Bæjargili og Skollahvilft, ógna byggðinni á Flateyri. Þó notað sé orðið hvilft um annað þeirra, hefur það ekki útlit hvilftar, og er af sumum nefnt Skollaskál eða Skollagróf. Innra–Bæjargil er utar og grynna og mjórri en Skollahvilft. Skollahvilft er breið efst, en þrengist mjög er neðar dregur. Hún er beint upp af Bótinni, eða lóninu innan við eyrina. Neðan giljanna eru stórar aurkeilur, sem breikka úthlaupssvæði snjóflóðanna. Úr báðum giljunum hafa snjóflóð náð í sjó fram. Skollahvilftarbelti ytra og Skollahvilftarbelti innra eru hjallar sitt hvorum megin við Skollahvilft, fyrir neðan klettana.

Enn innar eru Miðhryggsgil og Litlahryggsgil, og hafa fallið snjóflóð úr þeim og nokkur náð í sjó fram. Neðan giljanna er nú engin íbúðabyggð, en vegurinn til Flateyrar liggur undir þeim. Þar var einnig raflína, sem nú hefur verið sett í jörðu vegna þess að snjóflóð ollu tíðum tjóni á henni.

Innan við Litlahryggsgil er Ytra–Hvilftarhorn, þá Hvilft, oft nefnd Hvilftarhvilft, og Innra–Hvilftarhorn. Garðafjall er upp af Hvilftarhvilft og innan hennar. Hvilftarströndin liggur inn eftir ströndinni neðan bæjarins Hvilftar.

Mynd 3 sýnir fjallshlíðina norðan við Önundarfjörð frá Klofningsdal utan við Ytra–og Innra–Bæjargil að Veðrarárfjalli. Mynd 4 sýnir fjallshlíðina enn innar eða frá Urðarhvilft ofan Selabólurðar inn að Korpudal og mynd 5 sýnir Veðrarárfjall inn fjörðinn norðanverðan út að Bjarnardal að sunnanverðu. Athugið, að ekki er allt sem virðist á myndum 3 til 5, mismunandi fjarlægð við myndatökur villir mönnum sýn á stærðum. Hæð fjallanna er í raun svipuð. Eyrarfjall nær allt að 668 m hæð ofan Flateyrar, Garðafjall 717 m, Kirkjubólshvelli ofan Selabólurðar 739 m, Kirkjubólshvelli í Korpudal 719 m, og meginfjallið þar fyrir ofan, Kroppsstaðafjall, er 754 m hátt.

Framhald örnefnalýsingar í Önundarfirði er í Viðauka 4.

## Þróun byggðar á Flateyri

Í *Bæirnir byggjast* (Páll Línadal 1982) kemur fram að Flateyri hefur verið mjög fámenn fram á 20. öld. Segir að verslunar- og íbúðarhús hafi verið reist á jörðinni Eyri 1792, en verslunin hafi verið útibú frá Þingeyrarverslun. Þá segir að íbúar séu taldir 7 árið 1801 skv. manntali. Eftir að Friðrik Svendsen eignaðist verslunina um 1820 tóku umsvif að aukast, en hann hóf þar einnig þilskipaútgærd. Páll Línadal skrifar: „Hann lét reisa á Flateyri nýtt hús, mikið og vandað eftir því sem þá gerðist, en þess mun nú sjá lítinn stað. Vafalítið má telja, að framkvæmdir Friðriks Svendsens hafi mestu ráðið því, að Flateyri varð löggiltur verslunarstaður 31. maí 1823.“

Síðan vitnar hann í lýsingu Holtssóknar frá 1840 og kemur þar fram að íbúar á Flateyri voru 14, eitt íveruhús af múr, 5 timburhús og 10 torfhús. Árið 1860 er sami íbúafjöldi og 1840, en um 1890 nálgast íbúafjöldinn 100. Síðan segir Páll: „Um 1890 hóf norskur hvalveiðimaður, Hans Ellefsen, hvalveiðar frá Flateyri, reisti þar hvalveiðistöð og veglegt íbúðarhús, sem hann nefndi Sólbakka, en ekki þótti honum nóg að gert, því að brátt reisti hann sér nýtt hús miklu veglegra. Það hús var síðar tekið niður, flutt til Reykjavíkur og endurreist þar; er það Ráð-

herrabústaðurinn við Tjarnargötu.“ Segir þar einnig, að Sólbakkastöðin hafi brunnið 1901, og kemur það einnig fram í *Vestfirskum slysadögum 1880-1940* (Eyjólfur Jónsson 1996).



Mynd 6. *Flateyri um 1935*. (Ljósmynd úr Fréttabréfi Önfirðingafélagsins 17(4), desember 1995).



Mynd 7. *Flateyri í lok ágúst 1995, fyrir Skollahvilftarflóðið 26. október 1995*. (Ljósmynd: SHH).

Fram kemur hjá Páli Líndal hvernig Guðmundur Hannesson prófessor „fann“ skipulag Flateyrar 1932 (Viðauki 6, mynd 18), en frásögn Guðmundar birtist í Morgunblaðinu haustið 1932: „Ofan eyrarinnar tekur við bratt fjallið, og er þar víðast snjóflóðahætt. Þar stóð áður á dálitlum hjalla bærinn Eyri. Er þar fagurt bæjarstæði, og þar hafa snjóflóð ekki komið. Fornmenn kunnu að velja sér bæjarstæði.“ Síðar segir hann: „Skammt fyrir innan eyrina er Sól-bakkasíldarverksmiðjan, og eru þar nokkur íbúðarhús.“

Í Viðauka 6 eru kort af Flateyri (myndir 17 til 19), sem eru hér með til fróðleiks en eru ekki í réttum kvarða. Á mynd 17 í viðaukanum er uppdráttur, sem er líklega frá því um 1930. Götuheiti á Flateyri koma fram á örnefnakorti (kort 1) og húsaskipan kemur fram á mynd 2. Á korti (Viðauki 6, mynd 19), sem var gert fyrir Veðurstofuna árið 1996 (Guðmundur Ámundason og Jóhann Már Hektorsson) um byggingarár húsa á Flateyri, kemur fram að húsin við Hafnarstræti ofar en kirkjan er, voru byggð 1933. Sjá má þau á mynd 6, sem er frá því um 1935. Byggðin hafði ekki teygt sig langt upp eftir eyrinni. Svíahúsið er ekki á myndinni en það var að sögn heimildarmanns byggt um þetta leyti, þó skráð sé í fasteignamati að það hafi verið byggt síðar, sennilega vegna þess að seinna var byggt þar bakhús. Á kortinu um byggingarár húsa sést að hús við Ólafstún voru byggð á árunum 1974 til 1981. Ólafstún nr. 2 er innsta og austasta húsið ofan við götuna og var það byggt 1981, en hús nr. 3 er það innsta neðan við götuna, á ská á mótí nr. 2 og aðeins utar, og var það byggt árið 1980. Húsin enn utar, ofan við Ólafstún voru byggð fyrir. Nr. 4 er frá árinu 1977 og árið 1976 voru byggð hús sem standa enn utar nr. 6, 12 og 14. Blokkinn innan við Hjallaveg (nr. 14 til 20) var byggð 1981, en húsin á mótí henni 1973, og raðhúsin við Hjallaveg (nr. 2 til 12) árið 1976. Spennistöðin rétt við Hjallaveg 12 var byggð 1956 og Essóstöðin 1987. Hús voru í byggingu innarlega og ofan við raðhúsin, þegar flóðið féll 26. október 1995, og höfðu þar aðeins grunnplötur verið steiptar. Innstu húsin við Ólafstún fóru í flóðinu, raðhúsin við Hjallaveg öll nema það ysta, hús neðan við Tjarnargötu og ofan við Unnarstíg.

Eins og kom fram í inngangi, voru snjóflóð venjulega ekki skráð og geymdust ekki í munn-mælum, nema þau hefðu valdið tjóni eða slysum á fólki. Byggðapróunin skýrir því að nokkru leyti, að upplýsingar um snjóflóð framan af eru litlar sem engar á svæðum þar sem engin byggð var. Á mynd 7, sem tekin er í lok ágúst 1995, sést hvernig byggðin hafði teygt sig upp eftir eyrinni. Á mynd 8 sem tekin er 1998 sést eyða í byggðinni eftir snjóflóðið 26. október 1995, og nýir varnargarðar ofan byggðarinnar sjást vel.

## **Snjóflóðavarnargarðar**

Eftir að gagnasöfnun hófst hafa verið reistir snjóflóðavarnargarðar ofan við Flateyri (mynd 8). Við hönnun þeirra voru notuð gögn sem þegar höfðu verið skráð og ennfremur þau sem söfnuðust þegar unnið var að hönnuninni.

Snjóflóðagarðarnir mynda fleyg eða „A“ ofan við byggðina. Tveir leiðigarðar eru tengdir saman efst og beina þeir snjóflóðum frá byggðinni, inn eftir neðan við Skollahvilft, og út eftir neðan við Innra-Bæjargil. Þvergarðinum á milli þeirra er ætlað að stöðva flóðsnjó, sem kann að slæðast yfir leiðigarðana. Þó garðarnir séu bestu snjóflóðavarnir sem sérfræðingar töldu völ á er aldrei hægt að vera alveg öruggur ef snjóflóð falla við allra verstu aðstæður.



Mynd 8. Lokið var gerð snjóflóðavarnargarða ofan við Flateyri haustið 1998. (Ljósmynd: ©Mats Wibe Lund).

## Snjósöfnunaraðstæður

### Skollahvilft

Snjósöfnun í Skollahvilft verður mest við úrkomu og skafrenning í norðlægum áttum. Ofan á Eyrarfjalli er stórt aðsöppsvæði. Snjór safnast í gilið ofan frá í NV-ANA-áttum. Einhver hliðfylling í gilið er möguleg í enn austlægari átt, en Innra-Bæjargil skýlir að einhverju leyti fyrir hliðfyllingu úr enn vestlægari átt.

Í kaflanum um landfræðilegar aðstæður var Skollahvilft lýst. Aðstæður neðan hennar hafa breyst við gerð nýrra snjóflóðavarnargarða. Engin íbúðabyggð var beint niður af gílinu áratuginna fyrir flóðið 1995 nema Sólbakki, en flóð sem fóru beint út úr því féllu utan við Sólbakka og í sjóinn, þar sem lónið er nú neðan hans og ofan við veginn til Flateyrar. Flóðið 1995 var svo breitt að það fór á hornið á Sólbakka. Hænsnahús var utan við Sólbakka um tíma, og fór flóð á það 1969. Fyrr á 20. öld var að sögn heimildarmanns hús, sem var utan við húsið á Sólbakka, flutt að Hafnarstræti. Aurkeilan neðan gilsins olli því að snjóflóð gátu farið til beggja átta, að utanverðu á byggðina á Flateyri og að innanverðu á húsin á Sólbakka. Vega-gerðin lét gera fyrstu snjóflóðavarnarkeilurnar 1978 og í síðasta skipti var þeim fjölgað árið 1987 og þær stækkaðar sem fyrir voru. Þjóðvegurinn var síðan lagður út í sjó vegna tíðra snjóflóða á hann. Fallbraut flóðanna hefur því breyst með tímanum. Varnargarðar verja nú byggðina gegn flóðum úr Skollahvilft.

## **Innra-Bæjargil**

Snjósöfnun verður mest við skafrenning í norðlægum áttum. Ofan á Eyrarfjalli er stórt aðsóps-svæði. Snjór safnast í gilið ofan frá í NV-NA-áttum og hliðfylling í gilið er möguleg í enn vestlægari átt, en Skollahvilft skýlir giliinu að einhverju leyti fyrir hliðfyllingu úr enn austlægari áttum.

Í kaflanum um landfræðilegar aðstæður var Innra-Bæjargili lýst. Fram kom í kaflanum um byggðasögu að íbúðarbyggð teygði sig nær hliðinni á seinni hluta 20. aldar, og voru efstu húsin byggð á árunum 1974 til 1981. Aðstæður hafa breyst að nokkru neðan gilsins við gerð nýrra snjóflóðavarnargarða.

## **Snjóflóðaveður**

Mesta snjóflóðahætta á Vestfjörðum tengist aftakaveðrum af norðri þegar lægðir ganga norður fyrir land úr suðri eða austri. Lægðir þessar beina tiltölulega hlýju lofti að sunnan með mikilli úrkomu norður fyrir landið og valda mikilli snjósöfnun á upptakasvæðum margra snjóflóðafarvega á Vestfjörðum. Mikil snjósöfnun getur einnig átt sér stað í sömu farvegum í langvarandi norðaustanátt með mikilli ofankomu. Áköf úrkoma í suðaustanátt getur einnig valdið snjóflóðahættu í ákveðnum hlíðum sem vita mót norðri (*Greinargerð um snjóflóðaaðstæður vegna rýmingarkorts fyrir Flateyri*, Veðurstofa Íslands 1997).

Veðuraðdragandi snjóflóða á norðanverðum Vestfjörðum hefur verið kannaður af Halldóri Björnssyni (2002). Einnig er fjallað um veðuraðdraganda snjóflóða á þessu svæði í greinargerð Tómasar Jóhannessonar og Trausta Jónssonar (1996). Ber þeim vel saman við lýsinguna hér að ofan úr rýmingargreinargerð og eiga þær aðstæður við aðdraganda flestra flóða ofan við Flateyri. Skollahvilft safnar mestum snjó í NA-lægum eða N-lægum áttum en Innra-Bæjargil safnar mestum snjó þegar vindur snýst í N- eða NV-átt.

Síðar í þessari skýrslu eru stutt yfirlit um snjóflóðaveður verstu hrinanna í febrúar 1974 (flóð nr. 5008), í janúar 1995 (nr. 5030) og í október 1995, þegar Skollahvilftarflóðið féll (nr. 5058).

Í greinargerðunum, sem áður voru nefndar, kemur fram að snjóflóðahætta skapast helst í aftakaveðri og þá sést venjulega ekki til fjalla. Sjálfvirk veðurstöð hefur verið rekin á Þverfjalli síðan 1990. Hún er í 753 m hæð yfir sjó, og er sú veðurstöð, sem gefur besta vísbendingu um veður á upptakasvæðunum við Öndarfjörð. Sjálfvirkur úrkomumælir var settur upp árið 1997 nærri smábátahöfninni á Flateyri. Úrkoma er sjaldan mæld til fjalla vegna tæknilegra örðugleika. Til að gera sér grein fyrir snjósöfnun á upptakasvæðum snjóflóða þyrfti að skoða sérstaklega vind til fjalla, og hvenær úrkoma fellur þar sem snjór. Leiðrétt þarf úrkomu vegna þess hve úrkomu mælist illa þegar snjóar í vindi. Auk þess bætist við snjósöfnun vegna skafrennings, sem margfaldar snjósöfnunina.

## **SKRÁNING SNJÓFLÓÐA OG FLOKKUN**

Upplýsingar um snjóflóðin voru skráðar í snjóflóðagagnasafn Veðurstofunnar af Ara Þórðarsyni, SHH og Magnúsi Má Magnússyni. Tölur 2 til 5 eru teknar saman beint úr gagnasafninu.

## Stærðarflokkun snjóflóða

Tafla 1 sýnir stærðarflokkun, sem er byggð á kanadískri flokkun, eins og kemur fram í *Avalanche Handbook* (David McClung og Peter Shaerer 1993), en aðlöguð að íslenskum aðstæðum.

Stærð	Lýsing	Dæmigerður massi	Dæmigert rúmmál
1	Spýja, sem varla gæti grafið mann.	< 10 tonn	< 25 m <sup>3</sup>
2	Snjóflóð, sem gæti grafið mann.	10 <sup>2</sup> tonn	250 m <sup>3</sup>
3	Snjóflóð, sem gæti grafið og eyðilagt fólkshús, grafið vörubíl, skemmt hús eða eyðilagt minni byggingar.	10 <sup>3</sup> tonn	2.500 m <sup>3</sup>
4	Snjóflóð, sem gæti eyðilagt nokkur hús.	10 <sup>4</sup> tonn	25.000 m <sup>3</sup>
5	Stærstu snjóflóð, sem gætu eyðilagt mörg hús.	10 <sup>5</sup> tonn	250.000 m <sup>3</sup>

Tafla 1. Stærðarkvarði snjóflóða.

Sem dæmi um stærð 5 má taka Skollahvilftarflóðið 26. október 1995, sem var um 430 þús. m<sup>3</sup> og um 180 þús. tonn og hafði mikinn eyðileggingarmátt.

Reynt var að flokka flóðin í töflum 2 og 4 eftir stærð, en stærðir flóða geta þó verið mjög ónákvæmar.

## Skráning snjóflóða, gagnagrunnur og kortagerð

Snjóflóðanúmer eru einkvæm á landinu og á Flateyri eru þau nú á bilinu 5001–5999. Þau fyrstu eru samræmd gömlu skráningunum, 5001–5034, en þau voru númer 1–34 í fyrri samantektum um snjóflóð á Flateyri. Númerin eru ekki í tímaröð.


Þar sem heimildarmenn eru fleiri en einn um snjóflóð eru skammstafanir nafna þeirra settar fyrir framan athugasemdir þar sem upplýsingar eru mismunandi, og SHH ef athugasemd er frá höfundu.

Tilvitnanir í *Skriðuföll og snjóflóð III*, eru gerðar með skammstöfuninni ÓJ, þ.e. Ólafur Jónsson, sem er fyrsti höfundur. Líklega væri jafn rétt að skrá SR, þ.e. Sigurjón Rist, því hann vann ómetanlegt starf við gagnasöfnun um snjóflóð í mörg ár og skrifaði snjóflóðaannála í Jökul. Þrír punktar í tilvitnunartexta tákna, að þar er meira að finna en hér er skráð.

Veðurlýsingar hér eru samkvæmt heimildunum, þ.e. snjóflóðaskýrslum eða því sem fram kemur í öðrum heimildum. Áður hefur verið nefnd greinargerðin *Veður í aðdraganda snjóflóðahrina á norðanverðum Vestfjörðum* (Halldór Björnsson 2002). Einnig hafa áður verið gerðar veðurlýsingar út frá veðurgagnabanka Veðurstofunnar um Skollahvilftarflóðið 26. október 1995 (Einar Sveinbjörnsson 1995, SHH 1998a) og er stuttur útdráttur úr þeim með lýsingu flóðs nr. 5058.

Á mynd 9 eru skilgreindar ýmsar stærðir, sem skráðar eru um snjóflóð.





Mynd 9. Langsnið af farvegi snjóflóðs með skýringu á helstu stærðum sem koma við sögu við skráningu flóða.

Skriðlengd er skilgreind sem lárétt vegalengd frá upptökum að stöðvunarpunkti. Rennslisstig er ákveðinn mælikvarði á skriðlengdina óháður farvegi flóðsins. Hornið  $\alpha$  er halli sjónlínu frá stöðvunarpunkti flóðsins að upptökum þess, en hornið  $\beta$  er halli sjónlínu að upptökunum frá þeim punkti þar sem halli hlíðarinnar er  $10^\circ$ . Landhalli í upptökunum er táknaður  $\theta$ .

Atriði, sem skráð eru um hvert flóð eru skýrð hér að neðan, en flest skýra sig sjálf. Í skráningunum er sleppt línunum þar sem upplýsingar eru ekki fyrir hendi. Í haus um hvert flóð er nafn farvegs og hvenær flóðið féll (dagur, mánuður og ár), eftir því sem þekkt er.

### Farvegur eða staðsetning dd.mm.aaaa

- Númer:** Skráð er einkvæmt snjóflóðanúmer og í sviga hver nákvæmni útlína flóðsins er (sjá aftar í kaflanum). Ef númerin eru 5001–5034 er um að ræða flóð, sem voru skráð í fyrri samantektum. Ef þetta númer er 5020 var gamla númerið 20.
- Dagsetning:** Tími, hvenær flóðið féll, t.d. 26.10.1995, og nánari skýringar, t.d. aðfaranótt eða klst. ef tími er nákvæmlega þekktur.
- Staðsetning:** Sleppt nema ef skýra þarf betur en kemur fram í haus.
- Farvegur:** Sleppt ef ekkert annað kemur fram en það sem er í haus. Flest er skráð í atriðin fyrir neðan, þ.e. um upptök, farveg og tungu.
- Upptök:** Hæð: skráð í m.  
Breidd: skráð í m.  
Þykkt brotstáls meðaltal: skráð í m.  
Þykkt brotstáls mest: skráð í m.
- Farvegur:** Breidd fallbrautar efst: skráð í m.  
Breidd fallbrautar neðst: skráð í m.  
Breidd fallbrautar minnst: skráð í m.  
Lárétt lengd flóðs: skráð í m.  
Halli í upptökum: skráð í gráðum ( $^\circ$ ).  
Halli í tungu: skráð í gráðum.  
 $\alpha$ -horn: skráð í gráðum.

<b>Tunga:</b>	Flóðið stöðvaðist í x m y.s. (yfir sjó). Einnig er lýst nærri hverju flóðið stöðvaðist, ef það er tekið fram. Meðalbreidd: skráð í m. Lengd: skráð í m. Þykkt mest: skráð í m. Meðalþykkt: skráð í m. Snjómagn: skráð í m <sup>3</sup> .
<b>Stærð:</b>	Hún er 1–5 (sjá töflu 1), að mestu samkvæmt snjóflóðaskýrslum, þar sem þetta er gróflega metið. Einnig er metin stærð eldri flóða úr Skollahvilft og Innra-Bæjargili.
<b>Orsök:</b>	Oftast sleppt að skrá hér ef hún er náttúruleg.
<b>Tegund flóðs:</b>	T.d. þurrt flekahlaup, þurrt lausasnjóflóð, krapaflóð, eða snjóflóð ef ekki var skráð hvers konar snjóflóð var um að ræða.
<b>Veður:</b>	Lýsing á veðri til fjalla, á láglendi og undanfarna daga, eftir snjóflóðaskýrslum. Ekki er leitað að og unnið sérstaklega úr veðurgögnum til að skrá hér.
<b>Heimildir:</b>	Undir þetta falla heimildir og heimildarmenn, t.d. bækur, viðmælendur, eða snjóflóðaskýrsla. Sums staðar eru viðmælendur fyrstir, þar sem upplýsingar þeirra hafa varpað sérstöku ljósi á atburðinn.
<b>Athugasemdir:</b>	Hér er sagt frá ýmsu sem ekki hentar að skrá annars staðar, t.d. tilvitnanir og samanburður heimilda.

-----

Rennslisstig hafa verið reiknuð fyrir flóð á og í næsta nágrenni við Flateyri og skráð í gagnasafn.

Örnefna- og snjóflóðakort eru gerð í samræmi við það sem birtist í *Snjóflóðasögu Neskaupstaðar* (Svanbjörg Helga Haraldsdóttir 1997). Landupplýsingakerfi Veðurstofunnar er skv. staðli Lísusamtakanna.

Gögnin eru nú skráð jafnóðum og þau berast í gagnagrunn Veðurstofunnar. Einkvæmt númer, snjóflóð (snjoflod), tengir gögn í gagnagrunni og í landupplýsingakerfinu. Útlínur snjóflóða eru flokkaðar eftir því hve öruggar heimildir eru, og kemur það fram á kortunum og auk þess með bókstöfunum m, c, i eða u, sem eru í sviga á eftir númeri flóðsins í aðalkaflanum um flóð hér á eftir, t.d. 5058 (c). Flokkarnir tákna:

m Útlínur snjóflóða mældar (teiknaðar eins og öruggar á korti).

c Útlínur snjóflóða öruggar. Þær eru teiknaðar eða færðar á kort með allgóðri nákvæmni af samtímaheimildarmanni (c=certain).

i Útlínur snjóflóða ónákvæmar. Þær eru færðar á kort eftir frásögn samtímaheimildarmanns eða samkvæmt áreiðanlegum heimildum, en geta verið ónákvæmar (i=inaccurate).

u Útlínur snjóflóða óvissar. Þær eru færðar á kort eftir eldri eða óvissum heimildum (u=uncertain).

s Útlínur snjóflóða í sjó.

Útlínur snjóflóðanna á kortunum sýna þessa flokkun með mismunandi línugerðum. Útlínur eldri flóða eru óvissar í flestum tilfellum eða ónákvæmar. Upptök hafa stundum verið teiknuð en eru ekki nógu vel þekkt til að teikna þau af nokkru öryggi og geta þá haft annan flokk en tunga flóðsins. Aðeins nákvæmasti flokkurinn er skráður með hverju flóði í gagnagrunn og

aftan við númer þess hér, en mismunandi flokkar koma fram sem mismunandi útlínur á kortunum, nema flokkarnir m og c, sem hafa sams konar útlínur.

Snjóflóðunum er skipt í tímabil á kortunum. Einnig var gert kort, sem sýnir útlínur allra þekktra snjóflóða. Þar má sjá yfirlit yfir þekkta útbreiðslu þeirra í heild innan þess svæðis í Önundarfirði, sem kortin sýna.

## YFIRLIT UM SKRÁÐ SNJÓFLÓÐ

Heildarfjöldi skráðra snjóflóða við Flateyri og í Önundarfirði til 31. júlí 2002 er 356. Við Flateyri eru 127 flóð skráð (tafla 4), en annars staðar í Önundarfirði eru alls 229 skráð flóð (tafla 5). Sums staðar eru fleiri flóð en eitt í einni skráningu. Sumum eldri skráningum var skipt upp, þar sem ástæða þótti til vegna gagnagrunns- og kortavinnslu.

Tilraun var gerð til að meta stærð eldri flóða úr Skollahvilft og Innra-Bæjargili samkvæmt töflu 1. Flóðin úr Skollahvilft eru flokkuð eftir stærð í töflu 2 og flóðin úr Innra-Bæjargili í töflu 3.

Hér fyrir aftan eru upplýsingar um snjóflóð úr Skollahvilft og Innra-Bæjargili, síðan er yfirlit um snjóflóð við Flateyri og loks annars staðar í Önundarfirði.

### Skollahvilft


Fram á vorið 2002 eru alls 38 snjóflóð skráð úr Skollahvilft. Áður voru alls 9 flóð skráð til 1995, en nú eru upplýsingar um að 4 þeirra hafi farið lengra en þar var skráð. Fyrir sama tímabil eru nú skráð alls 21 flóð auk þess sem nefnt er fyrir 1710 við bæinn Eyri.

Snjóflóðið í október 1995 er lengsta skráða flóðið, og fór það niður fyrir kirkjuna, innan og utan við hana, en ekki á hana. Líklega vörðu hús, sem flóðið lenti á, kirkjuna. Að Skollahvilftarflóðinu meðtöldu hafa 5 snjóflóð farið niður að minjasafni, öðru nafni Svíahúsinu eða Rauðu rósinni, eða lengra áður en varnargarðurinn var byggður, og 7 að auki niður fyrir miðjan kirkjugarð eða alls 12 snjóflóð fram til 1995. Auk þess féll flóðið 21. febrúar 1999 (nr. 5075) yfir lónið og þjóðveginn og fór út í sjó neðan hans. Það fór innan (austan) við varnargarðinn, sem stýrði því frá þéttbýlinu.


Ekki er þekkt að orðið hafi manntjón í öðru flóði úr Skollahvilft en í október 1995. Tveir menn lentu í flóði þar 1917–1919, en báðir sluppu ómeiddir. Í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er sagt, að snjóflóð hafi oft tekið fé og menn út í sjó, en það hefur verið fyrir 1710. Ekki kemur þar þó fram að mannskaði hafi orðið. Flóð fyrir 1710 er aðeins skráð í töflu 4 yfir snjóflóð á Flateyri, en hvorki í töflum yfir flóð úr Skollahvilft né Innra-Bæjargili.

Í Skollahvilftarflóðinu í október 1995 varð mikil eyðilegging. Hænsnakofi, sem var skammt frá Sólbakka, eyðilagðist árið 1969 í snjóflóði, og drápu þar mörg hænsni. Árin 1919, 1936, um 1940, 1953, 1955, 1958 og 1995 skemmdist girðing við kirkjugarðinn og legsteinar fluttust til eða skemmdust í sumum flóðanna.

Í fjörunni framan við Strýtu, sem er hús neðarlega við Hafnarstræti, voru 3 stórir steinar, a.m.k. tonn að þyngd. Um 5–6 m voru á milli steinanna og voru þeir skemmtilegur leikvöllur fyrir börn að sögn heimildarmanns. Þeir fóru á kaf er leirurnar voru fylltar upp. Þegar Grumman flugbátur hóf ferðir til Flateyrar voru hreinsaðir burt steinar ofar á eyrinni. Steinarnir gætu bent til þess að snjóflóð hafi borið þá niður eftir, og flóð þá farið lengra en 26. október 1995.



Mynd 10. Stærð og tími skráðra flóða úr Skollahvilft.



Mynd 11. Fjöldi flóða af hverri stærð úr Skollahvilft.

Á mynd 10 má sjá að skráð flóð fyrir 1955 eru öll af stærð 4–5. Til 1974 eru skráð 11 flóð úr Skollahvilft og hafa 9 þeirra stærðina 4–5. Á mynd 11 má sjá að fjöldi skráðra flóða sem hafa stærð 4 eða meira eru 12 og alls 23 eru af stærð 3 eða stærri.

Greinargerðin *Return period for avalanches on Flateyri* (Tómas Jóhannesson 1998) var unnin vegna hönnunar varnarkjarna á Flateyri. Síðan verkið var unnið hefur mikið bæst við snjóflóðasöguna. Byggt var á gögnunum, eins og þau voru um áramótin 1997–1998. Þar er niðurstaðan að endurkomutími snjóflóðs úr Skollahvilft af sömu stærð og féll í október 1995 sé um 150 ár. Snjóflóð úr Skollahvilft með svipaða stefnu og flóðið í október 1995, sem færi yfir alla eyrina og í sjó fram utan til, hefði endurkomutíma um 1150 ár, samkvæmt greinargerðinni.

Flóðum úr Skollahvilft er raðað eftir áætlaðri stærð í töflu 2, en mikil óvissa er um stærð margra flóða eins og áður hefur komið fram. Fyrir neðan stærðina er skráð rennslisstig, en það er ekki skráð í meginkaflann. Það byggir á úthlaupslengd flóðsins, en stærðin á rúmmáli þess.

Númer	Dags.	Stærð Rennslis- stig	Athugasemd
5058	26.10.1995	5.0 18.9	Skollahvilftarflóðið 1995 er stærst þekktra flóða á Flateyri. Þrjú brotsár sáust þegar horft var upp í hvílfina. Flóðið fór á byggðina á Flateyri og 20 manns fórust. Mörg íbúðarhús eyðilögðust, svo og spennistöð, bensínstöð Essó og minjasafn.

5004	02.04.1953	5.0 17.5	Flóðið tók garðveggi við Svíahúsið, fór að hliði að Hafnarstræti 45, í eða yfir tjöminna, yfir svæði, sem hét Grund, niður fyrir Hafnarstræti 41, í Bótarlækinn og í sjó fram. Snjóflóð flutti með sér legstein úr kirkjugarðinum.
5001	20.03.1936	5.0 17.4	Flóðið fór lengra en áður var skráð. Það fór niður í Bótarlæk. Sópaði það burt tveimur stórum fiskþurkunarhjöllum, braut 5 símastaura, rauf girðingar um tún og matjurtargarða. Sáluhlið kirkjugarðsins og girðing löskuðust og skemmdir urðu á minnismerkjum.
5041	um 1940	4.5 16.5	Snjóflóð fór yfir kirkjugarðinn, kom á tröppur húss Guðmundar M. Jónssonar við Tjarnargötu, sem var næsta hús við Svíahúsið.
5049	1963–1965	4.5 16.5	Flóðið fór að Svíahúsinu og í sjó fram í Bótinni, en skemmdi ekkert.
5010	11.02.1974	4.5 16.3	Við Rauðu rósina var flóðið þunnt, en um það bil samfelld og um 2–3 m þykkt uppi í Króknum. Flóðtungur virðast hafa verið samfelldar yfir alla eyrina.
5052	eftir 1980	4.5 16.3	Flóðið fór á milli Hjallavegar 12 og spennistöðvar.
5043	1955	4.0 15.3	Kirkjugarðsveggur laskaðist í flóðinu.
5075	21.02.1999	4.0 17.6	Féll niður á fyllingu ofan smábátahafnar og stöðvaðist í 75 m fjarlægð frá höfninni. Flóðið flæddi upp á varnargarðinn sem beindi því frá byggðinni til sjávar.
5038	1917–1919	4.0 15.3	Innra og efra horn kirkjugarðsins fór í flóðinu. Tveir menn lentu sinn í hvorum jaðri þess en báðir björguðust. Flóðið fór í sjó fram.
5044	um 14.03.1958	4.0 15.7	Flóðið féll 1958, líklega þann 14.03. Upptök flekans voru um 100–150 m neðan við brún. Flóðið fór niður í Ásbjarnargarð, Kvenfélagsgarð öðru nafni, út og niður fyrir kirkjugarð, fór um 100 m frá Rauðu rósinni, öðru nafni Svíahúsinu, og í sjó fram þar sem nú er fylling.
5007	10.11.1969	4.0 15.6	Ytri jaðar flóðsins var í um 100 m fjarlægð frá næstu íbúðarhúsum. Innri jaðar flóðsins lenti á hæsnahúsi er stóð rétt utan við Sólbakka og um 100 hænsni drápu af 250. Flóðið sleit háspennulínu og teppti veginn inn í þorpið.
5051	1978/1979	4.0 15.4	Flóðið fór niður fyrir kirkjugarð.

5087	04.03.2001	3.5 14.9	Snjóflóðið kom ekki að vamargarðinum, en fór niður á lónið.
5013	29.11.1979	3.5 15.1	Flóðið fór líklega niður undir kirkjugarð. Heimildum ber ekki saman um úthlaups lengd og tegund flóðs.
5050	11.02.1974	3.5 13.7	Þetta flóð féll innar en meginflóðið úr Skollahvilti (nr. 5010).
5046	um 1960	3.5 15.6	Mjó spýja féll utan við kirkjugarð, niður undir hann miðjan.
5053	desember 1981	3.5 14.9	Flóðið stöðvaðist ofan við kirkjugarð. Flóðið tók bálkóst sem byrjað var að hlaða fyrir gamlárskvöld og dreifði braki úr honum niður undir kirkjugarð.
5028	12.11.1991	3.0 15.0	Flóðið stöðvaðist um 30 m frá húsum við Ólafstún.
5017	01.04.1987	3.0 14.9	Flóð féllu á sama tíma úr Skollahvilti og Innra-Bæjargili og voru um 350 m breið og dreifðust yfir snjóflóðavamimar. Flóðið fór yfir Eyrarhrygg og snjóflóðavamarkeilumar. Það stöðvaðist í um 40 m fjarlægð frá húsi nr. 2 við Ólafstún.
5592	29.02.2000	3.0 14.3	Flóðið stöðvaðist 35 m ofan við gamla veginn að Sólbakka og 80 m ofan við lónið. Sjáanleg merki voru um að allstórt snjóflóð hafði fallið úr norðvesturbarmi hvílfarinnar nokkrum klst. áður.
5091	08.01.2000	3.0 14.8	Flóðið stöðvaðist við lónið innan til við vamargarðinn. Fjarlægð frá vamargarði var 10 m.
5081	11.03.1999	3.0 13.4	Flóðin stöðvuðust skammt austan við vamargarðinn. Fjarlægð frá eystri vamargarði var 40 m. Tvö flóð, sem sáust í ratsjá varðskips.
5143	01.05.2002	3.0 14.0	Flóðið stöðvaðist ofan við veg frá Flateyri til Sólbakka í 35 m y.s.
5027	17.03.1991	3.0 13.0	Flóðið féll niður á aukeiluna og stöðvaðist rúmlega 50 m ofan við snjóflóðavamarkeilur. Mörg snjóflóð féllu í sama farvegi og brotfinnur voru margar.
5088	28.03.2001	3.0 13.6	Flóðið stöðvaðist á móts við miðjan vamargarðinn um 50 m frá honum í 40 m y.s.
5025	05.01.1991	2 13.2	Þrjú flóð, 1 úr hvílfinni sjálfri, 2 úr hlíðinni. Flóðin fóru niður að snjóflóðavamarkeilum.
5061	01.03.1997	2.0 12.3	Flóðið stöðvaðist í um 70 m hæð, 300 m neðan við giljafinn.

5056	25.01.1990	1.5 11.9	Lítið flóð.
5090	26.–27.12.1999	1 10.4	Flóðið stöðvaðist 150 m neðan við gilmunnann.
5068	22.–23.10.1998	1.5 11.6	Flóðið náði um 100 m niður á skriðuhrygginn.
5097	10.–11.11.2000	1 11.0	Flóðið stöðvaðist um 100 m neðan við gilmunnann.
5137	28.01.2001	1 10.6	Þurt, lítið snjómag.
5063	27.03.1997	1 11.2	Flóðið stöðvaðist rétt neðan við gilkjafinn.
5054	24.–26.03.1987	1 10.1	Mjög lítið flóð.
5144	01.–02.5.2002	1 11.0	Spýja, sem lagðist yfir stærra flóð frá því deginum áður.
5066	14.01.1998	1 9.5	Flóðið stöðvaðist í hvíltarmunnanum.
5070	07.–08.11.1998	1 9.5	Samkvæmt korti eru upptök mjó og í tvennu lagi.

Tafla 2. Snjóflóð úr Skollahvilft, raðað eftir stærð.


## Innra–Bæjargil

Úr Innra–Bæjargili eru skráð 31 flóð. Þar voru áður skráð 13 flóð til 31. júlí 1995, en nú eru 15 flóð skráð fyrir sama tímabil. Auk þess má telja líklegt að átt hafi verið við bæði gilin fyrir 1710 í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.


Mannskaði hefur ekki orðið svo þekkt sé í flóðum úr Innra–Bæjargili. Þó er sagt í *Jarðabókinni* um bæinn „Eyre“, að flóð hafi oft tekið menn og fé á haf út. Flóðið um 1960 er lengsta skráða flóðið, en það stöðvaðist um 10–20 m frá bílskúr, sem tilheyrði sjúkraskýlinu, en tungan var þar mjó. Flóðið 11. febrúar 1974 var einnig langt, fór á haf út svo ekki er hægt að segja örugglega um úthlaups lengd sem hefði orðið á landi. Það hefur haft aðra stefnu en flóðið 1960. Flóð, sem varð einhvern tíma á árunum 1970–1972 tók með sér hluta af fiskhúshjalla, flóðið í febrúar 1974 tók með sér sama fiskhjall og eyðilagði hann. Hinn 01. apríl 1987 skemmdi flóð raflínu og girðingar. Það fór að húsi við Ólafstún og stöðvaðist skammt frá húsi við Goðatún. Flóð tók ruslatunnu við Ólafstún á árunum 1987–1989 og skildi eftir köggla milli húsa. Tvö íbúðarhús og vatnstankur skemmdust í flóði 18. janúar 1995. Húsin neðan Innra–Bæjargils við Ólafstún voru byggð um 1976–1981, svo ekki fer sögum af skemmdum

þar fyrir þann tíma. Stórt flóð féll á varnargarðinn 28.02.2000 og féll meðfram honum til sjávar.

Fram til 1974 eru skráð 4 flóð af stærð 4–5, eins og sjá má á mynd 12, en eftir 1980 eru aðeins 2 flóð af þeirri stærð. Í Súðavíkurbærinn féll flóð 18. janúar 1995 af stærð 4 og 28. febrúar 2000 féll flóð af stærð 5 að varnargarðinum sem stýrði því út í sjó.



Mynd 12. Stærð og tími skráðra flóða úr Innra-Bæjargili.



Mynd 13. Fjöldi flóða af hverri stærð úr Innra-Bæjargili.

Flóðum úr Innra-Bæjargili er raðað eftir stærð í töflu 3, eftir því sem hún er þekkt, en mikil óvissa er um stærð margra flóða eins og áður hefur komið fram. Ýmis atriði eru vafa undirorpin, t.d. tími og stærð flóðsins um 1910, en eldri menn höfðu talað um flóð sem fallið hafði þar sem byggja átti eða byggt var síðar á svæðinu við Ólafstún. Fyrir neðan stærðina er skráð rennslisstig eins og í töflu 2 fyrir Skollahvilft, en það er ekki skráð í meginkaflann.

Númer	Tími	Stærð Rennslisstig	Athugasemd
5047	um 1960	5 17.3	Flóðið stöðvaðist líklega 10–20 m ofan við bílskúr, sem tilheyrði sjúkraskýlinu. Breiddin var líklega 3–4 m neðst, en snjómagnt var samt þó nokkurt. Þetta er lengsta þekkta flóð á þessum stað.
5009	11.02.1974	5 17.1	Tungan náði niður undir barnaskóla, og hröngl náði að Eyrarvegi 12. Flóðið braut 3 staura í raflínunni Flateyri–Suðureyri og mölbraut stóran físhjall við Goðahól og flutti niður í fjöru. Flóðtungur voru allt að samfelldar yfir eyrina.
5083	28.02.2000	5 16.1	Flóðið kom efst á vesturhlíð varnargarðsins, flæddi 11–12 m upp á hann og féll með breyttri stefnu meðfram honum til sjávar.



5149	1970–1972	4 16.7	Flóðið fór niður fyrir Goðahól og tók með sér hluta af fiskhúshjalla.
5037	um 1910	4 15.5	Skriðlengd er ekki þekkt og tími óöruggur, en flóðið fór yfir svæði, þar sem menn byggðu síðar.
5030	18.01.1995	4 16.3	Flóðið lenti á gömlu snjóflóðagörðunum, mest á ytri garðinum og skemmdi tvö íbúðarhús, Ólafstún 14 og Goðatún 14, sem og vatns-tank. Það lenti einnig á jarðyту og hjólaskóflu.
5016	01.04.1987	3.5 15.6	Flóðið olli skemmdum á raflínu, og flóð þennan dag skemmdu fjárgirðingar. Flóðið fór að horni íbúðarhússins nr. 14 við Ólafstún og stöðvaðist skammt frá húsi nr. 14 við Goðatún.
5019	1987–1989	3.5 15.6	Flóð tók ruslatunnu utan við ysta húsið við Ólafstún, og skildi eftir köggla milli húsa við sömu götu.
5023	30.01.1990	3.5 14.3	Flóðið stöðvaðist rétt fyrir ofan kirkjugarð í 20–30 m fjarlægð frá húsinu Ólafstúni 2.
5026	17.03.1991	3.5 14.4	Flóðið fór niður fyrir snjóflóðavamarkeilur og niður að raflínu (hér er átt við gömlu staðsetningu línunnar). Mörg smáflóð í sama farvegi, margar brotlínur, margar tungur.
5018	02.04.1987	3.5 13.6	Upptök voru neðarlega og sérkennilega stöllótt.
5022	29.01.1990	3 13.7	Flóðið náði niður fyrir snjóflóðavamarkeilum.
5076	21.02.1999	3 8.9	Fór um 150 m niður á hrygginn og stöðvaðist í 200 m fjarlægð frá varamargarði.
5080	11.03.1999	3 9.7	Flóðið stöðvaðist efst við vestari varamargarðinn í um 80 m y.s.
5021	28.01.1990	3 12.5	Flóðið stöðvaðist á milli snjóflóðavamarkeilanna. Flóðið féll meðan á rýmingum stóð.
5098	03.–04.11.2000	2.5 12.9	Flóðið fór niður að miðjum varamargarðinum.
5085	28.03.2001	2.5 12.6	Flóðið féll að varamargarðinum og 300 m niður með honum og stöðvaðist í 50 m y.s.
5031	22.01.1995	2 12.1	Snjóflóð sem þetta eru mjög algeng úr Innra-Bæjargili og mörg þeirra hvergi til skráð.

5032	16.03.1995	2 12.0	Flóðið fylgdi innri brún aurkeilunnar neðan gilsins og stöðvaðist rétt ofan við nýjustu snjóflóðavarnarkeilumar.
5034	18.03.1995	2 12.1	Flóðið fylgdi innri brún aurkeilunnar neðan gilsins og stöðvaðist rétt ofan við nýjustu snjóflóðavarnarkeilumar. Mjög svipað og flóðið sem féll tveimur dögum fyrir (nr. 5032).
5596	05.–06.03.2000	1.5 8.6	Flóðið stöðvaðist efst á móts við vamaargarðana í 90 m y.s.
5064	27.03.1997	1.5 8.9	Flóðið stöðvaðist um 200 m neðan við gilkjaffinn.
5059	06.02.1997	1.5 8.8	Flóðið náði um 100 m niður fyrir gilkjaff, stöðvaðist í um 160 m hæð.
5014	08.11.1980	1 7.1	Flóðið stöðvaðist ofarlega á Innri–Bæjathrygg.
5065	14.01.1998	1 6.4	Flóðið stöðvaðist í gilmunnanum.
5067	22.–23.10.1998	1 8.9	Flóðið fór um 100 m niður á skriðuhrygginn. Flóðið var brúnleitt.
5071	07.–08.11.1998	1 9.5	Fleiri flóð féllu á sama tíma. Vott flekahlaup og mjótt flóð.
5094	12.02.2000	1 9.0	Lítið snjómagn, fínkögglótt.
5136	01.–02.01.2001	1 8.9	Lítið flóð.
5092	08.01.2000	1 7.2	Smáflóð, en stærri flóð féllu í Ytra–Bæjargili og Skollahvilft.
5145	22.02.2002	1	Lítið flóð. Alls féllu 5 lítill snjóflóð um svipað leyti, víðs vegar um norðanverðan Öundurarfjörð.

Tafla 3. Snjóflóð úr Innra–Bæjargili, raðað eftir stærð.

## Flateyri

Ef myndir 10–13 fyrir Skollahvilft og Innra–Bæjargil eru bornar saman sést að í Innra–Bæjargili eru færri skráð flóð fyrir 1955 en í Skollahvilft og í heildina eru færri flóð skráð þar og færri stór flóð. Flóðin geta eflaust orðið stærri úr Skollahvilft en Innra–Bæjargili vegna möguleika á snjósöfnun í hvilftina. Skollahvilft er staðsett þannig að menn hafa frekar tekið eftir flóðum þaðan en úr Innra–Bæjargili áður en byggðin teygði sig nær hlíðinni. Vegurinn lá

undir henni og voru snjóflóð tíð á hann áður en hann var færður á fyllingu úti í sjó. Kirkjugarðurinn lét á sjá þegar flóð fóru á hann, og fólk var frekar á ferð á þjóðveginum og milli Sólbakka og Flateyrar en ofan við Ólafstún meðan þar var óbyggt.

Tómas Jóhannesson (2001) hefur gert grein fyrir flóðum sem féllu á varnargarðana. Snjómagnið í flóðunum var yfir 100 þús. m<sup>3</sup> og reiknaður endurkomutími flóða með svipaða skriðlengd er 10–30 ár. Flóðin sönnuðu gildi snjóflóðagarðanna fyrir heimamönnum jafnt sem sérfræðingum auk þess sem þau gáfu einstakt tækifæri til rannsókna á hegðun snjóflóða við varnargarða.

Í töflu 4 er dálkur með yfirskrift útl. eða útlínur. Þar kemur fram hvers konar útlínur snjóflóð hefur (m, c, i eða u, útskýrt fyrir) á korti, ef það hefur verið hnitað, annars er eyða.

Nr.	Farvegur	Dags.	Útl.	Stærð	Athugasemd
5035	Flateyri, gæti verið Skollahvilft, Innra- og Ytra-Bæjargil	fyrir 1710			Úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum og merkilega fyrir snjóflóðum, og hafa þessi snjóflóð stundum tekið hjer bæði menn og fje út í sjó, og hesta, og gjört með því stórkostlegan skaða.
5036	Skollahvilft-Sólbakki	17.04.1899			Snjóskafli féll á menn ofan við hvalveiðistöð Ellefsens, einn lést.
5037	Innra-Bæjargil	um 1910	u	4	Skriðlengd er ekki þekkt og tími óöruggur, en flóð fór yfir svæði, þar sem menn byggðu síðar við Ólafstún.
5038	Skollahvilft	1917–1919	u	4	Innra og efra horn kirkjugarðsins fór í flóðinu. Tveir menn lentu sinn í hvorum jaðri þess en báðir björguðust. Flóðið fór í sjó fram á Bakkaana.
5039	Skollahvilft-Sólbakki, ofan Sólbakkaverksmiðjunnar	21.01.1935	u		Ofan Sólbakkaverksmiðjunnar. Fóru flóðin yfir nokkuð af lóð Sólbakkaverksmiðjunnar, fóru inn í hana og upp á glugga brekkumegin. Aurblandað krapaflóð.
5040	Ofan Flateyrarkauptúns	21.01.1935			Skriður fóru á 6 tún, sem Flateyringar höfðu ræktað. Aurblönduð krapaflóð.
5001	Skollahvilft	20.03.1936	i	5	Flóðið fór lengra en áður var skráð. Það fór niður í Bótarlæk. Sópaði það burt tveimur stórum fiskþunkunarhjöllum, braut 5 síma-staura, rauf girðingar um tún og matjurtargarða og sáluhlið kirkjugarðsins og girðing löskuð-ust, og skemmdir urðu á minnismarkjum.

5002	Litlahryggsgil–Ytra–Hvillfarhorn	27.11.1938	i	5	Steinsteypt vatnsþró sildarverksmiðjunnar á Sólbakka var uppi í hlíðinni og skemmdist. Tók það símalínuna á 200 m kafla, braut 5 símastaura og bar þá niður í fjöru. Þetta flóð var mjórri og innar en flóðið 1974 (nr. 5020).
5003	Ofan við Flateyrar-kaupþún	27.11.1938			Ofan við Flateyrarkauptún. Nokkur snjóflóð hlupu úr Eyrarfjalli.
5041	Skollahvilft	um 1940	i	4.5	Snjóflóð fór yfir kirkjugarðinn, kom á tröppur húss Guðmundar M. Jónssonar við Tjarnargötu, sem var næsta hús við Svíahúsið.
5042	Skollahvilft–Sólbakki, ofan við Sólbakka-verksmiðjuna	líklega um 1950	i	4	Verksmiðjan fyllist af snjó og fór flóðið gegnum vélasalinn og náði í sjó fram. Tími flóðsins er ekki öruggur.
5004	Skollahvilft	02.04.1953	c	5	Flóðið tók garðveggi við Svíahúsið, fór að hliði að Hafnarstræti 45. Það fór í eða yfir tjöminna, yfir svæði, sem hét Grund, niður fyrir Hafnarstræti 41, í Bótarlækinn og í sjó fram. Snjóflóð flutti legstein úr kirkjugarðinum og stöðvaðist neðan við þar sem Essóstöðin var síðar. Það fór lengra en skráð var fyrir og innar en flóðið í október 1995.
5005	Eyrarfjall utanvert, utan Flateyrar	02.04.1953			Nokkur flóð úr giljum.
5043	Skollahvilft	1955	i	3.5	Kirkjugarðsveggur laskaðist í flóðinu.
5044	Skollahvilft	líklega 14.03.1958	i	4	Tími flóðsins er 1958, líklega þann 14.03. Upptök flekans voru um 100–150 m neðan við brún. Flóðið fór niður í Ásbjarnargarð, Kvenfélagsgarð öðru nafni, út og niður fyrir kirkjugarð, fór um 100 m frá Rauðu rósinni, öðru nafni Svíahúsínu og í sjó fram þar sem nú er fylling.
5046	Skollahvilft	um 1960	i	3	Mjó spýja féll utan við kirkjugarð, niður undir hann miðjan.
5047	Innra–Bæjargil	um 1960	i	5	Flóðið stöðvaðist líklega 10–20 m ofan við bíl-skúr, sem tilheyrði sjúkaskýlinu. Breidd líklega 3–4 m neðst, en samt þó nokkurt snjó-magn. Þetta er lengsta þekkta flóð á þessum stað.
5048	Miðhryggsgil–Litlahryggsgil, ofan við Sólvelli	1960–1970	i		Flóðið tók skúr áfastan við íbúðarhúsið á Sólvöllum. Tími er óviss.

5049	Skollahvilft	1963–1965	i	4.5	Flóðið fór að Svíahúsinu og í sjó fram í Bótinni, en skemmdi ekkert.
5006	Miðhryggsgil– Litlahryggsgil	04.02.1968	u		Flóðið féll á Sólbakkaengjar.
5007	Skollahvilft	10.11.1969	i	4	Ytri jaðar flóðsins var í um 100 m fjarlægð frá næstu íbúðarhúsum. Innri jaðar flóðsins lenti á hæsnahúsi er stóð rétt utan við Sólbakka og um 100 hæsnir fórust af 250. Flóðið sleit háspennulínu og teppti veginn inn í þorpið.
5149	Innra–Bæjargil	1970–1972	u	4	Flóðið fór niður fyrir Goðahól og tók með sér hluta af fiskhúshjalla. Seinna fór fiskhúshjallinn alveg með flóði.
5008	Ytra–Bæjargil og Eyrarfjall utanvert	11.02.1974	i	5	Flóð úr 3 giljum í utanverðu Eyrarfjalli, sem náðu í sjó fram. Flóðin löskuðu raflínuna Flat-eyri–Suðureyri.
5009	Innra–Bæjargil	11.02.1974	i	5	Tungan náði langleiðina niður undir barnaskóla, og hröngl kom að Eyrarvegi 12. Flóðið braut 3 staura í raflínunni Flat-eyri–Suðureyri og mölbraut stóran fiskhjall við Goðahól og flutti niður í fjöru. Flóðtungur voru allt að samfelldar yfir alla eyrina.
5010	Skollahvilft	11.02.1974	i	4.5	Guðni Ágústsson byrjaði að moka við Rauðu rósina, en þar var það þunnt, en um það bil samfelt og um um 2–3 m þykkt uppi á hæðinni í Króknum. Flóðtungur úr Skollahvilft og Innra–Bæjargili virðast hafa verið allt að samfelldar yfir alla eyrina, neðan við þar sem raðhúsalengjan var síðar byggð.
5050	Skollahvilft	11.02.1974	u	3.5	Þetta flóð féll innar en meginflóðið úr Skollahvilft (nr. 5010).
5011	Miðhryggsgil– Litlahryggsgil	11.02.1974	i	5	Ytri jaðar tungunnar var um 20 m innan við Sólvallahúsið. Flóðið braut fjóra staura í 33 kV orkulínunni frá Mjólka og sleit línuna, einnig tók það sjónvarphús, sem var að vísu niður lagt, en í því var talstöð frá Landsíma Íslands. Sjónvarphúsið fannst rekið handan fjarðarins, gjörónýtt.
5012	Ytra–Bæjargil	05.02.1977	u	5	Flóðið var a.m.k. 400 m breitt og fór í sjó fram. Það féll á raflínuna frá Flat-eyri til Suðureyrar og tók með sér 6 staura og leifar þeirra og annars búnaðar línunnar fundust niður við veg og niðri í fjöru. Flóðið bar fram mikið af grjóti.

5051	Skollahvilft	1978/1979	u	3.5	Flóðið fór niður fyrir kirkjugarð.
5013	Skollahvilft	29.11.1979	u	3.5	Flóðið fór líklega niður undir kirkjugarð. Heimildum ber ekki saman um úthlaups lengd og tegund flóðs.
5014	Innra-Bæjargil	08.11.1980	u	1	Flóðið stöðvaðist ofarlega á Innri-Bæjarhrygg.
5052	Skollahvilft	eftir 1980	u	4	Flóðið fór á milli Hjallavegar 12 og spennistöðvar. Óljósar heimildir.
5053	Skollahvilft	desember 1981	i	3	Flóðið stöðvaðist ofan við kirkjugarð. Flóðið tók bálköst sem byrjað var að hlaða fyrir gamlárskvöld og dreifði braki úr honum niður undir kirkjugarð.
5015	Ytra-Bæjargil og utar	24.–25.03.1987	c	5	Fyrsta snjóflóð skráð hér féll aðfaranótt þess 24. og brotnuðu 2 staurar. Snjóflóð féllu aftur næsta dag, og enn þann 26. og eru þau skráð sérstaklega (nr. 5055).
5054	Skollahvilft	24.–25.03.1987	u	1	Mjög lítið flóð.
5055	Ytra-Bæjargil og utar	26.03.1987	c		Snjóflóð féllu á sama stað tveim dögum fyrr og nokkur lausasnjóflóð næsta dag á undan (nr. 5015 og 5054). Flóðin brutu og skekktu staura.
5016	Innra-Bæjargil	01.04.1987	c	3.5	Flóðið olli skemmdum á raflínu, og flóðin þennan dag skemmdu fjárgirðingar. Flóðið fór að horni íbúðarhússins nr. 14 við Ólafstún og stöðvaðist skammt frá húsi nr. 14 við Goðatún.
5017	Skollahvilft	01.04.1987	c	3	Flóð féllu á sama tíma úr Skollahvilft og Bæjargili og voru um 350 m breið og dreifðust yfir snjóflóðavamimar. Flóðið fór yfir Eyrarhrygg og snjóflóðavamarkeilumar. Það stöðvaðist í um 40 m fjarlægð frá húsi nr. 2 við Ólafstún.
5018	Innra-Bæjargil	02.04.1987	c	3.5	Upptök voru neðarlega og sérkennilega stöllótt.
5019	Innra-Bæjargil	1987–1989	i	3.5	Flóð tók ruslatunnu utan við ysta húsið við Ólafstún, og skildi eftir köggla milli húsa við sömu götu.
5020	Miðhryggsgil	25.01.1990	c		Flóðið féll mjög nærri grunni íbúðarhúss á Sólvöllum.
5057	Skollahvilftarbelti ytra	25.01.1990	i	1	Tvær spýjur.
5056	Skollahvilft	25.01.1990	i	1.5	Lítið flóð.

5021	Innra-Bæjargil	28.01.1990	c	3	Flóðið stöðvaðist á milli snjóflóðavamarkeilanna. Flóðið féll meðan á rýmingum stóð.
5022	Innra-Bæjargil	29.01.1990	c	3	Flóðið náði niður fyrir snjóflóðavamarkeilumar.
5023	Innra-Bæjargil	30.01.1990	i	3.5	Flóðið stöðvaðist rétt fyrir ofan kirkjugarð og í 20–30 m fjarlægð frá húsinu Ólafstúni 2.
5024	Eyrarfjall utanvert, utan Flateyrar	17.02.1990			Flóðið braut einn staur í raflínunni til Suðureyrar, en féll á marga. Það féll yfir veginn og í sjó fram.
5025	Skollahvilt	05.01.1991	u	2	Þrjú flóð, 1 úr hvílfinni sjálfri, 2 úr hlíðinni. Flóðin fóru niður að snjóflóðavamarkeilum.
5026	Innra-Bæjargil	17.03.1991	i	3.5	Flóðið fór niður fyrir snjóflóðavamarkeilur og niður að raflínu (gömlu staðsetningu línunnar). Mörg smáflóð í sama farvegi, margar brotlínur, margar tungur.
5027	Skollahvilt	17.03.1991	i	1.5	Flóðið féll niður á aurkeiluna, stöðvaðist rúmlega 50 m ofan við snjóflóðavamarkeilur. Mörg snjóflóð í sama farvegi, margar brotlínur. Einnig féllu nokkur lítil flóð úr hvílfinni austanverðri, en þau náðu ekki niður hlíðina.
5028	Skollahvilt	12.11.1991	c	3	Flóðið stöðvaðist um 30 m frá húsum við Ólafstún.
5029	Litlahryggsgil og Miðhryggsgil	18.01.1995	c	5	Flóðið olli flóðbylgju, sem menn um borð í togara í höfninni á Flateyri urðu varir við. Flóðið er einnig í gagnasafni nr. 5129 úr Miðhryggsgili en aðeins nr. 5029 í ArcInfo og á kortum. Tunga flóðanna beggja var rúmlega 500 m breið og náði í sjó fram.
5030	Innra-Bæjargil	18.01.1995	c	4	Flóðið lenti á gömlu snjóflóðagörðunum, mest á ytri garðinum. Skemmdi tvö íbúðarhús, Ólafstún 14 og Goðatún 14, sem og vatnstank. Lenti einnig á jarðýtu og hjólaskóflu.
5031	Innra-Bæjargil	22.01.1995	c	2	Flóðið stöðvaðist rétt ofan við nýjstu snjóflóðavamarkeilumar. Snjóflóð sem þetta eru mjög algeng úr Innra-Bæjargili og mörg þeirra hvergi til skráð.
5032	Innra-Bæjargil	16.03.1995	c	2	Flóðið fylgdi innri brún aurkeilunnar neðan gilsins og stöðvaðist rétt ofan við nýjstu snjóflóðavamarkeilumar.

5033	Miðhryggsgil	17.03.1995	c		Flóðið féll í sjó fram. Það skemmdi gömul úti-hús við Sólbakka og lokaði vegi.
5034	Innra-Bæjargil	18.03.1995	c	2	Flóðið fylgdi innri brún aurkeilunnar neðan gilsins og stöðvaðist rétt ofan við nýjustu snjó-flóðavamarkeilumar. Mjög svipað og flóðið sem féll tveimur dögum fyrir (nr. 5032).
5058	Skollahvilft	26.10.1995	c	5	Skollahvilftarflóðið 1995 er stærst þekktra flóða þarna. Þrjú brotsár sáust þegar horft var upp í hvilftina. Flóðið fór á byggðina á Flateyri og 20 manns fórust. Mörg íbúðarhús eyði-lögðust, svo og spennistöð, bensinstöð Essó og minjasafn.
5059	Innra-Bæjargil	06.02.1997	c	1.5	Náði um 100 m niður fyrir gilkjafi, í um 160 m hæð.
5060	Miðhryggsgil	22.02.1997	c		Flóðið féll innan við Sólvelli og stöðvaðist 10 m neðan við þjóðveginn, fast við ristar-hliðið.
5061	Skollahvilft	01.03.1997	c	2	Stöðvaðist í um 70 m hæð, 300 m neðan við gilkjafinn.
5062	Eyrarfjall utanvert, utan Flateyrar	10.03.1997			Spýjur. Sjá flóð nr. 5061.
5063	Skollahvilft	27.03.1997	c	1	Flóðið stöðvaðist rétt neðan við gilkjafinn.
5064	Innra-Bæjargil	27.03.1997	c	1.5	Flóðið stöðvaðist um 200 m neðan við gil-kjafinn.
5065	Innra-Bæjargil	14.01.1998	c	1	Flóðið stöðvaðist í gilmunnanum.
5066	Skollahvilft	14.01.1998	c	1	Flóðið stöðvaðist í hvilftarmunnanum.
5067	Innra-Bæjargil	22.–23.10.1998	c	1	Flóðið fór um 100 m niður á skriðuhrygginn. Flóðið var brúnleitt.
5068	Skollahvilft	22.–23.10.1998	c	1.5	Flóðið fór um 100 m niður á skriðuhrygginn.
5069	Litlahryggsgil	22.–23.10.1998	c		Flóðið fór niður í brekkurætur.
5070	Skollahvilft	07.–08.11.1998	c	1	Samkvæmt korti eru upptök mjó og í tvennu lagi.
5071	Innra-Bæjargil	07.–08.11.1998	c	1	Fleiri flóð féllu á sama tíma. Vott flekahlaup og mjótt flóð.
5072	Ytra-Bæjargil	14.–15.12.1998	c		Flóðið stöðvaðist 50 m ofan við veg.
5073	Ytra-Bæjargil	30.12.1998	c		Flóðið stöðvaðist við raflínu.
5074	Ytra-Bæjargil	15.–16.01.1999	c		Flóðið stöðvaðist um 150 m ofan við veg.



5076	Innra-Bæjargil	21.02.1999	c	3	Fór um 150 m niður á hrygginn og stöðvaðist í 200 m fjarlægð frá varnargarði.
5077	Ytra-Bæjargil	21.02.1999	c	4	Stórt flóð, sem stöðvaðist í 30 m fjarlægð frá Klofningsvegi.
5075	Skollahvilft	21.02.1999	m	4	Féll niður á fyllingu ofan smábátahafnar og stöðvaðist í 75 m fjarlægð frá smábátahöfninni. Flóðið flæddi upp á varnargarðinn sem beindi því frá byggðinni til sjávar.
5078	Eyrarfjall utanvert, utan Flateyrar	21.02.1999			Stórt flóð, sem fór niður að öskuhaugum.
5079	Litlahryggsgil	11.03.1999	c		Flóðið fór niður í fjöru.
5080	Innra-Bæjargil	11.03.1999	c	3	Flóðið stöðvaðist efst við vestari varnargarðinn í um 80 m y.s.
5081	Skollahvilft	11.03.1999	c	3	Flóðin stöðvuðust skammt austan við varnargarðinn. Fjarlægð frá eystri varnargarði 40 m. Tvö flóð, sem sáu í ratsjá varðskips.
5082	Ytra-Bæjargil	25.03.1999	c	4	Flóðið stöðvaðist alveg við Klofningsveg.
5089	Litlahryggsgil	26.–27.12.1999	c	1	Flóðið stöðvaðist neðan við gilmunna í 120 m y.s.
5090	Skollahvilft	26.–27.12.1999	c	1	Flóðið stöðvaðist 150 m neðan við gilmunna.
5091	Skollahvilft	08.01.2000	c	2	Flóðið stöðvaðist við lónið innan til við varnargarðinn. Fjarlægð frá varnargarði var 10 m.
5092	Innra-Bæjargil	08.01.2000	c	1	Þetta var smáflóð, en stærri flóð féllu í Ytra-Bæjargili og Skollahvilft.
5093	Ytra-Bæjargil	08.01.2000	c	2	Flóðið stöðvaðist neðan við háspennulínu.
5094	Innra-Bæjargil	12.02.2000	c	1	Lítið snjómag, fínköglótt.
5095	Ytra-Bæjargil	12.02.2000	c	2	Flóðið stöðvaðist 100 m neðan við gilmunna. Lítið snjómag, fínköglótt.
5096	Annað gil utan Ytra-Bæjargils	12.02.2000	c	1	Flóðið fór um 150 m niður frá gili. Lítið snjómag, fínköglótt.
5083	Innra-Bæjargil	28.02.2000	m	5	Flóðið kom efst á vesturhlið varnargarðsins, flæddi 11–12 m upp á hann og fór með breyttri stefnu meðfram honum til sjávar.
5598	Ytra-Bæjargil	29.02.2000	c	1	Lítið flóð.

5592	Skollahvilft	29.02.2000	m	3	Flóðið stöðvaðist 35 m ofan við gamla veginn að Sólbakka og 80 m ofan við lónið. Sjáanleg merki voru um að allstórt snjóflóð hafði fallið úr norðvesturbarmi hvílfarinnar nokkrum klst. áður.
5593	Litlahryggsgil	05.–06.03.2000	c	1	Flóðið stöðvaðist við hlíðarrætur í 300 m fjarlægð frá þjóðvegi.
5595	Miðhryggsgil	05.–06.03.2000	c	1	Flóðið stöðvaðist við hlíðarrætur í 250 m fjarlægð frá þjóðvegi.
5597	Skollahvilftarbelti ytra	05.–06.03.2000	c	1	Flóðið stöðvaðist ofan við vamarvirkin.
5596	Innra-Bæjargil	05.–06.03.2000	c	1.5	Flóðið stöðvaðist efst á mótis við vamarгарðana í 90 m y.s.
5594	Ytra-Hvílfarhom	08.03.2000	m	2.5	Snjósleði laskaðist, ökumaður hans fékk nokkrar skrámur.
5098	Innra-Bæjargil	03.–04.11.2000	m	2.5	Flóðið fór niður að miðjum vamarгарðinum.
5099	Miðhryggsgil	03.–04.11.2000	c		Lítið flóð.
5100	Flateyri, næsta gil utan við Innra-Bæjargil	03.–04.11.2000	c		Lítið flóð.
5101	Fyrsta gil utan Ytra-Bæjargils	03.–04.11.2000	c		Lítið flóð.
5097	Skollahvilft	10.–11.11.2000	c	1	Flóðið stöðvaðist um 100 m neðan við gil-munnann.
5133	Ytra-Bæjargil	12.–13.11.2000	c	1	Upptök voru í ysta af 3 giljum sem falla saman í farveg Ytra-Bæjargils. Smáflóð, frekar lítið snjómagn.
5134	Annað gil utan Ytra-Bæjargils	12.–13.11.2000	c	1	Smáflóð.
5135	Ytra-Bæjargil	01.–02.01.2001	c	1	Lítið flóð.
5136	Innra-Bæjargil	01.–02.01.2001	c	1	Lítið flóð.
5603	Litlahryggsgil	11.01.2001	i	1	Lítið flóð.
5138	Miðhryggsgil	26.–27.01.2001	c	1	Lítið flóð.
5139	Litlahryggsgil	26.–27.01.2001	c	1	Lítið flóð.
5137	Skollahvilft	28.01.2001	c	1	Þunt, lítið snjómagn.
5087	Skollahvilft	04.03.2001	c	3.5	Snjóflóðið kom ekki að vamarгарðinum, en fór niður á lónið.
5085	Innra-Bæjargil	28.03.2001	m	2.5	Flóðið féll að vamarгарðinum og 300 m niður með honum og stöðvaðist í 50 m y.s.

5088	Skollahvilft	28.03.2001	m	3	Flóðið stöðvaðist á móts við miðjan varnargarðinn um 50 m frá honum í 40 m y.s.
5086	Miðhryggsgil	28.03.2001	m	3	Flóðið stöðvaðist í 80 m fjarlægð frá þjóðveginum í 20 m y.s.
5130	Ytra-Bæjargil	27.–28.03.2001	c	2	Flóðið stöðvaðist 180 m ofan við raflínu. Upptök skv. korti voru þrískipt, en tungur sameinuðust.
5131	Fyrsta gil utan Ytra-Bæjargils	27.–28.03.2001	c	1	Lítið flóð.
5132	Annað gil utan Ytra-Bæjargils	27.–28.03.2001	c	1	Upptök í 2 giljum, tungur sameinuðust. Lítið flóð.
5140	Annað gil utan Ytra-Bæjargils	21.02.2002	m	2	Flóðið stöðvaðist neðan við háspennulínu í 40 m fjarlægð frá henni, í 80 m y.s.
5141	Ytra-Bæjargil	22.02.2002	m	1	Lítið flóð.
5147	Litlahryggsgil	22.02.2002		1	Lítið flóð. Alls féllu 5 lítul snjóflóð um svipað leyti, víðs vegar um norðanverðan Öndarfjörð.
5146	Miðhryggsgil	22.02.2002		1	Lítið flóð. Alls féllu 5 lítul snjóflóð um svipað leyti, víðs vegar um norðanverðan Öndarfjörð.
5145	Innra-Bæjargil	22.02.2002		1	Lítið flóð. Alls féllu 5 lítul snjóflóð um svipað leyti, víðs vegar um norðanverðan Öndarfjörð.
5142	Ytra-Bæjargil	01.04.2002	m	1	Lítið flóð. Stöðvaðist við Vatsnsveituveg.
5144	Skollahvilft	01.–02.05.2002	m	1	Spýja, sem lagðist yfir stærra flóð frá því deginum áður.
5143	Skollahvilft	01.05.2002	m	2	Flóðið stöðvaðist ofan við veg frá Flateyri til Sólbakka í 35 m y.s.

Tafla 4. Snjóflóð á Flateyri í tímaröð.

## Önnur snjóflóð í Öndarfirði

Snjóflóð hafa fallið víða um Öndarfjörð. Yfirlit skráðra flóða er í töflu 5 hér að neðan.

Númer	Farvegur	Dagsetning	Athugasemd
5401	Öndarfjörður, Sporhamar í Mosdal	26.01.1628	Einn maður fórst og annar komst lífs af.
5402	Öndarfjörður, við Ytri-Veðrará	27.01.1628	Einn maður fórst.

5426	Manntapaskarð milli Valbjófsdals og Hjarðardals	?	Sagnir eru til um að 18 manns á leið heim frá jólagleði hafi farist á leið frá Hjarðardal í Valbjófsdal. Ekki er ljóst hvenær þetta gæti hafa gerst. Heimildir eru óöruggar.
5406	Önundarfjörður, Efsta-Ból	fyrir 1710	„Snjóflóð hafa hjer nokkrum sinnum peningi grandað.“
5407	Önundarfjörður, Kirkjuból í Korpudal	fyrir 1710	„Í einum hlut haganna, þar sem hann er bestur, er stórum hætt fyrir snjóflóðum.“
5408	Önundarfjörður, Selakirkjuból	fyrir 1710	„Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og sjáfarflæðum.“
5409	Hvilft, Garðafjall	fyrir 1710	„Hætt er kvikfe stórlega fyrir sjáfarflæður undir mósköflum og so snjóflóðum. Kirkjuvegur torsóktur yfir Önundarfjörð.“
5410	Önundarfjörður, Garðar	fyrir 1710	„Tóftarústir eru hjer í túninu, og hefur bærinn þaðan fluttur verið þangað sem nú er hann fyrir manna minni, og er sagt að því hafi ollað snjóflóð, sem að bænum hafi gengið.“
5404	Önundarfjörður, Mosdalur	fyrir 1710	„Hætt er hjer fyrir snjóflóðum.“
5405	Önundarfjörður, Þorfinnsstaðir í Valbjófsdal	fyrir 1710	„Hætt er bænum fyrir snjóflóði, og hefur einu sinni háskalega á hlaupið.“
5411	Önundarfjörður, Klofningsheiði	um 1760	ÓJ: Um 1760 mun Guðmundur Sveinsson, bóndi á Eyri í Önundarfirði, hafa farist í snjóflóði á Klofningsheiði, á leið úr Önundarfirði til Súgandafjarðar.
5412	Önundarfjörður, við Neðri-Breiðdal	11.03.1814	Einn maður fórst er hann hafði fallið í sprungu á móðskafli, sem brostið hafði undan fótum hans og þar fyrir druknað af flóði í sjónum niður undan. „Slys þetta getur varla talist stafa af snjóflóði, en næsta skylt er það því.“
5413	Breiðadalsheiði	11.01.1834	Einn maður fórst.
5414	Ingjaldssandur, við Sæból	1842	Einn maður fórst. Ekki segir í ÓJ hvar snjóflóðið féll, en kemur fram á korti SR í Jökli 21, að snjóflóð hafi fallið á eða við Sæból.
5415	Breiðadalsheiði	31.12.1843	Einn maður fórst.
5416	Breiðadalsheiði	12.11.1855	Einn maður fórst.
5417	Valbjófsdalur, Grafargil	10.11.1884	Einn maður og fjárhópur björguðust úr flóðinu, utan ein kind.
5418	Ingjaldssandur, Hærafjall í Villingadal	20.12.1886	Þrjú menn fórust, einn meiddist verulega, en einn slapp lítið skemmdur.

5419	Veðrarárfjall, milli bæjanna Ytri- og Innri-Veðrarár	1894	SR: Það féll nær Innri-Veðrará en Ytri-Veðrará og tók skemmu er stóð nokkrum metrum utar og neðan við bæinn. Þarna hafa oft fallið snjóflóð, t.d. á 17. öld og 1894.
5633	Önundarfjörður utan Flateyrar, Klofningsheiði	um 02.12.1903	Maður lenti í snjóskeiðu en bjargaðist. Hann var á leið með afmælisgjöf til Gunnars M. Magnúss.
5421	Breiðadalsheiði	1901–1915	Póstur lenti tvisvar í snjóflóðum á Breiðadalsheiði 1901–1915, og er hér annað skráð 1910, en tími er óviss.
5420	Önundarfjörður	um 15.01.1909	Stórt snjóflóð, sem braut marga ritsímastólpa, en olli hvorki tjóni á mönnum né húsum.
5422	Breiðadalsheiði	1910 ?	Póstur lenti í snjóflóði en bjargaðist af sjálfsdáðum. ÓJ: „Gekk blóð úr munni hans og nösum. Eftir skamma hríð tókst honum að komast úr fönninni.“.
5423	Breiðadalsstigi, nærri Neðri-Breiðadal., milli Neðri-Breiðadals og Selakirkjuból	um 08.02.1916	Flóðið braut nokkra símastaura. Um líkt leyti eða aðeins síðar en snjóflóðið í Hnífsdal hljóp snjóflóð milli Neðri-Breiðadals og Selakirkjuból.
5424	Bjarnardalur, Bæjargil við Kirkjuból	um 1918	Snjóflóð kom nokkuð nærri bænum úr Bæjargilinu. Böm léku sér í „hólum“ í snjóflóðatungunni.
5626	Bjarnardalur, Bæjargil, innan við Kirkjuból	eftir 1918	Flóðið braut rétt á bakkanum við Kálfabalaá.
5637	Önundarfjörður utan Flateyrar, við Björgin	1900–1940	Snjóflóð flaug fram af klettunum fyrir framan mann sem var að fara út á Sauðanes í fjárhús.
5425	Önundarfjörður utan Flateyrar, við Sauðanes	03.03.1926	Einn maður lést, en snjóskeiðan féll við fætur annars.
5427	Valbjófsdalur, Grafargil	19.01.1930	Fimm manns voru í eldhúsinu og komust upp á borð áður en flóðið ruddist inn. Þau björguðust öll. Auk þeirra voru á efri hæð hússins húsfreyjan og nokkur böm, sem komust ekki út, en varð ekki meint af. Gaflamir sneru inn eftir og út eftir dalnum, svo þverhliðin sneri upp í fjall. Snjóflóðið fór þó gegnum bæinn langsum.
5428	Önundarfjörður utan Flateyrar, Búðargil	27.10.1934	Þrír menn fórust. Þeir voru að leita að fé.
5586	Önundarfjörður utan Flateyrar, við Skipaklett	1948–1949	Tveir menn lentu í hviðunni sem fylgdi flóðinu, en engin slys urðu.
5588	Korpudalur, Jafnadalur í Kirkjubólshalli	?	
5587	Korpudalur, Skeggi	?	Óþekktur tími.

5429	Bjarnardalur, inn undir Hádegisá	maí 1949	Árið 1949 voraði seint, snjó hlóð niður, þótt komið væri fram í maí, þá sprakk fram snjófylla.
5430	Önundarfjörður, Nesdalur	30.11.1953	Maður og hundur björguðust.
5431	Selabólsurð, eða e.t.v. Hvilftarströnd	um 14.03.1958	Snjóflóðið var 500 m breitt. Snjóflóð féllu í grennd á svipuðum tíma. Sjá flóð nr. 5044 úr Skollahvilti og nr. 5560 á Selabólsurð.
5560	Selabólsurð, eða e.t.v. Hvilftarströnd	um 15.03.1958	Maður var á heimleið með hest og sleða inn að Fremri-Breiðadal. Slapp hann naumlega, því flóðið hjóp rétt aftan við sleðann og í sjó fram.
5432	Önundarfjörður utan Flateyrar, Kálfeyri	1961	Tvö flóð.
5433	Breiðadalsheiði	15.10.1963	Flóðið lenti á jarðýtu, en ýtustjórinn komst út af sjálfsdáðum. Rann snjórinn inn í húsið og sat ýtustjórinn klemmdur í því. Slökkti hann þegar á ýtunni, en vegna þess að hún var heit, þiðnaði snjórinn í húsinu fljótlega, svo að hann gat skriðið út.
5434	Önundarfjörður, milli Flateyrar og Breiðadals	04.02.1968	Snjóflóð féllu á raflínuna milli Flateyrar og Breiðadals og rufu hana.
5435	Breiðadalur	10.11.1969	Snjóflóð féll á jarðýtu, er var geymd fram á Breiðadal, braut glugga hennar, fyllti hana af snjó og færði hana á kaf í fjögurra metra snjódyngju.
5627	Breiðadalsstigi, nærri Neðri-Breiðadal	10.11.1969	Flóðið féll innan við flóð á Selabólsurð (nr. 5436), og lágu tungumar þétt saman.
5436	Selabólsurð	10.11.1969	Háspennulínan liggur þarna um, en hana sakaði ekki, því hún er með snjóflóðabrjótum.
5437	Korpudalur, Kirkjuból	nóvember 1969	Við Kirkjuból, á sama stað og 1974 (nr. 5407).
5438	Korpudalur	nóvember 1969	
5439	Önundarfjörður utan Flateyrar, utan Kálfeyrar	desember 1973	
5440	Önundarfjörður utan Flateyrar, nærri Sauðanesi	08.–13.02.1974	Féllu snjóflóð úr öllum hlíðum í norðanverðum Önundarfirði. Sjá flóð nr. 5008.
5442	Korpudalur, innan við Kirkjuból	11.02.1974	Snjóflóð tók gamlan hjall og snerti hlöðuhorn.
5445	Korpudalur, Urðarskál	11.–12.02.1974	
5447	Korpudalur	11.–12.02.1974	Utan við flóð nr. 5448. Mörg flóð féllu í grennd þessa daga.
5448	Korpudalur	11.–12.02.1974	Innan við flóð nr. 5447. Innsta skráða flóðið í Korpudal. Mörg flóð féllu á þessum tíma.

5444	Breiðadalur	11.–12.02.1974	Flóðið var breitt og eyðilagði girðingu á allstóru svæði. Ekki er ljóst hvorum megin það féll, þ.e. gæti verið í hlíð Veðrarárdals.
5443	Selabólsurð	11.–12.02.1974	Snjóflóð féll á íbúðarhúsið að Selabóli. Allt fylltist af snjó nema stofan og flóðið braut einhverja vegg. Það braut ekki girðingu sem það fór yfir. Alveg eins flóð féll aftur 1975!
5441	Tannaneshlíð	11.02.1974	Annað tveggja snjóflóða á Tannaneshlíð á þessum tíma. Hitt (nr. 5449) féll næsta dag. Flóðin féllu yfir veginn hjá Tannanesi. Þau skemmdu ekki raflínu, en brutu sex símastaura.
5449	Tannaneshlíð	12.02.1974	Annað tveggja snjóflóða á Tannaneshlíð á þessum tíma. Hitt féll daginn áður (nr. 5441). Flóðin féllu yfir veginn hjá Tannanesi. Þau skemmdu ekki raflínu, en brutu sex símastaura.
5446	Veðrarárfjall, milli bæjanna Ytri- og Innri-Veðrarár	12.02.1974	SR: Flóðið féll nálægt bænum Ytri-Veðrará. Þvert á stefnu hlaupsins liggja tvær raflínur. Önnur er 33 kV orkulína frá Mjólkárvirðjun, úr henni tók 7 staura. Staurabrot og víraslitur flutti snjóflóðið út á miðjan fjörð.
5450	Bjamardalur, innan við Kirkjuból	febrúar 1974	Upptök voru í stórum hluta hlíðarinnar innan við Kirkjuból í Bjamardal.
5451	Valþjófsdalur, Þorfinnur, við Þorfinnsstaði	febrúar 1974	Flóðið féll niður á tún við Þorfinnsstaði. SR: Bóndinn á Þorfinnsstöðum hafði gert sér grein fyrir aðsteðjandi hættu og rutt með jarðyту snjódyngju mikilli til vamar fjallsmegin að bæ sínum. Það dugði, er á reyndi.
5628	Garðafjall, innan Hvilftar	febrúar 1974	Tími óviss, líklega febrúar 1974.
5452	Selabólshlíð, við Selakirkjuból	1975	Líkt flóði, sem féll 1974 (nr. 5443).
5632	Selabólsurð	1976/1977	Eitt alstærsta flóðið á Selabólsurð sem vitni hafa orðið að. Það féll yfir Hóltsoddann og út í sjó hinum megin við hann. Fólk í tveimur bílum, sem þarna voru á ferð, varð vitni að flóðinu.
5453	Bjamardalur, Vaðalshvammsskriða	15.01.1976	Þykkt 2 m, breitt 12 m.
5454	Þorfinnur, 800 m innan Ófæru	18.01.1976	Flóðið gekk í sjó.
5455	Þorfinnur, 800 m innan Ófæru	01.02.1976	Flóðið gekk í sjó.
5456	Veðrarárfjall, 800 m fyrir ofan vegamót við Breiðadal	08.02.1976	Flóðið stöðvaðist á vegi.
5457	Þorfinnur, í miðri hlíð milli Valþjófsdals og Hjarðardals	15.03.1976	Flóðið stöðvaðist á vegi.

5458	Þorfinnur, 800 m innan Ófæru	30.03.1976	Flóðið gekk í sjó.
5459	Þorfinnur, í miðri hlíð milli Valþjófsdals og Hjarðardals	17.04.1976	Flóðið gekk í sjó. Það skemmdi símalínu.
5460	Selabólshlíð, við Selakirkjuból	1976/1977	Tveir ungir menn voru á ferð, er snjóflóðið féll fyrir framan þá. Þeir keyrðu auðveldlega gegnum það, dúnmjúkt, en daginn eftir var það ófært.
5461	Þorfinnur, Ófæruhlíð, á Valþjófsdalsveg	04.02.1977	Fjögur flóð féllu á 400 m kafla. Þau voru 7–8 m breið og stöðvuðust á vegi.
5462	Önundarfjörður utan Flateyrar, frá Flateyri út að Sauðanesi	05.02.1977	Frá Flateyri út að Sauðanesi.
5463	Selabólsturð	05.02.1977	Flóðið stöðvaðist á Holtsodda handan fjarðar. Fólk í bíl lenti næstum í snjóflóði, sem féll rétt fyrir framan bílinn, á Selabólsturð 1976–1977. Flóðið var frekar stórt. – Þó er ekki öruggt að um sama flóð sé að ræða.
5464	Bjamardalur	04.04.1977	Flóðið stöðvaðist á vegi.
5631	Breiðadalsheiði, niður í Heiðnahvolf	1979	Fermt var á ferð í bíl frá Ísafirði til Flateyrar. Maður hljóp á undan bílnum á heiðinni, það var svo blint. Hann heyrði eins og þrumu og fór síðan með flóðinu. Geil var eftir veginum eftir snjóblásara og vildi það honum til happs að hann lenti ekki í henni, heldur barst með flóðinu yfir hana, niður í Heiðnahvolf.
5465	Önundarfjörður, Kirkjubólsturð	13.04.1979	Flóðið stöðvaðist rétt neðan vegar.
5467	Veðrarárdalur, gegnt bænum Fremri–Breiðadal	04.11.1980	
5468	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri–Breiðadal	11.11.1980	
5469	Bjamardalur, Seljahryggur	15.01.1981	1 flóð.
5470	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri–Breiðadal	20.01.1981	2 flóð.
5471	Þorfinnur, Bjargarklettur innan Ófæru	22.01.1981	1 flóð.
5472	Þorfinnur, Bjargarklettur innan Ófæru	31.01.1981	2 flóð.
5473	Þorfinnur, Bjargarklettur innan Ófæru	12.02.1981	1 flóð.
5474	Þorfinnur, frá Grundarenda að Ófæru	16.02.1981	11 flóð.



5475	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	16.02.1981	3 flóð.
5476	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	10.03.1981	2 flóð.
5477	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	17.03.1981	3 flóð.
5478	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	14.12.1981	3 flóð.
5479	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	17.02.1982	1 flóð.
5480	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	17.03.1982	2 flóð.
5481	Selabólsurð	05.11.1982	Flóðið stöðvaðist í varmarkeilum og á vegi.
5482	Selabólsurð	20.12.1982	Flóðið töðvaðist í varmarkeilum og á vegi.
5483	Bjarnardalur, framan við Kirkjuból	02.-06.01.1983	2 flóð.
5484	Þorfinnur, milli Valþjófsdals og Hjarðardals	02.-06.01.1983	4 flóð, skemmdu raflínu.
5485	Önundarfjörður, Bakkahlíð við Mjóanes	02.-06.01.1983	Flóðið stöðvaðist á vegi.
5486	Selabólsurð	11.01.1983	Lítið snjóflóð.
5487	Þorfinnur, milli Valþjófsdals og Hjarðardals	22.01.1983	4 flóð, þar af eitt 40 m breitt með 8 m dyngju á vegi. Gengu í sjó.
5488	Önundarfjörður, Bakkahlíð við Mjóanes	22.01.1983	Flóðið stöðvaðist á vegi.
5489	Selabólsurð	04.02.1983	Flóðið lokaði vegi á 15-20 m kafla. Fullt var að varmarkeilunum og veittu þær lítið viðnám.
5490	Þorfinnur	30.03.1983	4 flóð. Þau stöðvuðust á vegi.
5491	Bjarnardalur, framan við Kirkjuból	30.03.1983	2 flóð.
5492	Selabólsurð	30.03.1983	Flóðið lokaði vegi á 40 m kafla. Það gekk í fjöru.
5638	Hvilt	um 1983-1984	Flóðið fór með stóran stein út í sjó.
5493	Þorfinnur, við Bjargarkletta	01.01.1984	3 flóð.
5494	Þorfinnur, við Bjargarkletta	04.01.1984	3 flóð.
5495	Bjarnardalur, Seljaleiti	04.01.1984	1 flóð.
5496	Selabólsurð	04.01.1984	1 flóð.

5499	Breiðadalsheiði	1984/1985	7 manns voru í snjóbil, sem lenti í flóðinu og björguðust.
5497	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall niður Stóruskriðu	22.02.1985	2 flóð stöðvuðust á vegi.
5498	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall niður Litluskriðu	22.02.1985	Flóðið stöðvaðist á vegi.
5500	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	23.12.1985	2 flóð.
5501	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	23.01.1986	1 flóð.
5502	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	27.01.1986	1 flóð.
5503	Bjarnardalur	03.02.1986	1 flóð.
5504	Selabólsturð	08.11.1986	Flóðið náði að hluta niður í fjöru.
5505	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	10.11.1986	3 flóð fóru yfir veginn.
5506	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	19.12.1986	Snjóflóðið fór yfir veginn.
5507	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	19.03.1987	2 flóð fóru yfir veginn og hann lokaðist.
5508	Selabólsturð	21.03.1987	Flóðið dreifðist yfir keilumar og stöðvaðist á veginum, sem lokaðist. Það bar með sér talsvert af grjóti.
5509	Þorfinnur, Bjargarklettur	21.03.1987	Flóðið fór niður á Vallbjófsstaðaveg.
5510	Þorfinnur	15.03.1988	4 flóð.
5511	Veðrarárdalur Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	26.12.1988	Flóðið lokaði vegi.
5512	Korpudalur, Urðarskál í Kirkjubólshalli	efir 1988	Tungan hefur farið niður á láglandi.
5513	Bjarnardalur	05.01.1989	Flóðið stöðvaðist á vegi og hann lokaðist.
5514	Þorfinnur, við Bjargarkletta	18.01.1989	2 flóð. Vegur lokaðist.
5515	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	24.01.1989	1 flóð.
5516	Bjarnardalur	31.01.1989	Flóðið stöðvaðist á vegi, sem lokaðist.
5518	Þorfinnur, við Bjargarkletta	31.01.1989	2 flóð.
5517	Þorfinnur, við Fomahlað	31.01.1989	Flóðið stöðvaðist á vegi, sem lokaðist.

5519	Selabólsurð	25.02.1989	Snjódreif var sjáanleg niður við raflínu neðan vegarins við raflínumastur. Vegur lokaðist.
5520	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	26.02.1989	3 flóð. Vegur lokaðist.
5521	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	10.03.1989	Flóðið náði niður að raflínu neðan vegar. Vegurinn lokaðist.
5522	Þorfinnur, við Bjargarkletta	mars 1989	Flóðið stöðvaðist á vegi og hann lokaðist.
5314	Breiðadalsheiði	20.05.1989	15 flóð.
5613	Breiðadalsheiði	21.05.1989	Tveir bílar voru á ferð og féll snjóflóð á annan þeirra. Kona og maður björguðust, en bíllinn skemmdist.
5315	Breiðadalsheiði	13.06.1989	Heiðin lokaðist um morguninn vegna snjóflóðs.
5523	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	09.01.1990	1 flóð. Vegur lokaðist.
5524	Selabólsurð	23.01.1990	1 mjög stórt flóð.
5525	Þorfinnur, við Bjargarkletta	24.01.1990	9 snjóflóð. Stærsta flóðið var um 8 m á þykkt. Vegur lokaðist.
5526	Selabólsurð	28.01.1990	Snjóflóð féll í sjó fram. Raflínustaurar brotnuðu og vegurinn lokaðist.
5527	Bjarnardalur, Djúpahvammsskriður	30.01.1990	Flóð lokaði veginum.
5528	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	12.02.1990	2 flóð. Vegurinn lokaðist.
5529	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	19.02.1990	2 flóð. Vegurinn lokaðist.
5530	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	18.03.1990	Flóð lokaði veginum.
5531	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	30.03.1990	Flóð lokaði veginum.
5532	Selabólsurð	05.01.1991	Flóðið fór yfir snjóflóðavamarkeilur og stöðvaðist fyrir neðan veg.
5533	Þorfinnur, úr Bjargarklettum	05.–20.01.1991	8 snjóflóð. Vegur lokaðist.
5534	Selabólshlíð, rétt utan við snjóflóðakeilur á Selabólsurð	13.03.1991	Flóðið stöðvaðist við raflínustaura neðan vegar. Vegur lokaðist.
5535	Breiðadalsheiði, suðurkinn	13.11.1991	Flóðið tók snjóblásara þar sem verið var að blása snjó af vegi á Breiðadalsheiði. Einn maður fórst.
5536	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	30.12.1991	1 flóð.

5537	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	25.11.1992	2 flóð.
5538	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	04.01.1993	1 flóð.
5539	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, gegnt bænum Fremri-Breiðadal	11.01.1993	2 flóð.
5540	Öndarfjörður, Þverfjall, við Kerlingarhól	um 11.01.1993	Þetta var mikið flóð og náði langt yfir á hólinn. Vegurinn lokaðist.
5630	Ingjaldssandur, Brekkuhlíð eða Brekkufjall	1994	Steinn sem lengi hafði verið við veginn barst með flóðinu.
5614	Breiðadalsstigi, nærri Neðri-Breiðadal. Vegamót að Neðri-Breiðadal	05.04.1994	Flóðið stöðvaðist á vegi.
5615	Selabólsurð	05.04.1994	Flóðið féll í sjó fram. Vegur lokaðist.
5616	Breiðadalsstigi, nærri Neðri-Breiðadal. Á Traðamesi, milli Selabólsurðar og Neðri-Breiðadals	05.04.1994	Flóðið stöðvaðist 80 m fyrir neðan veg.
5541	Breiðadalsheiði	25.10.1994	Tveir bílar lentu í snjóflóðinu.
5700	Hvilft, Garðafjall	17.12.1994	
5542	Öndarfjörður, Nesdalur	um 18.01.1995	Flóðið kastaði 10–15 tonna steini um 10–20 m upp brekkuna hinum megin.
5546	Ingjaldssandur, Brekkufjall eða Brekkuhlíð	um 18.01.1995	Öll hlíðin á mótí Hrauni hljóp.
5548	Valþjófsdalur, við eyðibýlið Grafargil	um 18.01.1995	Grafargil er eyðibýli. Þar féll snjóflóð niður undir hús í Súðavíkurhrinum.
5549	Valþjófsdalur, við eyðibýlið Þorfinnsstaði	um 18.01.1995	Þorfinnsstaðir eru eyðibýli. Þar féll snjóflóð niður undir hús í Súðavíkurhrinum.
5545	Korpudalur, utan við Bæjargil í Kirkjubólshalli	18.01.1995	
5543	Selabólsurð	18.01.1995	1 flóð. Fór í sjó fram.
5544	Korpudalur, Bæjargil í Kirkjubólshalli	18.01.1995	Flóðið fór mjög nálægt íbúðarhúsi sem hafði þá verið yfirgefið vegna hættu í fyrsta sinn. Tunga úr jaðri flóðsins teygði sig inn í garðinn u.þ.b. 30 m frá húsi (að Kirkjubóli).
5547	Ingjaldssandur, austan til á ská á mótí og innar en Sæból	eftir 18.01.1995	Flóðið stöðvaðist að hluta í hvilft, en um helmingur fór áfram, langt niður á tún. Gífurlegt magn kom niður.
5551	Veðrarárdalur, á mótí og milli Neðri- og Fremri-Breiðadals	26.10.1995	Flóðið fór yfir Breiðadalsána, lokaði veginum og braut einn staur í raflínu til Ísafjarðar.

5552	Veðrarárdalur, Veðrarárfjall, neðan við Leitið	26.10.1995	Þarna eru skráð 3 flóð af Vegagerðinni. Þar af skráði Oddur Pétursson flóð sem fór í Breiðadalsána, yfir veginn (nr. 5551).
5625	Önundarfjörður utan Flateyrar, Klofningsdalur	um 26.10.1995	Lag var báðum megin við ána, um 20 m upp hvorum megin, þ.e. flóðið var um 40 m breitt.
5550	Selabólshlíð, ofan við Selakirkjuból	26.10.1995	Eitt snjóflóðanna fór yfir veginn.
5617	Selabólshlíð, utan við Selabólsturð	26.10.1995	Miðflóðið af 3 í Kirkjubólshlíð, sem var utan við Selabólsturð, fór yfir veginn til Flateyrar.
5618	Breiðadalsstigi, nærri Neðri-Breiðadal, milli Selabólsturðar og Neðri-Breiðadals	26.10.1995	Á korti með fleiri flóðum.
5553	Veðrarárdalur	22.02.1997	Stöðvaðist um 50 m neðan við þjóðveginn, sem varð ófær litlum bílum.
5554	Selabólshlíð	11.03.1997	Smáspýjur. Sjá flóð nr. 5061.
5629	Ingjaldssandur, Brekkuhlíð á mótum Hrauni	1997-1998	Á hverjum vetri falla snjóflóð úr hlíðinni á mótum Hrauni og oftast mörg á ári, ef það er NA- eða ASA-átt. S.l. vetur féllu tvö flóð, þó „hvergi væri snjór“.
5555	Selabólshlíð, utan við Selabólsturð	02.03.1998	Aðeins utar (vestar) en flóð nr. 5556. Snjóflóðið féll hjá eyðibýlinu Selakirkjubóli, og fór 30 m niður fyrir þjóðveginn, sem varð ófær litlum bílum.
5556	Selabólshlíð, utan við keilumar á Selabólsturð	03.03.1998	Flóðið stöðvaðist að mestu á veginum, og varð hann ófær litlum bílum. Flóðið féll innar en flóð nr. 5555, sem féll daginn áður.
5601	Selabólsturð	22.-23.10.1998	Flóðið fór niður að keilum.
5559	Breiðadalsstigi, nærri Neðri-Breiðadal, um 300 m SA af Selabólsturð	28.10.1998	Svipuð flóð féllu utan og innan við Selabólshrygginn. Þetta er innar en flóð nr. 5561 og 5621.
5561	Selabólshlíð, utan við Selabólsturð	28.10.1998	Svipuð flóð féllu utan og innan við Selabólshrygginn. Þetta er á milli flóða nr. 5559 og 5621.
5621	Selabólshlíð, utan við Selabólsturð	28.10.1998	Svipuð flóð féllu utan og innan við Selabólshrygginn. Þetta flóð er utar en nr. 5559 og 5561.
5557	Breiðadalsstigi, nærri Neðri-Breiðadal, upp af Neðri-Breiðadal	28.10.1998	Lítið flóð. Svipuð flóð féllu utan og innan við Selabólshrygginn. Þetta flóð er nær bænum en snjóflóð nr. 5558, sem er utar en þetta flóð. Sjá einnig flóð nr. 5559, 5561 og 5621, sem öll eru utar.
5558	Breiðadalsstigi, nærri Neðri-Breiðadal, upp af Neðri-Breiðadal	28.10.1998	Svipuð flóð féllu utan og innan við Selabólshrygginn. Flóð nr. 5557 er innar en þetta flóð. Sjá einnig flóð nr. 5559, 5561 og 5621, sem öll eru utar.

5562	Breiðadalsstigi, nærri Neðri–Breiðadal, milli Selabólsurðar og Fremri–Breiðadals	07.–08.11.1998	Eitt af fimm smáflóðum í hlíðinni (nr. 5562–5568). Þetta flóð er innar en nr. 5563–5566.
5563	Breiðadalsstigi, nærri Neðri–Breiðadal, milli Selabólsurðar og Fremri–Breiðadals	07.–08.11.1998	Eitt af fimm smáflóðum í hlíðinni (nr. 5562–5568). Þetta flóð er aðeins utar en nr. 5562.
5564	Selabólsurð	07.–08.11.1998	Eitt af fimm smáflóðum í hlíðinni (nr. 5562–5568).
5565	Selabólshlíð, utan við Selabólsurð	07.–08.11.1998	Eitt af fimm smáflóðum í hlíðinni (nr. 5562–5568). Flóðið er utar en flóð nr. 5564 og innar en 5566.
5566	Selabólshlíð, utan við Selabólsurð	07.–08.11.1998	Eitt af fimm smáflóðum í hlíðinni (nr. 5562–5568). Flóðið er yst af 5 flóðum í hlíðinni.
5567	Veðrarárdalur, á mótí Fremri–Breiðadal	07.–08.11.1998	Tvö smáflóð (nr. 5567–5568).
5568	Veðrarárdalur, á mótí Fremri–Breiðadal	07.–08.11.1998	Tvö smáflóð (nr. 5567–5568).
5569	Garðafjall, innan Hvilftar, SV–hlíð Garðafjalls	21.02.1999	Stöðvaðist á jafnsléttu skammt frá þjóðvegnum.
5622	Selabólsurð	21.02.1999	Lítið flóð.
5623	Breiðadalsstigi, nærri Neðri–Breiðadal, milli Selabólsurðar og Neðri–Breiðadals	21.02.1999	Fremur lítið flóð.
5624	Veðrarárdalur	21.02.1999	Í suðurhlíð dalsins á mótí Breiðadalsbæjunum og á milli þeirra. Hlíðin er stundum nefnd suðurhlíð Breiðadals.
5570	Þverdalur innan við Fremri–Breiðadal, vestan til í Skógarhorni	22.02.1999	Flóðið féll niður eftir Þverdal og stöðvaðist í mynni hans.
5571	Breiðadalur, SA–hlíð Skógarhorns	11.–12.03.1999	Flóðið stöðvaðist í Breiðadalsá í 80 m y.s.
5572	Veðrarárfjall, á öxlinni upp af Ytri–Veðrará	11.–12.03.1999	Flóðið stöðvaðist 25 m frá raflínu.
5574	Bjamardalur, austurhlíð dalsins, norðan við ármót Mjódals og Bjamardalsár	11.–12.03.1999	Flóðið fór á beygiustaðu í línunum, sem stóðst flóðið, og stöðvaðist í Bjamardalsá.
5575	Önundarfjörður, vesturhlíð dalsins	11.–12.03.1999	Flóðið fór á veginn. Sjá flóð nr. 5574. Flóðið er norðan við það og hinum megin í dalnum.
5573	Kaldárdalur	12.03.1999	Flóðið fór langt á litlum halla og stöðvaðist skammt neðan þjóðvegarins.
5579	Veðrarárdalur	12.–13.03.1999	Allmörg snjóflóð féllu í grenndinni í þessari hrinu. Hið ysta af 3 flóðum í Veðrarárdal (suðurhlíð mótí Breiðadal).

5581	Veðrarárdalur	12.–13.03.1999	Mörg flóð féllu 11.–13.03. Innsta af 3 flóðum í Veðrarárdalshlíðinni. Innar en nr. 5579 og 5580.
5583	Breiðadalur, milli Neðri- og Fremri-Breiðadals	12.–13.03.1999	Það innra af tveimur flóðum milli Breiðadalsbæjanna.
5582	Breiðadalur, innan við Neðri-Breiðadal	12.–13.03.1999	Það ytra af tveimur flóðum milli Breiðadalsbæjanna.
5580	Veðrarárdalur, á mótí og milli Fremri- og Neðri-Breiðadals	12.–13.03.1999	Miðflóðið af 3 í Veðrarárdalshlíðinni.
5578	Selabólsturð	12.–13.03.1999	Með á korti með skýrslu Selabólshlíðar (nr. 5577).
5576	Selabólshlíð, Kaldárdalsmegin	12.–13.03.1999	Flóðið féll niður í Kaldárdal.
5577	Selabólshlíð, utan við Selabólsturð	12.–13.03.1999	Skv. korti ná tungur saman úr mörgum giljum. Dagsetning gæti verið 11.–13.03.
5584	Þverdalur innan við Fremri-Breiðadal	13.03.1999	Tvö flóð frá sitt hvorri hlíð dalsins sameinuðust þegar kom niður í dalinn. Þegar flóðið kom út úr gillkjafninum skiptist það og fór lengsta tungan niður undir hlöðu í Fremri-Breiðadal.
5585	Þverdalur innan við Fremri-Breiðadal	13.03.1999	Upptök utar en hjá flóði nr. 5584 (sjá nr. 5584).
5606	Breiðadalsstigi, nærri Neðri-Breiðadal	27.12.1999	Lítið flóð úr ónefndu gili skammt austan við Selabólsturð. Sjá snjóflóð á Selabólsturð nr. 5607.
5607	Selabólsturð	27.12.1999	Flóðið fór niður að keilum.
5590	Breiðadalsstigi, nærri Neðri-Breiðadal, Bæjargil	28.02.2000	Flóðið fór yfir veginn og í sjó fram.
5591	Selabólsturð	28.02.2000	Flóðið fór yfir veginn og í sjó fram.
5602	Selabólshlíð, utarlega, nær Kaldárdal	06.–07.01.2001	Flóðið stöðvaðist við hlíðarrætur.
5608	Hvilft, Garðafjall, ofan og innan við Hvilft	11.02.2001	Krapaspýjur féllu víða.
5609	Hvilft, Garðafjall, aðeins innan við Hvilft	11.01.2001	Krapaspýjur féllu víða.
5610	Hólsfjall, milli Kaldár og Hóls	11.01.2001	Krapaspýjur féllu víða.
5611	Selabólshlíð, milli Selakirkjubóls og Kaldár	11.01.2001	Krapaspýjur féllu víða.
5612	Selabólshlíð, aðeins utan við Selabólsturð	11.01.2001	Krapaspýjur féllu víða.
5599	Veðrarárdalur, Stóraskriða á mótis við Fremri-Breiðadal	04.03.2001	Flóðið stöðvaðist skv. kortinu rétt fyrir neðan veg.
5600	Selabólsturð	02.04.2001	Flóðið lokaði veginum til Flateyrar.

5604	Þverdalur innan við Fremri–Breiðadal, úr Skógarhomi	02.–03.02.2002	Flóðið féll úr Skógarhomi, niður Þverdal og stöðvaðist 180 m frá hlöðunni í Fremri–Breiðadal.
5148	Innra–Hvilftarhóm, Torfahvammsgil	22.02.2002	Lítið flóð. Alls féllu 5 lítil snjóflóð um svipað leyti, víðs vegar um norðanverðan Önundarfjörð.
5605	Selabólshlíð	22.02.2002	Flóðið stöðvaðist 50 m ofan við veg.
5619	Hólsfjall, Kaldárgil	22.02.2002	Alls féllu 5 lítil snjóflóð um svipað leyti, víðs vegar um norðanverðan Önundarfjörð (úr Innra–Bæjargili nr. 5145, Miðhryggsgili nr. 5146, Litlahryggsgili nr. 5147 og Hvilftarhomi nr. 5148 auk þessa).
5634	Önundarfjörður, Vífilsmýrar	oft á 20. öld	Snjóflóð falla oft við Vífilsmýrar, utan við Hól, niður að girðingu. Hvinur eða ský frá snjóflóðinu hafa farið niður að á.
5635	Önundarfjörður, Hestur	oft á 20. öld	Snjóflóð falla mjög oft innanlega úr Hesti.
5636	Garðafjall, innan Hvilftar, Garðadalur	oft á 20. öld	Í Garðadal eru snjóflóð algeng. Þar er snjósleðaleið til Súgandafjarðar sem farin er til að skoða raflínu.

Tafla 5. Snjóflóð í Önundarfirði í tímaröð.



## SNJÓFLÓÐ Á FLATEYRI LÝSINGAR Á EINSTÖKUM FLÓÐUM

Gögnin í meginkaflanum eru, eins og áður koma fram, úr fyrri samantektum (nr. 5001–5034), öðrum rituðum heimildum, snjóflóðaskýrslum, og viðtölum. Í viðtölum kom stundum fram að flóð hefðu verið kófhlaup, þar sem líklega hefur verið um að ræða flekahlaup með kófi, sem oft fylgir þeim. Mikið kóf fylgir oft þurrum flekaflóðum og sést þá meginflóðið oft ekki, þar sem kófskýið hylur það. Á Veðurstofunni er tegundin snjóflóð skráð um þessi, því eiginleg kófhlaup eru mjög sjaldgæf hér á landi og sennilegt að um misskilning hafi verið að ræða.

---

### Snjóflóð til 31.07.1950, kort 3

---

#### Við Eyri, gæti verið Skollahvilft, Innra- og Ytra-Bæjargil fyrir 1710

<b>Númer:</b>	5035 (ekki hnitáð)
<b>Dagsetning:</b>	Fyrir 1710.
<b>Staðsetning:</b>	Við Eyri, gæti verið Skollahvilft, Innra- og Ytra-Bæjargil.
<b>Stærð:</b>	Eflaust mörg flóð, stærð allt að 5.
<b>Tegund flóðs:</b>	Snjóflóð.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	„Hafa þessi snjóflóð stundum tekið hjer bæði menn og fje út í sjó, og hesta, og gjört með því stórkostlegan skaða.“
<b>Heimildir:</b>	Árni Magnússon og Páll Vídalín 1940. Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII, 125–126.
<b>Athugasemdir:</b>	Útdráttur úr texta um „Eyre“: „Túninu grandar mól og aur, sem rennur á það í vatnagangi og leysingu af holti því, er ofan völlinn er. Engjar mjög spilltar af skriðum, og fyrir því víðast eyðilagðar. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum og merkilega fyrir snjóflóðum, og hafa þessi snjóflóð stundum tekið hjer bæði menn og fje út í sjó, og hesta, og gjört með því stórkostlegan skaða. Kirkjuvegur torsóktur yfir Önundarfjörð til Holts. Hætt er húsum fyrir sjóveðrum og ekki sýnist öldungis óhætt fyrir snjóflóðum, þó ekki hafi hingað til mein gjört.“

---

#### Skollahvilft – Sólbakki 17.04.1899

<b>Númer:</b>	5036 (ekki hnitáð)
<b>Dagsetning:</b>	17.04.1899.
<b>Staðsetning:</b>	Ofan við hvalveiðistöð Ellefsens.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	Snjóskafl féll á mann og hann lést.
<b>Heimildir:</b>	Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 172–173. Eyjólfur Jónsson 1996. Vestfirskir slysadagar I, 276. Haflíði Helgi Jónsson 1983. Snjóflóð á Vestfjörðum. Snjóflóðaskrár. Veðurstofa Íslands. Gunnlaugur Finnsson. Viðtal SHH 1998.

**Athugasemdir:**

Hjördís Hjörleifsdóttir. Viðtal SHH 1996.

Ofan við hvalveiðistöð Ellefsens. Snjóskafli féll á menn, einn lést.

HHJ: ... Slys þetta getur ef til vill varla talist stafa af snjóflóði, en næsta skylt er það þó.

ÓJ: Þann 17. apríl vildi það slys til á hvalveiðistöð Ellefsens í Önundarfirði, að Pálmi Guðmundsson, 25 ára vinnumaður frá Hrauni á Ingjaldssandi, varð undir snjóskafli og beið bana. Pálmi var ásamt fleiri verkamönnum að grafa tunnur úr skaflinum, og sprakk hann þá skyndilega fram. Varð Pálmi undir, en annar verkamaður slapp nauðuglega og hlaut nokkur meiðsl. Pálmi er grafinn 21. apríl.

SHH: GF sagði eitt sinn, að foreldrar hans hefðu nefnt, að gamlar sagnir væru til um að flóð hafi farið um eða fyrir aldamót, þar sem Sólbakkaverksmiðjan var reist, en það hafi verið óljósar sagnir og ekkert hafi verið staðfest um það.

HH sagði að mikið flóð hefði komið utan við Sólvelli, en það hefði verið fyrir hennar minni, líklega áður en hún fæddist (fædd 1926). Það fór niður bala milli Sólbakka og Sólvalla, á SR-verksmiðjuna, inn í hana og jafnvel í gegn.

SHH: Hér eru heimildir óljósar, mætti e.t.v. skrá 2 flóð, en valið að geta þessa aðeins í athugasemdum.

---

**Innra-Bæjargil um 1910**

<b>Númer:</b>	5037 (u)
<b>Dagsetning:</b>	Um 1910.
<b>Tunga:</b>	Skriðlengd ekki þekkt, en flóð fór yfir þar sem menn byggðu síðar við Ólafstún.
<b>Stærð:</b>	4
<b>Tegund flóðs:</b>	Snjóflóð.
<b>Heimildir:</b>	Emil Ragnar Hjartarson. Viðtal SHH 1996.
<b>Athugasemdir:</b>	Eldri menn sögðu, að snjóflóð hefði komið úr Innra-Bæjargili 1910, en þetta kom til tals, þegar önnur snjóflóð höfðu fallið síðar.

---

**Skollahvilft 1917–1919**

<b>Númer:</b>	5038 (u)
<b>Dagsetning:</b>	1917–1919 (ekki frostaveturinn mikla).
<b>Tunga:</b>	Flóðið fór á kirkjugarðinn, eyðilagði innra og efra horn hans og fór í sjó fram á Bakkana.
<b>Stærð:</b>	4
<b>Tegund flóðs:</b>	Snjóflóð.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	Tveir menn lentu flóðinu, sinn í hvorum jaðri þess, en björguðust báðir. Annar var á leið frá Sólbakka niður á Flateyri, en hinn upp eftir. Annar var móðurbróðir Maríu Jóhannsdóttur, en hinn unglingspiltur á bænum. Innra og efra horn kirkjugarðsins fór í flóðinu.
<b>Heimildir:</b>	María Jóhannsdóttir. Viðtal SHH 1996.

---

## Skollahvilft – Sólbakki 21.01.1935

- Númer:** 5039 (u)
- Dagsetning:** HGP: 21.01.1935.  
Veðráttan: 19.01.1935.  
ÓJ: 21.01.1935.  
EJ: 23.01.1935.
- Staðsetning:** Ofan Sólbakkaverksmiðjunnar.
- Tunga:** Stöðvunarhæð:  $5 \pm 5$  m.  
Fóru flóðin yfir nokkuð af lóð verksmiðjunnar, fóru inn í hana og upp á glugga brekkumegin.
- Tegund flóðs:** Krapa- og aurflóð.
- Veður:** SHH: Samkvæmt veðurbók í Kvígindisdal var snjódýpt 18.5 cm þann 14. janúar kl. 08 á láglendi og hiti  $-2.1^{\circ}\text{C}$ , en kl. 17 sama dag var hitinn  $0.1^{\circ}\text{C}$  og mæld úrkoma 2 mm (kl. 08–17). Næsta morgun var hitinn kominn í  $7.0^{\circ}\text{C}$  og mæld úrkoma 24 mm (kl. 17–08). Alls var mæld þriggja sólarhringa úrkoma frá kl. 08 þann 14. til kl. 08 þann 17. janúar 53 mm. Úrkoma sem féll sólarhringinn frá kl. 08 þann 17. til kl. 08 þann 18. janúar var tæplega 4 mm, og næstu 3 sólarhringa eða til kl. 08 þann 21. janúar var úrkoman 53 mm. Þann dag var ákafi úrkomunnar enn meiri, eða 31.5 mm frá kl. 08 til 17. Á tímabilinu frá 15. til 21. janúar var hitinn frá  $3^{\circ}$  til  $8^{\circ}\text{C}$  og var svipaður í Stykkishólmi og Kjörvogi við Reykjafjörð. Samkvæmt veðurbók frá Kjörvogi við Reykjafjörð var úrkoman miklu minni þar á þessu tímabili, eða tæpir 5 mm frá 14. til 17. janúar, 0 mm frá 17. til 18. janúar og 0.1 mm frá 18. til 21. janúar kl. 08, en 0.4 mm frá kl. 08 til 17 þann dag. Samkvæmt veðurbók frá Stykkishólmi var snjódýpt 13 cm að morgni þess 14. janúar. Mæld úrkoma frá 14. til 17. var alls tæplega 17 mm, en tæplega 4 mm næsta sólarhring og 2.1 mm næstu 3 sólarhringa fyrir flóðin eða frá 17.–21. en seinni hluta þann 18. mældust tæplega 7 mm og rúmlega 10 mm komu í mæli frá kl. 17 til kl. 08 næsta morgun. Á Suðureyri mældust tæplega 50 mm dagana þrjá frá 14. til 17. janúar, 3 mm þann 18. og tæplega 23 mm dagana þrjá frá 17. til morguns 21. og loks 26.2 mm þann dag frá kl. 08 til 17. Úrkoma er mjög staðbundin, eins og sjá má á ofangreindum mælingum, en engar mælingar eru til frá Flateyri eða Öfundarfirði á þessum tíma. EJ: Fyrri hluta vikunnar 20.–27. janúar 1935 gengu um Vesturland meiri rigningar en áður var vitað um á þessum árstíma. HGP (1996): Þ. 14.–21. S– og SV–átt, oftast mjög hlýtt í veðri. Lægðir á hreyfingu norðaustur yfir Grænland. Vegna rigninga urðu sums staðar skriðuhlaup vestanlands. Þ. 22.–23. Lægðin færðist austur fyrir norðan landið og gekk í vestan ofsaveður með hríðaréljum vestanlands. Vegna rigninga urðu sums staðar skriðuhlaup vestanlands.
- Mannskaðar og tjón:** Fóru flóðin yfir nokkuð af lóð verksmiðjunnar, ónýttu bitabré, skemmdu síldarpalla, fylltu eina síldarþró auri og grjóti, sliguðu verksmiðjuna og færðu aur og grjót upp á glugga á verksmiðjunni brekkumegin. Talsvert skemmdist af síldarmjöli, sem þarna var geymt.
- Heimildir:** Halldór G. Pétursson 1996. Skriðuannáll 1925–1950. Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri, skýrsla 3.  
Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 210.  
Eyjólfur Jónsson 1996. Vestfirskir slysadagar II, 373.  
Erik Hestnes. Viðtal SHH 1999.

**Athugasemdir:** Halldór G. Pétursson. Viðtal SHH 2000.  
Veðráttan segir að þetta hafi gerst 19.01., ÓJ 21.01. og EJ 23.01. HGP (1996) segir þetta hafa gerst 21.01. og að það sé röng dagsetning í Veðráttunni.  
Í Viðauka 1 eru skráð skriðuföll. Í viðtölum kom fram að snjóflóð hafi fallið síðar á verksmiðjuna.  
Veðurathuganir frá Kvígindisdal, Reykjafirði og Stykkishólmi benda til þess að flóðin við Flateyri þann 21. hafi verið krapablandin, því ólíklegt má telja að allur snjór til fjalla hafi verið bráðinn.  
Halldór Pétursson hefur tekið saman gögn um aurflóð um allt land. Í viðtali árið 2000 komumst við að þeirri niðurstöðu að eflaust hafi þetta flóð verið krapaflóð eða blandað aur- og krapaflóð. Síðar í þessari hrinu höfðu verið hlýindi í fleiri daga og hafði rignt enn meira og þá líklega að fallið hafi aurflóð en krapaflóð.  
Samkvæmt Erik Hestnes eru mörk milli snjó-, krapa- og aurflóða oft ekki vel skilgreind. Tunga krapaflóða er svört og lítur út eins og aurflóð, en ískjarni er í tungunni.  
Frá Villingadal á Ingjaldssandi eru dæmigerðar lýsingar í HGP (1996), ÓJ og EJ á aurflóðum sem stóðu yfir af og til í nokkra daga síðar í þessari hrinu, eða 24.–30.01.

---

### Ofan Flateyrarkauptúns 21.01.1935

**Númer:** 5040 (ekki hnitað)  
**Dagsetning:** HGP: 21.01.1935.  
Veðráttan: 19.01.1935.  
ÓJ: 21.01.1935.  
EJ: 23.01.1935.  
**Tunga:** ÓJ: Þá hlupu og skriður á sex tún, sem Flateyringar höfðu ræktað, og stórskemmdust þau.  
EJ: Fór ein skriðan yfir sex túnbletti er ræktaðir höfðu verið fyrir ofan Flateyrarkauptún.  
**Tegund flóðs:** Krapa- og aurflóð.  
**Veður:** Sjá flóð nr. 5039 fyrir framan.  
**Mannskaðar og tjón:** Sex tún stórskemmdust.  
**Heimildir:** Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 210.  
Eyjólfur Jónsson 1996. Vestfirskir slysadagar II, 373.  
Halldór G. Pétursson. Viðtal SHH 2000.  
**Athugasemdir:** Sjá athugasemdir með flóði nr. 5039 fyrir ofan.

---

### Skollahvilft 20.03.1936

**Númer:** 5001 (i)  
**Dagsetning:** 20.03.1936.  
**Tunga:** Stöðvunarhæð: 0 m.  
HH: Snjóflóð úr Skollahvilft féll í Bótarlæk um 1935–1936.  
JGE: Breidd tungu áætluð 300 m.  
**Stærð:** 5  
**Tegund flóðs:** Þurrt flekahlaup.  
**Veður:** ÓJ: Stórhrið var á Vestfjörðum dagana 19.–21. mars.  
Sjá KGE (1981).

- Mannskaðar og tjón:** ÓJ: Sópaði það burt tveimur stórum fiskþurrkunarhjöllum er verksmiðjan á Sólbakka átti, braut 5 símastaura, rauf girðingar um tún og matjurtargarða og braut eina hlið grafreitsins þar. Urðu einhverjar skemmdir á minnismerkjum.
- Heimildir:** Hjördís Hjörleifsdóttir. Viðtal SHH 1996.  
Gunnlaugur Finnsson. Viðtal SHH 1997.  
Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 258–259.  
Sigurjón Rist 1972. Snjóflóð og snjóflóðahætta á Íslandi. III. Snjóflóðakort. Jökull 21, 44.  
Kristjana G. Eyþórsdóttir 1981. Snjóflóð á Flateyri – Veður í snjóflóðum. Háskóli Íslands, B.S. ritgerð, jarðfræðiskor, 4–6.  
Kristjana G. Eyþórsdóttir 1988. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá og farvegakort. Áfangaskýrsla. Veðurstofa Íslands.  
Kristjana G. Eyþórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands.  
Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Öundur fjörð. Snjóflóðaánnáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.  
Haflíði Helgi Jónsson 1983. Snjóflóð á Vestfjörðum. Snjóflóðaskrár. Veðurstofa Íslands.  
Eyjólfur Jónsson 1996. Vestfirskir slysadagar II, 389.
- Athugasemdir:** SHH: Var skráð fyrr, en fór lengra skv. HH en þar kom fram.  
HH: Einu sinni flutti fjölskyldan úr húsinu á Sólvöllum, en þá féll mikið flóð úr Skollahvilft niður í Bótarlæk. Þetta hefur verið 1935 eða 1936, þegar Hjördís var um 10 ára. Hún sagði flóð eflaust hafa farið oftar en einu sinni í Bótarlæk.  
GF: Man eftir flóði 1938, sem fór yfir kirkjugarðinn, en sáluhliðið og girðing löskuðust.  
SHH: Tvö flóð hafa að líkindum fallið úr Skollahvilft frá 1936–1940. Gunnlaugur talaði um 1938, en féllst síðan á að lýsing ætti við flóðið 1936. Enn síðar taldi hann það fremur hafa verið um 1940 og var ekki viss hve vel hann myndi eftir flóði svo ungur.  
Elísabet Sara talaði um flóð um 1940 (nr. 5041). Hún er fædd seint á árinu 1933, svo ólíklegt er að hún sé að tala um flóð 1936, þá rúmlega tveggja ára. Matjurtargarðar voru þar sem seinna var kallað Ólafstún og um tíma var þar skruðgarður. Þetta er vestan og norðvestan við kirkjugarðinn.

---

### Litlahryggsgil – Ytra–Hvilftarhorn 27.11.1938

- Númer:** 5002 (i)
- Dagsetning:** 27.11.1938.
- Upptök:** GF: Upptökin voru í kinninni innan við Litlahryggsgil.
- Farvegur:** Flóðið féll á milli Sólbakka og Hvilftar.
- Tunga:** Náði í sjó fram.  
Stöðvunarhæð: 0 m.  
Breidd tungu áætluð 300 m.  
GF: Tungan var allnokkru innar en tungan sem er á eldri kortum. Þetta flóð var mjórri og innar en flóðið 1974 (nr. 5020).
- Stærð:** 5
- Tegund flóðs:** Þurrt flekahlaup.

- Veður:** ÓJ: Áður en þetta varð, hafði verið látlaus stórhrið þar vestra í níu sólarhringa og hlaðið niður miklum snjó.
- Mannskaðar og tjón:** ÓJ: Tók það símalínuna á 200 m kafla og braut 5 símastaura. Þá hljóp það á vatnsgeymi Síldarverksmiðja ríkisins á Sólbakka og skemmdi hann talsvert. Geymirinn var úr járnbentri steinsteypu, en stóð talsvert upp úr jörð. SR: Nokkuð upp í fjallshlíðinni var vatnsból (vatnstankur) síldarverksmiðjunnar á Sólbakka. Vatnsþróin skemmdist í snjóflóði 27.11.1938. GF: Kringum árið 1938 féll snjóflóð á vatnsþró Síldarverksmiðjunnar. Þróin var steipt að sumri til, en veturinn eftir fór snjóflóð yfir hana. JGE: Flóðið bar símastaurana niður í fjöru.
- Heimildir:** Gunnlaugur Finnsson. Viðtal SHH 2002. Gunnlaugur Finnsson. Viðtal Kristjönu G. Eyþórsdóttur 1980. Hjördís Hjörleifsdóttir. Viðtal SHH 1996. Hjörleifur Guðmundsson. Viðtal 1975. Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 267. Sigurjón Rist 1975. Snjóflóðaannáll árána 1972 til 1975. Jökull 25, 55. Kristjana G. Eyþórsdóttir 1981. Snjóflóð á Flateyri – Veður í snjóflóðum. Háskóli Íslands, B.S. ritgerð, jarðfræðiskor, 6–8. Kristjana G. Eyþórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands. Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands. Hafliði Helgi Jónsson 1983. Snjóflóð á Vestfjörðum. Snjóflóðaskrár. Veðurstofa Íslands. Eyjólfur Jónsson 1996. Vestfirskir slysadagar II, 417. GF: Gunnlaugur í Hvilft man vel eftir flóðinu 1938 þá um 10 ára. Upptökin voru í kinninni innan við Litlahryggsgil. Flóðið var teiknað á kort ásamt upptökunum (hnitað aftur) og var allnokkru innar en tungan sem er á eldri kortum. Í viðtalinu 2002 kom fram að þetta flóð var mjórri og innar en flóðið 1974 (nr. 5020). SHH: Í síðara viðtali við GF var þetta óljóst. SHH hefur e.t.v. slegið saman upptökum annars flóðs sem féll síðar, en það er látið standa eins og það hafði verið nýlega teiknað skv. GF, þar sem Hjördís man þetta sem „stærsta flóðið“. E.t.v. má líta á útlínurnar sem tvö flóð frá mismunandi tíma samsett. HH: Stærsta flóðið, sem Hjördís man eftir, var 1935–1937. Vatnsþró vegna SR-verksmiðju, var utan og ofan við Hvilft, undir Hvilftarhjöllum, og var hún mikið niðurgráfin. Flekaflóð úr Hvilftarhjöllum tók þróna í sjó fram. Staðsetning var áður skráð hjá JGE og KGE: „Upptök gætu hafa verið í Miðhryggsgili, eða jafnvel í Litlahryggsgili.“ SHH: SR getur snjóflóðsins með flóði nr. 8 á bls. 55 í Jökli 25, en þetta flóð hefur átt að vera nr. 9, en númerið vantar. Það er þó á korti á bls. 55 í Jökli 25. KGE 1981: ... og innan hennar úr hlíðinni milli bæjanna Hvilftar og Sólvalla.

---

### Ofan við Flateyrarkauptún 27.11.1938

- Númer:** 5003 (ekki hnitað)
- Dagsetning:** 27.11.1938.
- Staðsetning:** Ofan við Flateyrarkauptún, áður skráð sem Eyrarfjall.

<b>Farvegur:</b>	Nokkur flóð.
<b>Tegund flóðs:</b>	Purr flekahlaup.
<b>Veður:</b>	ÓJ: Áður en þetta varð, hafði verið látlaus stórhrið þar vestra í nýu sólarhringa og hlaðið niður miklum snjó.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	ÓJ: Ollu ekki teljandi tjóni.
<b>Heimildir:</b>	Kristjana G. Eyþórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands. Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands. Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 267. Eyjólfur Jónsson 1996. Vestfirskir slysadagar II, 418. Kristjana G. Eyþórsdóttir 1981. Snjóflóð á Flateyri – Veður í snjóflóðum. Háskóli Íslands, B.S. ritgerð, jarðfræðiskor, 6–8. Hafliði Helgi Jónsson 1983. Snjóflóð á Vestfjörðum. Snjóflóðaskrár. Veðurstofa Íslands.
<b>Athugasemdir:</b>	KGE: Úr giljum í hlíðinni utan eyrarinnar.

---

### Skollahvilft um 1940

<b>Númer:</b>	5041 (i)
<b>Dagsetning:</b>	Um 1940.
<b>Tunga:</b>	Snjóflóð kom á tröppur húss Guðmundar M. Jónssonar við Tjarnargötu, sem var næsta hús við Svíahúsið.
<b>Stærð:</b>	4.5
<b>Tegund flóðs:</b>	Snjóflóð.
<b>Heimildir:</b>	Elísabet Sara Guðmundsdóttir. Viðtal SHH 1996.
<b>Athugasemdir:</b>	SHH: Tvö flóð hafa að líkindum fallið úr Skollahvilft frá 1936 til 1940. Elísabet Sara talaði um flóð um 1940. Hún er fædd seint á árinu 1933, svo ólíklegt er að hún sé að tala um flóð 1936, þá rúmlega tveggja ára.

---

### Skollahvilft–Sólbakki líklega um 1950

<b>Númer:</b>	5042 (i)
<b>Dagsetning:</b>	Líklega um 1950.
<b>Staðsetning:</b>	Ofan við Sólbakkaverksmiðjuna.
<b>Flóðfarvegur:</b>	GVJ: Lækur er rétt innan við þar sem síldarverksmiðjan var, og kom flóðið úr miklu gili, sem er milli Sólbakka og Sólvalla, og fór rétt innan við Sólbakka.
<b>Tunga:</b>	Snjóflóðið náði í sjó fram.
<b>Tegund flóðs:</b>	Snjóflóð.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	Flóðið fór gegnum vélasalinn. Sólbakkaverksmiðjan fylltist af snjó.
<b>Heimildir:</b>	Guðmundur Valgeir Jóhannesson. Viðtöl SHH, 1996 og 1998.
<b>Athugasemdir:</b>	Flóðið féll á Sólbakkaverksmiðjuna, fór í gegnum vélasal hennar og í sjó fram, rétt innan við Sólbakka. Lækur og mikið gil er rétt innan við þar sem síldarverksmiðjan var milli Sólbakka og Sólvalla, og kom flóðið þaðan og fór rétt innan við Sólbakka. Verksmiðjan fylltist af snjó og fór flóðið gegnum vélasalinn og náði flóðið í sjó fram. Tími flóðsins er ekki öruggur, en GVJ nefndi fyrst um 1950, en aðspurður svaraði hann að þetta hafi örugglega ekki verið 1935 (flóð nr. 5039) heldur miklu seinna.

---

## Snjóflóð 01.08.1950 – 31.07.1975, kort 4

---

### Skollahvilft 02.04.1953

- Númer:** 5004 (c)
- Dagsetning:** 02.04.1953.
- Tunga:** EJ: Miklu innar en flóðið í október 1995. Það tók suðurhlið kirkjugarðsins, fór að Svíahúsinu, braut garðveggi við það, fór að hliði við Hafnarstræti 45, í eða yfir tjörn, yfir svæði, sem kallað var Grund, niður fyrir Hafnarstræti 41, í Bótarlækinn þar og í sjó fram í Bótinni og austan við Hafnarstrætið, en fjaran var rétt við Hafnarstrætið á þeim tíma.
- Stærð:** 5
- Tegund flóðs:** Þurr flekahlaup.
- Veður:** Hinn 01.04.1953 var hámarkshiti í Bolungarvík  $-6.0^{\circ}\text{C}$  og 02.04.1953 var hann  $-05.0^{\circ}\text{C}$ . Fram til 23.03. var hitinn lengst af yfir frostmarki.
- Mannskaðar og tjón:** GVJ: Snjóflóð flutti legstein úr kirkjugarðinum og stöðvaðist hann neðan við þar sem Essóstöðin var byggð síðar, en hún fór í flóðinu 26. október 1995. Legsteinninn var á leiði bróður hans og afa.  
ÓJ: Olli spjöllum á kirkjugarðinum.  
EJ: Tók suðurhlið kirkjugarðsins og braut garðveggi við Svíahúsið.  
GF: Mikill grjót- og aurburður var í tungunni og upp alla hlíf.  
SG: Afi SG var frá Flateyri og dó 1954. Árið áður en hann dó, fór hann að laga leiði eftir snjóflóð, en í því fór hálfur kirkjugarðurinn.
- Heimildir:** Eggert Jónsson. Viðtal SHH 1996.  
Guðmundur Valgeir Jóhannesson. Viðtöl SHH 1996 og 1998.  
Sveinn Guðbjartsson. Viðtal SHH 1996.  
Ingunn Gunnarsdóttir. Viðtal SHH 1998.  
Gunnlaugur Finnsson, Hvilft. Viðtöl SHH 1996, 1998 og 2002.  
Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 301.  
Kristjana G. Eyþórsdóttir 1981. Snjóflóð á Flateyri – Veður í snjóflóðum. Háskóli Íslands, B.S. ritgerð, jarðfræðiskor, 8–10.  
Kristjana G. Eyþórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands.  
Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Öundur fjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.  
Haflíði Helgi Jónsson 1983. Snjóflóð á Vestfjörðum. Snjóflóðaskrár. Veðurstofa Íslands.
- Athugasemdir:** SHH: Flóðið var skráð fyrr, en fór lengra en þar kom fram.  
Hjá ÓJ kemur fram að mannskætt snjóflóð hafi fallið 03.04.1953 að Auðnum í Svarfaðardal, að víða hafi fallið snjóflóð á sama tíma í dölum við Eyjafjörð og einnig í Skagafirði.  
IG: Á Flateyri hafa oft komið snjóflóð, og man hún eftir að þau hafi tvisvar fallið á kirkjugarð og a.m.k. annað þeirra valdið skemmdum. Hún man ekki vel tímenn, en þetta var kannski 1940–1950.
-



### Eyrarfjall, utanvert 02.04.1953

<b>Númer:</b>	5005 (ekki hnitad)
<b>Dagsetning:</b>	02.04.1953.
<b>Upptök:</b>	Nokkur flóð.
<b>Farvegur:</b>	Flóð úr giljum.
<b>Tunga:</b>	GF: Hrönnin var mjög skítug 2–3 vikum seinna, jafnvel skítugri en eftir októberflóðið.
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurr flekaflóð?
<b>Veður:</b>	Sjá flóð nr. 5004 fyrir framan.
<b>Heimildir:</b>	Gunnlaugur Finnsson, viðtal 1980. Kristjana G. Eyþórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands. Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Öundurarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.

---

### Skollahvilft 1955

<b>Númer:</b>	5043 (i)
<b>Dagsetning:</b>	1955.
<b>Tunga:</b>	Á kirkjugarð og líklega niður fyrir hann innanverðan.
<b>Stærð:</b>	3.5
<b>Tegund flóðs:</b>	Snjóflóð.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	Kirkjugarðsveggur laskaðist. GSG flutti til Flateyrar 1956 og eitt af hans fyrstu verkum þar var að flytja efni til að gera við kirkjugarðsvegg, sem farið hafði í snjóflóði.
<b>Heimildir:</b>	Eggert Jónsson. Viðtal SHH 1996. Guðmundur S. Gunnarsson. Viðtal SHH 1996.
<b>Athugasemdir:</b>	SHH: EJ heyrði um flóðið, en var á vertíð á þeim tíma.

---

### Skollahvilft líklega 14.03.1958

<b>Númer:</b>	5044 (i)
<b>Dagsetning:</b>	Líklega 14.03.1958.
<b>Upptök:</b>	GH: Greinilegt brot sást frá sjó um 150 m neðan við fjallsbrún.
<b>Tunga:</b>	GH: Hefur fallið yfir kirkjugarðinn. Það fór um 100 m frá Svíahúsinu og í sjó fram í Bótinni.
<b>Stærð:</b>	4
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurrt flekahlaup.
<b>Heimildir:</b>	Guðmundur Hagalínsson. Viðtal SHH 1996. Kristjana G. Eyþórsdóttir 1981. Snjóflóð á Flateyri – Veður í snjóflóðum. Háskóli Íslands, B.S. ritgerð, jarðfræðiskor, 10–12.
<b>Athugasemdir:</b>	GH man vel eftir snjóflóði úr Skollahvilft 1958, sem tengdust persónulegum minningum, og man greinilega eftir broti þess 150 m neðan við brún í hvilftinni. KGE (1981): Snjóflóð 14. og 15. mars 1958. Í þetta sinn komu tvö snjóflóð með dags millibili. Upptök þeirra eru óljós í heimildinni. Fyrra flóðið gæti hafa komið úr Skollahvilft, en það síðara úr hlíðinni einhvers staðar innar í firðinum. SHH: Niðurstaðan varð að skrá snjóflóð úr Skollahvilft og tvö á Selabólurð eða nágrenni þessa tvo daga, vegna þess að HHJ hafði skráð 2 flóð á Sela-

bólsurð og öruggt er að flóð féll úr Skollahvilft 1958, þó það gæti hafa verið annan dag.

Þetta flóð var ekki skráð í eldri snjóflóðasamantektum á Veðurstofunni, t.d. frá JGE (1989) og HHJ (1983).

Sjá flóð nr. 5431 á Hvilftarströnd–Selabólsurð og nr. 5560 á Selabólsurð.

---

### Skollahvilft um 1960

<b>Númer:</b>	5046 (i)
<b>Dagsetning:</b>	Um 1960.
<b>Tunga:</b>	Mjó spýja féll utan við kirkjugarðinn, niður undir hann miðjan.
<b>Stærð:</b>	3
<b>Tegund flóðs:</b>	Snjóflóð.
<b>Heimildir:</b>	Björn Önundarson. Viðtal SHH 1996.
<b>Athugasemdir:</b>	Hið minna var nær þeim stað, sem Skollahvilftarflóðið féll í vetur. Það var utan við kirkjugarðinn, bara spýja, mjótt (eins og garður), en náði niður undir kirkjugarðinn miðjan. Björn taldi nokkuð öruggt að bæði flóðin hafi fallið 1960. Hann bjó þarna fá ár.

---

### Innra–Bæjargil um 1960

<b>Númer:</b>	5047 (i)
<b>Dagsetning:</b>	Um 1960.
<b>Staðsetning:</b>	Líklega Innra–Bæjargil.
<b>Tunga:</b>	Stöðvaðist líklega 10–20 m ofan við bílskúr, sem tilheyrði sjúkraskýlinu. Breidd líklega 3–4 m neðst, og þó nokkurt snjómagnt.
<b>Stærð:</b>	5
<b>Tegund flóðs:</b>	Snjóflóð.
<b>Heimildir:</b>	Björn Önundarson. Viðtal SHH 1996.
<b>Athugasemdir:</b>	Stærra snjóflóðið var fyrir ofan sjúkraskýlið, stefndi aðeins utan við það, beint á bílskúr, sem tilheyrði því og stöðvaðist 10–20 m ofan við hann. Þetta flóð hefur líklega verið úr Innra–Bæjargili. Hann hélt að það hefði verið 3–4 m á breidd neðst, en samt þó nokkurt snjómagnt. SHH: Þetta er lengsta þekkta flóð á þessum stað.

---

### Miðhryggsgil, ofan við Sólvelli 1960–1970

<b>Númer:</b>	5048 (i)
<b>Dagsetning:</b>	1960–1970.
<b>Staðsetning:</b>	Miðhryggsgil? Ofan við Sólvelli.
<b>Tunga:</b>	Flóðið tók skúr áfastan við bæinn, og féll á svipuðum stað og flóðið í Súðavíkurhrinunni, sem fór yfir rústir bæjarins.
<b>Tegund flóðs:</b>	Snjóflóð.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	HH: Snjóflóð tók skúr áfastan við íbúðarhúsið, þegar ég var ekki heima. GH: Fór horn af hjalli þar í snjóflóði eftir 1930 og kom það nærri íbúðarhúsinu. GF: Flóð tók skúr áfastan við bæinn.
<b>Heimildir:</b>	Hjördís Hjörleifsdóttir. Viðtal SHH 1996. Guðfinna Hinriksdóttir. Viðtal SHH 1996.

- Athugasemdir:** Gunnlaugur Finnsson, Hvilft. Viðtal SHH 1996.  
GF: Flóð milli 1960 og 1970 tók skúr áfastan við bæinn, var á svipuðum stað og flóðið í Súðavíkurrhinunni, sem fór yfir rústir bæjarins.  
SHH: Flóð nr. 5029 féll þann 18.01.1995 í Súðavíkurrhinunni, og fór innan við rústirnar, en flóð nr. 5033 féll yfir þær þann 17.03.1995.  
HH: Sagði snjóflóð hafa tekið skúr áfastan við íbúðarhúsið, þegar hún var ekki heima.  
GH: Fjölskyldan fór tvisvar til Flateyrar vegna snjóflóðahættu á Sólvöllum.  
SHH: Föðurbróðir Guðfinnu, en faðir Hjördísar byggði Sólvelli um 1928.

---

### Skollahvilft 1963–1965

- Númer:** 5049 (i)  
**Dagsetning:** Um 1963–1965.  
**Tunga:** Fór að Svíahúsinu, en ekki á það, og í sjó fram í Bótinni.  
**Stærð:** 4.5  
**Tegund flóðs:** Snjóflóð.  
**Heimildir:** María Jóhannsdóttir. Viðtal SHH 1996.  
Guðfinna Hinriksdóttir. Viðtal SHH 1997.  
**Athugasemdir:** MJ: Eftir að símstöð flutti, en það var 1963. Var inni á símstöð, er kóf af flóðinu byrgði sýn.  
GH: Fór að Svíahúsinu, en skemmdi ekkert. Þetta var ekki sama flóð og fór yfir hænsnakofann (nr. 5007 árið 1969).

---

### Miðhryggsgil eða Litlahryggsgil 04.02.1968

- Númer:** 5006 (u)  
**Dagsetning:** 04.02.1968.  
**Tunga:** Snjóflóðið féll á Sólbakkaengjar.  
**Tegund flóðs:** Snjóflóð.  
**Heimildir:** Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 332.  
Ólafur Jónsson 1972. Snjóflóð og snjóflóðahætta á Íslandi. II. Snjóflóða-annáll 1958 til 1971. Jökull 21, 32.  
Kristjana G. Eypórsdóttir 1988. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá og farvegakort. Áfangaskýrsla. Veðurstofa Íslands.  
Kristjana G. Eypórsdóttir 1981. Snjóflóð á Flateyri – Veður í snjóflóðum. Háskóli Íslands, B.S. ritgerð, jarðfræðiskor, 12–14.  
Haflíði Helgi Jónsson 1983. Snjóflóð á Vestfjörðum. Snjóflóðaskrár. Veðurstofa Íslands.

---

### Skollahvilft 10.11.1969

- Númer:** 5007 (i)  
**Dagsetning:** 10.11.1969, um kl. 10.  
**Tunga:** Flóðið féll á milli Sólbakka og kirkjugarðsins. Það féll í sjó fram í Bótinni og olli nokkurri flóðbylgju. Ytri jaðar flóðsins var í um 100 m fjarlægð frá næstu íbúðarhúsum.  
**Stærð:** Breidd tungu áætluð 300 m.  
4

<b>Tegund flóðs:</b>	Þurr flekahlaup.
<b>Veður:</b>	ÓJ: Mikil snjócoma hafði verið víða um land, en þó einkum á Vestfjörðum, þegar þetta varð.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	Innri jaðar flóðsins lenti á hæsnahúsi er stóð rétt utan við Sólbakka, fór flóðið í gegnum húsið og um 100 hænsni fórust af 250. Flóðið sleit háspennulínuna á þessum slóðum og teppti veginn inn í þorpið.
<b>Heimildir:</b>	Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 336–337. Ólafur Jónsson 1972. Snjóflóð og snjóflóðahætta á Íslandi. II. Snjóflóðaannáll 1958 til 1971. Jökull 21, 34. Kristjana G. Eyþórsdóttir 1981. Snjóflóð á Flateyri – Veður í snjóflóðum. Háskóli Íslands, B.S. ritgerð, jarðfræðiskor, 14–15. Kristjana G. Eyþórsdóttir 1988. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá og farvegakort. Áfangaskýrsla. Veðurstofa Íslands. Kristjana G. Eyþórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands. Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Öundurarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands. Einar Oddur Kristjánsson. Viðtal KGE 1980. SHH 1997. Í viðtölum 1996–1997 kom fram, að margir mundu eftir þessu flóði, sem var þegar vel þekkt. Haflíði Helgi Jónsson, 1983. Snjóflóð á Vestfjörðum. Snjóflóðaskrár. Veðurstofa Íslands. Gunnlaugur Finnsson. Viðtal SHH 1996.
<b>Athugasemdir:</b>	Í KGE (1988) er kort á mynd 2 og flóðið teiknað samkvæmt því. GF: Gríðarlega mikið snjóflóð kom 1969. Maður hafði hæsnabú ofan og utan við Sólbakka, nálægt mikilli efnistöku Vegagerðarinnar. Hann gekk fjöru til að fara að gefa hæsnunum, en var ráðlagt að bíða þennan dag, sem hann gerði. Síðan féll snjóflóðið og drap mörg hænsni.

---

### Innra-Bæjargil 1970–1972

<b>Númer:</b>	5149 (u)
<b>Dagsetning:</b>	1970–1972.
<b>Tunga:</b>	Flóðið fór niður fyrir Goðahól.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	Flóðið tók með sér hluta af fiskhúshjalla.
<b>Stærð:</b>	4
<b>Heimildir:</b>	Daði Ingimundarson, Tannanesi. Viðtal SHH 2002.
<b>Athugasemdir:</b>	Flóðið fór niður fyrir Goðahól og tók með sér hluta af fiskhúshjalla. DI var að kenna á Flateyri og fóru krakkarnir að leika sér á flóðinu. Seinna fór fiskhúshjallinn alveg með flóði.

---

### Ytra-Bæjargil og Eyrarfjall utanvert 11.02.1974

<b>Númer:</b>	5008 (i)
<b>Dagsetning:</b>	11.02.1974.
<b>Upptök:</b>	Þrjú gil í utanverðu Eyrarfjalli.
<b>Tunga:</b>	Flóðin náðu í sjó fram.
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurr flekahlaup. Hengjuhlaup.

**Veður:**

SR: Hlýindakaflar og væg frost skiptust á í janúar 1974. Snjór hljóp í gadd upp í hæstu fjallabrúnir. Norðan stórhrið var 9.–12. febrúar um allt norðanvert landið. Mikill fannburður var, og veðurofsi 8 til 10 vindstig. Á Vestfjörðum skall óveðrið á 8. febrúar, þ.e.a.s. á sama degi og Halaveðrið 1925. Rökum sólarhring síðar var komin iðulaus stórhrið um allt Norður- og Norðausturland. Úti við ströndina var hiti nálægt frostmarki, mikið ísingarveður, einkum norðanlands.

JGE: 8.–13. febrúar var norðan óveðurskafla um allt Norðurland. Mikill fannburður var og veðurofsi 8 til 10 vindstig. Úti við ströndina var hiti nálægt frostmarki og mikið ísingarveður.

KGE: Febrúar var óvenju snjóþungur. ... Í veðurbók febrúar lýsir athugunarmaðurinn á Þórustöðum tíðarfarinu svo: „Fyrstu daga mánaðarins var snjó-koma og slydda en frostlaust að mestu fram að 5. Var síðan frost og öllu meiri snjó-koma og hriðarveður á stundum fram á 13. Sleitulaus hrið var frá 8.–13. Verst var veðrið aðfaranótt 12.“ Snjóflóðin úr hlíðinni og ofan við Flateyri féllu einhvern tíma um miðjan dag þ. 11.

SHH: Í greinargerð Halldórs Björnssonar (2002) kemur fram að dagana sem flóðin féllu, hafi verið norðaustan stormur og frost, og ofsaveður á Galtarvita og í Æðey. Mikil úrkoma mældist þar einnig 2. til 3. febrúar, en á Þórustöðum í Önundarfirði mældist úrkoma einungis í síðari úrkomukaflanum, rétt fyrir flóðin. Sýnir það aðeins hve úrkoma getur verið staðbundin.

**Mannskaðar og tjón:**

**Heimildir:**

Laskaði raflínuna Flateyri–Suðureyri.

Guðrún Pálsdóttir. Viðtöl SHH 1998 og 2002.

Elísabet Pétursdóttir. Viðtal SHH 1998.

Guðmundur Björgvinsson. Viðtal SHH 2002.

Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 357.

Sigurjón Rist 1975. Snjóflóðaánnáll árána 1972 til 1975. Jökull 25, 55.

Kristjana G. Eypórsdóttir 1981. Snjóflóð á Flateyri – Veður í snjóflóðum. Háskóli Íslands, B.S. ritgerð, jarðfræðiskor, 15–17.

Kristjana G. Eypórsdóttir 1988. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá og farvegakort. Áfangaskýrsla. Veðurstofa Íslands.

Kristjana G. Eypórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands.

Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaánnáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.

Haflíði Helgi Jónsson 1983. Snjóflóð á Vestfjörðum. Snjóflóðaskrár. Veðurstofa Íslands.

**Athugasemdir:**

SHH: Þann 11.–12.02.1974 gekk mikil snjóflóðahrina yfir Önundarfjörð og 10.–12.02. um norðanverða Vestfirði. Flóð féllu úr öllum giljum í norðanverðum Önundarfirði, svo sem Ytra–Bæjargili, Innra–Bæjargili, Skollahvilft, Selabólsurð, Breiðadal, Veðrarárfjalli, Tannaneshlíð, Korpudal, Bjarnardal og Valþjófsdal.

GP og EP 1998: Báðar mundu eftir flóði úr Ytra–Bæjargili og sá Einar, maður Guðrúnar, það líka svo og Emil Hjartarson. Það var mjög kröftugt er það féll í sjó fram, eins og vafði upp sjónum. Það var líklega 1974, sama dag og haldið var þorablót.

GB og GP 2002: Guðmundur hafði séð bíl og mann kveikja bál á svæðinu þar sem flóðið fór. Hann fór að leita að honum, en í ljós kom að maðurinn hafði farið áður en flóðið féll. Guðrún horfði á það og þegar það féll í sjó fram myndaðist „bakfallabylgja“

KGE: ... féllu snjóflóð úr öllum hlíðum í norðanverðum Önundarfirði, þar sem nokkur möguleiki var á. ... Snjóflóðin úr hlíðinni og ofan við Flateyri féllu einhvern tíma um miðjan dag þ. 11.

SHH: Snjóflóð nr. 4 hjá SR á korti bls. 55 í Jökli 25.

KGE tilgreinir ekki nánar staðsetningar flóða í þessari hrinu.

---

### Innra-Bæjargil 11.02.1974

- Númer:** 5009 (i)
- Dagsetning:** 11.02.1974.
- Tunga:** JGE: Flóðið féll til sjávar í Eyrarbót.
- ÓJ: ... tók stóran fiskhjall, sem útgerðarfélagið Hjálmur átti. Hjallurinn stóð utan við Goðahól. Það mölbraut hjallinn og flutti niður í fjöru. Snjóflóðið fór niður nálægt nýbyggðum húsum við Hjallaveg.
- EH 1985: Mynd í skýrslunni sýnir tungu flóðsins skv. lýsingu manns á Flateyri 1984.
- SHH: Flóðtungur úr Skollahvilft og Innra-Bæjargili virðast hafa verið allt að samfelldar yfir alla eyrina, neðan við þar sem raðhúsallengjan var síðar byggð.
- SR sýnir þessi flóð aðgreind í nokkra hluta á mjög grófu korti í Jökli. Samkvæmt viðmælendum 1996, sem skoðuðu flóðið einna fyrst, mun tungan hafa náð niður undir barnaskóla, eða langleiðina þangað, og hröngl kom enn neðar, eða að húsi við Eyrarveg 12.
- Stærð:** 5
- Tegund flóðs:** Þurrt flekahlaup.
- Veður:** Sjá nr. 5008 hér fyrir framan.
- Mannskaðar og tjón:** ÓJ: Braut 3 staura í raflínunni Flateyri-Suðureyri og tók stóran fiskhjall sem útgerðarfélagið Hjálmur átti. Hjallurinn stóð við Goðahól. Það mölbraut hjallinn og flutti niður í fjöru.
- Heimildir:** Guðmundur S. Gunnarsson. Viðtal SHH 1996.  
Guðni Ágústsson. Viðtal SHH 1998.  
Erik Hestnes. Viðtöl SHH 1998 og 1999.  
Erik Hestnes 1985. Skredefare i arealbruksammenheng. Studietur i Island 30.07.–05.08.1984. NGI Report 58030–3.  
Emil Hjartarson. Viðtal KGE 1980.  
Eiríkur Guðmundsson. Viðtal SHH 1996.  
Elísabet Sara Guðmundsdóttir. Viðtal SHH 1996.  
Jónína Ásbjarnardóttir. Viðtal SHH 1996.  
Emil Ragnar Hjartarson. Viðtal SHH 1996.  
Eggert Jónsson. Viðtal SHH 1996.  
Sigurjón Rist 1975. Snjóflóðaannáll árána 1972 til 1975. Jökull 25, 55.  
Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 357.  
Kristjana G. Eyþórsdóttir 1981. Snjóflóð á Flateyri – Veður í snjóflóðum. Háskóli Íslands, B.S. ritgerð, jarðfræðiskor, 15–17.  
Kristjana G. Eyþórsdóttir 1988. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá og farvegakort. Áfangaskýrsla. Veðurstofa Íslands.  
Kristjana G. Eyþórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands.  
Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.

- Hafliði Helgi Jónsson 1983. Snjóflóð á Vestfjörðum. Snjóflóðaskrár. Veðurstofa Íslands.
- Athugasemdir:** Sjá flóð nr. 5008 og 5010.
- KGE: ... féllu snjóflóð úr öllum hlíðum í norðanverðum Önundarfirði, þar sem nokkur möguleiki var á. ... Snjóflóðin úr hlíðinni og ofan við Flateyri féllu einhvern tíma um miðjan dag þ. 11.
- SHH: Snjóflóð nr. 5 á korti SR á bls. 55 í Jökli 25.
- Erik Hestnes var hér á ferð 30.07.84–05.08.84, og skrifaði innanhússkýrslu NGI um ferðina. Mynd 11A í skýrslunni sýnir að flóðtungurnar hafa verið samfelldar yfir alla eyrina sum staðar neðan við Eyrarveg.
- KGE tilgreinir ekki nánar staðsetningar flóða í þessari hrinu.
- Flóð úr Innra–Bæjargili 1974 hefur farið lengra en teiknað var á kort í fyrri samantektum snjóflóðasögunnar, eða næstum að skólalúsi, þar sem tungan var um 70 cm þykk, og fór hröngl að Eyrarvegi 12, og var nokkuð samfelld tunga yfir alla eyrina neðan við þar sem raðhúsallengjan var síðar byggð. Sjá mynd í skýrslu eftir Erik Hestnes frá 31. janúar 1985.
- HHJ segir um þetta flóð „Gil utan Skollahvilft“.
- KGE (1988): Úr næsta gili utan við Skollahvilft (eða úr Skollahvilft sjálfri, innskot SHH).

---

### Skollahvilft 11.02.1974

- Númer:** 5010 (i)
- Dagsetning:** 11.02.1974.
- Tunga:** SR: Tungan fór yfir utanverðan Eyrarhrygg, yfir kirkjugarðinn og í sjó fram.
- GÁ: Byrjaði að moka við Rauðu rósina, en þar var flóðið þunnt, en um það bil samfellt. Það var ekki mjög nærri Sólbakka, en var um 2–3 m þykkt uppi á hæðinni í Króknum.
- EH 1985: Mynd í skýrslunni sýnir tungu flóðsins skv. lýsingu manns á Flateyri 1984.
- SHH: Flóðtungur úr Skollahvilft og Innra–Bæjargili virðast hafa verið allt að samfelldar yfir alla eyrina, neðan við þar sem raðhúsallengjan var síðar byggð við Hjallaveg.
- Stærð:** 4.5
- Tegund flóðs:** Þurrt flekahlaup.
- Veður:** Sjá nr. 5008 hér fyrir framan.
- Mannskaðar og tjón:** SR: Snjóflóðið féll yfir kirkjugarðinn, en hann var áður kominn á kaf í fönn, svo skemmdir urðu litlar eða engar. Háspennulínan hefur verið flutt og er nú strengd yfir voginn innan Flateyrar, svo að hana sakaði ekki.
- Heimildir:** Guðmundur S. Gunnarsson. Viðtal SHH 1996.
- Guðni Ágústsson. Viðtal SHH 1998.
- Erik Hestnes. Viðtöl SHH 1998 og 1999.
- Erik Hestnes 1985. Skredefare i arealbruksammenheng. Studietur i Island 30.07–05.08.1984. NGI Report 58030–3.
- Sigurjón Rist 1975. Snjóflóðaánnáll árána 1972 til 1975. Jökull 25, 55.
- Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 357.
- Kristjana G. Eypórsdóttir 1981. Snjóflóð á Flateyri – Veður í snjóflóðum. Háskóli Íslands, B.S. ritgerð, jarðfræðiskor, 15–17.

Kristjana G. Eyþórsdóttir 1988. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá og farvegakort. Áfangaskýrsla. Veðurstofa Íslands.

Kristjana G. Eyþórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands.

Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Öfundarfjörð. Snjóflóðaánnáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.

Hafliði Helgi Jónsson 1983. Snjóflóð á Vestfjörðum. Snjóflóðaskrár. Veðurstofa Íslands.

#### Athugasemdir:

Sjá flóð nr. 5008.

KGE (1981): ... féllu snjóflóð úr öllum hlíðum í norðanverðum Öfundarfirði, þar sem nokkur möguleiki var á. ... Snjóflóðin úr hlíðinni og ofan við Flateyri féllu einhvern tíma um miðjan dag þ. 11.

KGE (1988): Tvö eða eitt flóð, sem klofnaði í tvær tungur. Önnur tungan fór yfir utanverðan Eyrarhrygg og yfir kirkjugarðinn og í sjó fram. Hin tungan féll yfir innanverðan Eyrarhrygg.

GÁ: Skollahvilft og Innra-Bæjargil hlupu. Var flóðið 12 m frá barnaskólanum, fór yfir Goðahól og tók fiskhjall. Fór það á Hjallaveg. Guðni byrjaði að moka við Rauðu rósina, en þar var það þunnt, en um það bil samfellt. Það var ekki mjög nærri Sólbakka, en var um 2–3 m þykkt uppi á hæðinni í Króknum.

SHH: Snjóflóð nr. 6 hjá SR á korti bls. 55 í Jökli 25.

Erik Hestnes var hér á ferð 30.07. til 05.08.1984, og skrifaði innanhússkýrslu NGI. Þar sýnir mynd 11A að flóðtungurnar hafa verið samfelldar yfir alla eyrina neðan við Eyrarveg.

KGE tilgreinir ekki nánar staðsetningar flóða í þessari hrinu.

JGE hafði skráð saman 2 flóð úr Skollahvilft eða tvær tungur í einu flóði. Hér er þeim skipt upp, því samkvæmt SR í Jökli 25, bls. 55, voru flóðin tvö, þ.e. nr. 6 og 7.

Flóðtungur úr Skollahvilft og Innra-Bæjargili virðast hafa verið allt að samfelldar yfir alla eyrina, neðan við þar sem raðhúsallengjan var síðar byggð.

### Skollahvilft 11.02.1974

<b>Númer:</b>	5050 (u)
<b>Dagsetning:</b>	11.02.1974.
<b>Staðsetning:</b>	Skollahvilft, spölkorn innar en flóð nr. 5010.
<b>Farvegur:</b>	Innarlega í Skollahvilft.
<b>Tunga:</b>	Í framhaldi af upplýsingum um snjóflóðið nr. 5010 hér að framan segir SR: Sama dag féll annað snjóflóð spölkorn innar. Það kom einnig úr Skollahvilft – þar er þekktur snjóflóðastaður og hefur oft valdið verulegu tjóni. JGE: Tungan féll yfir innanverðan Eyrarhrygg. Tungan var teiknuð gróflega eftir korti SR.
<b>Stærð:</b>	3.5
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurr flekahlaup.
<b>Veður:</b>	Sjá nr. 5008 hér fyrir framan.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	Ekkert.
<b>Heimildir:</b>	Sigurjón Rist 1975. Snjóflóðaánnáll árána 1972 til 1975. Jökull 25, 55. Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 357. Kristjana G. Eyþórsdóttir 1981. Snjóflóð á Flateyri – Veður í snjóflóðum. Háskóli Íslands, B.S. ritgerð, jarðfræðiskor, 15–17.



Kristjana G. Eyþórsdóttir 1988. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá og farvegakort. Áfangaskýrsla. Veðurstofa Íslands.

Kristjana G. Eyþórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands.

Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Öundurarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.

Haflíði Helgi Jónsson 1983. Snjóflóð á Vestfjörðum. Snjóflóðaskrár. Veðurstofa Íslands.

**Athugasemdir:**

Sjá flóð nr. 5008.

Þetta flóð var spölkorn innar en nr. 5010, féll yfir innanverðan Eyrarhrygg.

KGE (1981): Snjóflóðin úr hlíðinni og ofan við Flateyri féllu einhvern tíma um miðjan dag þ. 11.

KGE (1988): Tvö eða eitt flóð, sem klofnaði í tvær tungur. Önnur tungan fór yfir utanverðan Eyrarhrygg og yfir kirkjugarðinn og í sjó fram. Hin tungan féll yfir innanverðan Eyrarhrygg.

SHH: Snjóflóð nr. 7 á korti SR á bls. 55 í Jökli 25.

JGE hafði skráð saman 2 flóð úr Skollahvilft eða tvær tungur í einu flóði. Hér er þeim skipt upp, því samkvæmt SR í Jökli 25, bls. 55, voru flóðin tvö, þ.e. nr. 6 og 7.

Í framhaldi af upplýsingum um snjóflóðið nr. 5010 fyrir framan segir SR: Sama dag féll annað snjóflóð spölkorn innar. Það kom einnig úr Skollahvilft – þar er þekktur snjóflóðastaður og hefur oft valdið verulegu tjóni.

---

### Miðhryggsgil og/eða Litlahryggsgil 11.02.1974

**Númer:** 5011 (i)

**Dagsetning:** 11.02.1974, kl. 13.

**Tunga:** Flóðið féll á milli Sólbakka og Hvilftar. Ytri jaðar tungunnar var um 20 m innan við Sólvallahúsið.

Flóðið féll í sjó fram.

Breidd flóðsins var áætluð um 400 m.

**Stærð:** 5

**Tegund flóðs:** Þurrt flekahlaup.

**Veður:** Sjá nr. 5008 hér fyrir framan.

**Mannskaðar og tjón:** SR: Flóðið braut fjóra staura í 33 kV orkulínunni frá Mjólka og sleit línuna, einnig tók það sjónvarpshús, sem var að vísu niður lagt, en í því var talstöð frá Landsíma Íslands. Sjónvarpshúsið fannst rekið handan fjarðarins, gjörónýtt.

GP og EP: Sjónvarpshúsið fór innan og ofan við Sólvelli 1974.

GA: Á fyrstu árum sjónvarpsins var reistur sendir innan við Sólvelli, sem fór síðan í snjóflóði.

JGE: Sjónvarpshúsið stóð uppi í hlíðinni.

**Heimildir:** Gunnlaugur Finnsson. Viðtal KGE 1980. Viðtal SHH 2002.

Guðrún Pálsdóttir. Viðtal SHH 1998.

Elísabet Pétursdóttir. Viðtal SHH 1998.

Grétar Arnbergsson. Viðtal SHH 1998.

Kristjana G. Eyþórsdóttir 1988. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá og farvegakort. Áfangaskýrsla. Veðurstofa Íslands.

Kristjana G. Eyþórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands.

Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaánnáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.

Sigurjón Rist 1975. Snjóflóðaánnáll árána 1972 til 1975. Jökull 25, 55.

Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 358.

Kristjana G. Eypórsdóttir 1981. Snjóflóð á Flateyri – Veður í snjóflóðum. Háskóli Íslands, B.S. ritgerð, jarðfræðiskor, 15–17.

Hafliði Helgi Jónsson 1983. Snjóflóð á Vestfjörðum. Snjóflóðaskrár. Veðurstofa Íslands.

**Athugasemdir:**

GA: Snjóflóð koma alltaf þarna niður ef snjóflóðhætta er, en ekki s.l. tvo vetur.

KGE: ... féllu snjóflóð úr öllum hlíðum í norðanverðum Önundarfirði, þar sem nokkur möguleiki var á. ... Snjóflóðin úr hlíðinni og ofan við Flateyri féllu einhvern tíma um miðjan dag þ. 11.

KGE tilgreinir ekki nánar staðsetningar flóða í þessari hrinu.

SHH: Snjóflóð nr. 8 á korti SR á bls. 55 í Jökli 25, er sagt hafa fallið úr Skollahvilft, milli Sólbakka og Hvilftar, sem er ekki í samræmi við kortið.

---

**Snjóflóð 01.08.1975 – 31.07.1987, kort 5**

---

**Ytra-Bæjargil 05.02.1977**

**Númer:** 5012 (i)

**Dagsetning:** 05.02.1977, kl. 17.

**Upptök:** GSG og HHJ: Hæð 550–600 m.

**Farvegur:** ÁJE: Breidd a.m.k. 400 m (6 staurar, fjarlægð milli staura á þessum stað er að meðaltali u.þ.b. 80 m).

ÓJ: Flóðið mun hafa verið a.m.k. 200 m breitt þar sem það lenti á línunni en breiðara þegar neðar dró.

**Tunga:** Flóðið stöðvaðist í sjó.

Breidd: 400 m.

Þykkt: 2.5–3 m.

**Tegund flóðs:** Þurrt flekahlaup/foksnjóflóð.

ÁJE: Þarna mun hafa verið um flekahlaup að ræða, sem jafnframt tók með sér snjó, sem fyrir var í hlíðinni neðan undir upptökustaðnum.

**Veður:** Sjá KGE (1981), bls. 17–18.

**Mannskaðar og tjón:** Braut fimm staura í raflínunni Flateyri/Suðureyri, og bar hluta af þeim í sjó fram. Flóðið bar fram mikið af grjóti.

ÁJE: Snjóflóðið féll á raflínuna frá Flateyri til Suðureyrar og tók með sér 6 staura. Fjarlægð staura á þessum stað er að meðaltali u.þ.b. 80 m. Leifar af staurum og öðrum búnaði raflínunnar fundust niður við veg og niðri í fjöru.

SHH: Samkvæmt þessu ætti að vera um a.m.k. 400 m breitt flóð að ræða.

ÓJ: Braut flóðið sex staura skammt frá Flateyri. Voru íbúar við Súgandafjörð af þessum sökum rafmagnslausir í nokkra daga (skv. Mbl. 8. og 9. febrúar).

**Heimildir:** Gunnar S. Guðmundsson, Vegagerð ríkisins, Flateyri. Viðtal JGE.

Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 357.

Kristjana G. Eypórsdóttir 1981. Snjóflóð á Flateyri – Veður í snjóflóðum. Háskóli Íslands, B.S. ritgerð, jarðfræðiskor, 17–18.

Kristjana G. Eyþórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands.

Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.

Hafliði Helgi Jónsson 1981. Snjóflóðaannáll árána 1975–1980, tafla 2. Jökull 31, 49.

Hafliði Helgi Jónsson 1983. Snjóflóð á Vestfjörðum. Snjóflóðaskrár. Veðurstofa Íslands.

Kristinn J. Jónsson 1997. Snjóflóð í Ísafjarðarsýslum 1976–1995, fyrri hluti. Vegagerðin á Ísafirði.

Árni Jón Elfásson, Línudeild RARIK. Bréf í möppu Sigurjóns Rist, dagsett í febrúar 1978. Heimildarmenn ÁJE voru Páll Ásgeirsson á Flateyri og Hreinn Ólafsson í Bolungarvík. Með bréfinu fylgdi teikning af flóðinu á grófu korti (kort SR úr Jökli 1974).

**Athugasemdir:**

SHH: Í töflu 2, bls. 49 í Jökli 31 eftir Hafliða Helga Jónsson er snjóflóð 400 m utan Flateyrar á þessum degi, eflaust sama flóð og hér er.

---

### Skollahvilft 1978–1979

**Númer:** 5051 (u)  
**Dagsetning:** 1978–1979.  
**Tunga:** Flóðið fór niður fyrir kirkjugarð.  
**Stærð:** 4.0  
**Tegund flóðs:** Snjóflóð.  
**Heimildir:** Reynir Traustason blaðamaður á DV. Samtal Jóns Gunnars Egilssonar við RT 13.11.1995. Frumheimildarmanns ekki getið.

---

### Skollahvilft 29.11.1979

**Númer:** 5013 (u)  
**Dagsetning:** 29.11.1979.  
(KJJ: 28.11.1979).  
**Tunga:** HHJ (1979): Þann 30.11.1979. Í dag skýra Þjóðviljinn og Morgunblaðið frá því að snjóflóð hafi fallið við Flateyri í gær. Mbl. segir það hafa fallið á kirkjugarð, á stað sem snjóflóð hafi fallið fyrir nokkrum árum, Þjóðv. segir það hafa farið yfir veg.  
HHJ (1983): Stöðvaðist á varnarkeilum ofan vegar.  
KGE: Flóðið féll fram að þjóðveginum og tvístraðist á bremsukeilum í flóðbrautartungu Skollahvilftar.  
**Stærð:** 3.5  
**Tegund flóðs:** Snjóflóð.  
HHJ: Þurrt flekahlaup.  
KJJ: Kófhlaup.  
**Heimildir:** Kristinn J. Jónsson, Vegagerð ríkisins, Ísafirði. (Ekki sagt nánar frá heimildinni í fyrri snjóflóðasögum, t.d. JGE 1995).  
Kristjana G. Eyþórsdóttir 1981. Snjóflóð á Flateyri – Veður í snjóflóðum. Háskóli Íslands, B.S. ritgerð, jarðfræðiskor, 18–20.  
Kristjana G. Eyþórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands.  
Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.

Hafliði Helgi Jónsson 1979. Dagbók.  
Hafliði Helgi Jónsson 1983. Snjóflóð á Vestfjörðum. Snjóflóðaskrár. Veðurstofa Íslands.  
Hafliði Helgi Jónsson 1981. Snjóflóðaannáll árána 1975–1980. Jökull 31, 54.  
Kristinn J. Jónsson 1997. Snjóflóð í Ísafjarðarsýslum 1976–1995, fyrri hluti. Vegagerðin á Ísafirði.  
**Athugasemdir:** KJJ: 28. nóv. 1979. Snjóflóð innan Flateyrar (kófhlaup fremur smátt í sniðum).  
KGE: Flóðið féll fram að þjóðveginum og tvístraðist á bremsukeilum í flóðbrautartungu Skollahvilftar. Bremsukeilurnar voru reistar 1978 og endurbættar 1979 (munnlegar og bréflugar upplýsingar vegagerðarmanna).  
SHH: Sennilega er það sama flóð og HHJ hafði skráð.  
Í töflu HHJ segir: „Þ.F. Stöðvaðist á varnarkeilum ofan vegar.“  
Flóð nr. 5051 fyrir framan féll lengra og líklega veturinn á undan, samkvæmt RT. Hér gæti þó verið um sama flóð að ræða, þar eð óljóst er hve langt þetta flóð féll.

---

### Innra-Bæjargil 08.11.1980

**Númer:** 5014 (u)  
**Dagsetning:** 08.11.1980.  
**Tunga:** Flóðið stöðvaðist ofarlega á Innri Bæjarhrygg.  
**Stærð:** 1  
**Tegund flóðs:** Snjóflóð.  
**Heimildir:** Hafliði Helgi Jónsson 1983. Snjóflóð á Íslandi veturinn 1980–81. Jökull 33, 150.  
Kristjana G. Eypórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands.  
Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.  
**Athugasemdir:** HHJ: Innri-Bæjarhryggur 08.10.1980. Ósamræmi er í dagsetningu.

---

### Skollahvilft eftir 1980

**Númer:** 5052 (u)  
**Dagsetning:** Eftir 1980.  
**Tunga:** Flóðið fór niður á milli Hjallavegar 12 og spennistöðvar.  
**Stærð:** 4  
**Tegund flóðs:** Kófhlaup.  
**Heimildir:** Reynir Traustason blaðamaður á DV. Samtal Jóns Gunnars Egilssonar við RT 13.11.1995. Frumheimildarmaður ekki nafngreindur.

---

### Skollahvilft desember 1981

**Númer:** 5053 (i)  
**Dagsetning:** Desember 1981.  
**Tunga:** Stöðvaðist ofan við kirkjugarð.  
**Stærð:** 3  
**Tegund flóðs:** Snjóflóð.

- Mannskaðar og tjón:** Tók bálköst sem byrjað var að hlaða fyrir gamlárskvöld.  
**Heimildir:** Guðjón Guðmundsson. Viðtal SHH 1998.  
Magnea Guðmundsdóttir. Viðtal SHH 1998.  
**Athugasemdir:** GG: Flóð fór langleiðina niður að kirkjugarði 1981 eða 1982, líklega 1981. Það var alltaf gerð brenna fyrir áramót. Hann fékk að henda þar timbri úr nýbyggingu blokkar við Hjallaveg 14–20. Flóðið dreifði braki úr brennuhleðslunni niður undir kirkjugarð, vel niður fyrir veg. Þetta hefur verið í desember, fyrir jól eða áramót.

---

### Ytra-Bæjargil og utar 24.–25.03.1987

- Númer:** 5015 (c)  
**Dagsetning:** Aðfaranótt 24.03.1987 og 25.03.1987.  
**Staðsetning:** Ytra-Bæjargil og Eyrarfjall, utan Flateyrar.  
**Tunga:** Flóðin utan Flateyrar stöðvuðust á og við veg sem liggur á sjávarbökkunum. Tungubreidd flóðanna fram til 26. var allt að 300 m og samtals féllu flóð á um eins kílómetra svæði, frá Eyrarhjöllum að skógræktargirðingu við Klofningshrygg.  
**Tegund flóðs:** Þurr flekahlaup.  
**Veður:** RG: Frá 22.03. og fram yfir flóðin var snjócoma, NA 4–6 vindstig og skafrenningur til fjalla. Hiti var rétt neðan við frostmark.  
**Mannskaðar og tjón:** Háspennustaurar brotnuðu og vegurinn til Suðureyrar varð ófær vegna flóða úr Ytra-Bæjargili.  
**Heimildir:** Rögnvaldur Guðmundsson, Orkubúi Vestfjarða, 1987. Snjóflóðaskýrsla.  
Steinar Guðmundsson, Flateyri, 1987. Snjóflóðaskýrsla.  
Magnús Már Magnússon 1988. Snjóflóð á Íslandi veturinn 1986/87. Jökull 38, 100.  
Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 406.  
Almannavarnanefnd Flateyrar. Fundargerð 25. mars 1987.  
**Athugasemdir:** SHH: Flóð nr. 5055 teiknuð eins og þessi flóð.  
Nr. 15 í fyrri útgáfu snjóflóðasögunnar og segir: „fimm flóð, a.m.k.“. Einnig eru sögð 5 flóð úr Eyrarfjalli hjá MMM í Jökli. Hér er þeim skipt upp í 3 skráningar. Sjá næstu skráningu á undan úr Skollahvilft (nr. 5054) og næstu á eftir úr Ytra-Bæjargili og utar úr Eyrarfjalli þann 26. mars (nr. 5055).  
Allt sem sagt er um þessi flóð hjá ÓJ er: Þá féllu snjóflóð úr Eyrarfjalli við Flateyri 24.–26. mars og brutu háspennustaura.  
Í fundargerð almannavarnanefndar er nefnt flóð utan við malargróf.  
RG: Sunnudaginn 22. mars og mánudaginn 23. mars snjóaði í NA-átt og hiti var um frostmark. Aðfaranótt þriðjudags féllu snjóflóð á raflínu utan við Flateyri og brotnuðu 2 staurar, á miðvikudag var viðgerð lokið og rafmagn komið á. Á meðan á viðgerð stóð féllu nokkur lausasnjóflóð á svæðinu en ollu ekki tjóni... Samfelld féllu snjóflóð á um eins kílómetra svæði frá Eyrarhjöllum að skógræktargirðingu við Klofningshrygg. – Flest flóðin komu úr hengjum neðan við brún, blönduð hlaup. Skafrenningskóf var allan tímann af NA svo ekki sást nema upp í miðjar hlíðar.

## Skollahvilft 24.–25.03.1987

<b>Númer:</b>	5054 (u)
<b>Dagsetning:</b>	24.–25.03.1987.
<b>Staðsetning:</b>	Skollahvilft.
<b>Tunga:</b>	Flóðið úr Skollahvilft var mjög lítið.
<b>Stærð:</b>	1
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurrt flekahlaup.
<b>Veður:</b>	Frá 22.03. og fram yfir flóðin var snjókoma, NA 4–6 vindstig og skafrenningur til fjalla. Hiti var rétt neðan við frostmark.
<b>Heimildir:</b>	Rögnvaldur Guðmundsson, Orkubúi Vestfjarða, 1987. Snjóflóðaskýrsla. Steinar Guðmundsson, Flateyri, 1987. Snjóflóðaskýrsla. Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 406. Almannavarnanefnd Flateyrar. Fundargerð 25. mars 1987.
<b>Athugasemdir:</b>	SHH: Í texta með „flóðum“ nr. 15 í fyrri útgáfu snjóflóðasögunnar segir: „fimm flóð, a.m.k.“. Hér er þeim skipt upp í 3 skráningar. Sjá tvær næstu skráningar á eftir (snjóflóð nr. 5015 og 5055). Myndir eru til frá 24. og 25. mars og 2. apríl, en ekki er í öllum tilfellum ljóst hvað tilheyrði hverju flóði. Allt sem sagt er um þessi flóð hjá ÓJ er: Þá féllu snjóflóð úr Eyrarfjalli við Flateyri 24.–26. mars og brutu háspennustaura. Sjá athugasemd með flóði nr. 15 úr Ytra–Bæjargili.

---

## Ytra–Bæjargil og utar úr Eyrarfjalli 26.03.1987

<b>Númer:</b>	5055 (c)
<b>Dagsetning:</b>	26.03.1987, kl. 14:30, 17 og 19.
<b>Staðsetning:</b>	Ytra–Bæjargil og Eyrarfjall utan Flateyrar.
<b>Uppþök:</b>	SHH: Alls flóð á um 1 km svæði. Gil í Eyrarfjalli utan Flateyrar. RG: Við fjallsbrún.
<b>Tunga:</b>	Flóðin utan Flateyrar stöðvuðust á og við veg sem liggur á sjávarbökkunum. Tungubreidd flóðanna var allt að 300 m og samtals féllu flóð á um eins kílómetra svæði, frá Eyrarhjöllum að skógræktargirðingu við Klofningshrygg.
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurr flekahlaup.
<b>Veður:</b>	Frá 22.03. og fram yfir flóðin var snjókoma, NA 4–6 vindstig og skafrenningur til fjalla. Hiti var -2° til -4°C og kólnandi. Snjór var mikill miðað við árstíma, 1–1.5 m í næsta nágrenni við flóðin.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	RG: Háspennustaurar brotnuðu og vegurinn til Suðureyrar varð ófær vegna flóða úr Ytra–Bæjargili. Almannavarnarnefnd: Tveir rafmagnsstaurar brotnuðu í fjallshlíðinni í gær og einn í dag.
<b>Heimildir:</b>	Rögnvaldur Guðmundsson, Orkubúi Vestfjarða, 1987. Snjóflóðaskýrsla. Steinar Guðmundsson, Flateyri, 1987. Snjóflóðaskýrsla. Kristjana G. Eyþórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands. Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands. Magnús Már Magnússon 1988. Snjóflóð á Íslandi veturinn 1986/87. Jökull 38, 100.

Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 406.

Almannavarnanefnd Flateyrar. Fundargerð 25.03.1987.

**Athugasemdir:**

SHH: Hnitað eins og flóð nr. 5015, og kemur þetta nr. fram á teikningu.

Sjá athugasemdir með flóðum nr. 5015 úr Ytra-Bæjargili og nr. 5054 úr Skollahvilft.

RG: Fimmtudaginn 26. um kl. 14:30 féll snjóflóð og braut einn staur og skekkti annan, um kl. 17:00 féll snjóflóð á sama stað og aftur kl. 19:00, en þá voru viðgerðarmenn að koma á staðinn og féll flóðið skammt frá þeim. Flóðin voru um 300 m breidd og stöðvuðust við veg er liggur á sjávarbakkanum. Samfelt féllu snjóflóð á um eins kílómetra svæði frá Eyrarhjöllum að skógræktargirðingu við Klofningshrygg. – Flest flóðin komu úr hengjum neðan við brún, blönduð hlaup. Skafrenningskóf var allan tímann af NA svo ekki sást nema upp í miðjar hlíðar.

-----  
**Innra-Bæjargil 01.04.1987**

**Númer:** 5016 (c)

**Dagsetning:** 01.04.1987, kl. 23.

**Tunga:** Flóðið fór niður aurkeiluna utanverða, að horni íbúðarhússins nr. 14 við Ólafstún, yfir götuna og stöðvaðist skammt frá húsi nr. 14 við Goðatún. Breidd um 200 m.

**Stærð:** 3.5

**Tegund flóðs:** Þurrt flekahlaup.

**Veður:** Snjókoma var þegar flóðið féll, NV-átt og skafrenningur til fjalla. Hiti fór lækandi.

**Mannskaðar og tjón:** SG: Fjargirðinguna tók af á 200–300 m kafla ofan við bæinn.

RG: Flóðið olli skemmdum á raflínu. Snjóflóðin tóku með sér grjót og jarðveg úr vörnunum, flóðinu fylgdu stórir og miklir snjökögglar. Flóðið tók með sér sauðfjargirðingu ofan við eyrina.

**Heimildir:** Magnús Már Magnússon 1988. Snjóflóð á Íslandi veturinn 1986/87. Jökull 38, 100.

Kristjana G. Eypórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands.

Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.

Rögnvaldur Guðmundsson, Orkubúi Vestfjarða, 1987. Snjóflóðaskýrsla.

Steinar Guðmundsson, Flateyri, 1987. Snjóflóðaskýrsla.

Kristján J. Jóhannesson og Magnea Guðmundsdóttir. Viðtal JGE 1995.

Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 406.

Almannavarnanefnd Flateyrar. Fundargerð 2. apríl 1987.

**Athugasemdir:** JGE: Efstu snjóflóðavarnarkeilurnar voru ekki komnar upp.

SHH: Myndir eru til frá 24.03., 25.03. og 02.04., en ekki í öllum tilfellum ljóst hvað tilheyrði hverju flóði.

Mest af þessum upplýsingum er úr snjóflóðaskýrslunum. Hjá ÓJ segir að eins: „Þann 1. apríl tók snjóflóð fjargirðingu á 200–300 m kafla ofan Flateyrar. Komu þessi flóð úr Bæjargili ofan Skollahvilftar.“ Þarna er augljóslega rangt farið með staðhætti.

SHH: Á korti (JGE 1989) eru tungan frá flóðum úr Innra-Bæjargili og Skollahvilft samfelld (nr. 5016 og 5017).

---

## Skollahvilft 01.04.1987

- Númer:** 5017 (c)  
**Dagsetning:** 01.04.1987, kl. 23.  
**Tunga:** Flóðið fór yfir Eyrarhrygg og snjóflóðavarnarkeilurnar. Það stöðvaðist í um 40 m fjarlægð frá húsi nr. 2 við Ólafstún. Breidd um 200 m.
- Stærð:** 3  
**Tegund flóðs:** Þurrt flekahlaup.  
**Veður:** Snjócoma var þegar flóðið féll, NV-átt og skafrenningur til fjalla. Hiti fór lækkandi.
- Mannskaðar og tjón:** SG: Fjargirðinguna tók af á 200–300 m kafla ofan við bæinn.  
RG: Snjóflóðin tóku með sér grjót og jarðveg úr vörnunum, flóðinu fylgdu stórir og miklir snjókögglar. Flóðið tók með sér sauðfjargirðingu ofan við eyrina.
- Heimildir:** Magnús Már Magnússon 1988. Snjóflóð á Íslandi veturinn 1986/87. Jökull 38, 100.  
Kristjana G. Eyþórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands.  
Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.  
Rögnvaldur Guðmundsson, Orkubúi Vestfjarða, 1987. Snjóflóðaskýrsla.  
Steinar Guðmundsson, Flateyri, 1987. Snjóflóðaskýrsla (og nefnir myndir).  
Guðmundur Björgvinsson. Myndir.  
Guðmundur S. Gunnarsson. Myndir.
- Athugasemdir:** RG: Að kvöldi 1. apríl um kl. 23:00 féllu snjóflóð úr Eyrarfjalli nánar úr Skollahvilft og Bæjargili. Ofan við byggðina á Flateyri þar sem byrjað er að byggja snjóflóðavarnir (jarðkeilur). Flóðin féllu á sama tíma og voru um 350 m breið og dreifðust yfir snjóflóðavarnirnar. ...  
Myndir eru til frá 24. og 25.03. og 2. apríl, en ekki er í öllum tilfellum ljóst hvað tilheyrði hverju flóði.  
SHH: Á korti (JGE 1989) eru tungan frá flóðum úr Innra-Bæjargili og Skollahvilft samfelld (nr. 5016 og 5017) og hnitueð þannig hér.

---

## Innra-Bæjargil 02.04.1987

- Númer:** 5018 (c)  
**Dagsetning:** 02.04.1987, kl. 21.  
**Staðsetning:** Innra-Bæjargil.  
**Upptök:** Upptök voru neðarlega og sérkennilega stöllótt.  
**Stærð:** 3.5  
**Tegund flóðs:** Þurrt flekahlaup.  
**Veður:** Þann 01.04. var snjócoma þegar flóð féllu, NV-átt og skafrenningur til fjalla. Hiti fór lækkandi.
- Heimildir:** Rögnvaldur Guðmundsson, Orkubúi Vestfjarða, 1987. Snjóflóðaskýrsla og mynd (ljósm. Guðmundur S. Gunnarsson).  
Kristjana G. Eyþórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. Snjóflóð á Flateyri. Snjóflóðaskrá. Snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands.  
Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.



**Athugasemdir:** SHH: Á snjóflóðaskýrslu um snjóflóð 01.04.1987 er þessa snjóflóðs getið og sá RG það falla. Það var talsvert stórt, en olli engum skemmdum. Flóðið er teiknað eftir ljósmynd, sérkennileg brot í hlíðinni í þrepum en útlínur og skriðlengd eru þó ekki öruggar.

---

### Snjóflóð 01.08.1987 – 31.07.1992, kort 6

---

#### Innra-Bæjargil eða aðeins utar 1987–1989

**Númer:** 5019 (i)  
**Dagsetning:** 1987–1989.  
**Staðsetning:** Innra-Bæjargil eða aðeins utar.  
**Upptök:** Rétt utan við Innra-Bæjargil.  
**Tunga:** Flóðið kom utanvert á aurkeiluna neðan Innra-Bæjargils, var mjög aurblandað, grjót og drulla. Snjóflóðið var mjótt, nálægt 50 m.  
**Stærð:** 3.5  
**Tegund flóðs:** Snjóflóð.  
**Mannskaðar og tjón:** Féll við húshorn Goðatúns 14, án þess að skemma húsið, en tók ruslatunnu, sem stóð við húsið.  
**Heimildir:** Kristján J. Jóhannesson og Magnea Guðmundsdóttir. Viðtal JGE 1995. Elísabet Pétursdóttir. Viðtal SHH 1998. Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.  
**Athugasemdir:** Tími var 1989–1990, samkvæmt Magneu og Kristjáni. SHH ræddi við Elísabetu Pétursdóttur 1998 og mundi hún eftir kögglum milli húsa við Ólafstún, eftir flóð. Það tók ruslatunnu við ysta húsið (hjá Grétari). Hún bjó þarna bara tvö ár og var þetta annað hvort veturinn 1987–1988 eða 1988–1989. Elísabet var farin á Ingjaldssand veturinn 1989–1990. Magnea staðfesti að þetta gæti vel verið réttur tími.

---

Dagana 25. til 30. janúar 1990 gekk snjóflóðahrina yfir í hlíðunum við Flateyri. Mörg snjóflóð féllu úr hlíðinni ofan kaupþúnsins, en ekkert þeirra olli skaða. Skráning snjóflóðanna var erfið sökum veðurs og skafrennings. Skráð eru 5–7 flóð úr þessari hrinu, en sjálfsagt hafa þau verið fleiri.

---

#### Miðhryggsgil 25.01.1990

**Númer:** 5020 (c)  
**Dagsetning:** 25.01.1990, kl. 14:15.  
**Upptök:** Í skál ofan Miðhryggsgils við fjallsbrún.  
**Farvegur:** Flóðið fór um 50 m innan við grunn íbúðarhússins á Sólvöllum. GF: Taldi útlínur réttar á AI-korti, man vel eftir flóðinu, sem var breiðara en flóðið 1938 (nr. 5002) og utar.  
**Tunga:** Breidd mest um 250 m.  
Breidd á vegi um 30 m.

	Þykkt á vegi: 3 m. Stöðvunarhæð: 0 m. GSG: Flóðið féll yfir veginn og í sjó innan við Sólvelli. SG: Náði niður fyrir veginn. SHH: Flóðið var teiknað eftir myndum, þar sem fram kemur að það var allnokkru stærra og breiðara en kemur fram annars staðar og náði í sjó fram.
<b>Tegund flóðs:</b>	GSG: Þurrt flekasnjóflóð.
<b>Veður:</b>	GSG: Snjókoma og NA-átt, mikill snjór miðað við árstíma. SG: Hæg NV-átt, 0°C í byggð og kólnandi, en skafrenningur til fjalla. Snjór var í meðallagi miðað við árstíma. Mikil snjókoma hefur verið undanfarna daga og á 2–3 dögum hefur safnast upp um 80 cm jafnfallinn snjór samkvæmt mælingu. Hiti hefur verið um frostmark og mikil bleyta í snjónum. Áttin var N til NV og vindur hægur.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	Flóðið lokaði veginum um tíma. Sauðfjargirðing kaupþúsins fór með flóðinu.
<b>Heimildir:</b>	Guðmundur S. Gunnarsson. Snjóflóðaskýrsla. Steinar Guðmundsson. Snjóflóðaskýrsla. Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaánnáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands. Almannavarnanefnd Flateyrar. Fundargerð 25.01.90. Magnús Már Magnússon 1992. Snjóflóð á Íslandi veturinn 1989–1990. Jökull 42, 98. Kristinn J. Jónsson 1997. Snjóflóð í Ísafjarðarsýslum 1976–1995, fyrri hluti. Vegagerðin á Ísafirði. Gunnlaugur Finnsson, Hvilft. Viðtal SHH 2002.
<b>Athugasemdir:</b>	GSG: Flóðið féll mjög nærri grunni íbúðarhúss á Sólvöllum. SHH: Í skýrslunni var getið um tvær aðrar spýjur milli Skollahvilftar og Innra-Bæjargils. Á myndum kom fram að þær voru þrjár, skráðar nr. 5056 úr Skollahvilft og spýjurnar tvær milli Skollahvilftar og Innra-Bæjargils nr. 5057. Útlínur flóðtungu var breytt út frá mynd, sem bar vel saman við lýsingu GSG: „Flóðið féll yfir veginn og í sjó innan við Sólvelli“. Á korti með snjóflóðaskýrslu fór það ekki svo langt. Gunnlaugur í Hvilft taldi útlínur réttar, man vel eftir flóðinu, sem var breiðara og utar en flóðið 1938 (nr. 5002). Alm. Fla.: Nokkrar spýjur utan við Skollahvilft. Breidd 100 m.

---

### Skollahvilft 25.01.1990

<b>Númer:</b>	5056 (i)
<b>Dagsetning:</b>	25.01.1990.
<b>Tunga:</b>	Flóðið náði miðja vegu milli Litlakletts og snjóflóðavarnarkeila.
<b>Stærð:</b>	1.5
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurrt flekahlaup.
<b>Veður:</b>	Sjá nr. 5020 hér fyrir framan.
<b>Heimildir:</b>	Steinar Guðmundsson. Snjóflóðaskýrsla um flóð nr. 5020.
<b>Athugasemdir:</b>	SHH: Þessa flóðs var getið á snjóflóðaskýrslu um flóð úr Miðhryggsgili (nr. 5020). Einnig var getið 2 annarra spýja milli Skollahvilftar og Innra-Bæjargils (nr. 5057). Teiknað eftir mynd.

---

### Milli Skollahvilftar og Innra-Bæjargils 25.01.1990

<b>Númer:</b>	5057 (i)
<b>Dagsetning:</b>	25.01.1990.
<b>Flóðfarvegur:</b>	Tvær spýjur.
<b>Upptök:</b>	Milli Skollahvilftar og Innra-Bæjargils, tvær spýjur.
<b>Stærð:</b>	1
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurr flekahlaup.
<b>Veður:</b>	Sjá nr. 5020 hér að framan.
<b>Heimildir:</b>	Steinar Guðmundsson. Snjóflóðaskýrsla um flóð nr. 5020.
<b>Athugasemdir:</b>	SHH: Þessara spýja var getið á snjóflóðaskýrslu um flóð úr Miðhryggsgili (nr. 5020) svo og flóðs úr Skollahvilft (nr. 5056). Teiknað eftir mynd, tvær spýjur á sama númeri.

---

### Innra-Bæjargil 28.01.1990

<b>Númer:</b>	5021 (c)
<b>Dagsetning:</b>	28.01.1990, kl. 12–13.
<b>Upptök:</b>	Neðarlega í Innra-Bæjargili.
<b>Farvegur:</b>	MMM: Lengd 400 m.
<b>Tunga:</b>	Breidd nálægt 200 m.
	Stöðvaðist á milli snjóflóðavarnarkeilanna.
<b>Stærð:</b>	3
<b>Tegund flóðs:</b>	MMM: Þurrt flekahlaup.
<b>Heimildir:</b>	Almannavarnanefnd Flateyrar. Teikning. Almannavarnanefnd Flateyrar. Fundargerð 25.01.90. Steinar Guðmundsson. Punktur. Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands. Magnús Már Magnússon 1992. Snjóflóð á Íslandi veturinn 1989–1990. Jökull 42, 98.
<b>Athugasemdir:</b>	MMM: Íbúar níu húsa yfirgáfu heimili sín í sex sólarhringa vegna hættu á snjóflóðum. SHH: Flóðið er teiknað eftir korti JGE, sem vitnar í kort frá Almanna-vörnum. Tongan og upptakahæð koma þar fram og er fyllt í þar á milli. (Vissa c og u).

---

### Innra-Bæjargil 29.01.1990

<b>Númer:</b>	5022 (c)
<b>Dagsetning:</b>	29.01.1990.
<b>Upptök:</b>	Í u.þ.b. 350 m y.s.
<b>Farvegur:</b>	MMM: Lengd 800 m.
<b>Tunga:</b>	Breidd 200–250 m.
	Náði niður fyrir snjóflóðavarnarkeilurnar.
<b>Stærð:</b>	3
<b>Tegund flóðs:</b>	MMM: Þurrt flekaflóð.
<b>Heimildir:</b>	Almannavarnanefnd Flateyrar. Teikning.

Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaánnáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.  
Steinar Guðmundsson. Punktur á snjóflóðaskýrslu.

---

### Innra-Bæjargil 30.01.1990.

**Númer:** 5023 (i)  
**Dagsetning:** 30.01.1990, kl. 09:30.  
**Upptök:** Við brún.  
**Farvegur:** MMM: Lengd 1300 m.  
**Tunga:** MMM: Breidd 200 m.  
GSG: Breidd um 300 m.  
Stöðvaðist rétt fyrir ofan kirkjugarð og í 20–30 m fjarlægð frá húsinu Ólafstúni 2.  
Flóðið fór yfir snjóflóðavarnir, náði að malarnámu og fór mjög nærri byggð í Ólafstúni.  
**Stærð:** 3.5  
**Tegund flóðs:** GSG: Þurrt foksnjóflóð (flekahlaup, gaddhlaup).  
MMM: Þurrt flekaflóð.  
**Veður:** NA-átt og snjócoma.  
**Mannskaðar og tjón:** Tók malarsigti í malarnámu.  
**Heimildir:** Almannavarnanefnd Flateyrar. Teikning.  
Guðmundur S. Gunnarsson. Snjóflóðaskýrsla.  
Steinar Guðmundsson. Punktur á snjóflóðaskýrslu.  
Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaánnáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.  
Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 415–416.  
Magnús Már Magnússon 1992. Snjóflóð á Íslandi veturinn 1989–1990. Jökull 42, 98.  
**Athugasemdir:** GSG: Frá 26.–30.01.1990 má telja að mörg flóð hafi fallið á þessu svæði, en erfitt að fylgjast með því vegna veðurs og skafrennings.  
ÓJ: Enn er um 10. febr. varað við snjóflóðahættu á Flateyri og íbúar úr níu húsum við Ólafstún beðnir að yfirgefa heimili sín. Eitt snjóflóð féll um þetta leyti við innanvert Ólafstún. Flateyrarhreppur hefur látið gera allmargar jarðvegskeilur neðan undir þeim stöðum í fjallinu sem hættast er við flóðum. Jarðvegskeilur koma að nokkrum notum sem vörn gegn snjóflóðum og hafa að líkum eitthvað hindrað för flóða við Flateyri á þessum dögum í janúar 1990. En löngu fyrr en hættuástandi lauk voru keilurnar kaffærðar í snjó og í þvílíku fannfergi sem þarna var hindruðu þær lítt framrás flóða.  
SHH: Ekki er góð tímasetning á flóði, sem nefnt er í ÓJ, en það er líklega þetta flóð, við innanvert Ólafstún.

---

### Eyrarfjall, utan við Flateyri, innan við Klofningshrygg 17.02.1990

**Númer:** 5024 (ekki hnitað)  
**Dagsetning:** 17.02.1990, kl. 22:30.  
**Upptök:** Við fjallsbrún.  
**Farvegur:** Lengd um 650–680 m.  
**Tunga:** Breidd um 100 m.

Féll yfir veginn og í sjó fram.  
**Tegund flóðs:** Þurrt flekahlaup.  
**Veður:** NA-átt, snjókoma, hiti 2°C og kólnandi. Mikill snjór var miðað við árstíma.  
**Mannskaðar og tjón:** Flóðið braut einn staur í raflínunni til Suðureyrar, en féll á marga.  
**Heimildir:** Rögnvaldur Guðmundsson. Snjóflóðaskýrsla. Starfsmaður Orkubús Vest-fjarða tilkynnti flóðið.  
Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaánnáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.

---

### Skollahvilft 05.01.1991

**Númer:** 5025 (u)  
**Dagsetning:** 05.01.1991.  
**Staðsetning:** Skollahvilft og hlíðin.  
**Flóðfarvegur:** Þrjú flóð.  
**Upptök:** Skollahvilft, 1 úr hvilftinni sjálfri, 2 úr hlíðinni.  
**Farvegur:** Lengd: 250–300 m.  
**Tunga:** Flóðin fóru niður að snjóflóðavarnarkeilum.  
**Stærð:** 2  
**Tegund flóðs:** Þurrt lausasnjóflóð.  
**Heimildir:** Guðmundur Gunnarson. Snjóflóðaskýrsla.  
Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaánnáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.

---

### Innra-Bæjargil 17.03.1991

**Númer:** 5026 (i)  
**Dagsetning:** 17.03.1991, að kvöldi.  
**Upptök:** Við fjallsbrún og í hlíðinni.  
**Tunga:** MMM: Stöðvaðist rétt neðan við veg.  
JGE: Fór niður fyrir snjóflóðavarnarkeilur og niður að raflínu (hér er átt við gömlu staðsetningu línunnar).  
**Stærð:** 3.5  
**Tegund flóðs:** Þurrt flekahlaup.  
**Heimildir:** Magnús Már Magnússon. Snjóflóðaskýrsla, ljósmyndir og myndband. Heimildarmenn Magnúsar voru Eiríkur Finnur Greipsson og Kristján J. Jóhannesson.  
Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaánnáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.  
**Athugasemdir:** JGE: Mörg smáflóð í sama farvegi, margar brotlínur, margar tungur. Að auki féllu nokkur önnur flóð úr hlíðinni utan við Flateyri, en þau voru öll lítil.  
Sjá myndband.

---

### Skollahvilft 17.03.1991

**Númer:** 5027 (i)  
**Dagsetning:** 17.03.1991, að kvöldi.  
**Upptök:** Við fjallsbrún og í hlíðinni, margar brotlínur.

<b>Tunga:</b>	Féll niður á aurkeiluna, stöðvaðist rúmlega 50 m ofan við snjóflóðavarnarkeilur.
<b>Stærð:</b>	1.5
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurrt flekahlaup.
<b>Veður:</b>	Snjókoma.
<b>Heimildir:</b>	Magnús Már Magnússon. Snjóflóðaskýrsla, ljósmyndir og myndband. Heimildarmenn Magnúsar voru Eiríkur Finnur Greipsson og Kristján J. Jóhannesson. Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.
<b>Athugasemdir:</b>	JGE: Mörg snjóflóð í sama farvegi, margar brotlínur. Einnig féllu nokkur lítil flóð úr hvilftinni austanverðri, en þau náðu ekki niður hlíðina.

---

### Skollahvilft 12.11.1991

<b>Númer:</b>	5028 (c)
<b>Dagsetning:</b>	12.11.1991, kl. 17–21.
<b>Upptök:</b>	Hæð um 300 m.
<b>Tunga:</b>	Þykkt: 0.5 m. Breidd tungu: 200 m. Stöðvaðist um 30 m frá húsum við Ólafstún.
<b>Stærð:</b>	3
<b>Tegund flóðs:</b>	Snjóflóð.
<b>Veður:</b>	ÓJ: Í nóvember gerði norðanáhlaup með allmikilli fannkomu á Vestfjörðum og á stöku stað á Norðurlandi.
<b>Heimildir:</b>	Almannavarnanefnd Flateyrar 1991. Teikning. Kristján J. Jóhannesson og Magnea Guðmundsdóttir. Viðtal JGE 1995. Magnús Már Magnússon. Snjóflóðaskýrsla. Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands. Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. Skriðuföll og snjóflóð III, 417.
<b>Athugasemdir:</b>	ÓJ: Allmörg snjóflóð féllu á þessum tíma. ... Þá féllu og á þessum tíma flóð úr fjallinu fyrir ofan Flateyri og náðu þau langleiðina að byggð. SHH: Ekki var greint nánar frá snjóflóðum á Flateyri í ÓJ en kemur fram hér í athugasemdum.

---

### Snjóflóð 01.08.1992 – 31.07.1997, kort 7

---

### Litlahryggsgil og Miðhryggsgil 18.01.1995

<b>Númer:</b>	5029 (c)
<b>Dagsetning:</b>	18.01.1995, klukkan 11.
<b>Upptök:</b>	Litlahryggsgil og trúlega líka Miðhryggsgil.
<b>Tunga:</b>	Féll á milli Hvilftar og Sólbakka. Náði í sjó fram. Olli flóðbylgju, sem menn um borð í togara í höfninni á Flateyri urðu varir við. Breidd snjóflóðatungunnar var rúmir 500 m.
<b>Stærð:</b>	5
<b>Tegund flóðs:</b>	Að öllum líkindum þurrt flekaflóð.

- Veður:** Mikið norðan áhlaup gekk yfir landið, og þá sérstaklega Vestfirði um þetta leyti. Norðlægur áttir, snjócoma og skafrenningur. Óvenjuleg snjóflóð féllu víða á Vestfjörðum í þessu veðri.  
UÓ (1996) skrifaði grein um veðrið í Súðavíkurhrinunni. Veðurhæð var gríðarleg er lægðin var komin norður fyrir land og sterkur vestanstrengur þvert yfir landið, en N–NNV–átt á Vestfjörðum á sama tíma. Á Hveravöllum fór mældur meðalvindur í 45 m/s eða 88 hnúta.  
SHH: Vindátt á Vestfjörðum var norðlæg í Súðavíkurhrinunni, en hið mannskæða snjóflóð (sjá athugasemdir) féll um kl. 03 þann 16.01. Daginn fyrir flóðið fór vindur yfir 10 m/s um kl. 10 á Þverfjalli og var í fyrstu NA–átt. Vindur óx og var um 23 m/s og gustaði í 43 m/s í norðanátt kl. 23 þann 15.01. Um miðnætti snerist vindur í NNV–átt og var enn yfir 20 m/s, en lægði síðan aðeins og var 15–20 m/s, er snjóflóð féll í Súðavík um kl. 03. Næstu daga var 10–22 m/s vindur og áttin af N–NA í Bolungarvík. Þann 16.01. var 40 cm snjódýpt í Bolungarvík og 35 cm þann 17. og 18., þrátt fyrir að mæld úrkoma hefði verið 8.7 mm og 1.2 mm þessa daga og fallið sem snjór. Meðalvindur 17.–18.01 var 13–16 m/s en mesti meðalvindur báða dagana yfir 20 m/s. Mæld úrkoma frá 13. til 19.01. var um 46 mm í Bolungarvík. Gríðarlegur skafrenningur var í þessari snjóflóðahrinu og féllu snjóflóð víða.
- Mannskaðar og tjón:** Skemmdi raflínuna til Flateyrar.
- Heimildir:** DV 19.01.1995.  
Kristján J. Jóhannesson og Magnea Guðmundsdóttir. Viðtal JGE 1995 og teiknað á kort.  
Jón Gunnar Egilsson 1995b. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaannáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.  
Kristinn J. Jónsson 1997. Snjóflóð í Ísafjarðarsýslum 1976–1995, fyrri hluti. Vegagerðin á Ísafirði.  
Grétar Arnbergsson. Viðtal SHH 1998.  
Unnur Ólafsdóttir 1996. Lavinen i Suðavik den 16 januari 1995. Polarfront. Medlemsblad för svenska meteorologiska sällskapet 23(89).  
Jón Gunnar Egilsson 1995a. Snjóflóðið á Súðavík – Aðdragandi og orsök. Fréttarit Landsbjargar 1–95, 17–19.
- Athugasemdir:** SHH: Flóð nr. 5129 er skráð í gagnagrunn til að skrá flóð sérstaklega í Miðhryggsgil, og nr. 5029 er skráð þar í Litlahryggsgil.  
JGE (1995a) skrifaði fróðlega grein í Fréttabréf Landsbjargar um Súðavíkurflóðið og veðrið í snjóflóðahrinunni. Þar er einnig skrifað um björgunar- aðgerðir og veðrið meðan á leitinni stóð.  
SHH: Mörg snjóflóð féllu í Súðavíkurhrinunni. Í Súðavíkurflóðinu, sem féll þann 16.01. um kl. 3, fórust 14 manns, auk þess sem mikið eignatjón varð. Skilyrði til björgunarstarfa voru mjög erfið því veðurofsinn var mikill í Súðavík dagana eftir flóðið og enn snjóflóðahætta. Einn maður fórst í Reykhólasveit og einn í Bláfjöllum í sömu hrinu.  
Dagsetning hjá KJJ er 17.01.1995 og GA sagði það hafa fallið 2 dögum fyrir Súðavíkurflóðið.

---

### Innra–Bæjargil 18.01.1995

- Númer:** 5030 (c)  
**Dagsetning:** 18.01.1995, kl. 17:45.

<b>Upptök:</b>	U.þ.b. 50 m neðan við fjallsbrún. Brotlínan náði þvert yfir gilið og var brot-stálið áætlað 1.5–2 m á hæð.
<b>Tunga:</b>	Flóðið lenti á snjóflóðagörðunum, mest á ytri garðinum. Yst náði flóðið að falla yfir garðinn, en stór hluti þess féll áfram utan við ytri garðinn. Lítil hluti féll niður á milli garðanna. Flóðið hefur verið nálægt 200 m breitt ofan við snjóflóðavarnargarðana.
<b>Stærð:</b>	4
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurr flekasnjóflóð.
<b>Veður:</b>	Sjá flóð á sama tíma úr Litlahryggs- og Miðhryggsgili nr. 5029.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	Skemmdi tvö íbúðarhús, Ólafstún 14 og Goðatún 14, sem og vatnstank. Lenti einnig á jarðýtu og hjólaskóflu.
<b>Heimildir:</b>	Almannavarnanefnd Flateyrar 1995. Teikning. DV 19. janúar 1995. Kristján J. Jóhannesson og Magnea Guðmundsdóttir. Viðtal JGE 1995. Mbl. 19. janúar 1995. Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaánnáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.

---

### Innra-Bæjargil 22.01.1995

<b>Númer:</b>	5031 (c)
<b>Dagsetning:</b>	22.01.1995.
<b>Tunga:</b>	Flóðið fylgdi innri brún aurkeilunnar neðan gilsins og stöðvaðist rétt ofan við nýjustu snjóflóðavarnarkeilurnar.
<b>Stærð:</b>	2
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurr flekahlaup.
<b>Heimildir:</b>	Kristján J. Jóhannesson og Magnea Guðmundsdóttir. Viðtal JGE 1995. Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaánnáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.
<b>Athugasemdir:</b>	JGE: Snjóflóð sem þetta eru mjög algeng úr Innra-Bæjargili og mörg þeirra hvergi til skráð.

---

### Innra-Bæjargil 16.03.1995

<b>Númer:</b>	5032 (c)
<b>Dagsetning:</b>	16.03.1995.
<b>Staðsetning:</b>	Innra-Bæjargil.
<b>Upptök:</b>	Innra-Bæjargil, nálægt 350 m y.s.
<b>Tunga:</b>	JGE: Flóðið fylgdi innri brún aurkeilunnar neðan gilsins og stöðvaðist rétt ofan við nýjustu snjóflóðavarnarkeilurnar. Breidd rúmlega 100 m.
<b>Stærð:</b>	2
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurr flekaflóð.
<b>Heimildir:</b>	Almannavarnanefnd Flateyrar 1995. Teikning. Kristján J. Jóhannesson og Magnea Guðmundsdóttir. Viðtal JGE 1995. Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaánnáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.

---



### Miðhryggsgil 17.03.1995

<b>Númer:</b>	5033 (c)
<b>Dagsetning:</b>	17.03.1995.
<b>Tunga:</b>	Breidd tungu um 100 m. Flóðið féll í sjó fram.
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurrt flekaflóð.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	Skemmdi gömul útihús við Sólvelli og lokaði vegi. GSG: Vegagerðin átti þéttbýlismarki rétt innan við gilið, en það fór í sjó fram í flóðinu.
<b>Heimildir:</b>	Almannavarnarnefnd Flateyrar 1995. Teikning. Kristján J. Jóhannesson og Magnea Guðmundsdóttir. Viðtal JGE 1995. Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaánnáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.
<b>Athugasemdir:</b>	GSG: Aldrei féll snjóflóð á bæinn, í áratugi, en hann brann, og í fyrravetur (1994–1995) fór flóð yfir grunninn. Vegagerðin átti þéttbýlismarki rétt innan við gilið, en það fór í sjó fram í flóðinu.

---

### Innra-Bæjargil 18.03.1995

<b>Númer:</b>	5034 (c)
<b>Dagsetning:</b>	18.03.1995.
<b>Staðsetning:</b>	Innra-Bæjargil.
<b>Upptök:</b>	Hæð um 350 m y.s.
<b>Tunga:</b>	Flóðið fylgdi innri brún aurkeilunnar neðan gilsins og stöðvaðist rétt ofan við nýjustu snjóflóðavarnarkeilurnar. Breidd nálægt 100 m.
<b>Stærð:</b>	2
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurrt flekaflóð.
<b>Heimildir:</b>	Almannavarnarnefnd Flateyrar 1995. Teikning. Kristján J. Jóhannesson og Magnea Guðmundsdóttir. Viðtal JGE 1995. Jón Gunnar Egilsson 1995. Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðaánnáll: 1936–1995. Vinnuútgáfa – 14. ágúst 1995. Veðurstofa Íslands.
<b>Athugasemdir:</b>	JGE: Mjög svipað og flóðið sem féll tveimur dögum fyrr (nr. 5032).

---

Snjóflóðahrina hófst á Vestfjörðum 23. október 1995, en þann dag féll snjóflóð á Steiniðjuna á Ísafirði. Snjóflóð féllu mjög víða á Vestfjörðum í þessari hrinu og einnig á vestanverðu Norðurlandi. Mjög stórt flóð féll í Dýrafirði. Skepnur fórust í Húnavatnssýslum og Skagafirði og skógar eyðilögðust í Fnjóskadal.

Svipaðir atburðir urðu í október 1934, er þrír menn fórust í Önundarfirði, einn í Fnjóskadal, en einum var bjargað á Stafni í Svartárdal, en þar reið flóð yfir fjárhús, sem hann var í.

Snjóflóðahrinan í febrúar 1974 minnir einnig á þessa atburði, þegar flóð féllu úr öllum hlíðum í norðanverðum Önundarfirði og víðar um land.

---


### Skollahvilft 26.10.1995

<b>Númer:</b>	5058 (c)
<b>Dagsetning:</b>	26.10.1995, kl. 03:55.


<b>Upptök:</b>	<p>OP: Hæð: 635 m.          Þykktir voru mældar í brotstáli í stefnu brotsins.          Þykkt mest: 3.6 m.          Meðalþykkt: 2 m.          Heildarþykkt: 5.2 m.          Um 40 m neðan við brún.          Lengd brotstáls í miðju hvilftarinnar er um 90 m.          Sprunga brotstálsins við mörk rennslislagsins var 4 cm breið.          Halli brotstáls: 63°.          Landhalli: 48°.          Nokkur minni brotsár eru sjáanleg í norður hlið hvilftarinnar, en voru ekki skoðuð nánar.</p>
<b>Farvegur:</b>	<p>SHH: Flóðið sópaði með sér snjó meira og minna yfir alla hvilftina.          Lárétt lengd flóðsins: 1930 m.          Hvilftin, síðan fór flóðið yfir þröngt gil, dreifðist um aurkeiluna neðan gil-          kjafts og niður á eyrina.</p>
<b>Tunga:</b>	<p>Stöðvunarhæð: 0 m.          Meðalþykkt flóðtungu á svæðum 0.8–2.0 m.          Rúmmál frá gilkjaftri: 430000 m<sup>3</sup>.          Eðlisþyngd flóðsnævar: 420 kg/m<sup>3</sup>.          Massi flóðtungu: 180 þús. tonn.          Massi flóðsnævar úr Skollahvilft ef gert er ráð fyrir jafnri snjódýpt, 75 cm, í hliðinni: 105 þús. tonn.          Massi flóðsnævar úr Skollahvilft ef gert er ráð fyrir ójafnri snjódýpt vaxandi upp eftir hliðinni (0.75–1.5 m): 80 þús. tonn.          Flóðið fór í Bótina, yfir lónið og veginn neðan þess og í sjó fram. Það féll yfir innri hluta aurkeilunnar neðan Skollahvilftar, fór yfir snjóflóðakeilurnar, nema þær ystu, yfir innri hluta innri snjóflóðavarnargarðsins, eyðilagði allmörg hús, fleygaðist framhjá kirkjunni og náði niður að bakaríi.</p>
<b>Stærð:</b>	5
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurr flekaflóð.
<b>Veður:</b>	<p>Lægðir með mikilli snjókomu og skafrenningi urðu þess valdandi að mikill snjór safnaðist víða hlémegin til fjalla.          Flóð féllu víða um norðvestanvert og norðanvert landið í veðrinu sem geisaði um landið. Skil frá tveimur lægðum réðu ríkjum. Fyrri lægðin kom að landinu vestanverðu og hringssólaði yfir Vestfjörðum. Sú síðari kom að suðaustanverðu landinu úr suðri og fór norður með Austurlandi og hringssólaði þar og úti fyrir Langanesi. Meiri hitamunur var milli Evrópu og Grænlands en gerist venjulega á veturna, enda sumri rétt að halla í Evrópu.          Þrýstingsmunur milli Grænlands og Íslands var gríðarlega mikill og veðurhæð á Þverfjalli var 18–48 m/s í tvo sólarhringa fyrir flóðið, og að jafnaði um 30 m/s. Lengst af var NA-átt, en vindáttin varð norðlægari rétt fyrir flóðið. Snjór hafði safnast til fjalla frá 05.10. Þegar hiti fór undir frostmark á Þverfjalli, þó ekki hefði safnast snjór í byggð fyrr en skömmu fyrir flóðið. Snjósöfnun var allra mest síðasta sólarhringinn. Mikill skafrenningur hefur því séð fyrir snjósöfnun í Skollahvilft auk gríðarlegrar úrkomu. Slíkt veður er ekki algengt svo snemma vetrar.          Á Flateyri voru gerðar úrkomumælingar til 25.10.1995 er flóðið tók mælinn. Úrkomutölur frá nærliggjandi veðurstöðvum gefa vísbendingu um úrkomu-          magn, en úrkoma mælist illa þegar snjóar í miklum vindi. Úrkoman var mæld kl. 09 að morgni dag hvern og kemur fram á mynd 14. Á mynd 15 sést uppsöfnuð úrkoma eftir 05.10., en frá þeim tíma snjóaði til fjalla.</p>



Mynd 14. Ris hússins fór með flóðinu. Fjölskylda var í risinu og sakaði ekki. (Ljósmynd: SHH).



Mynd 15. Sólarhringsúrcoma í grennd við Flateyri fyrir flóðið. Mælirinn á Flateyri fór með flóðinu, svo engin mæling er þar 26.10.1995.



Mynd 16. Uppsöfnuð úrkoma í grennd við Flateyri fyrir flóðið. Mælirinn á Flateyri fór með flóðinu, svo mæling þar er til 25.10.1995.

Samkvæmt lýsingum Flateyringa höfðu þeir aldrei upplifað eins mikla ofankomu og kvöldið fyrir flóðið. Snjóskaflar náðu þá upp fyrir dyrakarma sums staðar og hurfu för manna í snjónum á hálfri klukkustund.

MG fór úr húsi sínu í Ólafstúni að Brimnesvegi 22, þegar rýmt var 24.10. Þá var krap á götum og vel fært um alls staðar, en dagana á undan var bleytuveður. Hún sagði fólk frekar hafa búist við foki en snjóflóði. Um klukkan 17 þann 25. október fór hún út, gekk frá Brimnesvegi, um Ránargötu og Hafnarstræti, og var þá um ½ m snjódýpt. Aftur fór hún út um kl. 20 og var þá skafl við húsið. Fór hún til baka ½ klst. síðar og hafði þá snjóað alveg yfir för hennar og fyllt í skaflinn við dyrnar. Hún tók sérstaklega eftir að vindátt var óvenjulega austlæg. Um kl. 22:30 fór hún enn út og þá var snjóskaflinn orðinn enn hærri, náði 30–40 cm neðan við efri brún dyrakarms. Eftir 2 klst. kom hún til baka og hafði þá fennt enn meira.

Mjög mikil snjósöfnun hefur verið þessar stundir frá kvöldmat og fram á nótt.

TB var á ferðinni vegna vinnu sinnar í Essóskálanum fram til kl. 02 um nóttina. Þeir fóru um miðnætti á tveimur jeppum inn í sveit með rafgeymi, en þá var mjög mikil snjócoma, nýi snjórinn laus og gekk á með vindhviðum og svo var lygnt eða skjól á milli. Förin hurfu á nokkrum mínútum, en í vindhviðunum varð allt blint. Hann fór út um kl. 01:30 og er hann sat í bílnum hurfu ljósin á ljósastaur, sem var í 3 m fjarlægð, svo blint var af snjókomu. Hann keyrði um eyrina og sá hvernig bætti í snjóinn, sagðist aldrei hafa séð svo mikla ofankomu. Snjórinn í fyrra (1994–1995) var meiri, en nú snjóaði mjög mikið á skömmum tíma. Á leið heim um kl. 02 var erfitt að komast um, skaflar voru farnir að leggjast að húsum. Eftir flóðið var ófært um götur neðan þess fyrir jeppann, sem komst alltaf um í fyrra.

**Mannskaðar og tjón:**

20 manns fórust, 26 björguðust ýmist af sjálfsdáðum eða var bjargað. Flóðið fór á 30 hús, sem mörg eyðilögðust alveg, og 3 hús að auki lentu í jaðri flóðsins.

**Heimildir:**

Svanbjörg H. Haraldsdóttir 1998a. Snjóflóðið úr Skollahvilft – Snjóflóðahrinan í október 1995. Rit Veðurstofu Íslands VÍ-R980003-ÚR01.

Svanbjörg H. Haraldsdóttir 1996. Snjóflóðið á Flateyri, Eðlisfræði á Íslandi VIII, Ráðstefna Eðlisfræðifélags Íslands, gefið út af Eðlisfræðifélagi Íslands. Svanbjörg Helga Haraldsdóttir 1998b. Snjóflóðið á Flateyri 26. október 1995 og snjóflóðasagan. Vorráðstefna JFÍ.

Svanbjörg Helga Haraldsdóttir 1998c. The avalanche at Flateyri, Iceland, October 26th 1995 and the avalanche history. Í: Hestnes, E. (ritstjóri), Proceedings of 25 Years of Snow Avalanche Research. Norwegian Geotechnical Institute 203, 122–127.

Einar Sveinbjörnsson 1995. Aðdragandi og einkenni aftakaveðursins. Morgunblaðið 2. nóvember 1995.

Tómas Jóhannesson 2001. Run-up of two avalanches on the deflecting dams at Flateyri, northwestern Iceland. Annals of Glaciology 32, 350–354.

Oddur Pétursson 1995. Snjóflóðaskýrslur VÍ gerðar á Ísafirði, myndir og kort.

Jón Gunnar Egilsson, Svanbjörg Helga Haraldsdóttir og Þorsteinn Sæmundsson 1995. Gögn. Mælingar og athuganir vegna Flateyrarflóðsins. Veðurstofa Íslands.

Jón Gunnar Egilsson 1995c. Snjóflóðavarnir á Flateyri. Fréttarit Landsbjargar 5–95, 16–19.

Jón Gunnar Egilsson 1995d. Snjóflóðið á Flateyri – Aðdragandi og orsök. Fréttarit Landsbjargar 5–95, 20–23.

Snorri Hermannsson, Magnea Guðmundsdóttir, Guðmundur Hagalínsson, Guðmundur S. Gunnarsson, Guðrún Pálsdóttir, Guðmundur Björgvinsson o.fl. Viðtöl SHH 1996–2002.

Kristinn J. Jónsson 1997. Snjóflóð í Ísafjarðarsýslum 1976–1995, fyrri hluti. Vegagerðin á Ísafirði.

Inga Dagmar Karlsdóttir og Lára Samira Benjnouh 1997. Sambúðin við náttúruöflin. Mannfræðirannsókn á Flateyri 1997. Styrkt af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

**Athugasemdir:**

GSG: Steypt loftplata fór í bílskúr að Hjallavegi 12, en í bílskúrum hinna húsanna hélt hún (SHH: Raðhúsalengja við Hjallaveg fór illa í flóðinu, 5 húsanna eyðilögðust en eitt stóð eftir). Voru allir hlutir í bótum í bílskúrnum að Hjallavegi 12. Leðursaumavél var eins og eftir handsprengju.

Vegagerðarbíll stóð 1 m hærra eftir flóðið en fyrir það. Rúður fóru úr honum eða brotnuðu. Bók var í sæti bílsins úr efsta húsinu við Ólafstún. Girðingar stóðu.

GP: Bíll frá næsta húsi við byggðasafnið fór niður fyrir kirkju. GP óð snjó í mitti á leiðinni niður í frystihús aðfaranótt 26.10.1995.

GB: Glerbrot var eftir flóðið í garðinum (þar sem hann býr) við Brimnesveg 24, sem er yst á eyrinni, en húsið liggur í beina stefnu við aðalflóðstefnuna. (Þetta er lengra en skráð hefur verið).

SHH: JGE (1995c og 1995d) skrifaði um flóðið í Fréttarit Landsbjargar, þar sem er að finna mikinn fróðleik um snjóflóðavarnir, snjóflóðið og einnig er kaflur um björgunaraðgerðir í Fréttabréfinu.

Upplýsingar um veður og afleiðingar flóðsins komu fram í mörgum viðtölum (Viðauki 3). Fátt eitt úr þeim var tekið með fyrir ofan, aðallega um snjósöfnun, sem var óvenju mikil á skömmum tíma.

Rit Veðurstofunnar, Snjóflóðið úr Skollahvilt – Snjóflóðahrinan í október 1995, er um flóðið og veðrið fyrir flóðið. Þar eru einnig upplýsingar um snjómagn og önnur snjóflóð í sömu hrinu. Geti má þess að í þessari miklu úrkomu féllu aurskriður á suðaustanverðu landinu.

Gögn eins og þau voru í ritinu voru leiðrétt út frá nákvæmari mælingum og útreikningum, sem koma fram í Run–up of two avalanches on the deflecting dams at Flateyri, northwestern Iceland (Tómas Jóhannesson 2001).

Snjóflóðahrinan minnti á snjóflóðahrinu á sama árstíma eða í október 1934, en snjóflóð féllu í báðum hrinunum á norðanverðum Vestfjörðum og norðan og norðvestanverðu landinu óvenju snemma vetrar.

IDK og LSB gerðu mannfræðirannsókn á Flateyri sem styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna. „Markmiðið með rannsókninni var að kanna afleiðingar náttúruhamfara og hvaða áhrif þær hafa fyrir fólkið og samfélagið í heild.“ „Snjóflóðið ... hefur skilið eftir sig djúp spor hjá íbúum Flateyrar, ekki síður en á svæðinu sem það rann yfir.“

---

**Innra–Bæjargil 06.02.1997**

<b>Númer:</b>	5059 (c)
<b>Dagsetning:</b>	06.02.1997, kl. 15:30.
<b>Staðsetning:</b>	Innra–Bæjargil.
<b>Upptök:</b>	Hæð: 610 ± 10 m áætlað. Breidd: 20 ± 5 m áætlað. Þykkt brotstáls er ekki þekkt.
<b>Tunga:</b>	Hæð stöðvunarpunkts: 160 m (skv. korti). Meðalbreidd: 40 ± 5 m. Lengd: 100 ± 10 m. Þykkt mest: 0.5 ± 0.1 m.

	Meðalþykkt: $0.3 \pm 0.1$ m. Snjómagn: $1200 \text{ m}^3$ . Stöðvaðist um 100 m neðan við gilkaftinn.
<b>Stærð:</b>	1.5
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurrt, blandað fleka og lausasnjóflóð, hreinn snjór sem fór ofan á eldra lagi.
<b>Veður:</b>	Á Þverfjalli kl. 15:30 var vindátt $27^\circ$ , þ.e. NNA-átt, 30 hnútar, lítil snjó-koma, en mikill skafrenningur, hiti $-11.5^\circ\text{C}$ og kólnandi. Á Ísafirði kl. 15 var einnig mikill skafrenningur, lítil snjócoma, en hiti $-6^\circ\text{C}$ , NNA-átt og 5 vindstig. Áður var hvöss NNA-átt með eljum.
<b>Heimildir:</b>	Oddur Pétursson. Skýrsla um snjóflóð, kort, veðurrit frá Þverfjalli og snjó-gryfja á Kistufelli. Guðmundur Hagalínsson tilkynnti OP um flóðið.
<b>Alþjóðleg flokkun:</b>	A7, B2, C1, D2, E2, F4, G1, H1 og J1.
<b>Athugasemdir:</b>	Laus snjór á harðfenni.

---

### Innan við Sólvelli 22.02.1997

<b>Númer:</b>	5060 (c)
<b>Dagsetning:</b>	22.02.1997, um nóttina.
<b>Flóðfarvegur:</b>	Heildarlengd lárétt: $700 \pm 10$ m. Halli í upptökum: $35^\circ \pm 5^\circ$ . Halli í tungu: $10^\circ \pm 3^\circ$ . $\alpha$ -horn: $21^\circ \pm 1^\circ$ .
<b>Upptök:</b>	Hæð: $280 \pm 10$ m. Breidd: $110 \pm 10$ m. Þykkt brotstáls mest: $0.5 \pm 0.1$ m. Meðalþykkt brotstáls ekki þekkt.
<b>Farvegur:</b>	Í hlíðinni innan við Sólvelli, fast innan við ristarhliðið.
<b>Tunga:</b>	Hæð stöðvunarpunkts: $20 \pm 1$ m. Meðalbreidd: $40 \pm 5$ m. Þykkt mest: $0.3 \pm 0.1$ m. Meðalþykkt: $0.15 \pm 0.1$ m. Snjómagn: $2250 \text{ m}^3$ . Stöðvaðist um 10 m neðan við þjóðveginn, fast innan við ristarhliðið.
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurrt flekahláup í lausum snjó.
<b>Veður:</b>	Á Þverfjalli kl. 02 var NA-átt, vindhraði 30–40 hnútar, mikil snjócoma, mikill skafrenningur og hiti $-6^\circ\text{C}$ , stöðugur. Í Súðavík kl. 02 var NNA- til NNV-átt, vindhraði 23 hnútar, mikil snjó-koma, mikill skafrenningur og hiti $-1^\circ\text{C}$ , kólnandi. Sólarhringinn fyrir flóðið var allhvöss NA-átt með mikilli snjókomu.
<b>Heimildir:</b>	Oddur Pétursson. Skýrsla um snjóflóð og kort. Guðmundur Hagalínsson tilkynnti um flóðið.
<b>Alþjóðleg flokkun:</b>	A3, B2, C1, D1, E7, F4, G1, H1 og J1.

---

### Skollahvilft 01.03.1997

<b>Númer:</b>	5061 (c)
<b>Dagsetning:</b>	01.03.1997, um nóttina.
<b>Upptök:</b>	Hæð um 500 m.

<b>Farvegur:</b>	Breidd: 100 m. Þykkt brotstáls mest: 0.5 m. Þykkt brotstáls meðaltal: 0.3 m. Heildarlengd lárétt: $900 \pm 10$ m. Halli í upptökum: $35^\circ \pm 5^\circ$ . Halli í tungu: $20^\circ \pm 5^\circ$ . $\alpha$ -horn: $26^\circ \pm 5^\circ$ .
<b>Tunga:</b>	Hæð: $70 \pm 5$ m. Meðalbreidd: $80 \pm 5$ m. Lengd: $150 \pm 10$ m. Þykkt mest: $0.4 \pm 0.05$ m. Meðalþykkt: $0.15 \pm 0.05$ m. Snjómagn: $1800 \text{ m}^3$ . Stöðvaðist um 300 m neðan við gilkaftinn.
<b>Stærð:</b>	2
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurrt, blandað fleka- og lausasnjóflóð, hreinn snjór sem fór ofan á eldra lagi.
<b>Veður:</b>	Á Þverfjalli um nóttina var NNA-átt, hiti $-12^\circ\text{C}$ og kólnandi. Þar var þann 28.02. NNA-átt og 35–45 hnútar og hélst það fram undir morgun 01.03. Í Súðavík var N-átt, 35 hnútar, hiti $-7^\circ\text{C}$ og kólnandi. Frá 27.02. kl.19 til 28.02. kl. 19 var úrkoma á Ísafirði 25 mm. Á Flateyri mældist úrkoma á sama tímabili 15.8 mm.
<b>Orsök:</b>	Laus snjór á harðfenni.
<b>Heimildir:</b>	Oddur Pétursson. Skýrsla um snjóflóð, kort, veðurrit frá Þverfjalli og Súðavík. Guðmundur Hagalínsson tilkynnti OP um flóðið.
<b>Alþjóðleg flokkun:</b>	A7, B2, C1, D2, E2, F4, G1, H1 og J1.
<b>Athugasemdir:</b>	Í skýrslunni eru nefndar spýjur í Selabólshlíð og Eyrarfjalli utan við Flateyri.

---

### Eyrarfjall, utan við Flateyri 11.03.1997

<b>Númer:</b>	5062 (ekki hnitað)
<b>Dagsetning:</b>	10.03.1997.
<b>Farvegur:</b>	Spýjur.
<b>Heimildir:</b>	Oddur Pétursson. Skýrsla um snjóflóð, nefnt í skýrslu um flóð úr Skollahvilft 01.03.1997 (nr. 5061).

---

### Skollahvilft 27.03.1997

<b>Númer:</b>	5063 (c)
<b>Dagsetning:</b>	27.03.1997, aðfaranótt.
<b>Upptök:</b>	Við kletta, en annars óþekkt.
<b>Farvegur:</b>	Heildarlengd ekki þekkt. Halli í upptökum um $35^\circ \pm 5^\circ$ . Halli í tungu: $25^\circ \pm 3^\circ$ . $\alpha$ -horn óþekkt.
<b>Tunga:</b>	Þunn, sást illa. Stöðvaðist rétt neðan við gilkaftinn.
<b>Stærð:</b>	1
<b>Tegund flóðs:</b>	Þurrt snjóflóð.

**Veður:** Á Þverfjalli um nóttina var NNA-átt, hiti  $-12^{\circ}\text{C}$  og stöðugur. Mikil snjó-koma var og mikill skafrenningur.  
 Á Ísafirði var NNA-átt, 35 hnútar, mikil snjó-koma og mikill skafrenningur, hiti  $-3^{\circ}\text{C}$  og kólnandi.  
 Undanfarinn sólarhring var NNA-N hvassviðri með mikilli snjókomu.

**Orsök:** Mikil snjó-koma á þétt, slétt undirlag, hreinn snjór sem fór ofan á eldra lagi.

**Mannskaðar og tjón:** Ekkert.

**Heimildir:** Oddur Pétursson. Skýrsla um snjóflóð, kort, veðurrit frá Þverfjalli.  
 Guðmundur Hagalínsson tilkynnti OP um flóðið.

**Alþjóðleg flokkun:** B2, C1, D2, E2, F7, G1, H1 og J1.

**Athugasemdir:** Sjá kort, sem fylgir skýrslu. Sjá ennfremur mynd af Skollahvilft, veðurrit frá Súðavík og snjógryfjusnið frá Breiðafelli og Kistufelli með snjóflóðaskýrslu um Innra-Bæjargil (nr. 5064).

### -----

### Innra-Bæjargil 27.03.1997

**Númer:** 5064 (c)

**Dagsetning:** 27.03.1997, aðfaranótt.

**Upptök:** Hæð um  $620 \pm 10$  m.  
 Breidd:  $40 \pm 5$  m.  
 Þykkt brotstáls er ekki þekkt.

**Farvegur:** Heildarlengd lárétt: 460 m.  
 Halli í upptökum:  $40^{\circ} \pm 3^{\circ}$ .  
 Halli í tungu:  $20^{\circ} \pm 4^{\circ}$ .  
 $\alpha$ -horn:  $40^{\circ} \pm 5^{\circ}$ .

**Tunga:** Hæð stöðvunarpunkts um  $200 \pm 5$  m.  
 Meðalbreidd:  $50 \pm 10$  m.  
 Lengd:  $100 \pm 10$  m.  
 Þykkt mest:  $1.0 \pm 0.1$  m.  
 Meðalþykkt:  $0.35 \pm 0.05$  m.  
 Snjó-magn:  $1750 \text{ m}^3$ .  
 Stöðvaðist um 200 m neðan við gilkaftinn.

**Stærð:** 1.5

**Tegund flóðs:** Þurrt, blandað fleka- og lausasnjóflóð, hreinn snjór sem fór ofan á eldra lagi.

**Veður:** Á Þverfjalli kl. 00 var vindátt  $12^{\circ}$  eða NNA-átt, og vindhraði 20 hnútar, lítil snjó-koma, mikill skafrenningur og hiti  $-6.7^{\circ}\text{C}$  og kólnandi.  
 Í Súðavík kl. 00 var vindátt  $350^{\circ}$  eða NNV-átt, 15 hnútar, lítil snjó-koma, hiti  $-2^{\circ}\text{C}$  og stöðugur.  
 Undanfarinn sólarhring var á Þverfjalli NNA-átt, 35–45 hnútar. Frá 25.03. kl. 08 til 26.03. kl. 16 mældist 32 mm úrkoma á Ísafirði og 21 mm á Flateyri á sama tímabili.

**Heimildir:** Oddur Pétursson. Skýrsla um snjóflóð, kort, mynd, veðurrit frá Súðavík, og snjógryfjurit frá Breiðafelli og Kistufelli.  
 Guðmundur Hagalínsson tilkynnti OP um flóðið.

**Alþjóðleg flokkun:** A7, B2, C1, D2, E2, F4, G1, H1 og J1.

**Athugasemdir:** Kort, mynd og snjógryfjusnið fylgja skýrslu. Sjá ennfremur veðurrit frá Þverfjalli með skýrslu um Skollahvilft sama dag.



---

**Snjóflóð 01.08.1997 – 31.07.1999, kort 8**

---

**Innra-Bæjargil 14.01.1998**

<b>Númer:</b>	5065 (c)
<b>Dagsetning:</b>	14.01.1998 ± 1 dagur.
<b>Upptök:</b>	Við brún. Hæð: 630 ± 10 m áætlað. Breidd: 25 ± 5 m áætlað. Þykkt brotstáls meðaltal: 0.4 ± 0.1 m áætlað. Þykkt brotstáls mest: 0.5 ± 0.1 m áætlað.
<b>Farvegur:</b>	Heildarlengd lárétt: 600 ± 10 m. Breidd fallbrautar efst: 25 ± 5 m áætlað. Breidd fallbrautar neðst: 25 ± 5 m áætlað. Breidd fallbrautar minnst: 20 ± 5 m áætlað. Halli í upptökum: 45° ± 5°. Halli í tungu: 30° ± 5°. α-horn: 44° ± 4°. Halli er mældur af korti í kvarða 1:5000 eða áætlaður.
Aðrir starfsmenn Veðurstofunnar, sem hafa lagt hönd á plóginn, fá einnig bestu þakkir. Þar má nefna að Leah Tracy hafði yfirumsjón með kortagerð, Esther Hlíðar Jensen hafði umsjón með örnefnakortum, Ari Þórðarson frumskráði eldri flóð í gagnagrunn og hnitaði sum þeirra. Magnús Már Magnússon hefur s.l. ár séð um skráningu snjóflóðaskýrslna í gagnagrunn og komið GPS-mældum flóðum inn í landupplýsingarkerfið ArcInfo og Hörður Þór Sigurðsson reiknaði rennslisstig flóða við Flateyri. Jón Gunnar Egilsson hannaði að mestu fyrstu uppsetningu snjóflóðasögunnar, sem hér er byggt á. Tómas Jóhannesson fær þakkir fyrir góð ráð og yfirlestur, sem og Flosi Hrafn Sigurðsson fyrir yfirlestur bráðabirgðaútgáfu snjóflóðasögunnar fyrir nokkrum árum. Sérstakar þakkir fær Barði Þorkelsson fyrir lokayfirlestur.

## Lokaorð

Mikilvægi upplýsinga um snjóflóð verður seint ofmetið. Mikilvægt er að þekkja tíðni flóðanna, umfang þeirra og hvenær þau féllu. Hættumat og hönnun varnarvirkja byggja að nokkru leyti á snjóflóðasögunni og niðurstöðum líkanreikninga. Með nægilega góðri tíma-setningu má læra hvaða veðurskilyrði skapa snjóflóðahættu og hvað ber að varast. Þróun líkana, sem spá fyrir um snjóflóðahættu, byggist jafnframt á að bera niðurstöður þeirra saman við hvar og hvenær snjóflóð falla. Betri þekking á snjóflóðum bætir möguleika okkar á að varast snjóflóðaslysin.

## HEIMILDIR

### Útgefnar heimildir

- Árni Magnússon og Páll Vídalín 1940. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII. Ísafjarðar- og Strandasýsla*. Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 487 bls.
- David McClung og Peter Shaerer 1993. *The Avalanche Handbook*. The Mountaineers, Seattle, 271 bls.
- Einar Sveinbjörnsson 1995. Aðdragandi og einkenni aftakaveðursins. *Morgunblaðið* 2. nóvember 1995.
- Erik Hestnes 1985. Skredefare i arealbruksammenheng. Studietur i Island 30.07–05.08.1984. *NGI Report* 58030–3. Norges Geotekniske Institutt, 45 bls.
- Eyjólfur Jónsson 1996. *Vestfirskir slysadagar 1880–1940 I–II*, 452 og 474 bls.
- Gils Guðmundsson 1981. *Frá yztu nesjum: Vestfirzkir sagnapættir II*. 2. útg. aukin. Hafnarfjörður, Skuggsjá, 256 bls.
- Guðmundur Hannesson 1932. Um skipulag Flateyrar. *Morgunblaðið*, haustið 1932.
- Gunnar M. Magnúss 1978. *Prepin þrettán*. Setberg, 191 bls.
- Hafliði Helgi Jónsson 1981. Snjóflóðaannáll árána 1975–1980. *Jökull* 31, 47–90.
- Hafliði Helgi Jónsson 1983. Snjóflóðaannáll á Íslandi veturinn 1980–1981. *Jökull* 33, 149–152.
- Hafliði Helgi Jónsson 1983. Snjóflóðaannáll á Íslandi veturinn 1981–1982. *Jökull* 33, 153–154.
- Hafliði Helgi Jónsson 1983. *Snjóflóð á Vestfjörðum. Snjóflóðaskrár*. Veðurstofa Íslands.
- Hafliði Helgi Jónsson 1984. Snjóflóðaannáll á Íslandi veturinn 1982–1983. *Jökull* 34, 159–164.
- Halldór Björnsson 2002. Veður í aðdraganda snjóflóðahrina á norðanverðum Vestfjörðum. *Veðurstofa Íslands – Greinargerð* 02019, VÍ–ÚR14, 75 bls.
- Halldór G. Pétursson 1991. Skriðuannáll 1971–1990. *Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri*, skýrsla 14, 58 bls.
- Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuannáll 1951–1970. *Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri*, skýrsla 16, 57 bls.
- Halldór G. Pétursson 1993. Skriðuannáll 1991–1992. *Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri*, skýrsla 17, 16 bls.
- Halldór G. Pétursson 1995. Skriðuannáll 1993–1994. *Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri*, skýrsla 2, 18 bls.
- Halldór G. Pétursson 1996. Skriðuannáll 1925–1950. *Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri*, skýrsla 3, 69 bls.
- Halldór G. Pétursson 2000. Skriðuannáll 1900–1924. *Náttúrufræðistofnun Íslands* NÍ–00018, 27 bls.
- Halldór G. Pétursson og Hafdís Eygló Jónsdóttir 2000. Skriðuannáll 1995–1999. *Náttúrufræðistofnun Íslands* NÍ–00019, 86 bls.
- Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson 2001a. Forn skriðuföll á Vestfjörðum. *Náttúrufræðistofnun Íslands* NÍ–01029, 89 bls.
- Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson 2001b. Snjóflóð í fornum annálum. *Náttúrufræðistofnun Íslands* NÍ–01032, 27 bls.
- Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson 2001c. Snjóflóð í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. *Náttúrufræðistofnun Íslands* NÍ–01033, 34 bls.
- Inga Dagmar Karlsdóttir og Lára Samira Benjnouh 1997. *Sambúðin við náttúruöflin. Mannfræðirannsókn á Flateyri 1997*. Styrkt var af Nýsköpunarsjóði námsmanna, 53 bls.
- Jón Gunnar Egilsson 1995a. Snjóflóðið á Súðavík – Aðdragandi og orsök. *Fréttarit Landsbjargar* 1–95, 17–19.

- Jón Gunnar Egilsson 1995b. *Flateyri við Önundarfjörð. Snjóflóðannáll: 1936–1995*. Vinnuútgáfa. Veðurstofa Íslands.
- Jón Gunnar Egilsson 1995c. Snjóflóðavarnir á Flateyri. *Fréttarit Landsbjargar* 5–95, 16–19.
- Jón Gunnar Egilsson 1995d. Snjóflóðið á Flateyri – Aðdragandi og orsök. *Fréttarit Landsbjargar* 5–95, 20–23.
- Kristinn J. Jónsson 1997. *Snjóflóð í Ísafjarðarsýslum 1976–1995*, fyrri og seinni hluti. Vegagerðin, Ísafirði.
- Kristjana G. Eyþórsdóttir 1981. *Snjóflóð á Flateyri – Veður í snjóflóðum*. Háskóli Íslands, B.S. ritgerð, jarðfræðiskor, 46 bls.
- Kristjana G. Eyþórsdóttir 1985. Snjóflóð á Íslandi veturinn 1983–1984. *Jökull* 35, 121–126.
- Kristjana G. Eyþórsdóttir 1988. *Snjóflóð á Flateyri, Snjóflóðaskrá og farvegakort*. Áfangaskýrsla. Veðurstofa Íslands.
- Kristjana G. Eyþórsdóttir og Jón Gunnar Egilsson 1989. *Snjóflóð á Flateyri – Snjóflóðaskrá – Snjóflóðakort*. Veðurstofa Íslands.
- Kristján Ágústsson 1987. Snjóflóð á Íslandi veturna 1984/1985 og 1985/1986. *Jökull* 37, 91–98.
- Kristján G. Þorvaldsson 1951. *Árbók Ferðafélag Íslands 1951 – Vestur Ísafjarðarsýsla*, Reykjavík, 175 bls.
- Landmælingar Íslands. Stafræn kortgögn LMÍ. Skv. leyfi nr. L02100001.
- Magnús Már Magnússon 1988. Snjóflóð á Íslandi veturinn 1986/87. *Jökull* 38, 98–102.
- Magnús Már Magnússon 1989. Snjóflóð á Íslandi veturinn 1987/88. *Jökull* 39, 114–117.
- Magnús Már Magnússon 1991. Snjóflóð á Íslandi veturinn 1988/89. *Jökull* 41, 98–102.
- Magnús Már Magnússon 1992. Snjóflóð á Íslandi veturinn 1989–1990. *Jökull* 42, 97–101.
- Ólafur Jónsson og Sigurjón Rist 1972. Snjóflóð og snjóflóðahætta á Íslandi. I. Inngangsorð. II. Snjóflóðaannáll 1958–1971. III. Snjóflóðakort. *Jökull* 21, 24–44.
- Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. *Skriðuföll og snjóflóð* II. Reykjavík, Bókaútgáfan Skjaldborg, 418 bls.
- Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason 1992. *Skriðuföll og snjóflóð* III. Reykjavík, Bókaútgáfan Skjaldborg, 480 bls.
- Páll Líndal 1982. *Bæirnir byggjast*. Yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til 1938. Reykjavík, Skipulagsstjóri ríkisins og Sögufélag.
- Óskar Einarsson 1951. *Aldafar og örnefni í Önundarfirði*. Reykjavík, Bókaforlagið Iðunn, 194 bls.
- Sigurjón Rist 1975. Snjóflóðaannaáll árána 1972 til 1975. *Jökull* 25, 47–72.
- Snorri Sigfússon 1972. *Ferðin til Brekku: Minningar* III. Reykjavík, Bókaforlagið Iðunn, 277 bls.
- Svanbjörg Helga Haraldsdóttir 1997. Snjóflóðasaga Neskaupstaðar. *Rit Veðurstofu Íslands VÍ–R970002–ÚR01*, 224 bls.
- Svanbjörg Helga Haraldsdóttir 1996. Snjóflóðið á Flateyri 26. október 1995. Í: Helga Tulinius (ritstjóri), *Eðlisfræði á Íslandi VIII*. Ráðstefna Eðlisfræðifélags Íslands, 5.–6. október 1996, Eðlisfræðifélag Íslands, desember 1996, 107–128.
- Svanbjörg Helga Haraldsdóttir 1998a. Snjóflóð úr Skollahvilft – Snjóflóðahrinin í október 1995. *Rit Veðurstofu Íslands VÍ–R980003–ÚR01*, 56 bls.
- Svanbjörg Helga Haraldsdóttir 1998b. Snjóflóðið á Flateyri 26. október 1995 og snjóflóðasagan. Vorráðstefna JFÍ, ágrip erinda.
- Svanbjörg Helga Haraldsdóttir 1998c. The avalanche at Flateyri, Iceland, October 26th 1995 and the avalanche history. Í: Hestnes, E. (ritstjóri), *Proceedings of 25 Years of Snow Avalanche Research*. *Norwegian Geotechnical Institute* 203, 122–127.
- Tómas Jóhannesson and Trausti Jónsson 1996. Weather in Vestfirðir before and during several avalanche cycles in the period 1949 to 1995. *Veðurstofa Íslands – Greinargerð* VÍ–G96015–ÚR15, 8 bls.

- Tómas Jóhannesson, Karstein Lied, Stefan Margreth og Frode Sandersen 1996. Þörf fyrir snjóflóðavarnarvirki á Íslandi. Yfirlit og mat á kostnaði. Athugun gerð fyrir umhverfisráðuneytið og sveitarstjórnir á snjóflóðahættusvæðum. *Veðurstofa Íslands – Greinargerð VÍ–R960003–ÚR02*, 86 bls.
- Tómas Jóhannesson 1998. Return period for avalanches on Flateyri. *Veðurstofa Íslands – Greinargerð VÍ–G98008–ÚR07*, 12 bls.
- Tómas Jóhannesson 2001. Run-up of two avalanches on the deflecting dams at Flateyri, northwestern Iceland. *Annals of Glaciology* 32, 350–354.
- Unnur Ólafsdóttir 1996. Lavinen i Suðavík den 16 januari 1995. *Polarfront*. Medlemsblad för svenska meteorologiska sällskapet 23(89), 12-15.
- Veðurstofa Íslands 1997. Greinargerð um snjóflóðaaðstæður vegna rýmingarkorts fyrir Flateyri. *Veðurstofa Íslands – Greinargerð VÍ–G96005–ÚR05*, mars 1996/júlí 1997, 4 bls.

### Óútgefnar heimildir

- Almannavarnanefnd Flateyrar. Kort og dagbækur. (JGE fékk gögnin á fundi með Kristjáni J. Jóhannessyni og Magneu Guðmundsdóttur, 9. ágúst 1995).
- Dagbjört Óskarsdóttir. Snjóflóðaskýrsla Veðurstofu Íslands.
- Guðmundur Ámundason og Jóhann Már Hektorsson. Flateyri. Byggingartími húsa. Kort unnið fyrir Veðurstofuna 1996. Verknr. 9602. Teikning nr. 01.
- Guðmundur S. Gunnarsson. Snjóflóðaskýrslur Vegagerðarinnar og Veðurstofu Íslands.
- Guðmundur Hagalínsson. Snjóflóðaskýrslur Veðurstofu Íslands.
- Jón Gunnar Egilsson. Snjóflóðaskýrslur Veðurstofu Íslands.
- Kristinn J. Jónsson 1979. Skýrsla frá Vegagerð ríkisins, Ísafirði.
- Magnús Már Magnússon 1988. Snjóflóðaskýrslur (upplýsingar hafðar eftir öðrum).
- Oddur Pétursson. Snjóflóðaskýrslur Veðurstofu Íslands.
- Rögnvaldur Guðmundsson, Orkubúi Vestfjarða, 1987. Snjóflóðaskýrsla Veðurstofu Íslands.
- Steinar Guðmundsson, Flateyri, 1987. Snjóflóðaskýrsla Veðurstofu Íslands.

## Viðtöl

Svanbjörg H. Haraldsdóttir. Flateyri. Gagna- og heimildaöflun 1996–2002. Samantekt þar sem m.a. er sagt frá viðtölum við Snorra Hermannsson, Eirík Guðmundsson, Rögnu Óladóttur, Guðmund Valgeir Jóhannesson, Guðmund Hagalínsson, Guðrúnu Bjarnadóttur, Guðmund S. Gunnarsson, Björn Önundarson, Jón Friðgeir Jónsson, Magneu Guðmundsdóttur, Pál Önundarson, Trausta Bjarnason, Elísabetu Söru Guðmundsdóttur, Jónínu Ásbjarnardóttur, Emil Ragnar Hjartarson, Eggert Jónsson, Guðmund Ágústsson, Guðna Ágústsson, Svein Guðbjartsson, Hjálmar B. Kristjánsson, Hjördísi Hjörleifsdóttur, Sigmund Þórðarson, Guðjón Guðmundsson, Maríu Jóhannsdóttur, Guðmund Inga Kristjánsson, Harald Ásgeirsson, Sigrúnu Halldórsdóttur, Jónu Símoníu Bjarnadóttur, Sigurð Sveinsson, Gunnlaug Finnsson, Guðfinnu Hinriksdóttur, Ólafíu Jónsdóttur, Reyni Traustason, Eirík Finn Greipsson, Guðrúnu Pálsdóttur, Elísabetu Pétursdóttur, Ingunni Gunnarsdóttur, Guðna Guðnason, Grétar Arnbergsson, Öllu Gunnlaugsdóttur, Sólveigu Ingvarsdóttur, Höllu Signýju Kristjánsdóttur, Sólveigu Bessu Magnúsdóttur, Halldór Mikkaelsson, Ásgeir Mikkaelsson, Guðmund Steinar Björgmundsson, Sigríði Magnúsdóttur Vigfús Ebenesersson, Birgittu Ebenesersdóttur, Séra Gunnar Björnsson, Ágústu Ágústsdóttur, Jóhönnu Kristjánsdóttur, Þuríði Gísladóttur, Erik Hestnes, Halldór G. Pétursson, Odd Pétursson, Magnús Hring Guðmundsson, Daða Ingimundarson, Guðmund Björgvinsson, Hrein Ólafsson og Guðmund Hallgrímsson. **Viðauki 3.**

## Eldri viðtöl

Hjörleifur Guðmundsson. Viðtal 1975.

Kristjana G. Eypórsdóttir 1980. Viðtöl við Einar Odd Kristjánsson, Emil Hjartarson, Gunnlaug Finnsson og Hjörleif Guðmundsson.

Jón Gunnar Egilsson 1995. Viðtal við Kristján J. Jóhannesson og Magneu Guðmundsdóttur.

## VIÐAUKI 1. SKRIÐUFÖLL VIÐ FLATEYRI OG Í ÖNUNDAFJÖRÐI

Við skráningu á skriðum voru ritaðar heimildir *Skriðuföll og snjóflóð II* (Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992), *Vestfirskir slysadagar 1880–1940* (Eyjólfur Jónsson 1996) og *Skriðuannálar 1900–1924, 1925–1950, 1951–1970, 1971–1990* og *Forn skriðuföll á Vestfjörðum* (Halldór G. Pétursson o.fl. 1996, 1992, 1991, 2001). *Skriðuannálar 1991–1992, 1993–1994* og *1995–1999* voru einnig yfirfarnir en ekki fundust upplýsingar frá þeim tíma um Önundarfjörð. Ekki var leitað frumheimildanna sem HGP hafði, en þær taldar upp í sviga með HGP. Nokkrir heimildarmenn SHH sögðu frá skriðum og eru þær heimildir skráðar eins og fyrir framan um snjóflóð.

Viðauki 2 er útdráttur úr Jarðabókinni. Þar er kafli um snjóflóð og síðan um skriður. Á flestum bæjum er getið um skriður á tún, engi eða haga. Þar er upptalning bæja og hjáleiga og þess getið ef skriður eru ekki nefndar. Fyrsti hlutinn, sem er meginkaflinn, er útdráttur um snjóflóð.

Sjá heimildarlista í aðalkafla ritsins fyrir framan. Auk þess sem þar kemur fram vitnaði Halldór G. Pétursson í frumheimildir, sem ekki eru í heimildalistanum.

Ekki voru skáðar allar upplýsingar eftir heimildum um skriðuföll eftir Halldór. Þær eru aðgengilegar í skýrslum hans, og vísast á þær milliliðalaust.

### Skriðuföll - yfirlit

Farvegur	Tími	Athugasemd
Eyrartún	um 1930	Aurskriða kom aðeins á ytri hlutann.
Eyrafjall, upp af Sólbakkaverksmiðjunni	21.01.1935	Krapi og aur.
Úr Eyrafjalli, fyrir utan Sólbakka, ofan við Flat-eyrarkauptún	23.01.1935	Karpi og aur.
Hjá Sólbakka eða á Hvilftarströnd	04.–05.11.1965	Veginn lokaðist.

Tafla 7. *Skriðuföll við Flateyri.*

Farvegur	Tími	Athugasemd
Bjarnardalur	05.10.1626	Skriður.
Hestur, Tunga, Kirkjuból, Eyri, Veðrarár báðar	11.1695	Skriður eða krapaflóð.
Kirkjuból í Korpudal	1706	Skriður.
Önundarfjörður?	1783	Sennilega skriða, einn maður lést.
Önundarfjörður	08.–09.01.1797	Margar skriður.
Nesdalur	um 1840	

Nesdalur	eftir 1840	
Villingadalur	um 1840	
Innan við Tannanes	líklega 1800–1900	Grjótskriða.
Úr Bæjargili við Kirkjuból í Bjarnardal	líklega 1800–1900	Aurskriða.
Við Hest, Efri-Hús og Neðri-Hús	21.09.1900	Skriður. Fimmtán kindur urðu fyrir skriðu og drápust 9 þeirra.
Álfadalur, Ingjaldssandi	1910	
Hjá Villingadal á Ingjaldssandi	24.01.1935	Geysimiklar skriður.
Milli Valþjófsdals og Hjarðardals, úr Þorfinni	02.10.1952	Miklar skriður.
Önundarfjörður	18.–19.11.1958	Skriður eða krapaflóð.
Valþjófsdalur	20.10.1962	17 aurskriður féllu á veginn.
Valþjófsdalur	21.10.1964	6 skriður runnu á veginn.
Breiðadalur	04.–05.11.1965	Sagt er, að 10 skriður hafi fallið.
Bjarnardalur	04.–05.11.1965	Skriður.
Ófæruhlíð, milli Hjarðardals og Valþjófsdals	04.–05.11.1965	Bíll lokaðist þar af og urðu menn úr honum að fara fótgangandi til byggða.
Breiðadalur og Önundarfjörður	08.09.1969	Skriður.
Bjarnardalur	19.11.1976	

Tafla 8. Skriður í Önundarfirði.

-----

### Skriðuföll við Flateyri

-----

Flóð nr. 5039 og nr. 5040, sem skráð eru hér fyrir neðan, hafa þegar verið skráð sem krapaflóð. Þau hafa áður verið skráð sem aurflóð, en veðurgögn benda til að þetta hafi verið blönduð aur- og krapaflóð.

-----

### Eyrartún um 1930

**Dagsetning:** Líklega um 1930.  
**Staðsetning:** Eyrartún, utarlega ofan við Flateyri.  
**Tegund flóðs:** Aurflóð.



- Mannskaðar og tjón:** Grjót og aur á þeim hluta Eyrartúns sem skólastjóri á Flateyri fékk í sinn hlut við skipti þess.
- Heimildir:** Guðmundur Valgeir Jóhannesson. Viðtal SHH 1998.
- Athugasemdir:** Guðmundur Valgeir man eftir aurskriðum á Eyrartún. Faðir hans og Sveinn Gunnlaugsson skólastjóri fengu túnið, og því var skipt upp. Guðmundur Valgeir og faðir hans fengu innri hlutann en skólastjórinn ytri hlutann, en aurskriða kom skömmu síðar, aðeins á ytri hlutann. Guðmundur Valgeir var mikið nær tvítugu þegar þetta var en fertugu. Hann var ekki orðinn formaður, en hann varð það nær þrítugu minnti hann. Á þessum tíma var einhver meiri háttar skátasamkoma í Reykjavík. Hann man ekki eftir aurskriðu á eða við Sólbakka, bara á Eyrartún. Aurskriða hljóp á tóftarbrotin úr Eyrarbænum. SHH: Þetta gæti verið á sama tíma og skráning úr Eyrarfjalli í janúar 1935. Þá hefur GVJ verið nær þrítugu, en fram kemur að hann hafi verið mikið nær tvítugu en fertugu. Hér gæti einnig verið um tvær aðrar skriður að ræða, því skriðan, sem fór yfir tóftarbrot Eyrarbæjar var ekki nefnd í sömu andránni og sú á Eyrartún.

---

### Eyrarfjall, upp af Sólbakkaverksmiðjunni 19.01.1935.

- Númer:** Snjóflóð nr. 5039
- Dagsetning:** HGP: 21.01.1935.  
Veðráttan: 19.01.1935.  
ÓJ: 21.01.1935.  
EJ: 23.01.1935.
- Staðsetning:** EJ: Úr Eyrarfjalli, beint upp af Sólbakka.
- Flóðfarvegur:** ÓJ: Kom hlaup úr tveimur giljum upp af Sólbakkaverksmiðjunni.
- Tegund flóðs:** Mjög líklega krapablandað flóð (sjá bls. 29–31).
- Veður:** EJ: Fyrri hluta vikunnar 20.–27. janúar 1935 gengu um Vesturland meiri rigningar en áður var vitað um á þessum árstíma.  
HGP (1996): Þ. 14.–21. S– og SV–átt, oftast mjög hlýtt í veðri. Lægðir á hreyfingu norðaustur yfir Grænland. Vegna rigninga urðu sums staðar skriðuhlaup vestanlands. Þ. 22.–23. Lægðin færðist austur fyrir norðan landið og gekk í V–ofsaveður með hríðaréljum vestanlands. Vegna rigninga urðu sums staðar skriðuhlaup vestanlands.
- Mannskaðar og tjón:** ÓJ: Fóru þau yfir nokkuð af lóð verksmiðjunnar, ónýttu bitabré, skemmdu síldarpalla, fylltu eina síldarþró auri og grjóti, sliguðu verksmiðjuna og færðu aur og grjót upp á glugga á verksmiðjunni brekkumegin. Talsvert skemmdist af síldarmjöli, sem þarna var geymt.  
EJ: Önnur skriða fór yfir innanverða lóð síldarverksmiðjunnar á Sólbakka. Sligaðist þar gömul smiðja og hlóðst aur við efri vegg verksmiðjuhússins og vatn flæddi inn í verksmiðjuhúsin. Síldarmjöl, er geymt var í mjölskemmu, blotnaði og skemmdist allmikið og vegskemmdir urðu í grennd við verksmiðjuna.
- Heimildir:** Halldór G. Pétursson 1996. Skriðuannáll 1925–1950. Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri, skýrsla 3.  
Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 210.  
Eyjólfur Jónsson 1996. Vestfirskir slysadagar II, 373.  
Hjördís Hjörleifsdóttir, Eiríkur Guðmundsson, Guðmundur Valgeir Jóhannesson og Haraldur Ásgeirsson. Viðtöl SHH 1996.
- Athugasemdir:** Sjá snjóflóð nr. 5039.

Veðráttan segir að þetta hafi gerst 19.01.1935, ÓJ 21.01.1935 og EJ 23.01.1935. HGP (1996) segir þetta hafa gerst 21.01. og að það sé röng dagsetning í Veðráttunni.

ÓJ: Mánudaginn þann 21. janúar hlupu skriður úr Eyrarfjalli við Önundarfjörð. Kom hlaup úr tveimur giljum upp af Sólbakkaverksmiðjunni. Fóru þau yfir nokkuð af lóð verksmiðjunnar, ónýttu bitabré, skemmdu síldarpalla, fylltu eina síldarþró auri og grjóti, sliguðu verksmiðjuna og færðu aur og grjót upp á glugga á verksmiðjunni brekkumegin. Talsvert skemmdist af síldamjöli, sem þarna var geymt. ... Veðráttan segir að þetta hafi gerst 19. janúar.

SHH: Á þessum árstíma og út frá veðurgögnum frá Kvígindisdal og Reykjafirði er líklegt að skriðan hafi verið blönduð snjó og krapa og er því skráð með snjóflóðum, einnig hér. Sjá snjóflóð nr. 5039.

---

### Eyrarfjall, ofan Flateyrarkauptúns 23.01.1935

<b>Númer:</b>	Snjóflóð nr. 5040
<b>Dagsetning:</b>	23.01.1935.
<b>Staðsetning:</b>	Úr Eyrarfjalli, fyrir utan Sólbakka, ofan við Flateyrarkauptún.
<b>Tegund flóðs:</b>	Mjög líklega krapablandað flóð (sjá snjóflóð nr. 5040).
<b>Veður:</b>	Sjá fyrir ofan.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	ÓJ: Þá hlupu og skriður á sex tún, sem Flateyringar höfðu ræktað, og stórskemmdust þau. EJ: Fór ein skriðan yfir sex túnbletti er ræktaðir höfðu verið fyrir ofan Flateyrarkauptún.
<b>Heimildir:</b>	Halldór G. Pétursson 1996. Skriðuannáll 1925–1950. Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri, skýrsla 3. Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 210. Eyjólfur Jónsson 1996. Vestfirskir slysadagar II, 373.
<b>Athugasemdir:</b>	Sjá snjóflóð nr. 5039 og 5040.

---

### Hjá Sólbakka eða á Hvilftarströnd 04.–05.11.1965

<b>Dagsetning:</b>	04.–05.11.1965.
<b>Tegund flóðs:</b>	Skriður.
<b>Veður:</b>	ÓJ: Dagana 3.–5. nóv. gekk stórviðri með úrhellisrigningu yfir vestanvert landið. Um kl. 08 á fimmtudagsmorgun 4. nóv. hófust skriðuföll ... HGP 1992: Þ. 3. þokaðist hæðarhryggur austur yfir landið, og vindur gekk til suðausturs og síðan suðurs og suðvesturs, en þá var vaxandi lægð á Grænlandshafi. Varð suðvestan stormur eða rok víða um vestanvert landið og mikil rigning á Vesturlandi og Vestfjörðum. Þ. 4. var lægðin milli Vestfjarða og Grænlands, og vindur varð vestlægari. Þessa tvo daga hlýnaði talsvert. Eflaust hafa orðið leysingar og bætt við regnvatnið, sem orsakaði víða flóð og skriðuföll. Víða urðu vegaskemmdir.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	Vegurinn lokaðist.
<b>Heimildir:</b>	Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 339. Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuannáll 1951–1970. Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri, skýrsla 16, 39–40.
<b>Athugasemdir:</b>	SHH: ÓJ skrifar Hvilftarströnd, en HGP við Sólbakka. Sjá fleiri skriður eða flóð í Önundarfirði á sama tíma.

HGP 1992: ... Í Önundarfirði hefur verið mikið um skriðuföll og vegurinn um Breiðadal lokast. Einnig lokaðist vegurinn hjá Sólbakka (Mbl. 05.11.). ... að aurskriður hefðu fallið í Bjarnardal í Önundarfirði. ... að einar 8 skriður hefðu fallið á veginn í Breiðadalnum (Tím. 05.11.). ... Talsvert hefur fallið af skriðum hér í Önundarfirði í ofviðrinu í gær og fyrradag. Ein skriða féll við Sólbakka, rétt utan við kaupúnið og hljóp þar einnig fram vatnsflóð. ... Vegurinn út í Valþjófsdal er ófær af skriðuföllum. Bíll lokaðist þar af og urðu menn úr honum að fara fótgangandi til byggða, undir hinum sæbratta Þorfinni (Abl. 05.11.). ... en búið væri að telja yfir 10 skriður á þessum spotta (frá Hjarðardal og út í Valþjófsdal, Ófæruhlíð). Breiðadalur var tepptur á móts við Fremri–Breiðadal af skriðum. ... að 10 skriður hafi fallið á Breiðadal (Tím. 06.11.).

---

### Skriðuföll í Önundarfirði

---

#### Bjarnardalur 05.10.1626

<b>Dagsetning:</b>	05.10.1626.
<b>Staðsetning:</b>	Í Bjarnardal.
<b>Tegund flóðs:</b>	Skriður.
<b>Veður:</b>	Þann 5. okt. og etc. féll svo fádæmalegt regn úr lofti um flestar sveitir, sérdeilis á Vestfjörðum víðast, að öngvir menn þálfandi mundu slíkt.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	Féllu skriður svo miklar, að margar jarðir og pláss heil stórlega sködduðust. Ár og vatnsföll höfðu stóran yfirgang, ruddu upp grjóti, aur og sandi, aftakandi víða allar engjar og eyrar, einkum í Bjarnardal vestur.
<b>Heimildir:</b>	Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 43–44.
<b>Athugasemdir:</b>	ÓJ: Í Sjávarborgarannál stendur: „Þann 5. okt. og etc. féll svo fádæmalegt regn úr lofti um flestar sveitir, sérdeilis á Vestfjörðum víðast, að öngvir menn þálfandi mundu slíkt. Féllu skriður svo miklar, að margar jarðir og pláss heil stórlega sködduðust. Ár og vatnsföll höfðu stóran yfirgang, ruddu upp grjóti, aur og sandi, aftakandi víða allar engjar og eyrar, einkum í Bjarnardal vestur.“ Sjálfsagt er hér átt við Bjarnardal í Önundarfirði. Þar standa nokkrir bæir.

---

#### Hestur, Tunga, Kirkjuból, Eyri, Veðrarár báðar, nóvember 1695

<b>Dagsetning:</b>	1695, líklega í nóvember.
<b>Staðsetning:</b>	Hestur, Tunga, Kirkjuból, Eyri, Veðrarár báðar.
<b>Tegund flóðs:</b>	Skriður eða krapaflóð (eftir lýsingu veðurs).
<b>Veður:</b>	ÓJ: ... „því haustið varð mjög votviðrasamt með miklum hríðum, hvar ofan á um veturnætur og fram yfir allraheilagramessu komu frostleysu drifsnjóar, svo allt upp fyllti; þar ofan á komu stóreflis vatnshríðar“.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	Tún, engi, skógar og beititeigar eyðilögðust.
<b>Heimildir:</b>	Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 63.
<b>Athugasemdir:</b>	ÓJ: Um haustið eða eftir veturnætur, líklega í nóvember, segir Eyrarannáll hins vegar frá miklum skriðuföllum, er urðu á Vestfjörðum. Fyrst er sagt frá miklum frostum, sem voru veturinn áður „af hverjum stórfrostum jörðin víða í sundur sprakk með stórsprungum svo sem gjár, hverjar dög og vatn í sig

drukku, nær daggir og votviðri um sumarið og haustið oft á dundu, því haustið varð mjög votviðrasamt með miklum hríðum, hvar ofan á um vetur- nætur og fram yfir allraheilagramessu komu frostleysu drifsnjóar, svo allt upp fyllti; þar ofan á komu stóreflist vatnshríðar, hverjar framhleyptu mörgum og miklum skriðum víða um landið í brattlendi og hlíðum með skógum og landi í stórspildum í sjó ofan, svo margar jarðir hér í sýslu (þ.e. Ísafj.), sem og víðar, misstu mikið land bæði af túnum, engjum, skógum og beititeigum, á meðal hverra voru: Hattadalir báðir í Álftafirði, kóngsjarðir, Hestfjörður og aðrar fleiri. Í Önundarfirði: Hestur, Tunga, Kirkjuból, Eyri, hvar tún mest allt aftók, Veðrarár báðar.“

---

### Kirkjuból í Korpudal 1706

<b>Dagsetning:</b>	1706.
<b>Staðsetning:</b>	Kirkjuból í Korpudal.
<b>Tegund flóðs:</b>	Skriður.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	„Skriður féllu á engjarnar fyrir fjórum árum, og var þá landskuld aftur færð.“ Síðar segir, að skriða hafi fallið í ána og stemmt hana upp á engjarnar, svo hún bar á þau aur og grjót.
<b>Heimildir:</b>	Árni Magnússon og Páll Vídalín 1940. Jarðabók VII.
<b>Athugasemdir:</b>	Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 72. ÓJ: Um Kirkjuból í Korpudal í Önundarfirði segir Jarðabókin: „Skriður féllu á engjarnar fyrir fjórum árum, og var þá landskuld aftur færð.“ Síðar segir, að skriða hafi fallið í ána og stemmt hana upp á engjarnar, svo hún bar á þau aur og grjót.

---

Sjá yfirlit úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í Viðauka 2.

---

### Önundarfjörður? 1783

<b>Dagsetning:</b>	1783.
<b>Staðsetning:</b>	Líklega í Önundarfirði.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	Presturinn að Holti Önundarfirði, lenti sennilega í skriðu og lést skömmu síðar.
<b>Heimildir:</b>	Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 103.
<b>Athugasemdir:</b>	SHH: Í ÓJ segir að um dauðdaga prestsins fari ýmsum sögnum. Kemur fram að hann hafi orðið bráðkvaddur á kirkjustéttinni, fallið af hestbaki, og að skriða hafi valdið slysi og dauða hans. ÓJ: Íslenskar æviskrár segja dauða Jóns hafa borið að með þeim hætti, að hestur féll með hann, og hrapaði hann 40 faðma, en á hann féll snjór og aur; komst þó heim, en andaðist fáum dögum síðar. Virðist svo sem allar skýringar á dauða Jóns fái staðist. Ekki er ólíklegt, að skriða hafi einmitt orsakað fall hans af hestinum og valdið meiðslum hans.

---

### Önundarfjörður 08.–09.01.1797

<b>Dagsetning:</b>	08.–09.01.1797.
<b>Staðsetning:</b>	Í Önundarfirði.
<b>Tegund flóðs:</b>	Margar skriður.

**Veður:** ÓJ: Var stórviðra- og hryðjusamt um suðvesturhluta landsins fram eftir vetri. Mest brögð urðu að þessu þann 8. og 9. jan. Þá skemmdi úrhellisregn með veðurofsa fjölda jarða.

**Mannskaðar og tjón:** Skemmdust jarðir.

**Heimildir:** Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 109.

**Athugasemdir:** ÓJ: Eins og áður er sagt, var stórviðra- og hryðjusamt um suðvesturhluta landsins fram eftir vetri. Mest brögð urðu að þessu þann 8. og 9. jan. Þá skemmdi úrhellisregn með veðurofsa fjölda jarða, einkum í Dölum og á Vestfjörðum, með skriðuföllum, er tóku bæði tún og engjar, aurs árennsli, vatnsgangi, jarðföllum og landbrotum, svo að margar jarðir urðu lítt byggilegar, einkum í Önundarfirði, Dýrafirði, Skutilsfirði og Bolungarvík.

---

### Nesdalur um 1840

**Dagsetning:** Um 1840.

**Staðsetning:** Nesdalur, utan við Ingjaldssand.

**Heimildir:** Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson 2001. Forn skriðuföll á Vestfjörðum. Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ-01029, 48. Heimildir HGP eru Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Múlaþingsprestakall 1840.

---

### Nesdalur eftir 1840

**Staðsetning:** Nesdalur, utan við Ingjaldssand.

**Heimildir:** Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson 2001. Forn skriðuföll á Vestfjörðum. Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ-01029, 48.

---

### Villingadalur, Ingjaldssandi um 1840

**Heimildir:** Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson 2001. Forn skriðuföll á Vestfjörðum. Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ-01029, 48. (Sýslu og sóknarlýsingar Bókmenntafélagsins – Múlaþingsprestakall 1840)

---

### Innan við Tannanes, líklega 1800–1900

**Dagsetning:** Líklega 1800–1900.

**Tegund:** Grjótskriða.

**Heimildir:** Daði Ingimundarson. Viðtal SHH 2002.

**Athugasemdir:** Mikil grjótskriða er innan við Tannanes, nokkuð gróin. Daði hafði það eftir Kjartani Stefánssyni frá Kirkjubóli að langamma hans hefði sagt frá skriðunni. Það hafði verið mikill gaurangur.

---

### Úr Bæjargili við Kirkjuból í Bjarnardal, líklega 1800–1900

**Dagsetning:** Líklega 1800–1900.

**Tegund flóðs:** Aurskriða.

**Heimildir:** Guðmundur Ingi Kristjánsson. Viðtöl SHH 1996 og 1998.

Jóhanna Kristjánsdóttir. Viðtal SHH 1998.

**Athugasemdir:** GIK: Ofan við trjáræktargirðingu rétt innan við bæinn kom forðum aurskriða.  
JK: Amma hennar (þeirra GIK) sagði, að aurskriða hefði fallið rétt fyrir framan (innan) lækinn, líklega úr Bæjargilinu.

---

### Við Hest, Efri-Hús og Neðri-Hús 21.09.1900

**Dagsetning:** 21.09.1900, aðfaranótt skv. ÓJ.  
20.09.1900, skv. EJ.

**Staðsetning:** Við Hest, Efri-Hús og Neðri-Hús.

**Veður:** ÓJ: Í september gengu ákafligar rigningar.  
EJ: Úr Dýrafirði var skrifað: Ofsaveðrið 20. september var eitt hið mesta veður, sem komið getur úr vestanútnorðri. Um morguninn var ekki mjög hvasst, en loft þungbúið og úrkomulegt. Um daginn komst loftvog ofan á 71.1 og fyrir hádegi var komið afspyrnurok, svo hvert hús lék á reiðiskjálfi. Sjógangur var óskaplegur, svo verra mun ekki eiga sér stað og aftakaregn, svo hvert hús lak og flóði. Allt fauk og braut sem laust var.

**Mannskaðar og tjón:** EJ: Féll á engjar og olli talsverðum skemmdum. Fimmtán kindur urðu fyrir skriðunni og drápust 9 þeirra, allar í eigu bóndans á Hesti.

**Heimildir:** Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 182. Halldór G. Pétursson 2000. Skriðuannáll 1900–1924. Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ-00018.  
Eyjólfur Jónsson 1996. Vestfirskir slysadagar I, 297.

**Athugasemdir:** ÓJ: Í ritinu „Frá ystu nesjum“ segir, að þessi skriða hafi fallið á Hestdal. Upptökin voru upp af Heimri-Seljahrygg, og féll skriðan yfir allt svæðið frá Fremstenglæk í Hestslandareign og heim að Rjúkanda í Neðri-Húsalandi. Þessi engjasvæði tók af: Nokkuð af Fremstengi, allt Seljaengi og Staggarstaðaengi í landi Hests. Mestallt Seljaengi, Seljarófur allar og Hökutungu, e.t.v. Kökutungu í landi Efri-Húsa og Rjúkanda í landareign Neðri-Húsa. Fólk í Tungu vaknaði um nóttina, er skriðan féll. Varð hljóð svo mikið, að söng í fjöllunum. Skriðan hljóp yfir Hestá hjá Hróbjargarfossi og stíflaði ána. En síðan bar áin feyki mikinn aur og leðju heim um allar eyrar og eyðilagði mikil slægjulönd. Fossinn Rjúkandi minnkaði mikið við þetta og hefur síðan rokið miklu minna en áður.

---

### Álfadalur, Ingjaldssandi 1910

**Heimildir:** Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson 2001. Forn skriðuföll á Vestfjörðum. Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ-01029, 48 (Jóhannes Davíðsson, Landdísasteinn á Álfadal, Ársrit Sögufélags Ísfirðinga 1975–1976).

---

### Við Villingadal á Ingjaldssandi 24.01.1935

**Dagsetning:** ÓJ: 24.01.1935, kl. 08:30 fyrsta skriðan.  
EJ: 23.01.1935 og einnig næsta dag.

**Staðsetning:** Við Villingadal á Ingjaldssandi.

**Flóðfarvegur:** Nokkrar skriður.

**Tegund flóðs:** Geysimiklar skriður.

**Veður:** ÓJ: ... voru í janúar 1935, óhemjumikil úrfelli þar vestra, svo að mikill vöxtur hljóp í ár og læki.

- Mannskaðar og tjón:** Eyðilagði mikinn hluta túnsins.
- Heimildir:** Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 210–216.  
Eyjólfur Jónsson 1996. Vestfirskir slysadagar II, 373.  
Halldór G. Pétursson 1996. Skriðuannáll 1925–1950. Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri, skýrsla 3, 23–24. Heimildir HGP eru Vísir 25.01., Nýja dbl. 26.01. og 30.01., Veðráttan í janúar 1935, Óskar Einarsson 1951: Aldarfar og örnefni í Önundarfirði, ÓJ 1957 og sögn Guðmundar Bernharðssonar, Ástúni á Ingjaldssandi.  
Halldór G. Pétursson og Höskuldur Búi Jónsson 2001. Forn skriðuföll á Vestfjörðum. Náttúrufræðistofnun Íslands NÍ–01029, 49. Heimildir HGP eru Árbók FÍ 1999 og Ársrit Útivistar 1976.
- Athugasemdir:** ÓJ: ... Ofan við hestúsið var forn urðarhóll, er klauf skriðuna. Varð húsið og Guðmundur á milli skriðuálmanna, en svo nærri gekk hestúsinu, að aur og grjót hlóðst að suðurgafli þess og hrúgaðist þar upp, svo að skriðujaðarinn tók nokkuð yfir mæni hússins. ... Lambhúsgaflinn hafði þokast til. ... Þannig héldu skriður áfram að hlaupa meiri og minni í sex daga og hættu ekki fyrr, en allt var skafið úr fjallinu niður á fast berg, en klettabeltið í fjallshlíðinni sundur skorið af djúpum geilum og gilskorningum.  
EJ: Á Villingadal á Ingjaldssandi féll geysimikil skriða. Stefndi hún fyrst á bæjarhúsin en sveigði svo frá svo þau sakaði ekki, en skriðan eyðilagði mikinn hluta túnsins. Næsta dag féllu enn skriður við bæinn og voru þá peningahúsin talin í hættu. Fluttist þá bæði fólk og fénaður frá Villingadal.  
HGP (1996): ... „Skriðan í Villingadal á Ingjaldssandi virðist hafa verið með undarlegum hætti og öðrum en þeim er tíðastur er um skriður hérlendis (ÓJ 1957.).  
Þ. 14.–21. S– og SV–átt, oftast mjög hlýtt í veðri. Lægðir á hreyfingu norð-austur yfir Grænland. Þ. 22.–23. Lægðin færðist austur fyrir norðan landið og gekk í V–ofsaveður með hriðaréljum vestanlands. – Vegna rigninga urðu sumsstaðar skriðuhlaup vestanlands.  
... Í gærmorgun hljóp skriða úr fjallinu fyrir ofan Villingadal á Ingjaldssandi. Stefndi hún fyrst á bæinn en breytti svo um stefnu og rann ekki á bæinn. Skriðan fór yfir túnið og eyddi miklu af því. Hún er um tvo metra á þykkt í sporðinn. Allt fólk er flutt úr bænum. Fénaður hefur og að mestu verið fluttur burt. Í gær var skriðan um 200 m á breidd. Hún jókst í alla nótt. Bær og peningshús eru talin í hættu (Vísir 25.01.). ... Jörðin Villingadalur á Ingjaldssandi er nú því nær eydd af skriðufalli. Fólk og fénaður hefur verið flutt á aðra bæi. Hey er í hættu. Skriðan sigur hægt fram (Nýja dbl. 30.01.).  
... Býlið Villingadalur var austan megin í dal þeim, er Ingjaldssandsbæirnir eru í. Austur og upp frá býlinu er fjall hátt, á sjötta hundrað m á hæð. Ofar en í miðju fjalli er hvilft stór, og gengur djúpt gil úr henni og niður í fjallsrætur. Botn hvilftarinnar er slétt grasflöt, um 2/3 ha að stærð, en á barmi hennar er stór að mestu gróin ruðningsalda, er nefnist Bringur. Í sömu hæð og hvilftarbotninn, en sunnar, var graslaut, kölluð Koppur. Laut þessi var svo djúp, að þar gátu vel leynst um 30 fjár, þar til komið var á brún lautarinnar. Þar upp af var stórt aur- og skriðusvæði, er náði upp að standkletti í barmi Villingadalshvilftarinnar, og nefndist hann Kerling. Fjallið þarna var annars klettalítið, en þó hátt klettabelti niður af Koppnum og hvilftinni. Niður af Bringunum rann smálækur, er notaður var sem vatnsból frá Villingadal. ... Svo sem fyrr er sagt, voru í jan. 1935 óhemjuúrfelli þar vestra, svo að mikill vöxtur hljóp í ár og læki. Þann 24. jan. kl. 08:30 ... heyrði hann ógurlegar dunur, ískur og dynki. Dálítið fjúk hafði gert um nót-

tina, svo að jörð var hvít, en ekki var ennþá ljóst af degi. Sá hann þá í hálf-rökkrinu hvar dökkur flekkur eða breiða færðist niður fjallið upp af Villingadal og stefndi á bæinn. Óx þetta með skjótri svipan. ... Brátt bar skriðuna að Villingadal, og varð eigi annað séð í hálf-rökkrinu, en að hún félli á bæinn. ... Varla voru þeir aftur komnir í fjárhúsið, er dunur og dynkir kváðu við í fjallinu. Var sem allt léki á reiðiskjálfi, en aur, grjót og vatn byltist niður brekkurnar og fram af klettabeltunum, svo að jörðin titraði. ... Þennan dag féllu sífellt skriður, margar á hverjum klukkutíma, og fylgdi þeim mikið vatnsrennsli. Vatnsöldurnar ultu sífellt niður yfir lautina í stefnu á bæinn og líktust mest grunnbrotum við sjávarströnd. Ekkert dró úr skriðuföllunum er á daginn leið, og sýndist öllum ráð að flytja öll lifandi og dauð verðmæti brott af býlinu hið bráðasta, ... Alla nóttina heyrðist skarkið í skriðuföllunum, ... en þá var nokkuð óhlaupið af aurnum niður af Kerlingunni. ... að lárétt rauf eða sprunga, um 100–150 m löng, opnaðist þar uppi í skriðunni. ... skriðan ruddist fram. Var hún ægileg og skarkalinn óskaplegur. Var sem hún risti sundur klettana í fjallinu, er hún fór fram af þeim. Féll það, er fyrir hafði sprungið, í tveimur lotum. Var síðari hlutinn meiri og ein mesta skriðan. ... Þannig héldu skriður áfram að hlaupa meiri og minni í sex daga og hættu ekki fyrr, en allt var skafið þarna úr fjallinu niður á fast berg, en klettabeltið í fjallshlíðinni sundur skorið af djúpum geilum og gilskorningum.

Það, sem allir undruðust þó mest, var vatnsrennslið, sem var geysilegt, virtist lyfta aur og grjóti og fleyta öllu saman fram af klettunum og niður fjallshlíðina. Engum kom til hugar, að bæjarlækurinn fengi valdið þessu. Sumir hugðu, að nýr lækur hefði sprungið fram úr fjallinu, og vissulega féll lækur niður aurinn og bergið, sem skafið var ofan af. Einnig var til getið, að vatn þetta hefði safnast einhvers staðar fyrir í langan tíma og talið líklegt, að það kæmi gegnum fjallið úr Vatnshvilt í Mosdal, en þar er stórt vatn í áþekkri hæð og skriðupptökin í Villingadal. Fjallið þarna á milli er fremur þunnt, en þó er þetta ekki líklegt.

Framhlaup þetta gerði stóra skál í fjallið og bar fram óhemju af aur og grjóti. Skemmdir á jörðinni urðu miklar. Talsvert af túni, mótakið og nærliggjandi engjar gróf framburðurinn. ... Skriðan hafði sópað niður úr fjallinu alls konar bergusli, og vatnið bar með sér eitthvað, er líktist málmbrá og loddi við sem gljáandi agnir, ef hendi var difið í það. Mátti jafnvel finna kekki á stærð við handknetti úr þessu gljáandi efni.

Um skriðuna er annars þetta að segja: Hún mun hafa verið um 218 m á breidd, þar sem hún var breiðust. Skriðuföllin fóru ekki mjög hratt, en þó hraðar en svo, að undan þeim yrði hlaupið. Efnið var mest aur og grjót, en lítið stórgryti. Enginn steinn sjáanlegur stærri en hreyfa mætti með járnkarli (ÓJ 1957.).“

HGP (2001): ... Fyrsta daginn í þorra árið 1935 féll mikil aurskriða yfir allan ytri hluta túnsins og munaði minnstu að hún grandaði bænum og „flýjandi fólkinu“ (Árbók FÍ 1999).

HGP (2001): ... Önnur mikil skriða, aurskriða, féll á Villingadal á fyrsta þorradag árið 1935. Tók hún af mikið beutiland og talsvert af túninu, en er nú uppgróin (Ársrit Útivistar 1976).

---

## Milli Valþjófsdals og Hjarðardals, úr Þorfinni 02.10.1952

**Dagsetning:** 02.10.1952, frá kl. 10 til kl. 13.  
**Staðsetning:** Milli Valþjófsdals og Hjarðardals, úr Þorfinni.



<b>Flóðfarvegur:</b>	Féllu að minnsta kosti sex skriður í Hjarðardalshlíð og sumar mjög breiðar.
<b>Stærð:</b>	Miklar skriður.
<b>Tegund flóðs:</b>	Skriður.
<b>Veður:</b>	ÓJ: Fimmtudagsnóttina og fram eftir degi á fimmtudaginn 2. okt. var vestanrok og úrhellisrigning víða um Vesturland. Var regnið svo mikið að líkt er við skýfall, og urðu víða af völdum þess skriðuföll og landspjöll.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	Eyðilagði mikinn hluta túnsins.
<b>Heimildir:</b>	Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 293. Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuannáll 1951–1970. Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri, skýrsla 16, 4.
<b>Athugasemdir:</b>	ÓJ: Fimmtudagsnóttina og fram eftir degi á fimmtudaginn 2. okt. var vestanrok og úrhellisrigning víða um Vesturland. Var regnið svo mikið að líkt er við skýfall, og urðu víða af völdum þess skriðuföll og landspjöll. HGP: ... Frá Flateyri blöstu sex skriður við í Hjarðardalshlíð hinum megin fjarðarins, sumar mjög breiðar. Féllu þær á milli kl. 10 og 13 þ. 2. (Tím. 04.10.).

---

### Önundarfjörður 18.–19.11.1958

<b>Dagsetning:</b>	18.–19.11.1958.
<b>Staðsetning:</b>	Í Önundarfirði.
<b>Tegund flóðs:</b>	Skriður.
<b>Veður:</b>	SHH: Krapaflóð og skriður. ÓJ: Mánudaginn 18. nóv. og aðfaranótt þess 19. nóv. virðist hafa verið mjög mikið úrfelli á Vesturlandi og slagviðri.
<b>Heimildir:</b>	Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 324. Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuannáll 1951–1970. Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri, skýrsla 16, 19.
<b>Athugasemdir:</b>	ÓJ: Þá er líka talað um skriðuhlaup í Tálknafirði, Önundarfirði og Dýrafirði. HGP (1992): Um helgina var norðanátt og snjóaði þá víða og sums staðar á Vesturlandi var snjór niður í byggð. Síðan gekk til suðvestan áttar með rigningu og komst hitinn víða upp í 7 til 10 stig. Við þetta hljóp vöxtur í ár og læki auk þess, sem skriður féllu víða (Tím. 20.11.). Rigning, leysingar, flóð og vegaspjöll. Mikil skriðuföll hafa orðið í Dýrafirði og Önundarfirði, en ekki munu vegir hafa teppst margs staðar (Tím. 20.11.). ... Við Dýrafjörð og Önundarfjörð var mikið um skriðuföll (Mbl. 21.11.).

---

### Valþjófsdalur 20.10.1962

<b>Dagsetning:</b>	20.10.1962.
<b>Staðsetning:</b>	Í Valþjófsdal.
<b>Flóðfarvegur:</b>	17 aurskriður féllu á veginn.
<b>Tegund flóðs:</b>	Skriður.
<b>Veður:</b>	ÓJ: Laugardaginn 20. okt. hófst stórfelld rigning á Vestfjörðum og stóð fram eftir degi. HGP: Þ. 20. voru lægðir suðvestan og vestan við land, og vindur snérist til suðurs með mjög mikilli rigningu sunnan lands og vestan. Vegir um vestan og norðanvert landið spilltust mjög af vatnavöxtum.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	17 aurskriður féllu á veginn í Valþjófsdal.

- Heimildir:** Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 333. Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuannáll 1951–1970. Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri, skýrsla 16, 32–33. Heimildir HGP eru Mbl. 21.10. og 23.10., Vísir 22.10., Tím. 23.10., Abl. 23.10., Þjv. 23.10. og ÓJ 1974.
- Athugasemdir:** HGP 1992: Féllu 17 skriður á veginn út í Valþjófsdal (Mbl. 21.10.). ... Margar skriður hafa fallið í Valþjófsdalsófæru (Abl. 23.10.). ... Skriðuföll urðu í Valþjófsdal (Mbl. 23.10.).

---

### Valþjófsdalur 21.10.1964

- Dagsetning:** 21.10.1964.  
**Staðsetning:** Í Valþjófsdal.  
**Flóðfarvegur:** 6 skriður runnu á veginn.  
**Tegund flóðs:** Skriður.  
**Veður:** ÓJ: Miklar rigningar voru vestanlands um þetta leyti. Varð úrkomman 70 mm í Kvígindisdal eina nóttina.
- Mannskaðar og tjón:** 6 skriður runnu á veginn í Valþjófsdal.  
**Heimildir:** Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 335. Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuannáll 1951–1970. Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri, skýrsla 16, 33.

---

### Breiðadalur 04.–05.11.1965

- Dagsetning:** 04.–05.11.1965.  
**Staðsetning:** Á Breiðadal.  
**Flóðfarvegur:** Sagt er, að 10 skriður hafi fallið.  
**Tegund flóðs:** Skriður.  
**Veður:** ÓJ: Dagana 3.–5. nóv. gekk stórviðri með úrhellisrigningu yfir vestanvert landið. Um kl. 08 á fimmtudagsmorgun 4. nóv. hófust skriðuföll ... HGP 1992: Þ. 3. þokaðist hæðarhryggur austur yfir landið, og vindur gekk til suðausturs og síðan suðurs og suðvesturs, en þá var vaxandi lægð á Grænlandshafi. Varð suðvestan stormur eða rok víða um vestanvert landið og mikil rigning á Vesturlandi og Vestfjörðum. Þ. 4. var lægðin milli Vestfjarða og Grænlands, og vindur varð vestlægari. Þessa tvo daga hlýnaði talsvert. Eflaust hafa orðið leysingar og bætt við regnvatnið, sem orsakaði víða flóð og skriðuföll. Víða urðu vegaskemmdir.
- Mannskaðar og tjón:** Breiðadalur var tepptur á móts við Fremri-Breiðadal af skriðum. ... að 10 skriður hafi fallið á Breiðadal.
- Heimildir:** Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 339. Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuannáll 1951–1970. Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri, skýrsla 16, 39–40.
- Athugasemdir:** HGP 1992: ... Í Önundarfirði hefur verið mikið um skriðuföll og vegurinn um Breiðadal lokast. Einnig lokaðist vegurinn hjá Sólbakka (Mbl. 05.11.). ... að aurskriður hefðu fallið í Bjarnardal í Önundarfirði. ... að einar 8 skriður hefðu fallið á veginn í Breiðadalnum (Tím. 05.11.). ... Talsvert hefur fallið af skriðum hér í Önundarfirði í ofviðrinu í gær og fyrradag. Ein skriða féll við Sólbakka, rétt utan við kaupúnið og hljóp þar einnig fram vatnsflóð. ... Vegurinn út í Valþjófsdal er ófær af skriðuföllum. Bíll lokaðist þar af og urðu menn úr honum að fara fótgangandi til byggða, undir hinum sæbratta Þorfinni (Abl. 05.11.). ... en búið væri að telja yfir 10 skriður á þessum

spotta (frá Hjarðardal og út í Valþjófsdal, Ófæruhlíð). Breiðadalur var tepptur á móts við Fremri–Breiðadal af skriðum. ... að 10 skriður hafi fallið á Breiðadal (Tím. 06.11.).

---

### Bjarnardalur 04.–05.11.1965

**Dagsetning:** 04.–05.11.1965.  
**Tegund flóðs:** Skriður.  
**Veður:** ÓJ: Dagana 3.–5. nóv. gekk stórviðri með úrhellisrigningu yfir vestanvert landið. Um kl. 08 á fimmtudagsmorguninn 4. nóv. hófust skriðuföll á Ísafirði.  
**Heimildir:** Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 339. Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuannáll 1951–1970. Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri, skýrsla 16, 39–40.  
**Athugasemdir:** Sjá Breiðadal á sama tíma.

---

### Ófæruhlíð, milli Hjarðardals og Valþjófsdals 04.–05.11.1965

**Dagsetning:** 04.–05.11.1965.  
**Flóðfarvegur:** 10 skriður minnst féllu á veginn milli Hjarðardals og Valþjófsdals.  
**Tegund flóðs:** Skriður.  
**Veður:** ÓJ: Dagana 3.–5. nóv. gekk stórviðri með úrhellisrigningu yfir vestanvert landið. Um kl. 08 á fimmtudagsmorguninn 4. nóv. hófust skriðuföll á Ísafirði  
...  
**Mannskaðar og tjón:** ÓJ: 10 skriður minnst féllu á veginn milli Hjarðardals og Valþjófsdals. HGP: Vegurinn út í Valþjófsdal er ófær af skriðuföllum. Bíll lokaðist þar af og urðu menn úr honum að fara fótgangandi til byggða, undir hinum sæbratta Þorfinni.  
**Heimildir:** Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 339. Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuannáll 1951–1970. Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri, skýrsla 16, 39–40.  
**Athugasemdir:** Sjá Breiðadal á sama tíma.

---

### Breiðadalur og Öundur fjörður 08.09.1969

**Dagsetning:** 08.09.1969.  
**Staðsetning:** Í Breiðadal og e.t.v. víðar í Öundarfirði.  
**Tegund flóðs:** Skriður.  
**Veður:** SHH: Snjóflóð (veðurlýsing er stórhrið). ÓJ: Mánudaginn 8. sept. gerði snjóhrið á Vestfjörðum og hlóð niður snjó í fjöll, en áður hafði verið þar úrhellisregn.  
**Mannskaðar og tjón:** Aurskriða féll á veginn í Breiðadal.  
**Heimildir:** Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 345. Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuannáll 1951–1970. Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri, skýrsla 16, 51. Heimildir HGP eru Vísir 08.09., Mbl. 09.09., Tím. 09.09., Veðráttan september 1969 og ÓJ 1974.  
**Athugasemdir:** SHH: ÓJ segir í Öundarfirði en HGP í Breiðadal. ÓJ: Hlupu þá víða skriður á vegi, líklega aðallega aðfaranótt 8. sept., og eru þessir staðir einkum tilnefndir: Í Arnarfirði, Dýrafirði, Öundarfirði, Súgandafirði og milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur.

HGP: Þ. 7. hvessti suðvestanlands, og regnsvæði fór norður yfir landið. Á Vestfjörðum var gífurleg úrkoma.

Þetta mikla vatnsveður á Vestfjörðum olli því að skriður féllu víða á vegi í Dýrafirði, Arnarfirði, Öndarfirði og Súgandafirði, en um hádegið í gær (08.09.) var búið að ryðja vegina. ... Einnig féll aurskriða á veginn í Breiðadal (Öndarfjörður).

---

### Bjarnardalur 19.11.1976

<b>Dagsetning:</b>	04.–05.11.1965.
<b>Staðsetning:</b>	Í Bjarnardal.
<b>Tegund flóðs:</b>	Skriður.
<b>Veður:</b>	ÓJ: Þann 19. nóvember gekk mikið vatnsveður yfir vestanvert landið og fylgdu því vatnavextir, skriðuföll og víða vegaskemmdir.
<b>Mannskaðar og tjón:</b>	Skriður lokuðu vegi í Bjarnardal í Öndarfirði.
<b>Heimildir:</b>	Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson 1992. Skriðuföll og snjóflóð II, 359. Halldór G. Pétursson 1991. Skriðumannáll 1971–1990. Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri, skýrsla 14, 13.
<b>Athugasemdir:</b>	ÓJ: Skriður lokuðu vegum í Tálknafirði, milli Bíldudals og Ketildala og í Bjarnardal í Öndarfirði.

---

## VIÐAUKI 2. ÚR JARÐABÓK ÁRNA MAGNÚSSONAR OG PÁLS VÍDALÍNS, SJÖUNDA BINDI

### Snjóflóð

Hér er samantekt um snjóflóð úr kafla um Önundarfjörð í Ísafjarðarsýslu.

#### Bls. Bær

#### Útdráttur texta

- 95 Mosdalur. Hætt er hjer fyrir snjóflóðum, ef ekki er vel vaktaður peníngur. Flæðihætt er hjer og í nokkrum stöðum. Svo fer og fje hjer í ógöngur í fjöllum, svo oft verður skaði að. Ristulaust er hjer svo að kalla. Skriður falla á túnið og spilla því. Heimaengjum (ef svo skal kalla) spilla og skriður, en fjallaslægjur eru nokkrar þar fyrir utan, og fellur í sama máta á þær þess á milli.
- 99 Þorfinnsstader (í Valþjófsdal). Hætt er bænum fyrir snjóflóði, og hefur einu sinni háskalega áhlaupið, en ekki verður bærinn vel færður. Snjóskriður með aur og grjóti falla á túnið. Engjunum spilla grjótskriður og snjóflóð, sem bera á aur, og eru engjarnar hjer af stórum spiltar. Hagarnir þeir litlir sem voru spillast árlega af skriðum, og er mjög lítið eftir orðið.
- 114 Efsta Ból. Snjóflóð hafa hjer nokkrum sinnum peníngi grandað.
- 116 Kirkjuból (kallað í Korpudal). Í einum hlut haganna, þar sem hann er bestur, er stórum hætt fyrir snjóflóðum.

Á blaðsíðu 118 er skráð:

„Að so hafi almúginn sagt til jarða sinna sem hjer skrifað stendur, vottum við undirskrifaðir að Holti í Önundarfirði þann 11. Augusti 1710.

Þórður Þórðarson. Magnús Jónsson.“

#### Bls. Bær

#### Útdráttur texta

- 122 Kirkjuból, almennilega kallað Selakirkjuból. Hætt er kvikfé fyrir snjóflóðum og sjáfarflæðum og hefur ábúandi mist fyrir 4 árum alt sitt fje út í sjó.
- 124 Hvilft. Enginu grandar til stórsakaða skriður út brattlendi. Út-hagar eru mjög litlir heima á jörðunni og mjög hrjóstrugir. Hætt er kvikfje stórlega fyrir sjáfarflæður undir

mósköflum og so snjóflóðum. Kirkjuvegur torsóktur yfir Önundarfjörð.

125 Garðar.

Tóftarústir eru hjer í túninu, og hefur bærinn þaðan fluttur verið þángað sem nú er hann fyrir manna minni, og er sagt að því hafi ollað snjóflóð, sem að bænum hafi gengið.

125 Eyre.

Túninu grandar möl og aur, sem rennur á það í vatnagangi og leysingu af holti því, er ofan völlinn er. Engjar mjög spilltar af skriðum, og fyrir því víðast eyðilagðar. Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum og merkilega fyrir snjóflóðum, og hafa þessi snjóflóð stundum tekið hjer bæði menn og fje út í sjó, og hesta, og gjört með því stórkostlegan skaða. Kirkjuvegur torsóktur yfir Önundarfjörð til Holts. Hætt er húsum fyrir sjóveðrum og ekki sýnist öldungis óhætt fyrir snjóflóðum, þó ekki hafi hingað til mein gjört.

Skráð er í niðurlagi kaflans á blaðsíðu 126–127:

„Vottar að því að so hafi almúginn framborið og undirrettað sem framanskriðuð Jarðabók útvisar, úr því er byrjar að tala um jörðina Innri–Veðrará og til þess nú er komið, erum við undirskrifaðir, sem jafnan höfum þessi erindi nálægir og áheyrandi verið að Holti í Önundarfirði þann 12. Augusti Anno 1710.

Magnús Einarsson. Halldór Bjarnason.“

## Skriður

Í *Jarðabókinni* kemur fram að skriður hafa eyðilagt eða eyðileggja mörg tún, engi og haga við bæi í Önundarfirði, eða að kvikfé sé hætt fyrir skriðuföllum. Nöfn bæja og hjáleiga, jafnt býla sem eyðibýla, eru skáð fyrir neðan, og ekkert annað þar sem skriður falla. Ein tilvitnun er skráð hér á Miðhúsum þar sem eitthvað meira er í *Jarðabókinni* um skriður en almenns eðlis.

Mosdalur.

Kirkjuból í Valþjófsdal.

Dalshus heimare.

Dalshus ytre.

Midhus. „EKKI verður hjer bygð sett, því skriða er fallin á túnstæðið og toftirnar, svo eru og Kirkjubóls slægjur miklu minni en svo að aflagt verði.“ Ekkert er hér skráð um skriður.

Tunga í Valþjófsdal.

Grafargil (í Valþjófsdal).

Þorfinnsstader (í Valþjófsdal).

Hjardardalur ytre eður stærre.

Hjardardalur innre.

Þórustader eður Þórólfsstader.

Hollt. Högum staðarins hafa skriður spilt, bæði heima um sig og frammi á Bjarnardal.

Hjáleigur, ekkert nefnt um skriður:

„Melvadshus alias Peturshus alias Bryniulfshus, hefur heitið við túnið, bygð í fyrstu hjer um fyrir 50 árum en nú í auðn síðan bóluna.“

Melvadshus innre. Hjáleiga, seinna Garðsendahús, byggð í 2 ár svo í eyði, síðan eitt ár.  
Heidnahus eður Haudnahus. ... „byggt fyrst fyrir nokkrum og 40 árum, en hefur nú í eyði legið í 10 ár.“  
Vadlar.  
Tröd.  
Kirkiuból (kallað í Bjarnardal).  
Mosveller.  
Backakot. Hjáleiga í eyði, ekkert um skriður.  
Vifilsmyrar.  
Holl (kallaður inn í firði).  
Tunga.  
Hestur (aðrir vilja það heiti Hafurshestur). Ekkert nefnt um skriður.  
Hestuhus efre. Hjáleiga, engar skriður nefndar.  
Hestuhus nedre. Hjáleiga, engar skriður nefndar.  
Mule (aðrir kalla Mulakot og nokkrir Steinhús). Skriður á engjum.  
Aunundar Girde „heitir í Hestsengjum. Þar eru munnmæli forn að hjer hafi í landnámatíð byggð staðið, en enginn maður man þar byggð hafa verið.“  
Brandhólar. Tóftarústir.  
Efsta Ból.  
Kroppstader eður Krofstader.  
Kirkiuból (kallað í Korpudal). „Skriður fjellu á engjarnar fyrir 4um árum.“ (Sjá Viðauka 1 um skriðuföll).  
Kirkiubóls Hus. Hjáleiga.  
Tanna Nes.  
Vedrar á Innre.  
Midá, forn eyðihjáleiga. Ekkert nefnt um skriður.  
Vedrara ytre.  
Breidedalur fremre. Ekkert skrifað um skriður en: „Túninu grandar Þverá með landbroti.“  
Breidedalur nedre.  
Traud. „Fornt eyðiból eður hjáleiga.“ Ekkert skrifað um skriður.  
Kirkiuból, almennilega kallað Selakirkiuból.  
Kalldá.  
Hóll á Hvilftarströnd.  
Hvilft.  
Gardar. „Hjáleiga. ... Engið er mestan part eyðilagt fyrir skriðum. ... Tóftarústir eru hjer í túninu. ... hafi ollað snjóflóð“ (sjá frammar um snjóflóð úr Jarðabókinni).  
Eyre.  
Backhus. Tóftarústir, ekkert nefnt um skriður.  
Klofningar. „Klofningar heitir fornt eyðiból hjer í landinu þar sem nú stendur Hvilftarsel út með sjónum, langt fyrir utan Eyrar bæ. ... Ekki má hjer byggja fyrir vatnsbrest og heyskaparleysi, þó að túnstæði sé nokkurt.“ Ekkert skrifað um skriður.  
Kalfhólar. „Ekki má hjer byggja, því heyskapur er enginn og ekkert vatn“. Ekkert er skrifað um skriður.  
Á Ingjaldssandi eru skriður nefndar við bæina  
Sæból  
Efrihús  
Álfadal  
Háls  
Hólakot  
Brekku  
og  
Villingadal.

### VIÐAUKI 3. VIÐTÖL 1996–2002 VIÐ ÖNFIRÐINGA OG ÖNNUR GAGNAÖFLUN Í ÖNUNDAFIRÐI

#### Efnisyfirlit

Inngangur.....	228
Viðtöl 1996.....	228
Snorri Hermannsson, viðtal á Ísafirði 1995.....	228
Eiríkur Guðmundsson og Ragna Óladóttir frá Flateyri, símtal og viðtöl 1996.....	228
Guðmundur Valgeir Jóhannesson, Flateyri, símtal 1996.....	229
Guðmundur Hagalínsson, snjóathugunarmaður, Flateyri, símtöl 1996.....	229
Guðmundur S. Gunnarsson, Vegagerðinni á Ísafirði, símtöl og viðtal 1996.....	230
Björn Öundurson, fyrrverandi tryggingayfirlæknir, símtöl 1996.....	231
Jón Friðgeir Jónsson, flugvallarstjóri, Holti í Öundurafirði, símtal 1996.....	231
Eiríkur Guðmundsson og Ragna Óladóttir frá Flateyri, viðtöl 1996.....	232
Magnea Guðmundsdóttir og Páll Öundurson, Flateyri, símtöl 1996.....	233
Trausti Bjarnason, símtal 1996.....	233
Elísabet Sara Guðmundsdóttir, símtal 1996.....	233
Jónína Ásbjarnardóttir, símtal 1996.....	234
Emil Ragnar Hjartarson, símtal 1996.....	234
Eggert Jónsson, símtal 1996.....	234
Guðmundur Ágústsson, símtal 1996.....	235
Sveinn Guðbjartsson, símtal 1996.....	235
Hjálmar B. Kristjánsson, símtal 1996.....	235
Hjördís Hjörleifsdóttir, símtöl 1996 og 2000.....	236
Sigmundur Þórðarson, Þingeyri, símtal 1996.....	236
Gagnasöfnun og viðtöl í Öundurafirði 7.–8. maí 1996.....	237
Guðmundur S. Gunnarsson, Vegagerðinni á Ísafirði.....	237
Skjalasafnið á Ísafirði – Jóna Símonía Bjarnadóttir, viðtal 1996.....	237
Sveitarstjórnarskrifstofan á Flateyri 1996.....	237
Guðmundur Valgeir Jóhannesson og Guðjón Guðmundsson, viðtal 1996.....	237
Guðmundur Ingi Kristjánsson, Kirkjubóli í Bjarnardal, viðtal 1996.....	238
María Jóhannsdóttir, Flateyri, viðtal 1996.....	238
Haraldur Ásgeirsson, símtal 1996.....	239
Sigrún Halldórsdóttir, Fáskrúðsfirði, símtal 1996.....	239



Jóna Símonía Bjarnadóttir, símbref 1996.....	239
Sigurður Sveinsson, Ísafirði, símtal 1996 .....	240
Gunnlaugur Finnsson, Hvilft, símtal 1996 .....	240
Viðtöl 1997.....	241
Guðfinna Hinriksdóttir frá Flateyri og Ólafía Jónsdóttir frá Súgandafirði, viðtal í Reykjavík 1997.....	241
Reynir Traustason, símtal 1997.....	241
Eiríkur Finnur Greipsson, tölvupóstur 1997 .....	242
Viðtöl og fundargerðir á Flateyri og í Önundarfirði 28.–31. júlí 1998 .....	242
Fundargerðir skoðaðar 29. júlí 1998 .....	242
Guðmundur S. Gunnarsson, Vegagerðinni á Ísafirði, viðtal 1998 .....	243
Guðrún Pálsdóttir, Flateyri, og Elísabet Pétursdóttir.....	244
Almannavarnanefndarfundur á Ísafirði 1998 .....	245
Ingunn Gunnarsdóttir, símtal 1998.....	245
Guðni Guðnason, Eyrarvegi, símtal 1998 .....	245
Grétar Arnbergsson, símtal 1998.....	245
Guðjón Guðmundsson, símtal 1998 .....	245
Alla Gunnlaugs, símtal 1998.....	245
Þorbjörn, slökkviliðsstjóri, Ísafirði, viðtal 1998 .....	246
Magnea Guðmundsdóttir, viðtal 1998.....	246
Guðmundur Hagalínsson, viðtal 1998.....	246
Guðrún Bjarnadóttir, viðtal 1998 .....	247
Guðmundur og Guðni Ágústssynir og Elísabet Pétursdóttir, viðtal 1998 .....	247
Sólveig Ingvarsdóttir, Ytri–Veðrará, símtal 1998 .....	249
Tannanes, símtal 1998.....	249
Halla Signý Kristjánsdóttir, Kirkjubóli í Bjarnardal, viðtal 1998 .....	249
Sólveig Bessa Magnúsdóttir, Innri Hjarðardal, símtal 1998 .....	250
Rósa og Kjell, Holti, viðtal 1998.....	250
Guðmundur Valgeir Jóhannesson og Guðmundur Ingi Kristjánsson, viðtal 1998.....	250
Halldór Mikkaelsson, viðtal 1998 .....	251
Ásgeir Mikkaelsson, viðtal 1998.....	253
Guðmundur Steinar Björgmundsson og Sigríður Magnúsdóttir, Kirkjubóli í Valþjófsdal, viðtal 1998.....	253
Vigfús Ebenesersson og Birgitta Ebenesersdóttir frá Tungu í Valþjófsdal, viðtal 1998....	253

Séra Gunnar Björnsson og Ágústa Ágústsdóttir, viðtal 1998.....	254
Jóhanna Kristjánsdóttir og Þuríður Gísladóttir, Kirkjubóli í Bjarnardal, viðtal 1998.....	254
Heimsókn Gunnlaugs Finnssonar, Hvilft, á Veðurstofuna 12. ágúst 1998 .....	254
Viðtöl 1998–2000.....	255
Erik Hestnes, Osló, Noregi, viðtöl vorið 1998 og vorið 1999.....	255
Halldór G. Pétursson, Akureyri, símtal 2000 .....	256
Viðtöl í Önundarfirði 1.–2. júlí 2002 .....	256
Magnús Hringur Guðmundsson, Hóli, viðtal 2002 .....	256
Daði Ingimundarson, Tannanesi, viðtal 2002.....	256
Sólveig Ingvarsdóttir, Ytri–Veðrará, viðtal 2002.....	257
Guðmundur Björgvinsson, Brimnesvegi, Flateyri, viðtal 2002.....	257
Guðrún Pálsdóttir, Drafnargötu 6, Flateyri, viðtöl 2002 .....	258
Hreinn Ólafsson, Bolungarvík, viðtal 2002.....	258
Guðmundur Hagalínsson, Flateyri, viðtal 2002 .....	259
Gunnlaugur Finnsson, Hvilft, viðtal 2002.....	259
Viðtöl haustið 2002 .....	260
Björn Ingi Bjarnason, símtal í október 2002 .....	260
Gunnlaugur Finnsson, Hvilft, viðtal 2002.....	261
Guðmundur B. Hagalínsson og Halldór Mikkaelsson, símtöl 2002.....	262
Guðmundur S. Gunnarsson, símtal 2002 .....	262
Guðmundur Hallgrímsson frá Grafargili, símtal 2002 .....	262

## Inngangur

Í Viðaukanum er samantekt upplýsinga um snjóflóð á Flateyri, sem fengust með símtölum og viðtölum við heimildarmenn. Eftir snjóflóðaslysið í október 1995 vildu margir gera það sem í þeirra valdi stæði til að ekki kæmi oftar til þvílíks manntjóns af völdum náttúruhamfara. Í janúar 1996 hringdi íbúi á Flateyri til snjóflóðavarna Veðurstofunnar og benti á heimildarmenn um eldri snjóflóð, sem ekki hefðu verið skráð. Vorið 1996 var hafist handa við að safna þessum upplýsingum saman.

Fyrr kom fram að fjórir heimildarmenn eru látnir, og suma náðist ekki í vegna veikinda. Hér eru þó yfir 50 viðtöl og miklar upplýsingar hafa safnast.

Viðtölin eru hér skráð sem næst í tímaröð og nöfn heimildarmanna og hvenær samtali átti sér stað kemur fram.

## Viðtöl 1996

### **Snorri Hermannsson, viðtal á Ísafirði 1995**

Samtalið átti sér stað á flugvellinginum á Ísafirði á leið frá Flateyri til Reykjavíkur, 31. október 1995. Snorri var svæðisstjóri björgunaraðgerða fyrstu 4 dagana eftir að snjóflóðið féll úr Skollahvilft. Hann nefndi, að á leið björgunarsveitarmanna til Flateyrar hafi þurft að ryðja um 70–80 cm djúpum snjó af veginum. Hann taldi flóðsnjóinn í bænum hafa verið um 2–4 m djúpan, en benti á að björgunarsveitarmenn, sem voru að störfum, vissu þetta best. Hann sagði að björgunarsveitarmenn myndu taka saman upplýsingar um björgunarstarfið og aðstæður og senda Veðurstofunni eintak af samantektinni.

### **Eiríkur Guðmundsson og Ragna Óladóttir frá Flateyri, símtal og viðtöl 1996**

Eiríkur hringdi á Veðurstofuna 17. janúar 1996 (viðtal við Jón Gunnar Egilsson) og sagði frá snjóflóðum, sem væru óskráð og að hann og kona hans, Ragna Óladóttir, væru fús til að aðstoða við að koma af stað söfnun upplýsinga. Þetta varð kveikjan að því að hafist var handa vorið 1996 við að taka viðtöl og leita í rituðum heimildum.

Faðir Eiríks er Guðmundur Valgeir Jóhannesson, 90 ára, nýfluttur á Sólborg (1996), öldrunarheimili á Flateyri, og er vel ern og getur gefið nánari upplýsingar um snjóflóðin og tíma þeirra. Þau sögðu að um 1952 hefði farið snjóflóð gegnum vélasal síldarverksmiðju, sem stóð þar sem nú er tanki innan við Sólbakka. Þetta var stálgrindahús, og síldarþrær fyrir neðan. Gert var við það aftur og notkun haldið áfram. Tankinn er nú notaður sem trésmíðaverkstæði og er innan við tungu flóðsins 26. október 1995 og utan við flóð frá 17. mars 1995, en þar er ekkert snjóflóð á eldri snjóflóðakortum.

Eiríkur sagði að tvisvar hefði snjóflóð farið niður fyrir kirkjugarð. Leiði langafa hans er ofarlega í kirkjugarðinum og hefur legsteinninn tvisvar farið af leiðinu og verið sóttur eftir snjóflóð og settur á sinn stað aftur. Hann sagði snjóflóð hafa í tvígang komið að tröppum húss, sem er næsta hús vestan við Svíahús og getur vísað á mann til vitnis um þetta.

Eiríkur sagði Björn Önundarson hafa verið lækni á Flateyri og geta gefið upplýsingar um snjóflóð, sem hefði farið niður undir sjúkrahús, áður en byggt var ofan þess.

Eiríkur og Ragna komu í heimsókn á snjóflóðavarnir Veðurstofunnar 15. mars 1996. Eiríkur kom síðan aftur 11. apríl til að aðstoða við staðsetningu kennileita á Flateyri – sjá aftar í þessari samantekt.

### **Guðmundur Valgeir Jóhannesson, Flateyri, símtal 1996**

SHH ræddi við GVJ 11. mars 1996. Hann sagði frá snjóflóði, sem flutti legstein úr kirkjugarði. Legsteinninn var á leiði bróður hans og afa. Steinninn fór einu sinni af leiðinu með snjóflóði, en nú í október lagðist hann á hliðina. Steinninn stöðvaðist neðan við þar sem Essóstöðin var síðar, en hún fór í flóðinu 26. október 1995. Hann sagði Eirík son sinn geta hjálpað okkur að teikna þetta á kort. Hann sagðist mjög óviss á því hvaða ár þetta var (í greininni í DV er það sagt vera um 1953).

Flóðið, sem Eiríkur nefndi í símtali 17. janúar 1996 og fór gegnum vélasalinn, fór rétt innan við Sólbakka. Guðmundur sagði læk vera rétt innan við þar sem síldarverksmiðjan var, mikið gil, en snjóflóðið hafi komið þaðan. Þetta er innan við Skollahvilft, milli Sólbakka og Sólvalla. Verksmiðjan fylltist af snjó, en flóðið náði í sjó fram.

Guðmundur sagði flest eldra fólk farið frá Flateyri til Ísafjarðar og Reykjavíkur.

Þrír synir Guðmundar, þeir Eiríkur og tveir bræður hans, byggðu við Unnarstíg.

Fyrir bylinn í október 1995 var auð jörð, en síðan gerði ótrúlega mikla snjókomu. Guðmundur bjó neðarlega á eyrinni. Hann fór ekkert út, á erfitt með það nema í bestu færð. Þarna voru um 2–3 m háir skaflar, taldi hann.

### **Guðmundur Hagalínsson, snjóathugunarmaður, Flateyri, símtöl 1996**

SHH ræddi við GH í síma 11. mars 1996, og aftur 12. apríl og síðan einnig 13. apríl. Hann sagði frá flóðum og veðri og benti á heimildarmenn, sem gott væri að leita til.

Guðmundur sagði frá flóði úr Skollahvilft 1958, sem hann sá er hann kom til Flateyrar á báti. Hann mundi vel að það var árið 1958 og örugglega ekki 1953, tengdi það persónulegum minningum. Hann sagði upptök flekans hafa verið um 100–150 m neðan við brún, hann hafi slitnað frá yfir alla hvíltina, miklu neðar en nú í október (1995), en þá var brotið uppi undir brún. Flóðið fór yfir kirkjugarðinn og það fór niður í Ásbjarnargarð, Kvenfélagsgarð öðru nafni, sem síðan var rutt burt vegna bygginga við Unnarstíg. Garðurinn var lítið eitt utar (vestar) en kirkjugarðurinn. Flóðið stöðvaðist um 100 m frá Rauðu rósinni, öðru nafni Svíahúsínu. Það fór í sjó fram þar sem nú er fylling og út og niður fyrir kirkjugarð.

Guðmundur sagði að 1950 hafi verið óhemju mikill snjór, en einnig 1951 og 1947.

Guðmundur var ekki á staðnum þegar snjóflóðið féll 26. október 1995, en vann síðan við að hreinsa snjó á eyrinni. Sagði hann snjóinn hafa verið alveg hreinan, ósnortinn neðarlega á eyrinni og engin merki hafi verið þar um snjóflóðið.

Frá Kirkjubóli í Korpudal fór fólk til Hóls í Önundarfirði daginn fyrir Flateyrarflóðið.

Á móts við íbúðarhúsið Strýtu, sem er annað hús neðan við símstöð við Hafnarstræti, voru 3 steinar í fjöru, að líkindum eftir snjóflóð.

Frá Ólafstúni yfir eyrina var kallaður Kúabakki. Tún voru síðar sléttuð og fyllt upp frá Ólafstúni að kirkjugarði, en þar var dæld fyrir á hluta svæðisins.

Hjálmar B. Kristjánsson frá Flateyri, býr nú í Reykjavík, en faðir hans ritaði dagbækur. Hann skrifaði um snjóflóð í Önundarfirði 1934, en þar missti hann son sinn. Hjálmar átti Ólafstún og gerði við girðingar á hverju vori vegna snjóflóða.

Þegar flugbátur byrjaði að fljúga til Flateyrar, dró Hjálmar burt steina, sem voru á móts við Essóskálann.

Guðmundur talaði aftur við Jón Friðgeir Jónsson, sem ætlar að athuga dagbækur, sem hann hefur í fórum sínum (frá föður hans?).

Guðmundur Gilsson brenndi sínar dagbækur.

Guðmundur Hagalínsson vísaði á Trausta Bjarnason, en hann var á ferð frá Essóskálanum um kl. 02, nóttina sem flóðið féll.

Einnig vísaði hann á Guðmund S. Gunnarsson hjá Vegagerðinni, því hann gæti vitað eitthvað um gömlu flóðin.

Sigmundur Þórðarson á Þingeyri skráir snjóflóð ný og gömul.

Sveinn Guðbjartsson býr í Hnífsdal, en afi hans var jarðaður á Flateyri og kann hann frá snjóflóðinu 1953 að segja.

Guðmundur Ágústsson á Flateyri á bátinn, sem Guðmundur var á 1958 og man eflaust eftir flóðinu úr Skollahvilft.

Guðmundur nefndi einnig bækur, þar sem finna mætti fróðleik um Flateyri og snjóflóð, en þær eru: Ferðin til Brekku eftir Snorra Sigfússon og Þrepin þrettán eftir Gunnar M. Magnúss.

### **Guðmundur S. Gunnarsson, Vegagerðinni á Ísafirði, símtöl og viðtal 1996**

SHH ræddi við Guðmund S. Gunnarsson í síma 11. mars og 16. apríl 1996 og átti við hann viðtal 7. maí 1996. Ennfremur eru skráð hér atriði, er komu fram í samtali hans og Tómasar Jóhannessonar. Hann gerði snjósmælingar að einhverju leyti á móti Jóni Friðgeiri Jónssyni, flugvallarstjóra á Holti Önundarfirði, en hélt að þeim hefði verið alveg hætt eftir Súðavíkurslysið.

Hann hafði eftir Sveinbirni Veturliðasyni, hjá Vegagerðinni á Ísafirði, sem sá um snjóruðning á vegum fyrir björgunarsveitir og fleiri eftir Flateyrarflóðið 1995, að snjórinn hafi náð upp á miðjar stikur, en þær eru 150 cm háar. Snjórinn var fremur blautur taldi hann, hiti ofan við frostmark.

Guðmundur benti á, að á Flateyri hafi staðið garðveggir, sem voru 90 cm háir, en merki um flóðið verið á húsunum. Veggirnir virtust hafa verið grafnir í fönn.

Steinn, sem var ofan við Essóskálann fluttist án þess að velta, að því er virtist, langa vegalengd í flóðinu í október 1995. Ástandið var eins og eftir sprengingu.

Guðmundur sagði mynd hjá Sparisjóðnum á Flateyri sýna steina á sandi, þar sem nú er búið að gera uppfyllingu. Hann sagði ekki vafa á, að þessir steinar hafi komið með snjóflóði áður fyrr, eins og steinar sem nú sjást eftir snjóflóðið í október.

Hann gerði áður fyrr veðurathuganir á Flateyri. Hann sagði gífurlega úrkomu geta orðið þar, sem kæmi af hafi. Hann benti á að bera saman úrkomu á Flateyri og Þórustöðum, sem eru í um 5 km fjarlægð, frá því 1990–1991. Hann minnti að úrkoma á 3 sólarhringum hjá þeim hafi verið um 156 mm, en um 60–70 mm á Þórustöðum á sama tíma.

Hann sagði, að þeir hjá Vegagerðinni hafi eitt sinn sem oftar verið að ryðja veginn yfir Breiðadalsheiði, og þá tekið eftir að snjóflóð féllu reglulega á 50 mínútna fresti. Þar er mikill bratti og ekki voru flóðin stór, en alveg regluleg í því veðri sem var. Snjóflóð eru skráð hjá Vegagerðinni á Ísafirði og gögn eru til aftur í tímann.

Í seinna símtalinu var Guðmundur spurður sérstaklega um snjóflóð 1974, en hann fór með Erik Hestnes um svæðið 10 árum síðar. Einnig fór hann með Sigurjóni Rist nokkrum dögum eftir flóðin í febrúar 1974. Guðmundur var í bíl við barnaskólann, er snjóflóð féll og leyndi sér ekki hvað var að gerast. Rafmagnslaust varð af völdum snjóflóðsins. Hann sagði, að menn hefðu talið að bæði gilin hefðu hlaupið og lýsti hann útbreiðslunni eins og hún er sýnd á mynd í skýrslu eftir Erik Hestnes. Erik var hér á ferð 30. júlí til 5. ágúst 1984 í fylgd með Guðmundi S. Gunnarssyni og Gísla Eiríkssyni frá Vegagerðinni á Ísafirði og heimsótti snjóflóðastaði.

Erik var hér á eigin vegum, en tók saman yfirlit um ferðina og snjóflóðastaði, sem hann heim-sótti.

Guðmundur lýsti tungunni sem nokkuð samfelldri yfir eyrina, niður að skóla, hröngl kom að húsi við Eyrarveg 12, þar sem hann bjó, flóð fór yfir þar sem blokkir standa nú, og neðan við þar sem síðar voru reist raðhús, sem fóru í snjóflóðinu í október 1995. Hélt hann jafnvel að grunnar hefðu verið teknir fyrir þann tíma, en það þarf að kanna. Hiti var yfir frostmarki í byggð, en fennt hafði. Síðan skóf fram af fjöllum og fór allt af stað. Samkvæmt lýsingu Guðmundar var útbreiðsla enn meiri en kom fram á snjóflóðakortum VÍ, og samfelldara en er á korti í Jökli (25. ári, 1975 bls. 55).

SHH: Sigurjón Rist telur upp snjóflóð úr Eyrarfjalli sem tók hjall, en það er úr Innra-Bæjargili. Síðan telur hann upp 3 flóð úr Skollahvilft, öll sama daginn, eða 11. febrúar 1974, en eitt þeirra var reyndar innan við Skollahvilft.

1953 var Guðmundur á Núpi og vissi því ekki um flóð þá.

Jón Friðgeir gæti e.t.v. gefið upplýsingar um snjóflóð.

Hreinn Ólafsson hjá Orkubúinu gæti gefið upplýsingar um snjóflóð.

Hjördís Hjörleifsdóttir var alin upp á Sólvöllum og man e.t.v. eftir að hafa heyrt um snjóflóðið sem fór á síldarverksmiðjuna. Sólvellir eru austan við gilið innan og austan við Sólbakka. Aldrei féll snjóflóð á bæinn, í áratugi, en hann brann, og í fyrravetur (1994–1995) fór flóð yfir grunninn. Vegagerðin átti þéttbýlismarki rétt innan við gilið, en það fór í sjó fram í flóðinu.

Tómas Jóhannesson á Veðurstofu Íslands talaði síðar við Guðmund. Guðmundur skráði snjóflóð áður en almannavarnanefnd Flateyrar tók til starfa. Hann flutti til Flateyrar 1956 og eitt af hans fyrstu verkum þar var að flytja efni til að gera við kirkjugarðsvegg, sem farið hafði í snjóflóði. Þetta rennir stoðum undir flóðið 1955, sem Eggert Jónsson (sjá aftar) nefndi í samtali við SHH. Til eru skráningar um snjóflóð hjá Vegagerðinni á Ísafirði.

SHH hitti Guðmund á Vegagerðinni á Ísafirði 7. maí 1996 (sjá aftar).

### **Björn Önundarson, fyrrverandi tryggingayfirlæknir, símtöl 1996**

Símtal 12. mars 1996 og aftur 20. mars, eftir að hann talaði við konu sína og son til að athuga hvað rifjaðist upp. Björn var læknir á Flateyri, bjó þar frá því í ágúst 1958 og fram í október-nóvember 1963. Hann skráði þá dagbók læknis og þar með allt óvenjulegt. Hann telur, að hann hafi skráð snjóflóð þar, en man að tvö féllu á þessum árum. Bókunum hefur verið pakkað niður og eru ekki aðgengilegar. Hann lofaði að gefa okkur upplýsingar um snjóflóð, ef hann færi að skoða þetta síðar.

Stærri snjóflóðið var fyrir ofan sjúkraskýlið, stefndi aðeins utan við það, beint á bílskúr, sem tilheyrði því og stöðvaðist 10–20 m ofan við hann. Þetta flóð hefur líklega verið úr Innra-Bæjargili. Hann hélt að það hefði verið 3–4 m á breidd neðst, en samt þó nokkurt snjómagn. Hið minna var nær þeim stað, sem Skollahvilftarflóðið féll í vetur. Það var utan við kirkjugarðinn, bara spýja, mjótt (eins og garður), en náði niður undir kirkjugarðinn miðjan. Björn taldi nokkuð öruggt að bæði flóðin hafi fallið 1960.

Hann sagði þau hjónin hafa verið hrædd um krakkana, en smáspýjur komu oft þarna. Skíðakennsla var þar ofan við bæinn, en aldrei urðu slys af snjóflóðum á þessum tíma.

### **Jón Friðgeir Jónsson, flugvallarstjóri, Holti í Önundarfirði, símtal 1996**

Símtal 12. mars 1996. Jón Friðgeir gerði úrkomumælingar ásamt dóttur sinni fram undir snjóflóðið 26. október 1995. Hann bjó í Ólafstúni 7 og fór þaðan inn í sveit, þegar rýmt var. Hann

gerði venjulega ekki snjódyptarmælingar, en þar sem úrkomumælirinn var, reif snjó af og gaf því ekki rétta mynd af bænum, að hans mati.

Hann taldi vindáttina hafa verið nær því að vera N-átt en NA-átt fyrir snjóflóðið. Rökin sagði hann vera að flóðið úr Skollahvilft hafi sennilega komið úr miðri skál og henni utanverðri. Einnig sagði hann að Urðarskálin, ofan við Selabólsurð, sendi niður flóð í NA-átt. Það gerðist ekki núna, en snjóflóð kom nú úr gili utan (vestan) við hana. Þar safnast snjór í N-átt, þegar kæfir yfir barm þeim megin.

#### Úrkoman fyrir flóðið á Flateyri og summa síðustu 5 daga:

Tími	Úrkomugerð	Úrkomumagn í mm	Summa þessa daga í mm
21.10.1995 kl. 09	rigning	3.1	3.1
21.10.1995 kl. 18	engin		3.1
22.10.1995 kl. 09	slydda/snjór	1.3	4.4
22.10.1995 kl. 18	snjór	6.1	10.5
23.10.1995 kl. 09	snjór	7.2	17.7
23.10.1995 kl. 18	snjór	2.1	19.8
24.10.1995 kl. 09	snjór	8.8	28.6
24.10.1995 kl. 18	slydda/snjór	17.6	46.2
25.10.1995 kl. 09	snjór	7.8	54.0
25.10.1995 kl. 18	snjór	7.6	61.6

Hann sagði hafa verið bleytuhríð 2–4 sólarhringa fyrir flóðið. Daginn fyrir flóðið var snjórinn blautur, þó lak ekki úr honum, ef hnoðaður var snjóbolti, en allt að því. Hann áleit að miklir skaflar hafi verið komnir, álíka og veturinn á undan.

Hann var í vafa um umfang snjóflóða, sem fólk segði frá en hefðu ekki verið mæld. Hann nefndi dæmi um snjóflóð við Kirkjuból í Korpudal, þar sem fólkíð talaði um 500 m breitt flóð. Hann taldi, út frá fjarlægð milli bæja, að þetta væri ofmat.

#### Eiríkur Guðmundsson og Ragna Óladóttir frá Flateyri, viðtöl 1996

Eiríkur og Ragna, kona hans, komu í heimsókn til snjóflóðavarna VÍ 15. mars 1996. Þau hjálpuðu til við að staðsetja á korti ýmis kennileiti og tunga snjóflóðsins frá 1953 var ákvörðuð út frá staðsetningu Svíahúss og eftir upplýsingum föður Eiríks um flutning legsteinsins. Síðan kom Eiríkur aftur til að hjálpa til við leiðréttingu á tungu snjóflóðs úr Innra-Bæjargili 1974.

Guðmundur M. Jónsson (látinn) bjó í næsta húsi utan við Svíahúsið við Tjarnargötu. Hann hafði fyrr talað um að tvisvar hafi snjóflóð komið upp á tröppur hjá sér. Hafa þarf samband við dóttur hans, sem heitir Elísabet Sara.

Snjóflóð, sem fór gegnum vélasal í síldarverksmiðju, þar sem nú er trésmíðaverkstæði í tanki innan við Sólbakka, var staðsett gróflega, en tími þess er óviss.

Snjóflóð úr Innra-Bæjargili 1974 braut girðingu utan um Goðahól, nema í horni fjærst hlíðinni, en hóllinn hafði hlíft því. Umfang þess hefur verið meira en var sýnt á eldri teikningu, en Eiríkur kom aftur þann 11. apríl og hjálpaði til við að laga teikninguna. Hann kom að flóðinu 2 dögum eftir að það féll. Það kom að skólanum og var tungan neðst um 70 cm þykk.

Teiknað var á kort það sem kom fram í samtölunum, og einnig skrifaðar skýringar á kortið.

SHH: Eiríkur færði okkur dagatal Önfirðingafélagsins 1995 og Fréttabréf Önfirðingafélagsins 4. tbl. 17. árg. desember 1995, en í þeim eru nýjar og gamlar myndir frá Flateyri. Á þeim sést að byggð hefur ekki verið ofan við sjúkraskýlið 1960 og því eðlilegt að fólk yrði ekki vart snjóflóða þar fyrir ofan fram að þeim tíma. Einnig sést, að Svíahúsið hafði ekki verið byggt 1913, en það er ekki á mynd, sem skráð er frá 1935.

### **Magnea Guðmundsdóttir og Páll Önundarson, Flateyri, símtöl 1996**

Símtöl 21. mars og 16. apríl 1996 (aftar heimsókn 1998). Magnea er oddviti og var starfandi sveitarstjóri á Flateyri, er flóðið féll 26. október 1995. Magnea fór úr húsi sínu í Ólafstúni, að Brimnesvegi 22, þegar rýmt var 24. október 1995. Þá var krap á götum og vel fært um alls staðar, en dagana á undan var bleytuveður. Hún sagði fólk frekar hafa búist við foki en snjóflóði. Um klukkan 17 þann 25. október fór hún út, gekk frá Brimnesvegi, um Ránargötu og Hafnarstræti, og var þá um ½ m snjódýpt. Aftur fór hún út um kl. 20 og var þá skafll við húsið. Fór hún til baka ½ klst. síðar og hafði þá snjóað alveg yfir för hennar og fyllt í skaflinn við dyrnar, þar sem hún hafði rutt um ½ m úr honum. Hún tók sérstaklega eftir að vindátt var óvenjulega austlæg. Um kl. 22:30 fór hún enn út og var þá snjór 30–40 cm neðan við efri brún dyrakarms. Eftir 2 klst. kom hún til baka og hafði þá fennt enn meira. Mjög mikil snjó-söfnun hefur verið þessar stundir frá kvöldmat og fram á nótt.

Maður Magneu, Páll Önundarson, vann við snjómokstur í bænum um nóttina eftir að flóðið féll. Hann sagði að snjór hefði verið um 1½ m á Brimnesvegi og um 2 m neðarlega í Hafnarstræti.

Magnea taldi að snjódýpt í flóðtungunni hafi víða verið um 2 m, en á bilinu 3–4 m þar sem mest var. Þegar farið var að grafa í snjóinn í desember 1995, til að bjarga munum, var hreinni snjór um 1 m neðst í staflanum.

Hún benti á að upplýsingar mætti fá hjá Sigmundi Þórðarsyni, Þingeyri, sem var að grafa nokkrum mínútum áður en síðasta manneskjan fannst, þ.e. litla stúlkan.

### **Trausti Bjarnason, símtal 1996**

Símtal 21. mars 1996. Trausti var á ferðinni vegna vinnu sinnar í Essóskálanum fram til kl. 02 um nóttina. Þeir fóru um miðnætti á tveimur jeppum inn í sveit með rafgeymi, en þá var mjög mikil snjócoma, ný snjórinn laus og gekk á með vindhviðum og svo var lygnt eða skjól á milli. Förin hurfu á nokkrum mínútum, en í vindhviðunum varð allt blint. Hann fór út um kl. 01:30 og er hann sat í bílnum hurfu ljósín á ljósastaur, sem var í 3 m fjarlægð, svo blint var af snjókomu. Hann keyrði um eyrina og sá hvernig bætti í snjóinn, sagðist aldrei hafa séð svo mikla ofankomu. Snjórinn í fyrra var meiri, en nú snjóaði mjög mikið á skömmum tíma. (SHH: Súðavíkurslysið varð 16.01.1995 og var það mikill snjóavetur.) Á leið heim um kl. 02 var erfitt að komast um, skafllar voru farnir að leggjast að húsum. Eftir flóðið var ófært um götur neðan þess fyrir jeppann, sem komst alltaf um í fyrra.

### **Elísabet Sara Guðmundsdóttir, símtal 1996**

Símtal 10. apríl 1996. Elísabet Sara er dóttir Guðmundar M. Jónssonar (látinn), sem bjó við Tjarnargötu í næsta húsi við Svíahúsið, en Eiríkur nefndi þau vegna snjóflóða, sem hefðu komið þar upp á tröppur. Hún man aðeins eftir því einu sinni sem barn, líklega kringum 1940 (er nú um sextugt), að faðir hennar var að moka frá húsinu, er snjóflóð hafði fallið, en hún beið eftir að komast út. Elísabet sagði að þá hafi verið öðru vísi landslag en nú, hallað að þeirra húsi, en uppfyllingar hefðu breytt því mikið.



Hún var ekki á staðnum 1953, en sagði, að lítið hafi verið talað um snjóflóð yfirleitt og hún hefði ekki endilega heyrt um þau, þó þau hefðu fallið.

Þegar hún og maður hennar ætluðu að byggja um 1960, vildi þáverandi oddviti, Hinrik Guðmundsson, ekki að þau byggðu þar sem þau ætluðu sér, því snjóflóð hefði fallið niður Ragnarstúnið, sem var þar sem Essóskálinn stóð síðar. Snjóflóðið í október 1995 fór á hús Eiríks Finns Greipssonar.

Flóðið 1974 sagði hún hafa farið langt, niður undir íþróttahús, en taldi það ekki hafa náð niður á Tjarnargötu.

### **Jónína Ásbjarnardóttir, símtal 1996**

Símtal 11. apríl 1996. Jónína sagði að ekkert hefði komið á sitt hús í flóðinu 1974, sem er við Tjarnagötu, örlítið neðan og innan við skólann, en flóðið hafi náð niður undir skólann sjálfan. Hún sagði Emil Ragnar Hjartarson hafa verið skólastjóra er flóðið féll og gæti hann eflaust gefið upplýsingar um það og fleira, glöggur maður.

Maður hennar, Björgvin Þórðarson, fór út aðfaranótt þess 26. október 1995, kl. 03:45, vegna vinnu sinnar við Orkubúið, þurfti að keyra díselrafstöð. Skömmu síðar komu eins og tveir skellir, minnti helst á jarðskjálfta, sem og Jónína fann í ágúst s.l. í Grímsnesi, og var 3.5 á Richterkvarða. Rafmagnið fór af og þá vissi hún strax að snjóflóð hafði fallið, flutti sig í suðurhlið hússins, sem er að Eyrarvegi 12, en húsið var skömmu síðar rýmt.

Hún sagði frásögn af flóðinu í Önundarfirði 1934 vera í Ársriti Ísfirðingafélagsins 1960.

Í Skálavíkurlóðinu 1910 bjargaðist Ása, móðir Gunnlaugs Kristjánssonar (d. 26. október 1995 í snjóflóðinu Flateyri), í fangi móður sinnar, þar sem hún var í 40 tíma, en amma Gunnlaugs missti heyrn við þetta.

### **Emil Ragnar Hjartarson, símtal 1996**

Símtal 11. apríl 1996. Emil var skólastjóri þegar snjóflóðið féll 1974 úr Innra-Bæjargili. Hann sagði það hafa komið allt að skólanum, en ekkert sást eftir að það féll vegna veðurs. Hann sagðist nokkrum dögum síðar hafa mælt fjarlægð þangað sem tungan sást greinilega og var hún innan við 30 m frá skólanum.

Hann sagði mjög oft hafa komið flóð úr Skollahvilft, en ekki alltaf í sjó fram. Um 1968 fór það innarlega úr henni og tók hænsnakofa frá Sólbakka, en innri brún var utan við Sólbakka. Þetta flóð var innar en þau sem hafa komið á eða að Svíahúsinu.

Um 1950 (aðspurður taldi hann ekki ólíklegt að það hafi verið 1953) fór flóð að Svíahúsi. Hann var ekki heima 1958, veit ekki um flóðið þá.

Þegar hann var strákur, fengu krakkarnir að leika sér þar sem nú er Ólafstún og ofan þess, vegna þess að menn töldu, að aldrei kæmu snjóflóð þar, en ekki mátti leika sér neðan Skollahvilftar þegar var snjókoma og blint vegna snjóflóðahættu.

Eldri menn sögðu, að snjóflóð hefði komið úr Innra-Bæjargili 1910, en þetta kom til tals, þegar önnur snjóflóð höfðu fallið síðar.

Oft koma snjóflóð úr Ytra-Bæjargili og hafa mörg verið stór.

### **Eggert Jónsson, símtal 1996**

Símtal 12. apríl 1996. Eggert bjó við Hafnarstræti neðan við Svíahúsið. Hann man vel eftir flóði úr Skollahvilft 1953. Það flóð var miklu innar en flóðið í vetur. Það tók suðurhlið kirkju-garðsins, garðveggi við Svíahúsið, fór að hliði að Hafnarstræti 45. Það fór í eða yfir tjörn, sem Tjarnagatan heitir eftir, yfir svæði, þar sem hét Grund, niður fyrir Hafnarstræti 41 og í Bótar-

lækinn, sem var þar fyrir neðan. Hafnarstræti 41 er neðsta húsið við Hafnarstræti, sem brotnaði að hluta í flóðinu í október 1995 (vörubíll lenti á því), og er nokkru ofan við kirkjuna. Flóðið 1953 fór í sjó fram, en fjaran var rétt við Hafnarstrætið á þeim tíma.

Hann var á vertíð í 5 ár og heyrði þá um flóð úr Skollahvilft 1955, en vissi ekki nánar um það. Ekki mundi hann eftir að hafa heyrt um flóð þar 1958, en hann var þá einnig á vertíð.

Eggert sagði að margar sprænur hefðu komið gegnum tíðina þarna, en sjaldnast niður að eyri, en oft niður að þjóðvegi, þ.e. núverandi vegi að Sólbakka.

Hann nefndi einnig stórt flóð innarlega úr Skollahvilft um 1969, en þá fór hæsnahús nærri Sólbakka.

Flóð úr Innra–Bæjargili 1974 fór fram af kambi, tók með sér hjall og sást ekki spýta eftir af honum. Goðahóll klauf flóðið og það fór í sjó fram. Suðurbrún þess var um 1 m frá barnaskólanum.

### **Guðmundur Ágústsson, símtal 1996**

Símtal 12. apríl 1996. Guðmundur var skipstjóri á bátnum, sem Guðmundur Hagalínsson var á 1958, en hann mundi ekki eftir flóðinu. Hann nefndi hins vegar, að flóð hefðu fallið víða í sveitinni, t.d. í Nesdal fyrir um 2 árum, Brekku, austan til í dalnum 1947, og á Sauðanesi austan við fjörð. Hann var oft fyrir sunnan þessi ár kringum 1953 og vissi ekki um flóð þá.

### **Sveinn Guðbjartsson, símtal 1996**

Símtal 12. apríl 1996. Sveinn er ekki frá Flateyri, en afi hans var þaðan. Afi hans dó 1954, en árið áður fór hann að laga leiði eftir snjóflóð, en í því fór hálfur kirkjugarðurinn.

### **Hjálmar B. Kristjánsson, símtal 1996**

Símtal 16. apríl 1996. Ekkert var skrifað í dagbók föður Hjálmars eða annála um snjóflóð, þau voru svo algeng, nema flóðið 1934, en þar fórst bróðir Hjálmars. Hjálmar bjó á Flateyri til 1964.

Hann átti sjálfur Ólafstúnið og fóru mjög oft spýjur á það. Það þurfti að steypa kirkjugarðsvegginn upp a.m.k. þrisvar eftir snjóflóð, en mér skildist, að það hafi verið tvisvar milli 1950 og 1960 en svo fyrir þann tíma (um 1940?).

Krakkarnir á Flateyri voru á skíðum undir Skollahvilft, þar voru aðal skíðabrekkurnar. Þaðan komu oft snjóflóð og fylgdust íbúar með hengjum, en þær hjöðnuðu venjulega sjálfar.

Árið 1948 eða 1949 var hann ásamt öðrum manni staddur í fjöru við Skipaklett (rétt utan við eyrina sjálfa). Snjóflóð kom niður hlíðina og fór í sjó fram. Hann og félagi hans stóðu varla, voru um 10–15 m frá flóðinu og lentu í gusti þess.

Framan við Strýtu, sem er hús neðarlega við Hafnarstræti, voru 3 stórir steinar, a.m.k. tonn að þyngd. Um 5–6 m voru á milli steinanna og voru þeir skemmtilegur leikvöllur að Hjálmars sögn. Þeir fóru á kaf, er leirurnar voru fylltar upp. Þegar Grumman flugbátur hóf ferðir til Flateyrar vann Hjálmar við að hreinsa burt steina ofar úr fjörunni.

Frá því um 1930 fluttist stór steinn við Eyrarbót um 10–15 m á 15–20 árum. Tekið var sérstaklega eftir honum, vegna þess að hann var allt öðru vísi á litinn en aðrir steinar, rauðleitur, líklega móbergsblanda, eða litaður af járn. Hjálmar taldi steininn vera þarna ennþá. Hann sagði grjótið á eyrinni hafa færst inn eftir oddanum (eyrin sveigir inn fjörð).

Hvalsteinn er rétt við Sólbakka, en hann fékk nafn sitt af, að við hann voru tjóðraðir hvalir, er Spánverjar voru þar á 18. öld.

Óskar Einarsson skrifaði Aldarfar og örnefni, en þar sagði Hjálmar öll örnefni í Öfundarfirði vera samantekin. Óskar var læknir á Flateyri í mörg ár.

### **Hjördís Hjörleifsdóttir, símtöl 1996 og 2000**

Símtöl 17. apríl 1996 og 12. maí 2000. Hjördís er frá Sólvöllum, sem voru rétt innan við Sólbakka. Bærinn brann fyrir nokkru og fór snjóflóð yfir grunninn í fyrra (í mars 1995).

Hún sagði snjóflóð hafa tekið skúr áfastan við íbúðarhúsið, þegar hún var ekki heima. Oftast fóru flóð innan við bæinn, yfir Stjánatún (Kristjánstún öðru nafni), en það er næsta tún innan við Sólvelli. Sjónvarpsstöð var við Stjánatún, en hún var í gömlu húsi af báti. Snjóflóð tók það niður í fjöru.

Tvisvar fóru flóð beint niður túnið, en náðu aldrei alveg að húsinu. Hún nefndi sérstaklega eitt flóð í því sambandi, sem var blautt og stefndi beint á húsið.

Stærsta flóðið, sem Hjördís man eftir, var 1935–1937. Vatnsþró vegna SR-verksmiðju, var utan og ofan við Hvilft, undir Hvilftarhjöllum, og var hún mikið niðurgrafin. Flekaflóð úr Hvilftarhjöllum tók þróna í sjó fram.

Faðir Hjördísar byggði Sólvelli 1929 og áður en hann byggði spurði hann eldri menn, og hann byggði í skjóli þess að þarna hefðu ekki fallið snjóflóð. Enginn lifandi maður mundi eftir flóðum þarna.

Mikið flóð kom utan við Sólvelli, en það var fyrir hennar minni, líklega áður en hún fæddist (fædd 1926). Það fór niður bala milli Sólbakka og Sólvalla, á SR-verksmiðjuna, inn í hana og jafnvel í gegn.

Börnin voru í barnaskólanum á Flateyri og gengu þangað í fjörunni undir Skollahvilftinni, eða í Eyrarbót, þar sem flóð fór yfir nú í vetur. Venjulega var mikill og djúpur snjór ofar. Einu sinni flutti fjölskyldan úr húsinu á Sólvöllum, en þá féll mikið flóð úr Skollahvilft niður í Bótarlæk. Þetta hefur verið 1935 eða 1936, þegar Hjördís var um 10 ára. Hún sagði flóð eflaust hafa farið oftast en einu sinni í Bótarlæk, en hún fór að heiman 16–17 ára og var síðan aðeins heima á sumrin, og veit því ekki um snjóflóð eftir það.

Flóð voru árviss á Breiðadalsurð eða Selabólsurð, sem er á móti Holti og þar eru snjóflóðakeilur Vegagerðarinnar.

Fólk á Flateyri talaði um, að ekki hafi verið vitað til að fyrr hefði fallið flóð úr Skollahvilft eins innarlega og flóðið í vetur, en það kom á Sólbakka og tók með sér bíl Einars Odds Kristjánssonar í sjó fram.

Flóðið, sem tók hæsnahús við Sólbakka, var það innsta sem þekkt var, en það var aðeins utar en flóðið í október 1995.

Hjördís benti á Guðmund Valgeir Jóhannesson og Maríu Jóhannsdóttur, móður Einars Odds Kristjánssonar.

### **Sigmundur Þórðarson, Þingeyri, símtal 1996**

Símtal 19. apríl 1996. Sigmundur vann við björgunarstörf á Flateyri. Hann var við mokstur rétt áður en litla stúlkan fannst. Þá mokuðu menn á tveimur hæðum og taldi hann þykktina þar hafa verið yfir 4 m. Tungan við bakaríið var um 2 m og víða yfir 2 m í brún hennar. Bak við húsin tvö sem stóðu við Hafnarstræti var þykktin vel yfir 2 m. Fjær Bótinni var hún þó þynnri. Hann er húsasmiður og þarf vinnunnar vegna að áætla massa, en hér taldi hann þykktina hafa verið um 2.5–3 m að meðaltali.

Hann skráði snjóflóð í Mýrahreppi á blóð frá VÍ. Þar hvarf hús og sagði snjóflóð mjög algeng í Dýrafjarðarbotni, Ófæru og Drangahlíð.

## **Gagnasöfnun og viðtöl í Öfundarfirði 7.–8. maí 1996**

SHH fór til Ísafjarðar og Flateyrar 7.–8. maí til að skoða hvort eitthvað markvert kæmi í ljós í Skjalasafni Ísafjarðar og hreppsskrifstofu Flateyrar, en einnig til að tala við heimildarmenn. Í ferðinni hitti ég þrjá heimildarmenn um nírætt, hressst og minnugt fólk, fyrst Guðmund Valgeir Jóhannesson á Flateyri, síðan Guðmund Inga Kristjánsson, Kirkjubóli í Bjarnardal, og loks Maríu Jóhannsdóttur á Flateyri, sem voru öll ótrúlega hress. Komst ég í takt við sérstaklega notalega tilveru, sem við erum sennilega að glata með hraða og kröfum nútímans. Samtöl við aðra heimildarmenn og hjálparkokka voru auðvitað einnig ómetanleg, en þetta fólk var að öðrum ólöstuðum alveg einstakt.

### **Guðmundur S. Gunnarsson, Vegagerðinni á Ísafirði**

7.–8. maí 1996. Guðmundur S. Gunnarsson hefur skráð snjóflóð, sem hafa komið á vegi, og sent upplýsingarnar til Vegagerðarinnar og Veðurstofu Íslands. Fyrstu árin skráði hann einnig þau snjóflóð, sem féllu á eða við Flateyri. Kristinn J. Jónsson hefur tekið þessi gögn saman og er að vinna að stærri samantekt *Snjóflóð í Ísafjarðarsýslum 1976–1995* (Kristinn J. Jónsson, 1997). Fyrir hafa verið gefnar út skýrslur með upplýsingum um snjóflóð fyrir árin 1981–1990.

Guðmundur lét mig fá myndir af snjóflóðum m.a. frá því í apríl sennilega 1983, frá Dýrafirði o.fl. (leiðréttist síðar, var sennilega flóð 1987).

### **Skjalasafnið á Ísafirði – Jóna Símonía Bjarnadóttir, viðtal 1996**

7.–8. maí 1996. Á Skjalasafninu fór ég yfir hluta af handritaðri bók, en Jóna Símonía mun senda okkur ljósrit úr henni. Þar er listi yfir það, sem til eru í safninu. Velja má eftir listanum hvað skoða skal, en ekkert fannst í þeim ritum og bréfum, sem við Jóna skoðuðum hinn 7. maí 1996. Þar eru þó örsmáar vasabækur Guðmundar Jónssonar frá Mosdal í Öfundarfirði, en hann vann sem kennari á Ísafirði. Í þeim eru veðurlýsingar og gætu þar einnig leynst upplýsingar um snjóflóð.

Jóna Símonía sagði frá sögusögnum um snjóflóð úr Kubbanum, sem hafði komið þar sem nú er Holtahverfi. Snjóflóðið hafði farið niður í Úlfsá, en hún ætlar að reyna að fá nánari upplýsingar um þetta hjá ömmu sinni, Símoníu Ásgeirsdóttur, sem bjó í Tungu í 40 ár. Jónu minnti, að samkvæmt Bjarna nokkrum Halldórssyni, sem er látinn, hafi flóðið tekið fjárhús og farið niður í Úlfsá. (Sjá síðar um símbref frá JSB.)

### **Sveitarstjórnarskrifstofan á Flateyri 1996**

7.–8. maí 1996. Ég fékk ljósrit úr fundargerðarbók almannavarna 1987 til 25. október 1996. Til er önnur bók um flóðið í október 1995, en var ekki skoðuð, því leitað var að upplýsingum um eldri flóð.

Fundargerðarbækur hreppsnefndar á Flateyri, sem voru til staðar náðu yfir tímabilin 1934–1940, 1940–1948, 1956–1970, 1970–1980, 1980–1986 og 1986–1992. Ég skoðaði fyrstu bókina, og sá ég ekkert markvert, skoðaði aðallega vetrarfundi, en e.t.v. ætti að athuga hvað hefur verið endurbætt á sumrin, t.d. efniskaup vegna girðinga.

### **Guðmundur Valgeir Jóhannesson og Guðjón Guðmundsson, viðtal 1996**

7.–8. maí 1996. Guðmundur sagði að börn frá bæjum innan við Flateyri, þ.e. Kaldá, Görðum, Hvilft og Sólbakka, hefðu gengið í skólann á Flateyri daglega. Hann var 8–9 ára er hann flutti frá Ingjaldssandi með foreldrum sínum í Gunnlaugshús, en þar leigðu þau. Vatnsbrunnur var niðri á eyri og þurfti einhvern tíma að grafa göng út að vatnspóstinum, svo mikill var snjórinn.

Faðir Guðmundar sinnti fé fyrir bónda í sveitinni, en fjárhús voru á Sauðanesi. Hann sætti sjávarföllum til að komast í húsinn, en fór fjöruna til að komast neðan við Björgin svokölluðu. Hann fór einhvern tíma þar og flýtti sér ekki, var í skjóli, er snjóflóð flaug þar fram af.

Þrír karlar fórust í snjóflóði við Búðanes rétt utan við Kálfeyri, en þeir voru að gá að kindum, voru líklega á leið út eftir.

Guðmundur ræddi nokkuð um flóðið í október, en sýndi mér síðan aðstæður á Flateyri með syni sínum Guðjóni. Þeir sýndu mér staðsetningu legsteins og hvert hann fór af leiðinu 1953. Í október lagðist hann á hliðina, en fór ekki af leiðinu.

Þeir bentu á að malarnám væri utarlega ofan við þéttbýlið, en snjóflóð úr Innra-Bæjargili hafi vel fyrr getað stefnt beint á sjúkraskýlið, þó nú beindust þau e.t.v. fremur út eftir. Þau gætu þó tekið ýmsar stefnur enn, en þau færu ýmist út eftir eða inn eftir.

Ásbjarnargarður var þar sem síðar var Kvenfélagsgarður, en Ásbjörn þessi var á undan sinni samtíð og vann landið til ræktunar með handaflí. Þessi garður náði niður fyrir þar sem raðhúsin, sem fóru í snjóflóðinu í október, stóðu.

Guðmundur benti á fleiri heimildarmenn, en þeir eru Jóhann Guðbjartsson á Hlíf á Ísafirði, sem er u.þ.b. 3 árum yngri en Guðmundur, og svo bróðir hans Greipur sem býr á Elli- og hjúkrunarheimilinu Grund í Reykjavík.

### **Guðmundur Ingi Kristjánsson, Kirkjubóli í Bjarnardal, viðtal 1996**

7.–8. maí 1996. Guðmundur sagði mér frá snjóflóðum í Önundarfirði, sem hefðu ógnað bæjum. Við fórum einnig og skoðuðum staðhætti og voru myndir teknar.

Hann sagði, að oft væru brotnar girðingar ofan við tún hjá sér. Ofan við trjáræktargirðingu rétt innan við bæinn kom forðum aurskriða.

Snjóflóð varð 19. janúar 1930 í Grafargili í Valþjófsdal. Það fór gegnum bæjarhús, tók hesthús og lambhús og skepnur dóu. Annar endi bæjarhússins stóð eftir og var þar unglingspiltur í eldhúsi, en hann fór upp á stól og bjargaðist. Guðmundur Ingi sá rústirnar sumarið eftir. Bærinn var síðan færður, svo og fjósið og hesthúsið. Tilviljun varð til þess að bóndi varð ekki fyrir því, en hann var í hlöðu og ætlaði með hey í poka í hesthúsið, en var ekki lagður af stað. Snjóflóð voru ekki þekkt fyrir þarna.

Upplýsingar um snjóflóð eru í Jarðabók Árna og Páls. Í kaflanum um Önundarfjörð, Mosvallahrepp, er talað um Þorfinnsstaði (bls. 99), bærinn verði ekki auðveldlega fluttur þó þar sé snjóflóðahætta.

Frá Veðrará og inn eftir að Tannanesi hljóp öll hlíðin í febrúar 1974, í svokallaðri Tannanes-hlíð. Þar fóru síma- og raflínur í sjó fram. Þá hljóp líka stór hluti hlíðarinnar innan við Kirkjuból í Bjarnardal.

Inni í Bjarnardal eru örnefni austan megin ár, Skálda-Grímsdalur, sem er ofan vegar og Selá rennur þaðan niður í dalinn, en í dalbotninum þar í grennd er sel frá Holti, en Kálfabani er hvílt hinum megin í dalnum.

Hann benti á að Guðmundur Hallgrímsson frá Grafargili gæti gefið upplýsingar um snjóflóð.

### **María Jóhannsdóttir, Flateyri, viðtal 1996**

7.–8. maí 1996. María er fædd 1907, en er alin upp á Sólbakka frá 6 ára aldri. Hún gekk í skóla á Flateyri.

Hjá henni voru dóttir og dótturdóttir hennar, þær Jóhanna Kristjánsdóttir og Vigdís Erlingsdóttir.

Hún sagði frá snjóflóði, þegar hún var um 11–12 ára, ekki þó frostaveturinn mikla, en það féll úr Skollahvilft. Tveir menn, móðurbróðir hennar og unglingspiltur, lentu sinn í hvorum jaðri flóðsins, annar á leið upp eftir að Sólbakka, hinn á leið frá Sólbakka. Innra og efra horn kirkjugarðs fór í þessu flóði, sem fór í sjó fram á Bakkana.

Hús móður Maríu var flutt frá Sólbakka 1936, vegna þess að hún sá um símstöðina og var hrædd við að fara á milli Sólbakka og símstöðvarinnar. Grunnur gamla hússins er þar sem flaggstöng er nú, aðeins utan við hús Einars Odds á Sólbakka.

Í gamla húsinu hennar var síðan símstöð og pósthús þar til 1963. Þetta hús er á horni Ránargötu og Hafnarstrætis (rétt við bakarið), en þar býr sveitarstjórinn nú. Húsið er nú forskalað. María mundi eftir snjóflóði er hún var á símstöðinni í nýja húsinu (eftir 1963), en þá varð svart og mikil bylgja í höfninni. Þetta flóð mөлvaði horn á kirkjugarði, en kom ekki á hús Rúnu, Sigrúnar Halldórsdóttur, sem vann með henni, en hún bjó í húsinu sem kallað var Svía-húsið eða Rauða rósinn, sem var síðast Minjasafn Flateyrar. Maður Rúnu er Hringur Hjörleifsson, en þau búa á Fáskrúðsfirði.

Árlegur viðburður var að snjóflóð féllu þar sem vegur frá Flateyri beygir að Sólbakka. Síma-staurar fóru oft.

Jóhanna sagði að Gunnlaugur bóndi í Hvilft kynni eflaust að segja frá er faðir hans fór til sjós og slapp naumlega undan snjóflóði, gleymdi húfu og þurfti að snúa við ...

### **Haraldur Ásgeirsson, símtal 1996**

Símtal 11. maí 1996. Haraldur kannaðist ekki við að snjóflóð hefði fallið gegnum Síldarverksmiðju ríkisins í símtali 11. maí. Stór aurskriða féll hins vegar líklega um 1930, á innra plan Síldarverksmiðjunnar úr gili milli Sólbakka og Sólvalla. Hann taldi ólíklegt að snjóflóð hefði fallið þar fyrir, því húsið, sem hann bjó í, hefði staðið ofan við verksmiðjuna og hefði eflaust verið talað um ef snjóflóð hefði fallið þar.

### **Sigrún Halldórsdóttir, Fáskrúðsfirði, símtal 1996**

Símtal 13. júní 1996. (Ekki er allt mjög skýrt í glósunum). Aðalerindið var að spyrja um snjóflóðið á Flateyri, sem María Jóhannsdóttir talaði um.

Sigrún bjó á Flateyri 1963–1972. Hún vann með Maríu á símstöðinni og man vel eftir flóðinu 1969, sem varð eftir að símstöðin flutti í nýtt hús, en símstöðin flutti stuttu eftir að hún kom til Flateyrar. Hún var að fara í vinnuna, er snjóflóð féll, og börnin farin af stað í skólann og hafði hún áhyggjur af þeim. Símsstöðin var á svipuðum stað og hún er núna.

Sveitarstjórinn á Flateyri býr nú í húsinu, sem var gamla símstöðin.

Hún sagði manninn sinn muna eftir snjóflóðum sem barn, en hann heitir Hringur Hjörleifsson.

Hún er frá Ísafirði og sagði snjóflóð hafa komið á veginn upp að Seljalandsdal, tekið gamla skíðaskálann, sem var neðarlega og svo nýja skíðaskálann sem var ofar.

Aurskriður féllu áður fyrir á Ísafirði, á Grænagarð og á Steypustöðina. Snjóflóð fór út á fjörð með húsið Karlsá, en í því var kona, sem komst lífs af.

### **Jóna Símonía Bjarnadóttir, símbref 1996**

Jóna Símonía sendi símbref, hafði þá talað við ömmu sína, Símoníu Ásgeirsdóttur. Símbrefið hljóðaði svo: „Amma mín, Símonía Ásgeirsdóttir, mundi eftir því að Tungubræður, Sigurjón og Bjarni Halldórssynir, töluðu um flóð úr Kubba sem fór alla leið niður að Góustöðum. Hún vissi ekkert um ártal en taldi þetta hafa verið snemma á öldinni, e.t.v. þegar þeir bræður voru börn (fæddir um 1913). Ekki mundi hún hvort eitthvert tjón varð. Á Góustöðum bjó Sveinn

Guðmundsson og síðar synir hans. Einn þeirra, Sigurður Sveinsson, býr enn á Ísafirði, hann getur vafalaust frætt þig eitthvað meira um málið.“

### **Sigurður Sveinsson, Ísafirði, símtal 1996**

Sigurður sagði hafa komið spýjur úr Kubbanum, er skæfi í austanátt. Það væru þá flekasnjóflóð. Hann sagði ekki mögulegt að snjóflóð hefði komið á Góustaði, Ólafargarður væri þar fyrir. Hann sagðist hafa heyrt haft eftir Bjarna Halldórssyni að snjóflóð hafi komið á tún ofan við Ólafargarð. Honum fannst þó leitt að við værum 15–20 árum of sein, því heimildarmenn væru dánir.

### **Gunnlaugur Finnsson, Hvilft, símtal 1996**

Gunnlaugur er fæddur 1928. Hann man eftir flóði 1938, sem fór yfir kirkjugarðinn, en sáluhliðið og girðing löskuðust. Hann talaði um að landinu hafi verið breytt allmikið með vegagerð og uppfyllingum og erfitt væri því að bera eldri flóð saman við flóðin, sem komu 1995.

Hann nefndi örnefni kringum Hvilft og Flateyri, sagði þau hafa breyst gegnum tíðina. Klofningsdalur er utar í firðinum og Klofningheiði upp af honum yfir til Súgandafjarðar. Eyrarfjall var fjallið nefnt ofan Flateyrar inn að Skollahvilft, en nú er allt fjallið nefnt Eyrarfjall, þ.e. einnig Skollahvilft, Hvilftar eða Hvilftarhvilftar og Hvilftarhorn. Innra–Bæjargil var svo nefnt áður fyrr, en hvarf síðar fyrir nafninu Vatnshryggur, sem aurkeilan, sem snjóflóðin falla yfir var nefnd. Nú kallast þetta aftur Innra–Bæjargil. Þar komu flóð árlega, en voru lítil. Fyrstu sagnir um stór flóð þar voru 1974 og síðan í janúar 1995.

Kálfahjalli er utan við Hvilft en kinn er á milli. Úr Litlahryggsgili féll flóð 1995, náði ekki hátt, en brot sást.

Kringum árið 1936 (eða 1938?) féll snjóflóð á vatnsþró Síldaverksmiðjunnar. Þróin var steyppt að sumri til, en veturinn eftir fór snjóflóð yfir hana.

Snjóflóð féll úr Skollahvilft 2. apríl 1953. Gunnlaugur kom heim hálfum mánuði til þremur vikum seinna og var þá hrönnin mjög skítug, svipuð og eftir októberflóðið 1995, eða jafnvel skítugri. Flóð í Klofningsdal „tengjast“ flóðum úr Skollahvilft. Þar fór flóð fljótlega í októberhrinunni 1995. Lag var báðum megin við ána, um 20 m upp hvorum megin, þ.e. flóðið var um 40 m breitt. Þarna verða árflóð. Gunnlaugur sagðist muna látlaust úrfelli í um hálfan mánuð 1953, síðan var gríðarleg snjókoma. Krapastífla fór loks og var hrönnin meðfram farveginum.

Gríðarlega mikið snjóflóð kom 1969. Maður hafði hæsnabú ofan og utan við Sólbakka, nálægt mikilli efnistöku Vegagerðarinnar. Hann gekk fjöru til að fara að gefa hæsnunum, en var ráðlagt að bíða þennan dag, sem hann gerði. Síðan féll snjóflóðið og drap mörg hænsni.

Snjósöfnun er breytileg, mjög háð vindátt. Ef hún er aðeins vestan við norður (um 350°) er hún yfirleitt nógu vestanstæð til að ná sér inn fjörðinn. Þá er gott veður í firðinum og Holti, en ausandi snjókoma á Flateyri. Í NV–átt safnast meiri snjór í Innra–Bæjargil en í Skollahvilft. Í NA–átt safnast hins vegar í Skollahvilft.

Hvert gil innan við Flateyri skilaði spýjum í janúar 1995.

Við Veðrará hljóp allt 1974. Þá var glerhart hjarn og síðan kom úrkoma og allt fór loks af stað. Margir rafmagnsstaurar fóru.

Gunnlaugur þekkir vel mörk lengstu flóða víða, vegna brotinnar girðingarstaura.

## Viðtöl 1997

### Guðfinna Hinriksdóttir frá Flateyri og Ólafía Jónsdóttir frá Súgandafirði, viðtal í Reykjavík 1997

Viðtal 2. september 1997. Guðfinna er fædd 1920. Hún bjó í 70 ár á Flateyri, lengst af neðarlega á eyrinni, en er nú á Litlu-Grund í Reykjavík. Hjá henni var frænka hennar, Ólafía Jónsdóttir frá Súgandafirði.

Guðfinna sagðist muna eftir tveimur snjóflóðum, sem hefðu valdið tjóni, meðan hún var á Flateyri. Annað þeirra tók hæsnahús nærri Sólbakka, en hitt tók fiskhjall ofan við Goðahól. Það mun vera flóð úr Skollahvilft 1969, sem tók hæsnahúsið, og flóð úr Innra-Bæjargili 1974, sem tók fiskhjall með sér.

Snjóflóð úr Skollahvilft, sem fór að Svíahúsinu, man hún einnig glögg. Það féll um 1963–1965, en skemmdi ekkert.

Þegar Guðfinna var lítil stelpa, var börnunum stundum bannað að leika sér í Króknum, vegna snjóflóðahættu úr Skollahvilft, en hann er milli Sólbakka og Flateyrar. Hún man oft eftir að smáspýjur hafi verið um alla hlíðina. Hún var vön að kíkja alltaf til fjalls úr glugganum hjá móður sinni til að athuga með snjóflóð og útlitið þar.

Föðurbróðir Guðfinnu byggði Sólvelli. Hann sagði ekki myndu fara snjóflóð á húsið, meðan hann væri þar. Fjölskyldan kom þó tvisvar til Flateyrar vegna snjóflóðahættu. Horn fór af hjalli þar í snjóflóði eftir 1930, og kom það nærri íbúðarhúsinu.

Faðir Guðfinnu var oddviti. Þegar hún og maður hennar, Greipur Guðbjartsson, vildu byggja sér hús, leist þeim vel á að byggja uppi undir hlíðinni. Faðir hennar sagði þá, að aldrei yrði byggt í Ólafstúni. Síðar var byggt á því svæði.

Guðfinna sagði frá að 3 menn hefðu farið 1934 að leita að kindum, en þeir hefðu farist í snjóflóði út af Búðagili, utan Klofnings.

Hún hringdi í Eirík, son sinn, kvöldið fyrir snjóflóðið í október 1995, en þá sást ekkert til fjalls. Sonarsonur hennar hljóp síðan út á nærfötunum eftir snjóflóðið til að sækja hjálp.

Kona ein ætlaði milli kl. 01 og 02 um nóttina út í Sparisjóð, vegna ótta við snjóflóð. Hún komst ekki lengra en í Bakaríð vegna veðursins, bankaði upp á þar. Snjóflóðið fór á húsið, þar sem hún bjó og maðurinn hennar fórst.

Ólafía sagðist muna eftir mikilli flóðbylgju í Súgandafirði vegna snjóflóðs á Norðureyri, þegar hún var 7 ára. Tunnur fóru á flot í kjallaranum, þar sem hún átti heima. Þetta hefur verið um 1933. Hún sagði snjóflóð hafa fallið oft á Norðureyri og kindur farist. Þar var byggð vörn á húsið eftir að flóðbylgjan kom yfir á Suðureyri.

Amma og afi þeirra beggja bjuggu á Stað. Amma þeirra var orðin ekkja, er séra Þorvarður Brynjólfsson varð prestur þarna. Hún flutti þá af bænum með börnin sín, líklega um 1900. Sonur séra Þorvarðar fórst síðar í snjóflóði er hann var að vitja kinda. Snjóflóðið féll úr skál á Sauðanesi.

Hún minnst þess, að tveir sumarbústaðir Önfirðingafélagsins hafi fokið í ofsaveðri.

### Reynir Traustason, símtal 1997

RT skrifaði um Flateyri og tók viðtöl við Flateyringa fyrir DV eftir Flateyrarflóðið. Hann bjó þar sjálfur í mörg ár, byggði Ólafstún 9. JGE skráði tvö snjóflóð eftir honum, sem hann hafði eftir ónafngreindum heimildamanni. RT gat ekki sagt nánar frá þeim, en sagði dagbækur Páls Ásgeirssonar vera glataðar, mikið hafi verið leitað að þeim. Páll hafði séð um rafstöðina og skráð daglega upplýsingar um veður, snjóflóð og annað.



Hafnarstræti 43, Svíahúsið eða Rauða rósinn öðru nafni, var fyrsta húsið sem byggt var ofan við kirkju. Óli Hjaltason, sem nú er látinn, hafði sagt að börnum hafi verið bannað að leika sér ofan við kirkjuna vegna snjóflóðahættu.

### **Eiríkur Finnur Greipsson, tölvupóstur 1997**

EFG sendi upplýsingar um keilur og varnargarða á Flateyri með tölvupósti vegna rits um snjóflóðið í október 1995. Einnig ræddum við um snjóflóð. Megintextinn úr tölvupóstinum fylgir hér: „Í greinargerð með aðalskipulagi fyrir Flateyri, 1997, er sagt að byrjað hafi verið, fyrir tilstuðlan Vegagerðarinnar (Vegagerðar ríkisins þá), á snjóflóðakeilunum árið 1978 og að þeim hafi eftir það, tvisvar verið fjölgað og í síðasta skipti var það árið 1987 sem þeim var fjölgað og þær stækkaðar sem fyrir voru.

Á árunum 1988 til 1990 var unnið að gerð snjóflóðahættumats fyrir Flateyri. Var það staðfest af félagsmálaráðherra 29. október 1990. Tveir leiðigarðar voru síðan byggðir, skv. þessu hættumati, fyrir ofan Ólafstún til varnar flóðum úr Innra-Bæjargili árið 1993, en hluti þeirra varnarvirkja sem þá var fyrirhugað og samþykkt að byggja, var uppsetning „snjóflóðavarnar-neta“ sem átti að koma fyrir í gilinu sjálfu, Innra-Bæjargili. Netin voru hins vegar aldrei sett upp. Sumarið 1995 voru þessir leiðigarðar síðan tengdir saman í fleyg, en þeir höfðu áður verið með „opinn topp“ svona: / \, þannig að þeir mynduðu ^ eftir þá framkvæmd.“ (SHH: Framkvæmt eftir að flóðið féll).

### **Viðtöl og fundargerðir á Flateyri og í Önundarfirði 28.–31. júlí 1998**

Farið var í Önundarfjörð til að ræða við íbúa um snjóflóð þar og á Flateyri. Guðrún Pálsdóttir, sem er sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum, var mjög hjálpsöm við að hafa upp á heimildarmönnum. Ég spurði sérstaklega um sveitina og frumbyggja í Ólafstúni og ofarlega á eyrinni. Nokkrir Önfirðingar voru síðar heimsóttir í ferðinni, og hringt í nokkra. Vinsað verður úr listanum til að taka viðtöl.

Fundargerðir Flateyrarhrepps voru skoðaðar frá 1922 til 1946, en eina bókina vantaði. Ljóst varð, að ekki voru skráðar þarna upplýsingar um þekktu atburði, t.d. Sauðanesflóðið 1934 og aurskriður 1935, og þar sem tímafrekt er að reyna að vinsa úr slíkum gögnum, ákvað ég að láta það kyrrt liggja að sinni, en einbeita mér fremur að viðtölum við íbúa.

### **Fundargerðir skoðaðar 29. júlí 1998**

Ekkert mikilvægt um snjóflóð fannst í þeim bókum sem skoðaðar voru. Hér fylgja þó til fróðleiks athugasemdir sem skráðar voru við lesturinn. Flestar voru teknar vegna samhengis við fyrri skráningar eða í von um að þær tengdust öðrum upplýsingum. T.d. upplýsingar um vegi, þar gætu hafa fallið snjóflóð eða skriður og skemmt eitthvað, en þess var þó hvergi getið. Upphaf kvenfélagsgarðsins er skráð, en hann kemur víða við sögu, þegar heimildarmenn hafa nefnt að snjóflóð hafi farið yfir hann.

### **Flateyrarhreppur 1922–1926**

Bls. 155, 09. maí 1925. nr. 5. Samþykkt að lagfæra strandveginn eftir því sem bráðnauðsyn krefur.

Bls. 165. 10. ágúst 1925. Samþykkt að hreppurinn taki þátt í að endurnýja vörðurnar á Klofningsheiði að sínum parti móti Suðureyrarhreppi.

Bls. 168. 10. október 1925. Brýr – vegir – brýr á ströndinni. Bréf frá vegamálastjóra.

Bls. 169. 24. október 1925. Strandarvegurinn.

Vantar bók frá 1926–1932.

### **Sveitarbók Flateyrarhrepps 1932–1940**

08. júlí 1934. Eyri og Flateyri keypt fyrir 125.000 kr.

Bls. 128. 23. desember 1934, nr. 8. Erindi kvenfélagsins Brynju um að fá til umráða blett fyrir ofan Ásbjarnargarðinn út að bletti Ólafs G. Sigurðssonar og upp að bletti Þorsteins Ólafssonar.

31. desember 1934. Almennur borgarafundur. Togarinn Hafsteinn, Ásgeir Guðnason.

Bls. 141. 07. apríl 1935. Ásbjörn Bjarnason afsalaði sér kálgarði, síðan leigður út á 0.06 kr/m<sup>2</sup>.

Bls. 162. 07. júní 1935. Síldarverksmiðja ríkisins ætlaði að flytja 5 verkamenn frá Siglufirði til Flateyrar, en því var mótmælt: „Með þeirri slæmu útreið, sem verkamenn við nefnda verk-smiðju urðu hér fyrir síðastliðið sumar ...“

SHH: Athugasemd. Hér er hvergi nefnt flóð á verksmiðjuna í janúar 1935.

10. apríl 1936. SHH: Virðast hér „landadeilur“ vegna kvenfélagsgarðs, en Ólafi Sigurðssyni er gert að greiða 75 kr./ár, nema ef hann lætur kvenfélaginu eftir umsamda skák.

Bls. 249. 12. júní 1937. Samþykkt að lána Stefáni Brynjólfssyni blett þann er nefndin lánaði Kjartani Bjarnasyni síðast liðið ár, því hann treysti sé ekki til að eiga neitt við blett þennan.

### **Sveitarbók Flateyrarhrepps 1940–1949**

Bls. 30–31. 11. nóvember 1941, nr. 6. Út af bréfi kvenfélagsins Brynju um leigulaus afnot af reit þeim er ætlaður er fyrir skrudgarð samþykkti hreppsnefndin beiðni þeirra. Hins vegar taldi hreppsnefndin sér ekki fært að gera áætlun að svo komnu máli um styrk til garðsins.

Bls. 105. 14. apríl 1944. Sjúkraskýli.

Bls. 160. 20. september 1945. Sjúkraskýli.

Bls. 174, ekki skoðað lengra, þar sem ekkert hér fyrir gefur beinar upplýsingar um snjóflóð.

### **Viðtöl**

#### **Guðmundur S. Gunnarsson, Vegagerðinni á Ísafirði, viðtal 1998**

Viðtal 28. júlí 1998. Guðmundur sagði upptök flestra flóða úr Skollahvilft, sem hann hefði séð, vera í svipaðri hæð og þau voru í októberflóðinu 1995.

Guðmundur sagði þá Hrein hjá Orkubúinu hafa rifjað upp saman, að í flóðinu 1974 hafi farið staurar á horni Hjallavegar og Ólafstúns. Flóðið fór að spennistöðinni. Hann bjó sjálfur á Eyrarvegi 12, og kom flóðið upp að húshorninu þar, kögglar og hröngl að húsinu.

Ég hitti hann aftur og hafði hann þá athugað myndirnar af flóði sem ég skráði að hefði fallið 1983 er ég kom fyrir tveimur árum. Það er líklega flóðið 1987 (nr. 5016), en Guðmundur rifjaði upp að sonur sinn hefði skráð það, og kemur það heim og saman við flóðið 1987. Hann lánaði mér myndirnar til að skanna. Sést þar að flóðið kom að húsum og byrjaði í stöllum. Fyrst fór úr tveimur neðri brotum og síðan úr efsta brotinu. (Skráð flóð eru tvö, ekki sama daginn).

Samkvæmt skráningum nú sprengdi snjóflóð inn hurð á spennistöð. Guðmundur sagði hurðina snúa í austur og einkennilegt að flóð næði að sprengja hana inn.

Samkvæmt Landnámaabók nam Önundur land að Eyri.

Samkvæmt nokkrum mönnum sem unnu við mokstur í Súðavík 1995 voru hlutir ofan við hús.

Á Flateyri fór steipt loftplata í bílskúr að Hjallavegi 12, en í bílskúrum hinna húsanna hélt hún. Voru allir hlutir í bútum í bílskúrnum að Hjallavegi 12. Leðursaumavél var eins og eftir handsprengju.

Vegagerðarbíll stóð 1 m hærra eftir flóðið en fyrir það. Rúður fóru úr honum eða brotnuðu. Bók var í sæti bílsins úr efsta húsinu við Ólafstún (sjá kort). Girðingar stóðu.

### **Guðrún Pálsdóttir, Flateyri, og Elísabet Pétursdóttir**

Viðtöl 28.–31. júlí 1998. Guðrúnu hitti ég nokkrum sinnum í ferðinni, og gaf hún upp nöfn heimildarmanna á Flateyri og í Önundarfirði. Einnig sagði hún frá því sem hún mundi eftir um snjóflóð. Systir hennar, Elísabet Pétursdóttir, tók þátt í samtalinu um tíma, en hana hitti ég svo aftur á Sæbóli á Ingjaldssandi.

Báðar mundu eftir flóði úr Ytra–Bæjargili og sáu maður Guðrúnar, Einar Guðbjartsson, og Emil Hjartarson það einnig. Það var mjög kröftugt er það féll í sjó fram, eins og það vefði upp sjónum. Það var líklega 1974, sama dag og haldið var þorrablót, þ.e. í febrúar, og eflaust hægt að finna dagsetningu í Stútungsbókum, ef leitað er.

Hænsnahúsið fór í flóði úr Skollahvilft.

Guðrún var fyrst niður í frystihús aðfaranótt 26. október 1995, átti bara að gera eitthvað. Hún óð snjó í mitti á leiðinni niður eftir. Síðan hefur hún verið sjálfboðaliði í Rauða krossinum, og þess vegna var Ingu Dagmar, sem var að vinna verkefni um Flateyri eftir snjóflóðið, vísað á hana í upphafi.

Bíll frá næsta húsi við byggðasafnið fór niður fyrir kirkju.

Elísabet sagði, að börnin hefðu ekki mátt leika sér ofan við skóla og kirkjugarð, þegar hún var að alast upp.

Hún var fyrsti íbúi í blokk, flutti inn 1980 á neðri hæð, að Hjallavegi 9. Grunnur var ekki kominn 1974.

Guðrún fór inn í Korpudal í janúar 1995 (eftir 18.) til að fara í sumarbústaðinn sinn þar. Þá sá hún flóð, sem hafði fallið þar.

Elísabet mundi eftir köggjum milli húsa við Ólafstún, eftir flóð, en það tók ruslatunnu við ysta húsið (hjá Grétari). Hún bjó þarna bara tvö ár og var þetta annað hvort veturinn 1987–1988 eða 1988–1989 (nr. 5019). Elísabet Pétursdóttir var farin á Ingjaldssand veturinn 1989–1990. (SHH: Flóðið var áður skráð á þeim tíma).

Sjónvarphúsið fór með flóði innan og ofan við Sólvelli 1974 (nr. 5011).

Miðlun hf. hefur tekið saman og gefið út úrklippusafnið Fjölmíðlavaktina. Eitt heftið heitir „Snjóflóðið á Flateyri október – nóvember 1995“.

Rýmt var á Kirkjubóli 1995. Þau fóru að Hóli og lentu í hrakningum.

Ekki er til rýmingaráætlun fyrir sveitina.

EP: Snjóflóð kom úr Brekkuhlíð á Ingjaldssandi og sást eiginlega ekki að það væri neinn snjór fyrir.

Birkir, sonur Guðrúnar, og Dóri í Breiðadal, komu að snjóflóði (flóðum) innan við keilur á Selabólsurð.

Snjóflóð kom lengst niður á eyrar innan við Kirkjuból í janúar–febrúar 1995. (Maggi á Hóli veit um þetta).

Guðrún og Einar maður hennar ætluðu yfir Breiðadalsheiði í október–nóvember 1994 en var snúið frá. Tveir bílar höfðu lent í snjóflóði, en Guðmundur Steinar og Sigríður Magnúsdóttir á Kirkjubóli í Valþjófsdal lentu í flóðinu.

Guðrún var með Norsk ukeblad, þar sem myndir og grein um flóðið voru með viðtölum.

### **Almannavarnanefndarfundur á Ísafirði 1998**

28.–31. júlí 1998. Þar kynnti ég að ósk Ólafs Helga Kjartanssonar, sýslumanns, hvað ég var að gera á svæðinu og einnig sagði ég lauslega frá vaktafyrirkomulagi snjóflóðavarna á Veðurstofunni. Flestir eru nýir í nefndinni og þurfa nauðsynlega meiri kynningu á starfi okkar.

### **Ingunn Gunnarsdóttir, símtal 1998**

Símtal 28.–31. júlí 1998. Hún man eftir slysinu við *Búðanes*, en þar fórust 3 menn úr sömu fjölskyldu (faðir hennar, bróðir og móðurbróðir?). Hún var 13 ára.

Á Flateyri hafa oft komið snjóflóð, og man hún eftir að þau hafi tvisvar fallið á kirkjugarð og a.m.k. annað þeirra valdið skemmdum. Hún man ekki vel tímenn, en þetta var kannski 1940–1950.

Ráðlagt var að byggja ekki ofarlega á eyrinni.

Einu sinni kom snjóflóð að barnaskólanum, en það er ekki svo langt síðan.

### **Guðni Guðnason, Eyrarvegi, símtal 1998**

Símtal 28.–31. júlí 1998. Man ekkert nema það sem var áður skráð, og var haft eftir honum úr símtölum.

### **Gréttar Arnbergsson, símtal 1998**

Símtal 28.–31. júlí 1998. Hefur unnið við línuviðgerðir og verið á snjóbjól og séð ótalmörg snjóflóð. Eftir 1980 hljóp öll hlíðin út eftir og línun frá Flateyri til Súgandafjarðar skemmdist. Upplýsingar ættu að fást hjá Orkubúinu.

Hann lenti í snjóflóði á snjóbjól 1984–1985. Þau voru 7 í bjólum og fór hann í kaf. Þau komust upp um topplúgu, og var um 1 m niður á bjólinn.

Megnið af flóðunum er þekkt og skráð, t.d. flóð inn ströndina.

Snjóflóð á Ófæru handan við fjörð tók alla línuna þar.

Árvisst er að snjóflóð falli innan við Sólbakka.

Á fyrstu árum sjónvarpsins var reistur sendir innan við Sólvelli, sem fór síðan í snjóflóði (sjá nr. 5011). Snjóflóð koma alltaf þarna niður ef snjóflóðhætta er, en ekki tvo s.l. vetur.

Í Súðavíkurrhinunni féll snjóflóð við hús við Goðatún og 2 dögum áður innan við Sólvelli. Þá kom maður í höfnina á báti og varð mikil flóðbylgja af snjóflóðinu.

### **Guðjón Guðmundsson, símtal 1998**

Símtal 28.–31. júlí 1998. Flóð fór langleiðina niður að kirkjugarði 1981 eða 1982, líklega 1981. Það var alltaf safnað í brennu fyrir áramót. Hann fékk að henda þar timbri úr nýbyggingu blokkar við Hjallaveg 14–20. Flóðið dreifði braki úr brennuhleðslunni niður undir kirkjugarð, vel niður fyrir veg. Þetta hefur verið í desember, fyrir jól eða áramót.

### **Alla Gunnlaugs, símtal 1998**

Símtal 28.–31. júlí 1998. Alla sagði Brynjólf á Vöðlum hafa athugað veður langt aftur í tímann.

Hagalín Guðmundsson frá Hjarðardal er bróðir Gils Guðmundssonar.

Hún hefur heyrt að snjóflóð hafi fallið í kvenfélagsgarðinn niður fyrir þar sem Ólafstúnið var síðar byggt.

Í flóðinu 1995 brotnaði rúða í íbúðarhúsinu að Sólbakka hjá Einari Oddi og flóðið sprengdi inn hurð.

### **Þorbjörn, slökkviliðsstjóri, Ísafirði, viðtal 1998**

Viðtal á Flateyri 29. júlí 1998. Þorbjörn var á skrifstofunni á Flateyri þegar ég var þar að skoða hreppsnefndarbækur. Á Ísafirði var brjáláð veður aðfaranótt 26. október 1995. Mikið blés og var spurning í huga hans hvort gæti skafið þaðan yfir til Flateyrar, og stækkað enn snjósöfnunarsvæðið.

### **Magnea Guðmundsdóttir, viðtal 1998**

Viðtal á Hrauni á Ingjaldssandi 30. júlí 1998. Magnea mundi eftir að flóð féll á bálköstinn neðan Skollahvilftar.

Hún sagði ekkert flóð hafa komið 1983, en það ár, þegar flóðin féllu á Patreksfirði, flutti hún í júní í Ólafstúnið. Þau þurftu í fyrsta skiptið eftir það að fara úr húsinu vegna snjóflóðahættu 1985. Á árunum 1987–1989 kom flóð úr Innra–Bæjargili. (SHH: Flóðið sem skráð var 1983 reyndist hafa fallið 1987).

Hún man eftir flóði nærri húsinu í Ólafstúni, hrökk til baka í eldhúsinu þar, og köggull kom nærri húsinu.

Öll hlíðin á móti Hrauni hljóp er Súðavíkurflóðið féll.

30–40 tonna steinn var í kverkinni milli varnargarðanna austan til og fluttist í Flateyrarflóðinu niður eftir skammt frá þar sem nú er endi innri garðsins.

S.l. 10 ár hefur mjög oft hreyfst í Innra–Bæjargili.

Sonur Magneu tók snjóflóð úr Skollahvilft upp á myndband. Þeir voru á vörubíl Palla, fyrrverandi manns Magneu. Sonur hennar hélt á myndavélinni fyrir annan og tók mynd er hann sá snjóflóðið falla. Myndin er til á Stöð 2.

### **Guðmundur Hagalínsson, viðtal 1998**

Viðtal á Hrauni á Ingjaldssandi 30. júlí 1998. Guðmundur sagði flóð þekkt á Breiðadal, Villingadal og við Kirkjuból í Korpudal. Á hverjum vetri falla snjóflóð úr hlíðinni á móti Hrauni og oftast mörg á ári, ef það er NA– eða ASA–átt. S.l. vetur voru tvö flóð, þó „hvergi væri snjór“.

Snjóflóð féll í Mjóadal um sama leyti og flóðið á Flateyri, yfir dalinn í botni Dýrafjarðar. Einnig féllu snjóflóð við Núp í Dýrafirði.

Hann keyrði drengi á vélsleða í skólann að Núpi. Um 1977 féll snjóflóð við Alviðru, svo sleðinn markaði för í það. Annar þeirra vara þá 15 ára (fæddur 1962) og hinn 14 ára (fæddur 1963).

Árið 1994 féll snjóflóð hjá Brekku á Ingjaldssandi, en steinn við veg barst með því. Nafn fjallsins er Brekkuhlíð eða Brekkufjall. Hann hringdi til Guðmundar S. Gunnarssonar eftir flóðið og var það sama dag og snjóflóð féll við flugvöllinn á Ísafirði það ár (athuga skýrslur frá OP).

Guðmundur nefndi örnefnin Þorsteinshorn og Hempuskafli. Þorsteinn var prestur og er skaflinn sagður hempa hans, (er eins og þríhyrningur) og hefur aðeins farið tvisvar meðan Guðmundur hefur búið þarna.

Í Nesdal féll snjóflóð á sama tíma og Súðavíkurslysið varð. Það kastaði 10–15 tonna steini um 10–20 m upp brekku. Guðmundur og kona hans, Guðrún Bjarnadóttir, fóru með mig þangað, en dalurinn er í eyði. Á leiðinni er Laggardur og Lögréttubúðir, og mundi móðir langafa hans eftir starfsemi þar, en hann var fæddur 1842, þ.e. snemma á 19. öld hefur þarna verið lögrétta ennþá. Menjar eru eftir flóð, sem fór yfir Litla–Vatn, skóf upp úr því og jós botnleðju upp í hlíðina hinum megin. Bar það björg og stórgrýti með sér. Steinn sem var um það bil 3–4 m langur, 1–2 m breiður og 2 m hár og lyftist greinilega, því engin för voru eftir flutning hans, en hann fór 19 skref, eða um 15 m vegalengd og þá upp um líklega 2–3 m. Hann hefur oltið, því hliðin, sem snýr upp í hlíðina (lengd: 3–4 m) er án skófa og mosa, ólík hinum hliðunum.

Við gengum svokallaða Þröngugötu, en þar hjá falla snjóflóð, og er stórgrýti hinum megin í dalnum, ferskir steinar utan á því sem líkist jökulgarði, sem gæti hafa hlaðist upp vegna snjóflóða, sem kastað hafa grjóti þangað yfir dalinn og upp. Dalurinn er þröngur.

Sagt er frá ýmsu þarna í bókinni Blöndu eftir Sighvat Grímsson Borgfirðing, sem bjó á Höfða í Dýrafirði.

Guðmundur Ágústsson bjargaði sér undan snjóflóði í Nesdal neðan Loðnuhviltar, en hann var á ferð þar með föður Guðmundar, sem átti ekki von á að sjá hann lifandi eftir flóðið.

Um 1910 féll Skálavíkurfloðið. Þar var Jóhanna Hálfðanardóttir.

Ekki var flogið nokkra daga fyrir flóðið 1995 vegna ísingar. Glærur voru þá á steinum á Klúku og ekki stætt. Hann fór um á sleða og var snjórinn í ræmum, ekki þekjandi.

Um 8 spýjur komu s.l. vetur úr Ytra–Bæjargili.

### **Guðrún Bjarnadóttir, viðtal 1998**

Viðtal á Hrauni á Ingjaldssandi 30. júlí 1998. Bærinn Eyri var ofar og utar en hesthúsin eru núna.

Hún sagði Svíahúsið aldrei hafa verið rýmt.

Á hverjum vetri falla flóð úr Brekkufjalli á Ingjaldssandi, og oft mörgum sinnum úr sömu giljunum. Þau hafa tekið af girðingar og borið grjót á tún.

### **Guðmundur og Guðni Ágústssynir og Elísabet Pétursdóttir, viðtal 1998**

Viðtal á Sæbóli á Ingjaldssandi 30. júlí 1998. Snjóflóðið 1934, féll innanvert við enda klettabeltis, sem sést vel frá ströndinni á Ingjaldssandi. Þar fórust 3 og voru þeir móðurbróðir þeirra bræðranna, sonur hans og mágur. Hljóp þá öll ströndin inn eftir.

Björn Ingi Bjarnason safnar gömlum myndum.

Girðingar fóru oft kringum Ólafs- og Þorsteinstún á Flateyri.

Guðmundur lenti í snjóflóði í Nesdal, og talaði ég við hann fyrir í síma.

Guðni vann við mokstur 1974, er mikil snjóflóðahrina var. Þá fór öll ströndin. Harðfenni var og svo ísing og laus snjór ofan á. Öll hliðin hljóp. Sigurjón Rist kom og mældi upp flóðin.

Skollahvilt og Innra–Bæjargil hlupu. Var flóðið 12 m frá barnaskólanum, fór yfir Goðahól og tók fiskhjall. Fór það á Hjallaveg. Guðni byrjaði að moka við Rauðu rósina, en þar var flóðið þunnt, en um það bil samfellt. Það var ekki mjög nærri Sólbakka, en var um 2–3 m þykkt uppi á hæðinni í Króknum.

Hann vann við að slétta fyrir Ólafstúni og spurði hvort vit væri í þessu. Varað var við að byggja þar.

Magnús Jónsson (Ýsu–Mangi), sem var seinni maður móðursystur þeirra bræðra, en fyrri maður hennar fórst 1934, varaði við að byggja Unnarstíg 8. Magnús hafði einnig spurt hvort

verið væri að leggja sumarlínu, þegar lögð var raflína frá Flateyri út í Klofningsdal. Nú er raflínan til Súgandafjarðar gegnum göngin.

Ekki voru margir vetur sem ekki hljóp.

1974 fór flóð rétt innan við Sólvelli og inn undir Hvilft. Sjónvarpshúsið fór í flóðinu.

Snjóflóð fór yfir rústir að Sólvöllum eftir að bærinn brann.

Snjóflóð falla oft í Nesdal austanverðum. Snjóflóð fór úr Loðnuhvilft um 1970, þegar Guðni var þar á fyrsta sledanum sínum. Snjóflóð henti steini við vatn upp í móti. Sagnir eru til um að steinninn hafi verið hinum megin við vatnið áður fyrir og snjóflóð hafi flutt hann yfir dalinn.

Snjóflóð tók hjall innan við bæinn Kirkjuból í Korpudal 1974. Fór þá öll hlíðin inn úr.

Var Guðni þá hræddur um bæinn á Ytri–Veðrará. Þar hefur áður farist maður. Snjóflóð fór þar nokkuð nærri, og samfelld inn úr. Snjóflóð fór þá langt niður eftir á Veðrarárskeiði. Í bótinni innan við Veðrará fór raflína og 2 símalínur auk girðinga, allt í kássu.

1974 hljóp í öllum dalnum í Breiðadal og girðingar fóru.

Þá hreinsuðust staurar burtu á Gemlufallsheiði og hafa síðan fokið. Þeir fóru frá Seli að Kirkjubóli.

Guðni man eftir að hafa verið með föður sínum á sjó og séð snjóflóð falla úr Núpnum, sem rann eins og á svelli.

Hafísár eru mörg og eru til myndir frá mörgum þeirra á Sæbóli. Elísabet hefur haldið myndum til haga.

Elísabet talaði um flóð í dalnum eftir að Súðavíkurflóðið féll. Gífurlegt magn kom niður, en flóðið stöðvaðist og svo fór um helmingur ofan af langt niður á tún.

Krapaflóð féll rétt innan við Núp í Dýrafirði. Þrjú snjóflóð hafa fallið þar á 3 árum og það síðasta tók íbúðarhús innan við kirkju, og náði inn í Skrúð (garðinn).

Gamli bærinn á Núpi var utan og neðan við kirkju. Kristinn keypti Núp um aldamót og byggði bæ sinn innar og þar var byggður barnaskóli, sem var rifinn síðar. Snjóflóð kom að húsinu og skekkti það stuttu eftir að þau fluttu í húsið (fyrir 1930).

Innan við Gerðhamra, þar sem farið er úr Dýrafirði yfir á Ingjaldssand, var byggður barnaskóli neðan við veginn Lambhlað, 100 m innan við bryggjuna. Hann var rifinn og snjóflóð fór síðar yfir svæðið.

Í botni Dýrafjarðar féll snjóflóð á bæinn þar, en enginn vissi um það í 2–3 daga. Hann fór síðan í eyði. Jón Sigurðsson á Þingeyri var þar sem barn. Þar eru nokkur hundruð metrar frá bænum að hlíðinni.

Snjóflóðahætta var mikil þar í botninum út eftir þar sem vegurinn var.

Ýtustjóri lenti í snjóflóði á Breiðadal.

Guðni og Elías Kjarian fóru á Hrafnseyrarheiði til að moka. Dagana áður fórust tveir menn gangandi. Þeir voru að bakka þegar Elías sá tönnina hverfa, lenti í jaðri flóðs.

Kjartan Ólafsson hefur safnað heimildum um ýmislegt.

24. janúar 1935. Hjá Villingadal, þar heita Koppur.

Á síðustu öld (fyrir 1900). Undirteigar. Ytragil, niður úr hvilft. Húsmóðir á Hrauni saumaði sárin saman. (20. desember 1886.) Bóndi fór út, kom ekki aftur, hinir fóru að leita, 3 fórust.

A.m.k. 19 hafa farist á Breiðadalsheiði.

Bróðir Guðrúnar og Elísabetar byggði styrkt hús við Ólafstún.

Amma Elísabetar bjó í Hnífsdal 1910.

Guðmundur hljóp upp úr gilinu, þegar hann varð var við að snjóflóð var að koma í Hvilftinni í Nesdal, henti sé undir barð, og var eins og flóðið færi í loftinu yfir hann. Mest af því fór í gilið, en hávaði var mjög mikill.

Neðan við Brúnarhorn austan til í Nesdal er kallað Manntapabólí. Þeir bræður telja að fólk hafi aldrei farið inn Manntapaskarð.

Í gömlum annálum stóð, að ekki bæri að hafa sauðfé í Súðavíkurlíð vegna snjóflóðahættu. Bóndinn á eyrinni þar vildi ekki láta landið sitt, og því var byggt þar sem Súðavík stóð, Norðmenn voru innar á öruggari stöðum, Langeyri og hin stöðin var líklega á Dvergasteini.

Þann 24.–25. október 1995 fóru þeir til að sækja 23–24 kindur upp í hlíð, er fór að vinda af NA. Um kl. 04 var hörkubylur af norðri, en lítill snjór á láglendi, 50 m skyggni. Síðan dró úr veðrinu aftur og þeir fundu kindurnar, en týndu þeim aftur, fundu þær og týndu loks alveg. Þá voru 11–12 vindstig.

### **Sólveig Ingvarsdóttir, Ytri–Veðrará, símtal 1998**

Símtal 30. júlí 1998. Ekkert flóð hefur fallið við Ytri–Veðrará síðan 1974.

Fjölskyldan var 1976–1978 á Kirkjubóli í Korpudal. Þar féll snjóflóð 1974 og fóru með því gömul hús o.fl.

Sama ár féll mjög stórt snjóflóð innanvert við bæinn á Veðrará, og hljóp öll hlíðin. Ekkert skemmdist.

Þau lentu næstum í snjóflóði á Selabólurð 1976–1977, sem féll rétt fyrir framan bílinn. Flóðið var frekar stórt.

Flóð falla oft innan Flateyrar á Sólvöllum.

### **Tannanes, símtal 1998**

Símtal 30. júlí 1998. Á Tannanesi er sumarbúskapur. Þar svaraði Óskar, piltur, sem sagði engan þar núna, sem gæti gefið upplýsingar.

Ath. Ingimundur og Daði Ingimundarson.

### **Halla Signý Kristjánsdóttir, Kirkjubóli í Bjarnardal, viðtal 1998**

Viðtal 30. júlí 1998. (Guðmundur Ingi Kristjánsson og Jóhanna Kristjánsdóttir eru um 90 ára og eru ern og býr Jóhanna enn á Kirkjubóli. Sjá viðtal síðar).

Aldrei hafa komið flóð beint fyrir ofan húsið þarna. Aðeins framar (innar) úr Bæjargili féll nokkuð stórt flóð 1915 og 1920. Ekki er nein hætta í byggðinni þarna.

Þegar hljóp á Flateyri hljóp þarna líka.

Var á Ingjaldssandi 1973. Þá hljóp öll norðurströndin að Kirkjubóli.

Móðir hennar er alin upp á Flateyri, og var haft í hótunum við börn ef þau fóru upp eftir að leika sér.

Föðurbróðir Höllu sótti um byggingarleyfi fyrir Unnarstíg 10 um 1962, en fékk ekki. Frænka hennar byggði hins vegar Unnarstíg 8 og varð afi hennar reiður yfir þessu. Móðurbróðir hennar var í hreppsnefnd, og var mikil deila þegar átti að byggja þarna.

Það skefur úr fjallinu í NA–átt inn í Bæjargil. Fjallið er ávalt og safnar því ekki miklum snjó. Ef fennti rosalega í logni er aldrei að vita hvað gæti gerst.

Gamli bærinn stóð aðeins framar en bærinn stendur núna. Þar urðu aldrei slys.



### **Sólveig Bessa Magnúsdóttir, Innri Hjarðardal, símtal 1998**

Símtal 30. júlí 1998. Aldrei hafa fallið snjóflóð við Hjarðardal.

Snjóflóðin á leiðinni í Valþjófsdal eru alþekkt.

Snjóflóð falla við bæinn Grafargil.

### **Rósa og Kjell, Holti, viðtal 1998**

Viðtal á Flateyri 28.–31. júlí 1998. Rósa var að flytja í gamla skrifstofuhúsnæði hreppsins, og þar hitti ég þau. Þau hafa engar fréttir af snjóflóðum, nema það sem þekkt er fyrir. Þau höfðu heyrt að börnin mættu ekki leika sér ofan við þorpið.

### **Guðmundur Valgeir Jóhannesson og Guðmundur Ingi Kristjánsson, viðtal 1998**

Viðtal á Flateyri 28.–31. júlí 1998. Tveir Guðmundar sátu út í svölum á Sólborg. Þeir eru 91 og 92 ára. Svalirnar voru byggðar fyrir tilstuðlan Guðmundar Valgeirs fyrir um 2 árum og síðan byggt yfir þær í fyrra. Fyrir tveimur árum hitti ég þá báða, er ég safnaði upplýsingum um flóð á Flateyri, en ætlaði nú að athuga hvort þeir myndu eftir öðrum flóðum í Önundarfirði.

Þeir voru mjög hressir og glaðir, en annar hefur misst röddina að nokkru og hinn heyrir ekki vel, svo þeir eiga erfitt með að tala saman. Með aðstoð gekk það mjög vel og rifjuðu þeir upp gamla daga.

Þeir rifjuðu upp lát manns á ferð yfir heiði, þar sem ekki varð ljóst hvort hann var veginn eða dó af öðrum orsökum. Þeir mundu ekki eftir að neinn annar hefði farist en Salómon, sem fórst á heiðinni, en Sigurður skurður var einnig á heiðinni, þó þeir hafi ekki verið saman. Guðmundarnir vitnuðu í svar Sigurðar: „Salómon verður líklega ríðandi annars staðar ...“. Atburðum er lýst í ævisögu Skúla Thoroddsen eftir Jón Guðnason. Halldór Torfason var lögmaður á Ísafirði. Hann var á Sólbakka. Hann var kvaddur til að skoða líkið. Vísuna fóru þeir félagar með:

Þegar Skúli skjóta inn  
Skurði í svarthol vildi  
líkna vildi honum hinn  
af hugulsemi og mildi.

Hinn er Lárus H. Bjarnason.

Guðmundur Valgeir átti bróður, sem var á togara í Reykjavík. Félagarnir á togaranum sendu legstein eftir lát hans, sem vó á annað hundrað kíló. Legsteinninn fór af leiðinu í snjóflóði.

Guðmundur Valgeir kvaðst hafa verið seinþroska og Guðmundur Ingi taldi féлага sinn þá endast þeim mun betur!

Snorri Sigfússon var einn besti kennari landsins og kenndi þeim báðum. Hann lét syngja sálm og kenndi allt sjálfur, einnig íþróttir. Hinrik Þorláksson kenndi yngri börnunum.

Snjóflóð skaðaði engan fyrr á Flateyri.

Guðmundur Valgeir man tvo atburði í Villingadal. Fyrst féll snjóflóð og síðan kom aurskriða (um 1920). Skyldmenni föður GVJ fórst í Villingadal.

Guðmundur Valgeir og Guðmundur Ingi fóru yfir til að hjálpa er snjóflóð féll á Grafargil.

Við Guðmundur Valgeir ræddum um verksmiðjuna á Sólbakka. Þar fannst mér ekki ljóst hvort bæði höfðu fallið snjóflóð og aurskriða, eða menn kölluðu þetta mismunandi nöfnum. Guðmundur Valgeir man bara eftir snjóflóði, sem kom á verksmiðjuna, því hann man vel eftir þegar verið var að moka snjónum út.

Guðmundur Valgeir man eftir aurskriðum á Eyrartún. Faðir hans og Sveinn Gunnlaugsson skólastjóri fengu túnið, og því var skipt upp. Guðmundur Valgeir og faðir hans fengu innri hlutann en skólastjórinn ytri hlutann, en aurskriða kom skömmu síðar, aðeins á ytri hlutann. Guðmundur Valgeir var mikið nær tvítugu þegar þetta var en fertugu. Hann var ekki orðinn formaður, en hann varð það nær þrítugu minnti hann. Á þessum tíma var einhver meiri háttar skátasamkoma í Reykjavík.

Snjóflóðið á Sólbakkaverksmiðjuna var löngu seinna, en hann man vel eftir snjóflóðinu.

Guðmundur Valgeir man ekki eftir aurskriðu á eða við Sólbakka, bara á Eyrartún. Aurskriða hljóp á tóftarbrotnin úr Eyrarbænum.

Amma GIK sagði honum, að aurskriða hefði einhvern tíma fallið á túnið á Kirkjubóli í Bjarnardal.

### **Halldór Mikkaelsson, viðtal 1998**

Viðtal í Neðra Breiðadal 31. júlí 1998. Halldór er alinn upp í Fremri–Breiðadal og var þar til 1974. Hann flutti í Neðri–Breiðadal 1976. Snjóflóð hefur komið nærri bænum, en ekkert flóð féll þar þegar stóru slysin urðu 1995.

Oft falla smærri flóð fyrst og síðan stærri. Stefna gils er frá bænum, en ef gilið fyllist breytist stefna flóðsins.

Flóð kom eitt sinn að beygju á heimkeyrslu (rétt við hlaðið). Það gæti hafa verið 1991–1992. Þá var leiðinleg veðráttu og farið með mjólk á vélsleða.

Oft hefur verið rýmt hjá þeim. Eftir Súðavíkurslysið var næstum búið að drepa þau öll.

Halldóri finnst ekki geta kallast snjóflóðasaga það sem Vegagerðin hefur tekið saman, þeir hafi haldið utan um hana svo stuttan tíma.

Áður fyrr var Ströndin ekki mokuð og varð að handmoka til að koma mjólkinni til Flateyrar. Flug hófst 1963 frá Holti og var farið á báti þangað.

Snjóflóðahætta er á bæjunum Breiðadal, Veðrará og Kirkjubóli. Menn frá þessum bæjum hafa þurft að berjast við að komast um á ströndinni.

Flóð fór á Selaból 1974. Bærinn var neðan við veg, niðri á bakka alveg á brúninni, utan við Selabólsurð, innan við lækinn (nær Neðri–Breiðadal en lækurinn). Flóðið kom fyrir neðan kletta og fór í sjó fram. Faðir Halldórs keypti bæinn 1963 og hann og kona hans ætluðu að eyða þar ellinni, enda hafði aldrei heyrst um snjóflóð þar fyrr. Halldór heldur að þar hafi áður fyrr verið kirkjugarður. Flóðið fór á bæinn, og hefði hann ekki trúað hvílíkt afl var í því. Hann var sendur til að moka flóðið, en það var mjög þunnt. Túngarðsveggur var ofan við veg og einfaldur strengur ofan á, sem fór ekki. Þak var háflélegt, en faðir hans hafði látið bolta það og negla niður. Síðan var sett grjót ofan á þakbrún. Þrír steinar fluttust til á þakinu með flóðinu. Snjóflóðið fyllti eldhúsið, braut búrvegg, herbergi fylltust, hurðir brotnuðu, en ekki veggir að öðru leyti. Það var um ein og hálf tommu upp í loft frá snjódyngjunni, en snjórinn var pakkaður. Í stofunni voru 5 tonn af áburði í pokum, sem stóð á móti flóðinu. Allt fylltist af snjó nema stofan.

Alveg eins flóð féll aftur 1975!

Flóðið var svipað og flóð sem féll á Núpshús, og lýsti Bergur á Núpi því þannig: „Eins og snjóflóðið hafi svifið yfir“, en það braut ekki girðingu.

Þau voru vöruð við flóði úr Leitinu innan og utan við vegamótin, Urðinni og Stórholtinu utan við Hvilft (sjaldgæft).

Eftir að foreldrar hans dóu hefur hlaupið mjög víða, þar sem þau höfðu ekki hugmynd um að gæti hlaupið.

Traðarnes er utar. Tröð var þar líklega fyrr sem tóftir eru. Árið 1995, á sama tíma og Súða-víkurflóðið féll, fór flóð þar yfir og fór út í sjó. Það tók girðingu.

Halldór og Sindri úr Skagafirði voru tveir á ferð saman á vélsleðum með talstöð 1961. Þeir voru ofan við Kálfeyri, og var þar þá stórt og mikið snjóflóð og annað innar niður með Kálfeyrartóftum. Hann varð hræddur og fóru þeir inn eftir.

Daginn fyrir Flateyrarflóðið var hann með Lúther, bróður Rögnu Óladóttur, að ná í kindur fyrir Gunnlaug í Hvilft. Snjósöfnun var þá mikil uppi í fjallinu, en var ekki meiri snjór en svo að ekki var hægt að komast um á sleða. Þeir lentu í basli með rollurnar og komu þeim loks í hús í Hvilft um kl. 18. Lúther var svo þreyttur, að hann sofnaði í heimsókn hjá kunningja sínum um kvöldið, en hefði annars verið í húsi sem flóðið kom á og fólk fórst í. Halldór hringdi í Magneu eftir þetta, en þá var engin skipun um rýmingu þar komin.

Eiríkur Finnur hringdi 17. janúar 1995. Almannavarnir fyrir sunnan höfðu þá ákveðið að rýma. Bann var við umferð um ströndina. Fjölskyldan ætlaði yfir að Holti, þ.e. hann, tveir litlir strákar, tvær dætur og kona hans. Þau fóru út um miðnætti og sáu ekkert. Rafmagnslaust var og slökktu þau á ljósavél, þegar þau fóru út. Björn á Þórustöðum ætlaði á móti þeim. Sleðinn fór fljótlega á kaf, og voru þau að ráfa um túnið, og svo blint var að hann sá ekki dæturnar þar sem þær voru í eins metra fjarlægð frá honum. Þau römbuðu þó á réttan stað. Eina vís-bendingin var svartur rafmagnsstaur, sem settur hafði verið í túnið um sumarið. Þau fylgdu línunni, en skyggni var betra upp en til hliðanna. Þegar þau komu að spennu, sem er 24 m frá bænum, sást ekkert í bæinn, en þau komust þó til síns heima, og settu ljósavélina í gang. Um kl. 03:30 sáu þau ljós, Björn frá Þórustöðum var þar á ferð. Þau gengu á geislann og fóru inn í Holt. – Þegar þau fóru á sleðanum, voru synir hans framan og aftan við hann, en konan og dæturnar í aftanísleða.

Fyrir Flateyrarslysið fóru þau sjálf og voru um hálfa klukkustund á leiðinni, milli klukkan tíu og ellefu, kvöldið fyrir flóðið. Bíllinn ruddi snjó á undan sér upp á rúður og datt hann niður af þeim.

Við Fremri–Breiðadal kom flóð niður árgil niður undir fjárhús. Ásgeir, bróðir Halldórs, byrjaði þar búskap 1979. Hann hefur sagt Halldóri að flóð hafi komið niður undir skemmu þar.

Gegningar eru mikið vandamál, þegar rýmt er.

Slysaheittan er nú orðin miklu meiri en hún var, því nú eru miklu fleiri á ferðinni.

Árið 1974 féll snjóflóð við Kirkjuból í Korpudal, sem tók hlöðu og hjall innan við húsið. Flóð fór þar líka fyrir utan vegamót, yfir eyrar um 1 km vegalengd í Skipholt og hrúgaðist þar upp. Jón heitinn Guðjónsson á Ytri–Veðrará bað hann um að skoða hvar það hefði stöðvast. Óli Þórðar og Jón Guðjónsson voru þá með kálfa á Kirkjubóli.

Þeir Ásgeir, bróðir hans, voru að koma frá Hvilft 1976 eða 1977 og komu á Urðina. Ekkert sást, en þegar þeir sáu loks til að keyra áfram, hafði fallið snjóflóð fyrir framan þá. Flóðið var síðan eins og dúnn, og þeir keyrðu auðveldlega gegnum það. Næsta morgun þurfti að moka, og var það þá alveg pakkað, ófært.

Halldór benti á að skoða aðstæður í Garðadal, sem er hangandi dalur milli Neðri–Breiðadals og Hvilftar. Þar eru alltaf að falla snjóflóð. Snjóflóð falla Hvilftarmegin úr dalnum, en garður er á móti þeim, og hreinsast þau upp í urð, hátt uppi í hlíð. Hann benti á að þarna mætti læra eitthvað um varnargarða í náttúrunni sjálfri. Ennfremur nefndi hann að það hve slétt væri innan við varnargarðana ofan við Flateyri myndaði rennibraut fyrir flóðin, sem þar féllu. Hann

benti á samanburð við flóðið nærri Kirkjubóli 1974, sem fór svo langt, þar væri svo slétt og ís hafi verið undir.

Ef mörg snjóflóð falla, og skafrenningur fyllir í við varnarvikin, verja þau þá?

Um 1983–1984 fór flóð við Hvilft með stóran stein út í sjó.

Þegar keilur voru settar á Urðina, breikkaði það flóðin, en þau eru samt nógu kröftug til að drepa. Einhvern tíma komu flóð 4–5 sinnum með stuttu millibili. Í lokin voru um 30 cm upp úr. Keilurnar gerðu þó líklega eitthvað gagn.

Hann sagði loks V-átt sjaldgæfa nú, hún hafi verið leiðinleg fyrir heyskap. Hættulegasta áttin þarna er NV-átt að hans mati.

### **Ásgeir Mikkaelsson, viðtal 1998**

Viðtal í Fremri–Breiðadal 31. júlí 1998. Stórt flóð fór sömu nótt og Flateyrarflóðið úr gili á móti og neðan við bæinn (milli rúlla, sem sjást eiga á mynd). Það var um 150 m breitt. Þarna falla flóð á hverju ári, en þetta er eina skiptið, sem það hefur farið svona langt.

Oft hafa fallið flóð beint á móti bænum, en bara niður á veg.

Einnig falla flóð innar hinum megin í dalnum, puðrast niður á túnin og niður í á, mitt á milli bæjarhúsanna og gangnamunnans.

1990 kom flóð úr fjallinu vestan við og fór niður í á, á milli bæjanna/húsa.

Flekahlaup kom niður við mynni ganganna.

Menn báru enga óttablandna virðingu fyrir snjóflóðum fyrr en eftir Súðavíkurflóðið.

Aldrei hefur komið snjóflóð að bænum.

### **Guðmundur Steinar Björgmundsson og Sigríður Magnúsdóttir, Kirkjubóli í Valþjófsdal, viðtal 1998**

Viðtal 31. júlí 1998. Ég hitti þau neðan Bjargarkletta, en þau voru í reiðtúr.

Mestu snjóflóðin eru í vestlægum áttum hér, þ.e. úr Bjargarklettum.

Þorfinnsstaðir og Grafargil eru eyðibýli. Þar féllu snjóflóð niður undir hús í Súðavíkurhrinunni.

### **Vigfús Ebenesersson og Birgitta Ebenesersdóttir frá Tungu í Valþjófsdal, viðtal 1998**

Viðtal 28.–31. júlí 1998. Þau voru stödd í Tungu, þar sem þau ólust upp og bjuggu síðan, en nú eru aðrir eigendur, sem hafa ekki vetrarábúð.

Snjóflóð féll á næsta bæ, Grafargil, í janúar 1930. Birgitta var þá 8 ára. Gamli bærinn stóð þar sem tré er utar og ofar en bæjarhúsið er núna. Gaflarnir sneru inn eftir og út eftir dalnum, svo þverhliðin sneri upp í fjall. Snjóflóðið fór þó langsum gegnum bæinn. Systir bóndans var föst í snjó upp á mið læri í eldhúsinu. Hún bjargaði barni upp á borð. Veðrið var mjög vont.

Þau muna ekki eftir snjóflóði á Þorfinnsstöðum, en á hverjum vetri koma snjóflóð úr fjallinu Þorfinni, en aldrei nálægt húsunum.

Ekkert snjóflóð hefur fallið nærri Tungu. Snjó festi ekki á brúninni og á fjallinu, þar er alltaf rok, stormur á hvorn veginn sem er meðfram fjallinu.

Nú er bara búið á Kirkjubóli.

Í Bjargarklettum svellar í gilin og koma þar oft smáspýjur. Oft var vegurinn mokaður með dráttarvél, og stundum ruddu bændur fyrir Vegagerðina.

Engar aurskriður hafa fallið þarna svo þau muni eftir.

Hætta er á niðurfalli, grjóti og snjó í vætu og snjó á sandfjörunum, en aldrei hafa orðið slys af. Vigfús var fermdur þegar kirkjan var byggð, en Svíahúsið var byggt fyrr.

### **Séra Gunnar Björnsson og Ágústa Ágústsdóttir, viðtal 1998**

Viðtal í Holti 28.–31. júlí 1998.

Þau höfðu eftir Eiríki Guðmundssyni, að María Jóhannsdóttir hafi verið að spila við Björn Önundarson 1950–1960 og þá hafi flóð fallið niður undir sjúkraskýli.

Ágústa í Holti er alin upp í Dýrafirði.

Guðmundur Jónsson frá Gemlufalli í Dýrafirði var byggingarfulltrúi á Flateyri. Sagt er að hann hafi sagt sig úr nefndinni vegna þess að hann vildi ekki að byggt yrði þar sem aðrir vildu leyfa byggingarlóðir.

Séra Sigurður Z. Gíslason, prestur, fórst á nýársdag á Ófæru á leið í Hraun í Keldudal. Jón bassi í Sinfóníuhljómsveitinni var sonur hans, og Diddi fiðla sonarsonur.

Fjánhús fóru í snjóflóði á Fremstu–Húsum í Hjarðardal (Dýrafirði) haustið áður en Súðavíkurslysið varð. Á sama tíma féll flóð á húsið á Núpi í Dýrafirði (það var nýtt sem sumarhús).

### **Jóhanna Kristjánsdóttir og Þuríður Gísladóttir, Kirkjubóli í Bjarnardal, viðtal 1998**

Viðtal 28.–31. júlí 1998. Jóhanna sagði snjóflóð hafa komið nokkuð nærri þeim, úr Bæjargilinu, þegar hún var 10 ára, en hún er fædd 1908. Hún minntist þess, þegar þau voru að leika sér í „hólum“ í snjóflóðatungunni.

Síðar braut snjóflóð réttina. Réttin var á bakkanum við Kálfabalaá. Bjarnardalsá er búin að róta undan henni og Kálfabalaá er búin að færa sig frá frammar (innar).

Hún sagði oft meiri hluta hlíðarinnar hafa hlaupið.

Amma hennar sagði, að aurskriða hefði fallið rétt fyrir framan (innan) lækinn, líklega úr Bæjargilinu.

Venjulega var fólk ekkert á ferðinni, er snjóflóðahætta var. Oftast snjóaði á hjarn og þá hljóp.

Kirkjuból í Korpudal var rýmt þegar Flateyrarflóðið féll og urðu íbúar þar næstum úti. Þau fundu fjósið á Vífilsmýrum, gengu yfir og sást ekki milli stika. Fólk treysti sér ekki út úr húsi til að athuga með þau, veðrið var svo slæmt.

Snjóflóð hefur farið utan við túnið og út í sjó hjá Neðri–Breiðadal.

Í Gísla sögu Súrssonar heitir dalurinn Bjarnardalur og er rétt merktur á ánni, en þar stendur Bjarnardalsá.

### **Heimsókn Gunnlaugs Finnssonar, Hvilft, á Veðurstofuna 12. ágúst 1998**

Gunnlaugur var erlendis dagana, sem ég var í Önundarfirði og kom því við á heimleið þann 12. ágúst. Hann hjálpaði til við að skrá á landakort flóð í grennd við Hvilft og Flateyri.

Gunnlaugur sagði flóð hafa farið yfir rústir Sólvallabæjarins eftir Súðavíkurslysið, en ekki farið á staura raflínunnar fyrir neðan. Það tók gömul útihús ofan við bæjarstæðið, m.a. hlöðu. Út frá kortinu má sjá að það hefur komið úr Miðhryggsgili.

Hann minntist flóðs á svipuðum stað milli 1960–1970, sem fór ekki á bæinn, en tók skúr áfastan við hann, sem Hjördís talaði um fyrr í viðtali (1996). Hann minnti að það væri sama flóð og beygt hafði út eftir neðan við bæinn. Þetta flóð hefur því einnig verið úr Litlahryggsgili.

Snjóflóð í febrúar 1995, þ.e. eftir Súðavíkurslysið, brotnaði frá ofarlega í Miðhryggsgili, skáhallt niður eftir og inn eftir yfir Litlahryggsgil, dembdist niður og yfir hjalla og fór inn eftir.

Hann sagði flóð þarna hafa farið yfir Stórholt, og hljóp jafnvel tvisvar eða þrisvar þar. Innri mörkin eru teiknuð á kort og fór flóð þarna innar en hafði þekkst áður. Allt var á bólakafi í snjó þarna. Hann sagði ekki hafa verið flóðsnjó ofan Hvilftar eftir þetta, og því ekki flóð þar. Á staur ofan Hvilftar var snjór, en líklega eftir óveðrið.

Hann man flóð á svipuðum stað þegar hann var strákur um 1937–1938, sem náði ekki alveg eins innarlega. Stór steinn braut þá vatnsþróna í flóðinu. Tréþró var ofan við vatnsþróna, sem átti að taka við aur og grjóti úr læknum. Leiðsla var frá henni í Sólbakkaverksmiðjuna.

Hann sagði foreldra sína hafa nefnt, að gamlar sagnir væru til um að flóð hafi farið um eða fyrir aldamót, þar sem Sólbakkaverksmiðjan var reist, en það hafi verið óljósar sagnir og ekkert hafi verið staðfest um það.

Lína fór niður í fjöru nærri Sólvöllum (1995?), og staurar brotnuðu í flóði og var það sagt hafa farið ofan við Hvilft líka. Hann sagðist hafa grafið frá staur eftir þetta og hafi snjórinn verið alveg ólagskiptur, ekkert bent til að þar væri snjóflóðatunga. Skýringu á brotnum staurum sagði hann geta verið að línurnar hefðu verið sérstaklega sterkar og dregið þá með sér og brotið.

Flóð 1974 tók sjónvarpshúsið ofan og innan við Sólvelli.

Hann var ekki heima er flóðin fóru 1974, en kom stuttu eftir það heim. Þá sagði hann, að ummerki hafi ekki bent til að flóðtungan hafi náð alveg yfir eyrina.

Hann man eftir flóði þegar hann var strákur, og sáluhliðið fór úr kirkjugarðinum, og ein hlið grafreitsins brotnaði. Lýsing flóðsins 1936 kom heim og saman við þetta, en þá var hann 8 ára.

Hann hefur séð mörg flóð fara niður úr Skollahvilft, en ekki stór. Þau fóru venjulega niður í Bótina, en vegurinn var niðurgrafinn, og snarbratt í Krókinn, sem kallaður var svo, þar sem beygjan er að Sólbakka. Það hefur því fremur stýrt flóðunum inn í Bótina. Eftir að vegurinn var gerður (uppbyggður) hafa flóðin oftast hlaðist upp á honum.

Guðmunda Ólafsdóttir á Hrafnistu er ekkja Guðmundar M. Jónssonar.

Gunnlaugur var ekki heima 2. apríl 1953, þegar snjóflóðið féll, því fyrsta barnið var að fæðast, en hann kom heim um 20. apríl. Hann gekk upp eftir í fjöruborðinu og var þar aurug tungan. Faðir hans hafði næstum því lent í flóðinu. Hann sneri við til að sækja yfirhöfn, en flóðið féll skömmu síðar.

Undir Hvilftinni var komið hættusvæði, er átti að byggja þar hús. Hann veit ekki til að nokkurn tíma hafi fallið þar flóð, hefur aldrei séð það.

Innan við Hvilftina og innan við læk koma oft spýjur.

Það var fjórbylt á Selabóli (Selakirkjubóli) um tíma. Gunnlaugur mundi eftir flóðum þar tvö ár í röð.

Í Klofningsdal, sem er utan við Flateyri, koma engin snjóflóð (þ.e. þurr). Gunnlaugur var þar á sleða einhvern tíma að athuga með kindur, en þá voru þar ummerki. Þar hafði myndast stífla í læk, og síðan hlaupið krapaflóð. Mikil úrkoma var, jörðin gljúp, og fraus síðan og skálin varð full. Hann vildi athuga slíka skýringu líka fyrir Skollahvilft.

Fjögur hús eru í hnapp og er Svíahúsið eitt af þeim. Þau eru frá 1933–1934.

## **Viðtöl 1998–2000**

### **Erik Hestnes, Osló, Noregi, viðtöl vorið 1998 og vorið 1999**

Vorið 1999 sagði Erik frá mismunandi skilgreiningum á flóðum, en hann var að fara á ráðstefnu og halda fyrirlestur um vot snjóflóð, m.a. á Patreksfirði. Í samtalinu kom fram að fram-

burði krapaflóða væri oft ruglað saman við framburð aurflóða, því tungan væri svört en svo væri ískjarni í þeim. Hann taldi flóðin á Flateyri í janúar 1935 vel geta hafa verið krapaflóð.

SHH: Fyrr höfðum við Erik rætt óformlega um skýrsluna frá 31. janúar 1985 og flóðin á Flateyri, en hann var hér á ferð 30. júlí til 5. ágúst 1984 í fylgd með Guðmundi S. Gunnarssyni og Gísla Eiríkssyni frá Vegagerðinni á Ísafirði. Erik Hestnes tók saman yfirlit um ferðina og snjóflóðastaði, sem hann heimsótti á Vestfjörðum, en var hér á eigin vegum. Á Flateyri hitti hann mann á hjóli sem sagði frá hve langt flóðið fór, hvert tungan hafði náð, en hann man ekki nafn mannsins. Erik teiknaði tunguna samkvæmt lýsingu hans á mynd í innanhússkýrslu NGI (EH 1985). (SHH: Það er mjög nærri því sem er á korti 4, flóð nr. 5009 og 5010).

### **Halldór G. Pétursson, Akureyri, símtal 2000**

Símtal í janúar 2000. Halldór hefur tekið saman skriðuannála. Eftir að hafa heyrt um veðurgögnin fyrir flóðin á Flateyri 21. janúar 1935 sagði Halldór mjög líklegt að þarna hafi verið um krapaflóð að ræða í upphafi, en síðar (24. janúar 1935) í Villingadal hefðu lýsingar verið dæmigerðar fyrir aurflóð.

### **Viðtöl í Önundarfirði 1.–2. júlí 2002**

#### **Magnús Hringur Guðmundsson, Hóli, viðtal 2002**

Magnús sagði almennt frá snjóflóðasvæðum sem sjást frá Hóli og teiknaði á kort.

Snjóflóð falla mjög oft úr gilinu austan við Bæjargil við Kirkjuból í Korpudal. Flóð hafa einnig fallið utar t.d. 1995 (sjá flóð nr. 5545, utar, og nr. 5544 við Kirkjuból).

Hann hefur lent sjálfur í snjóflóði á Selabólssurð um 1987–1988.

Snjóflóð falla mjög oft innanlega úr Hesti í Hestdal. Einnig falla snjóflóð oft við Vífilsmýrar, niður að girðingu, jafnvel niður í á. Hvinur eða ský frá snjóflóðinu hafa farið niður að á.

Spýjur hafa komið á veg utan við Mjóanes, utan við beygju á veginum. Mjóanes er nes niður á eyrar.

Fjórar stórar aurskriður komu eftir rigningu í haust innst í Hestinum.

#### **Daði Ingimundarson, Tannanesi, viðtal 2002**

Athuga kort, sum flóðin voru teiknuð þar.

Faðir Daða skrifaði bréf líklega eftir flóðin 1974, þar sem hann greindi sveitunga sínum frá flóðunum m.a. nærri Kirkjubóli í Korpudal, þ.e. innan við Tannanes. Hann hafði gengið þar um með dóttur sinni og skrifað um vettvangskönnun sína. Stefán Pálsson hefur sennilega fengið bréfið frá Ingimundi, en Stefán var þá fluttur frá Kirkjubóli. Kjartan sonur Stefáns, hefur jafnvel fengið bréfið. Daði taldi það vera á Veðurstofunni.

Úr Bæjargili við Kirkjuból fór flóð 1974 yfir holt niður fyrir Bænhúslána, sem er laut fyrir neðan bæinn, yfir veg og nokkuð niður fyrir tún. Það fór niður fyrir Skipholt. Það tók með sér hluta af súgþurrkunarhúsi og fór lengra en flóðið 1995. Annað flóð fór utar um sama leyti.

Flóð nærri Tannanesi, sennilega 1974, braut niður símalínu og fór inn undir Hvarf. Engin flóð hafa farið innar eða nær Tannanesi.

Daði vissi að flóð hefðu farið neðarlega á Flateyri, t.d. 1970–1972 fór flóð niður fyrir Goðahól og tók með sér hluta af fiskhúshjalla. Hann var að kenna á Flateyri og fóru krakkarnir að leika sér á flóðinu. Seinna fór fiskhúshjallinn alveg með flóði.

Mikil grjótskriða er innan við Tannanes, nokkuð gróin. Daði hafði það eftir Kjartani Stefánsyni frá Kirkjubóli að langamma hans hefði sagt frá skriðunni. Það hafði verið mikill gaura-gangur.

Snjóflóð féll einhvern tíma áður fyrir í Dýrafirði. Þar var prestur að fara að messa í Keldudal og féll mjög breitt snjóflóð, það almesta sem þekkt er í grenndinni. Tungan var ekki mjög þykk, sennilega um 0.5 m.

Hóp nefnist vík (sjá kort).

Daði hefur komið sjaldnar eftir 1990 en fyrir þann tíma í Öfundarfjörð, vegna þess að hann flutti suður frá Patreksfirði. Síðan hefur hann komið á páskum og er þá oft hreyfing á snjó í fjöllum við sólbráð.

### **Sólveig Ingvarsdóttir, Ytri–Veðrará, viðtal 2002**

Sólveig og fjölskylda hafa búið 14 ár á Ytri–Veðrará. Þeim var sagt að snjóflóð hafi fallið 1974 að gömlu íbúðarhúsi, sem stóð ofar en núverandi íbúðarhús. Þau fluttu að Kirkjubóli í Korpudal 1976 og var sagt frá flóðum 1974. Þar hafa fallið flóð úr Urðinni (Kirkjubólurð) úr Urðarskál milli Tannanes og Kirkjubóls í Korpudal og man hún eftir að flóð hafi fallið þar eftir 1974.

Hún var næstum lent í flóði á Selabólurð 1976–1977, eftir áramót. Þau sáu stórt snjóflóð falla þar.

### **Guðmundur Björgvinsson, Brimnesvegi, Flateyri, viðtal 2002**

Guðmundur lenti í snjóflóði í janúar 1979 á Breiðadalsheiði. Þau voru 4 á ferð í bíl frá Ísafirði til Flateyrar. Ákveðið var að hann hlypi á undan bílnum á heiðinni, það var svo blint. Hann heyrði eins og þrumu og fór síðan með flóðinu. Bíllinn var 40–60 m aftar. Geil var eftir veginum eftir snjóblásara og vildi það honum til happs að hann lenti ekki í henni, heldur barst með flóðinu yfir hana, niður í Heiðnahvolf.

Alls staðar hljóp 1974.

Í Kaldárdal fór krapaflóð og varð eftir rúmlega 2 m þykkt krapaþykkildi, sem myndaði lóð-réttan vegg.

Hænsnahús á Sólbakka fór í flóði. Gaflarnir stóðu uppi en miðjan fór úr því.

Fjörugrjót á Flateyri sýnir hve langt grjótið hefur borist með snjóflóðum.

Foreldrar Guðmundar bjuggu á horni á móti skólanum.

Hann keyrði varaafstöð fyrir Orkubúið, en var leystur af kvöldið örlagaríka 1995. Þá voru þar faðir hans og Kristján Einarsson. Hann vann síðan við björgunarstörf 1995. Hann sagði efstu 4 húsin við Ólafstún hafa verið styrkt sérstaklega með tilliti til snjóflóða. Rafmagnið fór af. Kristján sagði greinilegt að höggbylgjan á undan eyðilegði mikið. Myndaalbúm og bókakassi fluttust alveg ósködduð, fundust langt neðan við húsin sem þau voru í. Glerbrot var eftir flóðið í garðinum (þar sem hann býr) við Brimnesveg 24, en húsið liggur í beina stefnu við aðalflóð-stefnuna. Rúða sogaðist úr Sólbakka hjá Einari Oddi. Margir fundu fyrir eyrnaverk og hljóð-himnur voru sprungnar í líkum.

Guðmundur vinnur nú fyrir Vegagerðina og fylgist með veðri vegna snjóflóðahættu t.d. í Ós-hlíð. Hann nýtir veðurstöðina á Þverfjalli og gervitunglamyndir frá Dundee á Skotlandi. Þegar áttin er austan við norður verður hætta frá Skollahvilft, en í vestan- og norðvestanátt er hætta í Innra–Bæjargili.

Þórður Maríasson, afi Guðmundar, tók veðrið í Súgandafirði í langan tíma og þaðan fékk hann sjálfur áhuga.



Geir Sigurðsson rekstrarstjóri hjá Vegagerðinni tekur saman upplýsingar um snjóflóð.

Eitt alstærsta flóðið á Selabólssurð sem vitni urðu að féll líklega 1976 (1977 skv. viðtali við Sólveigu sama dag hér fyrir framan). Bjarni og Sólveig óku á undan honum. Flóðið féll yfir Hóltsoddann út í sjó hinum megin við hann. Þetta var kófhlaup. (SHH: Líklega var hér um að ræða kóf sem fylgdi flekaflóði. Kófhlaup eru mjög sjaldgæf hér á landi).

Bróðir Daða er Þorsteinn Ingimundarson.

Þau Guðmundur og Guðrún Pálsdóttir (fyrir neðan) rifjuðu upp flóð sem þau mundu bæði vel eftir úr Ytra–Bæjargili 1974. Guðmundur hafði séð bíl og mann kveikja bál á svæðinu þar sem flóðið fór. Hann fór að leita að honum, en í ljós kom að maðurinn hafði farið af svæðinu áður en flóðið féll.

Guðmundur sagði að kirkjugarður við Kirkjuból væri utan við læk en Selakirkjuból innan við hann.

### **Guðrún Pálsdóttir, Drafnargötu 6, Flateyri, viðtöl 2002**

Guðrún kom nú á einnig Brimnesveg 4. Þegar Skollahvilftarflóðið féll fór hún fyrst niður í mötuneyti, þar sem sett var upp neyðarmóttaka eftir flóðið 1995. Þar birtist hjúkrunarkonan, sem hún hafði talið hafa lent í flóðinu.

Eins og áður sagði rifjuðu þau Guðmundur Björgvinsson (fyrir ofan) upp flóð úr Ytra–Bæjargili 1974. Guðrún horfði á það og þegar það féll í sjó fram myndaðist „bakfallabylgja“.

Haustið 2002 hafði SHH nokkrum sinnum samband við Guðrúnu og hjálpaði hún við að setja örnefni á mynd 5 auk þess að staðsetja húsið Strýtu á Flateyri, sem kemur við snjóflóðasögu skv. heimildarmönnum. Þeir töldu að steinar, sem voru í fjörunni fyrir neðan Strýtu, hefðu mjög líklega borist með snjóflóðum.

### **Hreinn Ólafsson, Bolungarvík, viðtal 2002**

Í flóði við Fremri–Breiðadal 2002 var þungur og blautur snjór, sem skreið fram.

Hann man eftir flóðinu úr Innra–Bæjargili 1974.

Það koma oft flóð utan Flateyrar á svæðinu kringum Ytra–Bæjargil, úr gilinu sjálfu og utar, þar sem lækur er á korti og hafa þau oft brotið staura og eyðilagt línuna. Flutningsleið um svæðið var lögð niður fyrir 9–10 árum, en núverandi raflína utan Flateyrar er vegna endurvarpsstöðvar sem er í Klofningsdal og er fyrir Ingjaldssand. Ákvörðun hefur verið tekin um að leggja línuna niður ef hún bilar og plægja aðra línu í jörð.

Hann benti á að skoða bókina Vestfirði eftir Hjálmar R. Bárðarson.

Flóð fór utan við Urðina 1989 og fóru 3 möstur og einstaur utar. Upptök voru í hlíðinni fyrir neðan kletta og var flóðið breitt og fór langt út í sjó, það langstærsta sem hann man eftir þarna.

Hann kannaðist ekki við nafnið Veðrarárdalur fyrir syðri hlíð í Breiðadal.

Í Garðadal eru snjóflóð algeng. Þar er snjósleðaleið til Súgandafjarðar sem farin er til að skoða línu. Hann man þó ekki eftir að þau hafi farið niður dalinn.

Hreinn man eftir langa flóðinu í S–Breiðadal (Veðrarárdal) 26.10.1995 (nr. 5551).

Öll snjóflóð, sem komu um leið og Flateyrarflóðið, fóru mjög langt. Snjóflóð rétt ofan við Reiðhjallavirkjun nærri Bolungarvík fór ótrúlega langt. Innst í Dýrafirði féll mjög stórt snjóflóð á sama tíma.

Hreinn teiknaði nokkur flóð á kort 1:100000:

Flóð merkt nr. 1 á kortinu féll á heiði árið 1999 og varð af mikil dyngja. Flóðið var þykkt en var löngu fallið þegar þeir komu að í mars, en þó mjög greinilegt. Farið var að hlýna og óx þá í ám og voru þeir þess vegna á ferð.

Flóð merkt nr. 2 á kortinu féll í Sauradal, var mjög stórt og magnað flóð. Það féll í skarði milli Arnardals og Sauradals, var 500–600 m breitt og fór upp í dal hinum megin.

Flóð merkt nr. 3 á kortinu féll aðeins utar en flóð nr. 2 og var minna, en næst stærst þarna af því sem hann þekkir.

Flóð nr. 4 á kortinu féll úr hvilft, sem sjá má á mótum kortanna, í desember 1994. Í suðurhlíð hennar eru klettur en norðurhlíðin er snjósöfnunarhlíð og féll flóðið þaðan. Öll A-möstur neðan hennar fóru í flóðinu. Línar var sett hærra eftir þetta og minni flóð hafa komið síðan. Línar var þarna frá 1962 og hafði aldrei farið fyrir í snjóflóði.

Flóð nr. 5 fór á Hrafnseyrarheiði, líklega um 1988 eða 1989. Það var talsvert mikið snjómagn og blautur snjór, svipað flóð og Kaldárdalsflóðið og flóðin við Fremri-Breiðadal. Það rann niður dalinn (austan við Manntapaskarð).

Flóð nr. 6 á korti féll í Arnarfirði eða Borgarfirði, austan við Grjóteyri. Þar er mikið snjóflóða-svæði úr hvilft. Síðast varð þar tjón 1989, þegar 4 stæður brotnuðu í 130 kW línu. Sumarið eftir voru gerðir snjóflóðaplógar, sem staurarnir standa ofan á. Þeir eru aflangir og stefni úr staurum á endum þeirra. Staurarnir hafa síðan staðið af sér flóð, en ekki hafa komið alveg eins stór flóð aftur, en þó stór flóð. Þegar snjóflóð fyllti mikið upp í kringum plógana óttuðust menn hvað gæti gerst ef annað flóð kæmi á eftir.

Hreinn hefur sé snjóflóð fara yfir gljúfur 12 m breitt og 7–8 m djúpt, en það breytti engu um lengd flóðsins.

Hann sagði mikinn snjó hafa verið á fjöllum fyrir Flateyrarflóðið, örugglega 80–90 cm, en það hafði safnast á um 3 vikum. (Sbr. hiti á Þverfjalli fór niður fyrir frostmark þar 5. október (SHH 1998a).

Einhvern tíma brann mastur á Þverfjalli og var hann þá á ferð. Það var mikil veðurhæð af vestri, en sveigði inn dalinn í N–NV og fuku stórar flygsur.

### **Guðmundur Hagalínsson, Flateyri, viðtal 2002**

Við öskuhaugana fór snjóflóð í sjó fram. Það skildi eftir þunna skel ofan á snjónum. Þetta hefur verið kófhlaup og féll þó nokkuð utan við Ytra-Bæjargil.

Veturinn 2000–2001 fóru mjög oft snjóflóð úr Ytra-Bæjargili.

Vatnsflóð fóru í Þverdal (krapaflóð) 1999 og 2002 og í Kaldárdal.

Snjóflóð féll milli Innri-Veðrarár og Tannaness, náði inn fyrir nes eða tanga (sjá kort). Þetta var stórt flóð, fór niður undir tún en ekki yfir veg. Það féll á sama tíma og flóð á Alviðrumýrum.

Snjóflóð féll í Mjóadal og fór upp í hlíð hinum megin, 1998 eða 1999. (JGE fór sennilega í mælingaferð þangað eftir þetta flóð).

### **Gunnlaugur Finnsson, Hvilft, viðtal 2002**

Gunnlaugur þekkir mikið af örnefnum. Hann sagði dali víða nefnda tveimur nöfnum, einu nafni fyrir hvora hlíð, og nöfn þeirra dregin af nöfnum bæjanna sem þeir tilheyrðu.

Hann staðfesti nafnið Veðrarárdalur fyrir syðri hluta dalsins innan Selabólsurðar, móti Breiðadal, eins og nyrðri hlutinn kallast.

Hólsdalur er innri hluti (SA-hluti) dals innan við Hvilft, milli Garðafjalls og Hólsfjalls, en ytri hlutinn nefnist Garðadalur.

Hólshorn er fremst á Hólsfjalli.

Innra-Hvilftarhorn er innan við Hvilftina, en Ytra-Hvilftarhorn er utan við hana. Á Flateyri er Hvilftin oftast nefnd Hvilftarhvilft.

Ásbjarnargarður var þar sem kirkjugarðurinn er og utar, en Kvenfélagsgarðurinn fyrir neðan Ásbjarnargarð.

Í snjóflóðasögunni er nefnt að flóð hafi tekið línu við Búðanes, utan við Klofningsdal, þar sem er ysta raflínan. Símalína er aðeins innan Flateyrar.

(SHH: Var Öundur fjörður eða Búðanes í fyrri skráningum, hefur verið lagað).

Hann staðfesti að Kálfeyri væri þar sem Hvannakrar eru á korti 1:100000, eins og Guðmundur og Guðni á Sæbóli á Ingjaldssandi höfðu bent á 1998. Þar er klettur sem nefndur er Kálfur. Aðeins utar eru Björgin. Utan við þau nær klettur fram í sjó, sem nefndur er Stóra-Barð. Utan við Stóra-Barð eru Hvannakrar. Þá tekur við Leiti og ofan þess Ufsir, klettabelti í hlíðinni. Uppi á fjallinu ofan Ufsa er kallað Hærra-Fjall. Hundsárskorur eru klettur sem ná niður í sjó innan við Hundsá. Utan við Hundsá er Gathamarsvík, löng og mjó, langsum eftir ströndinni.

Á korti eru Hvannakrar eyðibýli, en það hefur aldrei verið búið utan Flateyrar svo öldum skiptir. Í eldri ritum var nefnt að fyrir nokkrum öldum hafi verið búið á Kálfhólum við Kálfeyri.

Börn létu sér ekki bregða við snjóflóð úr Innra-Bæjargili í uppvexti hans.

Hann man vel eftir flóðinu 1938 þá um 10 ára (nr. 5002). Upptökin voru í kinninni innan við Litlahryggsgil. Flóðið var teiknað á kort ásamt upptökunum (þarf að hnita aftur) og var allnokkru innar en tungan sem er á eldri kortum. Þetta flóð var mjórri og innar en flóðið 1974 (nr. 5020).

Hann man vel eftir flóði 1974 nr. 5020, sem var breiðara en flóðið 1938 (nr. 5002) og utar.

Þegar faðir Gunnlaugs fór til kinda á Sauðanesi hóaði hann fyrst. Menn trúðu að snjóflóð félli við það, frekar en á þá þar á göngu.

Eftir Súðavíkurflóðið í desember 1994 rak kind frá Gunnlaugi yfir á Sæból. Guðmundur á Sæbóli hafði samband við hann og sagði að veðrið hefði verið mjög norðvestanstætt um þetta leyti, svo að Sæból var í skjóli við Barða. Snjórinn virðist hafa klístrast upp í kletta, og fallið svo og tekið með sér um 7–9 kindur. Gunnlaugur fór og skoðaði flóðið og var það mjög mórautt.

Tvö gil eru ofan Bjarganna, Deildargil innar og Svaðsgil utar. Þar eru oft snjóflóð.

S.l. vetur gerði óvenju oft stórviðri, þó ekki væri snjópungt. Aðfaranótt annars í hvítasunnu gerði mikinn storm sem kom niður úr Hvilftinni og braut garðvegg neðan við Hvilft. Veggurinn hefur staðið í 60 ár, en er nú farinn að hallast eitthvað, en hefur aldrei brotnað fyrir.

Gunnlaugi fannst skrytið að hafa aldrei heyrt um snjóflóð í síldarverksmiðjunni. Þar var vinnsla hætt 1945.

Jón Hróbjartsson gerði kort með örnefnum sem til er í skólanum.

## **Viðtöl haustið 2002**

### **Björn Ingi Bjarnason, símtal í október 2002**

Björn Ingi er ábyrgðarmaður Fréttabréfs Önfirðingafélagsins. Hringt var til að athuga með gamlar myndir, sem hafa birst í almanakinu. Hann sagði okkur mega nota þær, en fá þyrfti

leyfi hjá Þjóðminjasafninu til að birta þær elstu. Hann vísaði á Sólbakka, þar sem væru til eintök af fréttabréfinu sem við mættum fá.

### **Gunnlaugur Finnsson, Hvilft, viðtal 2002**

Heimsókn til Gunnlaugs þann 17. október 2002 til að yfirfara kort sem höfðu verið löguð eftir upplýsingum frá því um sumarið. Eyrarbót og Bótin hafa skolast til í ýmsum eldri heimildum á Veðurstofunni. Hér með var það leiðrétt, hvorugt nafnið er notað neðan Skollahvilftar, en Eyrarbót er utan eyrarinnar. Krókur er ofan lónsins innanvert við eyrina, og Bakkarnir nærri Sólbakka (eins og María Jóhannsdóttir sagði um flóðið 1917–1919).

Torfahvammgil er innan Hvilftar.

Hann sagði Svíahúsið hafa verið komið 1936, en verkstæði skáhallt á bak við og utan við það var byggt um 1940 og e.t.v. er það þess vegna skráð yngra en það var í raun og veru.

Vatnstankur ofan Flateyrar var frá vatnsveitu frá Klofningsdal. Þess vegna kom nafnið Vatns-hryggur á svæðið neðan við Innra–Bæjargil, en það er ekki notað lengur.

Miklar upplýsingar eru í bókinni Firðir og fólk eftir Kjartan Ólafsson.

Byrjað var snemma að verja eyrina utanverða. Í janúar 1957 var hún næstum afskorin af flóðum.

Eyrarhjallar eru ofan við þar sem malargryfjan er nú, og Eyrartún ofarlega og utarlega ofan Flateyrar. Eyrartún og Sveinstún voru ofar en Ólafstún, sem var þar sem gatan Ólafstún er nú.

Fyrstu tvö húsin við Ólafstún voru gluggalaus á efri hlið og sérstaklega járnbent, styrkt. Síðar voru húsin byggð án þess að styrkja þau og verja sérstaklega gegn snjóflóðum.

Eyrarnar eru allar á ferð, einnig innar í firðinum.

Gunnlaugur hafði eftir Rafni Péturssyni að móðir hans hafi fæðst á Eyri og húsið hafi verið þar sem sjór hefur nú brotið land í Eyrarbót. Eyri var þrí- eða fjórbýl jörð um tíma svo býlin hafa ekki öll verið á sama stað.

Flóðið 1938 sem fór á vatnsþróna var enn mjórra en teiknað var í sumar.

Flóð fór nærri súgþurrkunarskýli við Kirkjuból í Korpudal eftir 1940.

Gunnlaugur nefndi að flóð hefðu a.m.k. farið þrisvar úr Skollahvilft á kirkjugarðinn, tvisvar hefði sáluhlið farið og einu sinni hefði flóð farið alveg yfir hann.

Flóðið 2. apríl 1953 féll þegar hann var að heiman vegna þess að fyrsta barnið var að fæðast daginn áður. Hann kom heim um miðjan mánuðinn og var aurdrulla og steinar úr fjallinu eftir allri tungunni og öllu flóðinu. Faðir Gunnlaugs var að fara á Flateyri og sneri við til að ná í yfirhöfn. Þá féll flóðið.

Emil Hjartarson var skólastjóri 1972. Hann var ekki heima þegar flóðin féllu 1974. Emil var skólastjóri á þeim tíma og sagði frá þessu.

Flóð úr Innra–Bæjargili voru daglegir viðburðir, en stærð þeirra var breytileg.

Veturinn 1991–1992 fór snjóflóð á hlöðu ofan við Sólvelli og stoppaði á henni og braut hana.

Upptök 1938 eru ekki þekkt.

Flóð 1991–1992, mörg flóð féllu, m.a. innan við Litlahryggsgil.

Snjóflóð voru talin hafa fallið fyrir ofan Hvilft á þeim tíma, sagði Gunnlaugur. Háspennulínan fór í klessu, línan fór út í sjó. Hann telur línuna hafa verið svo sterka að hún hafi klippt af staurunum, kubbað þá. Hann kannaði og fann óhreyft lag við staurana á þeim tíma.

### **Guðmundur B. Hagalínsson og Halldór Mikkaelsson, símtöl 2002**

GBH sagði í við haustið 2002 að maður hefði farist í smiðju við Ytri–Veðrará í snjóflóði. Í símtali skömmu seinna sagði GBH frá snjóflóði sem er skrifað um í Öldinni sautjándu (1600–1700) um flóð þar sem maður fórst 1628 og var það sama flóðið. Ekki er skráð í heimildunum hvar það féll. Guðmundur S. Gunnarsson hafði sagt GBH fyrir löngu frá þessu flóði, sem féll á smiðju við Ytri–Veðrará á öldum áður. HM var með GBH er símtalið átti sér stað og staðfesti að þetta flóð væri í manna minnum í Önundarfirði og hefði farist maður í skemmu við Ytri–Veðrará. Skemman var þar sem nú er smiðja. Hóll var áður fyrr ofan við bæinn sem snjóflóð klofnuðu um. Búið er að jafna hólinn við jörðu. (Áður kom fram í viðtali að bærinn hefur verið fluttur).

### **Guðmundur S. Gunnarsson, símtal 2002**

Símtal haustið 2002. GSG staðfesti að sagnir væru um að flóð hefði fallið við Smiðjuhól á smiðju og maður farist, og hafði hann það eftir manni sem var alinn upp á Ytri–Veðrará.

Hann sagði að flóðið í febrúar 1974 hefði tekið staur á innanverðum hólnum, sem íbúðarhúsið á Ytri–Veðrará stendur á, og komið að gafli hússins. Þá fóru 11 raflínu- og símastaurar milli Ytri– og Innri–Veðrarár og bárust út á fjörð. Vegagerðarmenn hjálpuðu til við lagfæringar eftir flóðin. Flóð fór einnig á Selakirkjuból í febrúar 1974 og aftur ári seinna. Guðmundur rakst á flóð vorið 1974, sem hann hafði ekki skráð, en slitur af girðingu, sem flóð hafði borið með sér, voru niðri á Hreggnasa. Guðmundur sá hengjur innan við Innri–Veðrará og Jafnadal, daginn fyrir flóðin 1974.

Guðmundur sagði að Vegagerðin hefði ekki getað notað sömu snjóblásara og tæki og voru notuð í Austurríki, sem hann sá þar á kynningu. Hér er snjórinn miklu blautari og varð að nota blásara frá Noregi.

Guðmundur sagði þá á Vegagerðinni hafa þekkt aðstæður sem skapa snjóflóðahættu. Í N–átt eru minnstar líkur á að flóð falli á Óshlíð, en miklar á innanverðri Súðavíkurhlíð, í Hnífsdal og á Flateyri. Á Eyrarfjalli safnast oft mikill jafnfallinn snjór á stóru svæði og getur skafið á stuttum tíma fram af fjallinu svo snjóflóðahætta myndast.

### **Guðmundur Hallgrímsson frá Grafargili, símtal 2002**

SHH náði sambandi við Guðmund í síma í desember 2002, en það hafði ekki tekist 1996. Guðmundur er frá Grafargili, er 87 ára og býr í Kópavogi. Hann var 14 ára er snjóflóðið féll á Grafargil í janúar 1930. Enginn maður fórst í flóðinu, en búpeningur drapst. Þrír hestar voru á bænum og voru þeir í hesthúsi um 50 m ofan við fjárhúsið og lambhús var einnig uppi í hlíðinni. Tók flóðið bæði þessi hús með sér og skepnur, sem í þeim voru.

Faðir Guðmundar var úti í gegningum og var að fara með heypoka að gefa hestunum, er hann heyrði kind jarma í fjárhúsi sem var neðan við hlöðuna. Úti var grenjandi bylur. Hann lagði frá sér pokann og ákvað að gefa kindunum fyrst. Það varð honum til happs, því flóðið tók skömmu síðar hesthúsið og lambhús, sem var einnig um 50 m ofar í hlíðinni en fjárhúsið, sem var í skjóli af hlöðunni. Flóðið fór á bæinn og voru þau 4 í eldhúsinu á eina staðnum þarna niðri þar sem hægt hefði verið að bjargast. Ofan við húsið var hlaðinn veggur um 2.5 m hár og var aðeins hlaðinn upp með hluta hliðarinnar sem sneri upp að fjallinu. Hann varði húsið fyrir flóðinu. Hann sagðist hafa næstum verið dauður. Enginn fórst, en föðursystir hans meiddist í baki. Hún var í eldhúsinu með þeim börnunum. Þau voru 7 systkini sem komust á legg og 6

þeirra voru heima auk foreldranna og föðursystur barnanna. (SHH: Skrifað hefur verið áður um flóðið, að móðirin og börn hafi verið á efri hæð hússins.)

Guðmundur sagði að sér væru minnisstæðir veturnir 1929 og 1930. Veturinn 1929 var snjólaust í janúar á sömu slóðum og hljóp og var verið að plægja. Hann týndi 5 nýútsprungnar sóleyjar í janúar og fór með inn til móður sinnar! Á sama stað og árstíma var allt á kafi í snjó 1930.

Hann sagði fjallið Þorfinn vera heilagt fjall þeirra Önfirðinga.

Guðmundur var skíðakennari í 25 vetur á Ísafirði og víðar og fór víða um á skíðum. Í febrúar á árunum 1940–1950 var hann að koma af Breiðadalsheiði, og var að fara yfir Kinnina, brattann Önundarfjarðarmegin, þegar snjórinn þoldi ekki skíðaförin svo flóð fór fyrir neðan hann. Hann náði að snúa sér og skíða beint niður og slapp við flóðið. Þar hafði snjóað ofan á harðfenni.

## VIÐAUKI 4. NÁNAR UM ÖRNEFNI Í ÖNUNDAFIRÐI

Í kaflanum um snjóflóð í Önundarfirði koma örnefni við sögu, og er hér því gróf yfirferð um þau helstu.

Milli Garðafjalls og Hólsfjalls er dalur og nefnist norðvesturhlíðin Garðadalur og suðausturhlíðin Hólsdalur. Innan Hólshorns og Hólsfjalls er Kaldárdalur, þar sem fallið hafa blaut snjóflóð. Þá tekur við Heiðnafjall, Kirkjubólsfjall ofan Urðarskálar og Selabólsurðar og innst á fjallinu er Breiðadalssstigi. Á Selabólsurð falla mjög oft snjóflóð. Þar hafur Vegagerðin gert snjóflóðakeilur til að dreifa snjóflóðum og eyða orku þeirra. Neðan við veginn er staurastæða, sem varin hefur verið gegn snjóflóðum með snjóplógi úr timbri og grjóti. Hvilftin ofan Selabólsurðar nefnist Urðarskál eða Urðarhvilft, og Urðargil neðar. Selabólshlíð er utan við Selabólsurð, en Bæjarhvolf, Bæjargil og Bæjarhryggur innar, nærri Neðri–Breiðadal. Neðan Kaldárdals er Hreggnasi, Urðarbakkar neðan Selabólshlíðar, Urðarnes neðan Selabólsurðar og Traðarnes innar.

Dalurinn, sem jarðgöngin frá Skutulsfirði opnast í, gengur oftast undir nafninu Breiðadalur, en suðurhlíð hans heitir Veðrarárdalur, á sama hátt og Garðadalur og Hólsdalur. Ástæðan mun vera sú að nöfnin voru dregin af þeim bæjum sem áttu dalinn, og sums staðar voru landamerki í miðjum dal. Hlíðin ofan við Ytri– og Innri–Veðrará kallast Veðrarárhlíð, og dalur upp af Innri–Veðrará, Jafnadalur. Hlíðin ofan við bæinn Tannanes kallast Tannaneshlíð.

Sömu nöfn eiga það til að vera á fleiri en einum stað í firðinum. Önnur Urðarskál er aðeins utar en Kirkjuból í Korpudal og þar nefnist fjallið einnig Kirkjubólsfjall. Upp af Kirkjubóli er Kroppsstaðaskál og meginfjallið nefnist þar Kroppsstaðafjall. Þverdalur gengur upp í það úr Korpudal. Þrír megindalir eru við botn fjarðarins, þ.e. Korpudalur og tvískiptur dalur þar sem norðurhlutinn nefnist Hestdalur og syðri hlutinn Tungudalur, og vestar er Ekkilsdalur.

Enn vestar á mótí núverandi brú yfir fjörðinn er Bjarnardalur. Við sunnanverðan fjörðinn talið út eftir eru síðan Hjarðardalur, Valþjófsdalur, en innan við dalsmynnið greinist frá honum Tungudalur, og loks Mosdalur. Milli Hjarðardals og Valþjófsdals er Þorfinnur og Bjargarklettur þar ofan við veginn, örnefni sem koma oft fyrir í snjóflóðasögunni. Eyðibýlin Þorfinnsstaðir og Grafargil eru í Valþjófsdal, en ofanflóð hafa lent á báðum þessum bæjum. Kirkjubólin eru tvö auk þess sem nefnt var í Korpudal, eitt í Bjarnardal og annað í Valþjófsdal. Enn utar er Ingjaldssandur, en þangað er farið úr Dýrafirði.

## VIÐAUKI 5. STUTTIR KAFLAR ÚR ÞREPUNUM ÞRETTÁN EFTIR GUNNAR M. MAGNÚSS

### Fannfergi og snjóflóð í Hnífsdal og Skálavík 1910

Fjallað er um árið 1910 (bls. 116–117) og er hér útdráttur: „En fljótlega þéttist fannburðurinn og loks fór að fenna dag eftir dag og viku eftir viku. Ef eitthvað léttist í lofti, svo að sæist í brúnir fjalla, var eyktin aldrei liðin svo, að ekki væri aftur allt orðið dökkt í þessu hvíta myrkri, sem faldi jafnóðum hvert stigið spor og hvern feril um héruð.

Þegar birti höfðu fjöllin aldrei verið svo fögur, hvít af mjöllinni, hvergi sá í dökkan díl og þúsund hengjur slúttu fram af öllum vestfirzkum fjallabrunum. Innan skamms myndu fjöllin hrísta af sér þessar dyngjur og þá væri öllu kviku voði búinn.

Víða ráðguðust menn um, hvað gera skyldi. Eina ráðið sem í mannlegu valdi stæði væri að magna titring á loftið. Menn komu saman þar sem óhætt myndi vera fyrir ofanfalli, og hóuðu allir í kór snjallt og lengi. Það er ekki hið alkunna, ljúfa smalahó, heldur magnþrunginn ómur margra radda, sem dundi á fjöllunum, svo að líklegt má telja, að aldrei hafi myndast slíkar bylgjur af mannsróddum á Íslandi. Sumsstaðar skutu menn úr byssum, meðan skotfærabirgðir entust. Og viti menn. Hengjurnar féllu á víð og dreif engum til skaða.

Að vísu var slíkt eins og varnarleikur í hinum mikla mjallarheimi um alla Vestfirði. Allir vissu, að einungis stórviðri myndi skipta sköpum og örlögum. Og stórviðrin komu og léku sér í sviðrandi byl og steypu hengjum fram af klettum fjallanna.

Í sveitinni okkar varð ekkert manntjón í þeim hrikaleik, sem nú fór í hönd. En í nálægum héruðum urðu stórskaðar af fannadyngjum, sem steypust fram. Hinn 18. febrúar skall feikna mikið og breitt snjóflóða úr fjallinu Búðarhyrnu yfir Hnífsdalsþorpi og sópaði mannvirkjum og íveruhúsum í sjó fram. Í flóðinu fórust 20 manns. Voru 18 kistur þeirra, sem farizt höfðu, lagðar í eina gröf í Ísafjarðarkirkjugarði. Daginn eftir féllu snjóflóð á bæi í Skálavík ytri. Þar fórust þrír fullorðnir og eitt barn. Víðar féllu miklar snjódyngjur en manntjón varð ekki annars staðar en í Hnífsdal og Skálavík. ...“

„Þannig lauk mesta snjóavetri aldarinnar, svo að hvergi sá á dökkan díl fyrr en um sumarsólstöður.“

### Klofningsheiði

Bls. 140: „Þetta var hann Gauji, aldavinur minn. Það var hann, sem kom einn vetrardag yfir Klofningsheiði frá Súgandafirði til Flateyrar með kistilinn fína, sem hann gaf mér í afmælisgjöf, þegar ég var fimm ára. Gauji hafði hrapað í hinum snarbratta Klofningsdal og lent í snjóskriðu, sem féll í botn dalsins. – En aldrei varð ég viðskila við kistilinn, sagði Gauji, þegar hann kom klakadrifinn inn úr dyrunum.“


### Norðureyri í Súgandafirði

Bls. 156–157: „Það var Kristján, þögli bóndinn á Norðureyri, sem bauð höfuðskepnunum byrginn og hvikaði ekki í vetrarins mestu hamförum. Bærinn hans á Norðureyri stóð undir hárrí fjallshlíð, en utanvert við túnið lá gil í hlíðina frá fjöru til fjallsbrúnar. Úr þessu gili höfðu snjóskriður fallið frá ómunatíð yfir tún og alloft tekið af bæinn og útihús, svo sem sagnir í bókum og annálum herma. Þar hafði fólk farizt á hörmulegan hátt og ekki var langt liðið frá síðustu slysum á mönnum, að ekki sé talað um búfjárskada í því sambandi. Kristján var bóndi á Norðureyri síðustu áratugi 19. aldarinnar og nálega fjóra áratugi 20. aldar. Hann hafði horft á hengjur falla í Norðureyrargili og sópa með sér útihúsum á túni, með skepnunum.



Og hann hafði lifað það af að bærinn hans slapp naumlega í snjóflóði. Kristján hafði ekki mörg orð um fyrirætlanir sínar í þessum efnum, en eitt vorið viðaði hann að sér sandi, grjóti og sementi og steypiti grjótvegg mikinn og háan og sneri þríhyrningur hans móti fjallinu, en í krika þríhyrningsins var bærinn. Nú mátti vágsturinn ryðjast í illsku með brauki og bramli ofan úr fjallinu. Og það gerði hann. En skriðan klofnaði á þríhyrningnum og verndaðist þar með bærinn og útihúsin.“

## VIÐAUKI 6. UPPDRÆTTIR AF FLATEYRI



Mynd 17. Uppdráttur af Flateyri líklega frá því um 1930. Sjá má Lómatjörn og Bótarlæk ofan við miðja mynd til vinstri. (Skipulagsstofnun).



Mynd 18. Skipulag af Flateyri frá 1933. (Skipulagsstofnun).

